

8

Sjálfbodaliðarnir í Vallanesi eru löglegir



32-33

Heimsmeistaraparið gerir það gott í hestamennskunni



42-43

Möndlugrasker eru stærstu ber í heimi



# Bændablaðið

20. tölublað 2019 • Fimmtudagur 24. október • Blað nr. 549 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Bændur á Sandhóli í Skaftárhreppi tvöfölduðu ræktunina á höfrum í ár

— sjá bls. 2

Mynd / Þorsteinn Rey Kristjánsson

Aðalsteinn J. Halldórsson, bóndi á Ketilsstöðum á Tjörnesi:

## Erfingjavandinn er krabbameinið sem smám saman leggur sveitirnar í eyði

— Eignarhald jarða þarf að styrkja byggð en ekki veikja hana

„Það er innbyggt í þetta kerfi að sveitirnar munu fara í eyði og eflaust gerist það hraðar en okkur nú órar fyrir. Þetta er það sem ég kalla erfingjavandann í sveitunum,“ segir Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, bóndi á Ketilsstöðum á Tjörnesi, um eignarhald á bújörðum sem mjög voru í umræðunni í sumar sem leið.

Stór svæði á og í kringum Tjörnes eru að fara í eyði og sömu sögu má segja um fleiri landsvæði. Eigendurnir flytja brott vegna aldurs og eða deyja, erfingjar, oft nokkuð stór systkinahópur, tekur við eignarhaldinu en býr ekki á jörðinni og ætlar sér það ekki. Þvert á móti eru slíkir eigendur stundum einbeittir í vilja sínum að halda þessum eignum í eyði, jafnvel þótt það væri vel mögulegt að koma eignunum í ábúð.


### Búid á einum bæ á Melrakkasléttu

Aðalsteinn segir að eignarhald á bújörðum þurfi að vera með þeim hætti að það styrki byggðina en veiki hana ekki eins og raunin er nú. Hann nefnir að fyrir tveimur áratugum hafi þó nokkuð af jörðum verið í ábúð á Melrakkasléttu, en nú sé búid á einum bæ á því svæði. „Þetta er að gerast í okkar samtíð, við erum að horfa upp á



Aðalsteinn J. Halldórsson.

heilu landsvæðin fara í eyði og ekkert hægt að gera. Ástæðan er einfaldlega sú að eigendur jarðanna gera í flestum tilvikum ekki minnstu tilraun til að selja heldur láta eignir ganga til sinna afkomenda. Þetta eru gjarnan nokkur systkini, 3, 5 eða fleiri, og flestir hafa ráð á að eiga jörðina áfram þótt hún sé ekki í neinni notkun, greiða þau gjöld sem þarf sem eru kannski 50 til 100 þúsund kall á ári á hvern einstakling. Svo kemur fólk einu sinni eða tvisvar yfir sumarid og á góðar stundir yfir gylltu í bauk og



Sólarlag á Tjörnesi.

Mynd / Katy Bjarnadóttir

dásamar íslensku sveitina,“ segir Aðalsteinn.

### Krabbameinið sem leggur hverja sveitina á fætur annarri í eyði

„Þetta er eitthvað sem ekki er talað um en þarf að gera engu að síður, þetta er krabbameinið sem er að leggja hverja sveitina á fætur annarri í eyði,“ segir hann og bætir við að þegar fram líða stundir gæti sú staða vel verið uppi að einungis væri búid í Eyjafirði, Skagafirði og á Suðurlandi, á þeim svæðum

þar sem mjólkurkvóti hefur safnast upp. Önnur svæði muni eiga undir högg að sækja og undan þeim muni fjara. Nefnir Aðalsteinn að í eina tíð hafi kýr verið á nánast hverjum bæ á Tjörnesi, en þar sé nú einungis eitt mjólkurbú eftir. Eftir standi veikari byggð.

### Eigendur bera ábyrgðina

„Ég sé fyrir mér að jarðir muni fara í eyði hér á norðanverðu landinu, fyrir austan og vestan. Þetta er innbyggt í kerfið, eigendur jarðanna hafa engar

skyldur við byggðarlögin, þeir fara í burtu þegar aldurinn færast yfir og sumir auðvitað hreinlega deyja frá sínum jörðum. Það eru eigendurnir sem bera ábyrgðina á þessu ástandi, það er að segja að reyna ekki að selja eignir sínar og fá nýja ábúendur á jarðirnar. Þetta er ekkert annað en meðvitað ákvörðun þeirra sem hafa búid á jörðunum, að leggja sína eign í eyði. Þeir sem erfa ætla sér ekki að flytja á ný á heimaslóðir, það er í flestum tilfellum ljóst. Það er skellt í lás á hverjum bænum á fætur öðrum, ljósinn slökkna, hengilás settur á hliðið. Þetta er undarlegt viðhorf, að vilja sjá eignina sína, sem fólk hefur oftast en ekki búid á til áratuga, verða að eyðibýli.“

### Nöturleg og viðkvæm staða

Aðalsteinn segir þetta nóturlega stöðu og afar viðkvæma, þetta sé ástand sem fæstir vilji tala um upphátt, oftast vegna tengsla við aðila sem eiga jarðeignir sem standa í eyði. „En það þarf að segja hlutina eins og þeir eru,“ segir hann. Öðru máli gegni um þegar jarðir séu seldar útlendum aukkýfingum svonefndum.

„Það varð skyndilega allt vitlaust í samfélaginu þegar erlendir aukkýfingar hófu að kaupa jarðir, en flestir horfa í hina áttina þegar jarðir eru skildar eftir til þess eins að fara í eyði.“

/MPB

## FRÉTTIR



## Neyslubreytingar: Áhrif á matvælaframleiðslu

Matvælandið Ísland og Landbúnaðarklasinn standa fyrir ráðstefnu á Hótel Sögu um neyslubreytingar og áhrif þeirra á matvælaframleiðslu þriðjudaginn 5. nóvember næstkomandi. Fyrirlesarar koma úr ýmsum áttum en munu allir fjalla um það hvernig breytingar í neysluhegðun almennings munu snerta matvælageirann í nánustu framtíð.

Fulltrúi frá Gallup segir frá könnunum á neyslu sem benda til róttækra breytinga, sérstaklega hjá yngri kynslóðum þar sem m.a. kjötneysla er á undanhaldi í vissum aldurshópum. Marit Sommerfelt Valseth frá Innovasjon Norge, sem er nýsköpunarmiðstöð norskra stjórnvalda, fjallar um reynslu Norðmanna af neyslubreytingum og hvernig matvælaíðnaðurinn þar í landi hefur brugðist við breyttri eftirspurn neytenda. Hún mun jafnframt ræða um tæknibreytingar sem eru í farvatninu og munu hafa mikil áhrif á matvælaframleiðslu í náinni framtíð.

Fulltrúar í verslun á Íslandi munu ræða um nýjar kröfur neytenda og hvernig landslagið er að breytast í smásölunni, t.d. með aukinni vefverslun, minni umbúðanotkun og kröfu um minni matarsóun. Spurt verður hvernig bændur og aðrir sem sinna frumframleiðslu matvæla geta framleitt fjölbreyttari vörur til þess að mæta nýrri og breyttri eftirspurn. Einnig verður því velt upp hvernig matarvenjur og breytt neysluhegðun hefur áhrif á lýðheilsu, kolefnisfótspor og áherslur ólíkra matvælaframleiðslu.

Ráðstefnan er haldin klukkan 13.00 til 16.00 á Hótel Sögu þriðjudaginn 5. nóv. og er öllum opin. Skráning er á [bondi.is](http://bondi.is) og aðgangur er ókeypis. /TB

**Bændablaðið**  
Kemur næst út  
**7. nóvember**

Smáauglýsingar

-56-30-300-

Skógarbændur á Austurlandi svektir á samskiptum við yfirvöld:

# Segja ríkið ekki standa við samninga um fjárframlög

Félag skógarbænda á Austurlandi hefur tekið saman greinargerð þar sem áherslur bændanna hafa verið dregnar saman. Greinargerðin hefur verið kynnt umhverfisráðherra og þingmönnum Norðausturkjördæmis. Margir eru orðnir svektir á því að ríkið standi ekki við gerða samninga um fjárframlög.

Í greinargerðinni segir að á Austurlandi séu um 150 skógarbændur sem gert hafa samninga við ríkið um skógrækt á lögbýlum. Þeir eru stoltir af sínu framlagi til uppbyggingar skógarauðlindar á Íslandi og að í hópnum séu fyrstu íslensku skógarbændurnir.

Jóhann F. Þórhallsson, skógarbóndi að Brekkugerði, Fljótsdal, segir að markmið skógræktar á lögbýlum sé að rækta skóg á að minnsta kosti 5% lands undir 400 metra hæð yfir sjávarmáli og skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytja skóg og skjólbelti, efla atvinnulíf og um leið að treysta byggð.

„Skógrækt er einnig skilvirk leið til að binda kolefni og auka verðmæti lands og með henni má útvíkka þessi markmið og nota skógrækt sem lið í að uppfylla markmið Parísarsáttmálsins í loftslagsmálum.“

### Samdráttur í fjárveitingum

„Frá 2008 hefur orðið meira en 40% samdráttur í fjárveitingum og




Jóhann F. Þórhallsson.

umsvifum í skógrækt á lögbýlum vegna þess að ríkið stendur ekki við samninga við bændur og þrátt fyrir að í þeim sé gert ráð fyrir að það taki 10 ár að gróðursetja á hverju lögbýli tæki það 40 ár að uppfylla fyrirliggjandi samninga, miðað við fjárveitingar 2019.

Dæmi um þetta er að fyrsta grísjun er lyklatríði í að tryggja verðmæti skóga og nú tekst ekki að fylgja eftir þörfinni fyrir fyrstu grísjun, sem orðin er aðkallandi á Austurlandi vegna fjárlagskorts.

Við viljum að fjármagn til skógaræktar verði aukið umtalsvert og hniga rök um kolefnisbindingu og eftirfylgni samninga að því að fjórfalda ætti framlögin.

Okkur skógarbændum hefur verið falið það hlutverk að auka kolefnisbindingu og með skógrækt er hægt að auka hana hratt ef staðið



er við gerða samninga og unnið samkvæmt áætlunum og skipulagi sem er til staðar núna.“ segir Jóhann.

Hann segir einnig að það sé skógarbændum brýnt baráttumál að í fjárlögum ársins 2020 og í fjármálaáætlun til 5 ára verði fjárveitingar til skógræktar á lögbýlum auknar.

### Samstarf og hvatning

Í greinargerð skógarbænda á Austurlandi segir einnig að þróa þurfi og styrkja samstarf og samráð við Skógræktina í kjölfar breytinga í stofnanaumhverfi og meðal annars hvetja til aukins gagnsæis í skiptingu fjárveitinga á fjárlagaliðnum Framlög til skógræktar á lögbýlum.

NH

Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Skaftárhreppi, segist hafa tvöfaldað ræktunina á höfrum í ár:

## Búinn að uppskera bygg og repju en segir hafrana geta staðið langt fram á haust

Búið er að uppskera bygg og repju að Sandhóli í Skaftárhreppi og um 1/4 af höfrunum er kominn í hús. Tíðin undanfarið hefur tafið fyrir vinnunni en Örn Karlsson bóndi segir veðurspá næstu daga lofa góðu.

Örn tvöfaldaði ræktun á höfrum í vor og sáði í milli 120 og 130 hektara. Hann segir vöxtinn í sumar hafa verið góðan en treystir sér ekki til



Örn Karlsson.

að spá um heildaruppskeruna í ár þar sem ekki sé búið að þreskja nema hluta hennar.

### Hafrar standa vel

„Hafrarnir eru fullþroskaðir og við þreskjum þegar við getum en tíð hefur verið blaut í haust og það tefur fyrir. Við eru búin að ná inn bygginu og repjunni og um ¼ af höfrunum. Veðurspáin næstu daga er mjög góð og ég hef engar áhyggjur af því að við náum þessu ekki í hús.“

Hafrar standast haustveður betur en bygg og repja. Bygg á það til að brotna en það gera hafrar ekki og þeir eru fastheldnir á fræið. Á endanum fellur kornið þó af í vindi þegar það er orðið vel þroskað og lausara.“



Repjuakrarnir á Sandhóli.

Loftmyndir / Þorsteinn Roy Kristjánsson



Úr höfrunum frá Sandhóli hefur verið framleitt íslenskt haframjöl sem notið hefur mjög mikilla vinsælda.

### Minnst uppskera af fyrsta árs ökrum

„Fyrst þresking í ár er af fyrsta árs ökrum og uppskeran af þeim

er minni en af ökrum sem eru á gömlum tünnum sem hafa verið í ræktun í mörg ár og jafnvel áratugi og hafa fengið skít og áburð lengi. Ég treysti mér því ekki til að giska á hvernig uppskeran í ár verður miðað við árið í fyrra.“

Örn segist ekki eiga von á öðru en að hafrarnir seljist vel miðað við að hann annaði vart eftirspurn í fyrra og varan seldist upp.

### Aukin ræktun kallar á aukna afkastagetu

Aðspurður segir Örn ekkert ákveðið um hvort hann auki enn við ræktunina á næsta ári. „Aukin ræktun kallar á aukna þurrkgetu auk þess sem við yrðum að líta til annarra þátta til þess að geta aukið afköstin um það sem nú er.“ /NH

**Ú**  
ÚRVAL ÚTSÝN

Flug til  
**GDANSK**

10.000 KR. AFSLÁTTUR Á BOKUN MEÐ KÓÐANUM: **BÆNDUR19**

31. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER  
VERÐ FRÁ **49.900 KR.**  
FLUG MEÐ ICELANDAIR, INNRIÐAÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR INNIFALINN

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á [UU.IS](http://UU.IS)



# LANDSHÚS

## ÍSLENSK HÚS SÉRHOÖNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

### GESTA HÚS

**JÖKLAR** - Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleiguing í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



*Jöklar Flat (24fm) kr. 2.589.600,-*



*Jöklar Burst (24fm) kr. 2.797.600,-*



*Jöklar Íslensku húsin (24fm) kr. 2.797.600,-*

### BÍLSKÚRAR

**JÖKLAR BÍLSKÚR** - Nú bjóðum við Jöklahúsin útfærð sem bílskúr. Fljótleg, hagkvæm og traust leið til þess að reisa bílskúrinn eða athafnahúsið sem marga vantar. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



*Jöklar bílskúr Burst (24fm) kr. 2.485.600,-*



*Jöklar bílskúr - Burst þak með 3 stækkunum (32 fm) kr. 3.299.920,-*



*Jöklar bílskúr - Flatt þak með 3 stækkunum (32 fm) kr. 3.237.520,-*

### SUMARHÚS

**ÁSAR OG KLETTAR** - Heilsárshús með eða án svefnlofts. Grunnstærðir Ása og Kletta eru annars vegar 65fm og hins vegar 80fm. Báðar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



*Ásar heilsárshús (65fm) - kr. 7.176.000,- Ásar heilsárshús (80fm) - kr. 9.349.600,-*



*Klettar heilsárshús (65fm) - kr. 7.476.000,- Klettar heilsárshús (80fm) - kr. 9.649.600,-*

### EINBÝLISHÚS

**FOSSAR** - Einbýlishús sem uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm - 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



*Foss nr. 4 - Einbýlishús (180fm) - kr. 22.680.000,-*

### EININGAKERFI LANDSHÚSA - ÍSLENSK HÖNNUN

- Með hagkvæmni að leiðarljósi

- Landshús býður upp á forsniðin einingahús, útfærð í einingakerfi sem við höfum hannað og þróað alfarið út frá íslenskri byggingarreglugerð.
- Tilgangurinn er að bjóða traust hús sem hægt er að reisa á einfaldan, fljótlegan og hægkvæman hátt.
- Einingakerfið er staðlað með ýmsum val- og breytingarmöguleikum.
- Húsin eru hönnuð sem gestahús, bílskúr, sumarhús og einbýlishús. Öll húsin hafa sína breytingarmöguleika svo að allir geti útfært húsið eins og hver vill.
- Einingakerfi Landhúsa hefur verið afar vel tekið um allt land og hefur sýnt það og sannað að hægt er að reisa traust og vel byggð hús á hagkvæman hátt.



- Einfalt að stækka



Sjáðu hvernig einingakerfið virkar með því að skoða kennslumyndbandið okkar á [www.landshus.is/myndband](http://www.landshus.is/myndband)

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.



### STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - [landshus@landshus.is](mailto:landshus@landshus.is) - [www.landshus.is](http://www.landshus.is)



## LANDSHÚS

## FRÉTTIR

Nýliðið sumar var einstaklega gott fyrir býflugnaræktendur:

# Góð hunangsuppskera á Suðvesturlandi

Nýliðið sumar var einstaklega gott fyrir býflugnaræktendur á Suðvesturlandi og uppskera víða góð. Verr gekk annars staðar á landinu. Í dag eru um 130 virkir meðlimir í Býflugnaræktendafélagi Íslands.

Egill Rafn Sigurgeirsson, formaður Býflugnaræktendafélags Íslands, segir að eldið hafa gengið mjög vel suðvestanlands í sumar enda sumarið frábærlega gott miðað við sumarið í fyrra en að það hafi gengið erfiðar annars staðar á landinu.

## Nákvæmt skýrsluhald

„Sem stendur eru um 130 meðlimir í félaginu og þar af 52% konur. Dreifing búa er þannig um landið að á Suðurlandi eru 31 býflugnaræktendur en fjöldi búa í hverjum garði er breytilegur. Á Suðvesturlandi eru 20 garðar, 11 á Vesturlandi, 7 á Vestfjörðum, 4 á Norðurlandi, eitt á Norðausturlandi og tvö á Austurlandi.“



Félagið heldur saman ýmiss konar upplýsingum um ræktunina og við gefum út skýrslu um árangurinn á hverju ári. Í skýrslunni eru meðal annars upplýsingar um hversu mörg bú er sett á yfir veturinn og hversu mörg lifa veturinn af. Við söfnum einnig upplýsingum um hversu mikið magn af hunangi búin gefa.“

Egill segir að hunangsuppskera sé reiknuð á öll bú sem sett eru á vetur eða vetrud og meðaltals uppskera á bú undanfarin ár hafi verið um átta kíló en að sjálfsögðu sé breiddin mikil og geti farið úr því að vera ekkert en að hann sjálfur hafi mest fengið 60 kíló úr einu búi. „Uppskeran er meiri í góðum sumrum en þegar rignir mikið og ég á því von á góðri uppskeru sunnanlands í sumar þrátt fyrir að hafa ekki enn tekið það saman.“

Við fluttum inn 72 ný bú í sumar og þau gefa venjulega ekki neitt fyrsta sumarið og það gera afleggjarar ekki heldur. Það eru því tveggja ára bú og eldri sem gefa hunang.“

## Hunangið misjafnt að gæðum

„Gæði hunangs fara eftir flórinni sem flugurnar lifa við og árstíma og besta hunangið er talið koma af nýblómstruðum beítilyngsbreiðum. Lyngið blómstrar í ágúst og hunangið sem af því fæst er bæði þykkt og olúkennt og erfið að ná því úr römmunum en það er mjög gott.“



Drottningarhólf á vaxköku.

## Gott skjól skiptir mestu


„Það sem skiptir mestu þegar kemur að því að rækta býflugur er gott skjól og því nauðsynlegt að velja góðan stað fyrir búin eða býflugnaræktendana. Ég segi fólki einnig að velja heitasta staðinn sem það hefur völ á fyrir búin, hvort sem það er í heimagarði, við

sumarbústaðinn eða í skóglendi. Þar sem fer vel um búin dafna þau vel og geta stækkað og gefa jafnvel afleggjara í ný bú.“

Egill segir að býflugnarækt hér á landi og víðar sé áhugamál og eins og með mörg áhugamál sé nokkur stofnkostnaður í kringum það. „Etlí kostnaðurinn í dag liggir ekki á milli 200 til 300 þúsund krónur og þá er ég að tala um að kaupa bú,



Egill Rafn Sigurgeirsson skoðar í topplistabú, en þessar býflugur eru ótrúlega gæfar.



Staðsetning býgarða á Íslandi.

klæðnað, tæki og tól og svo liggur kostnaður í því að sækja námskeið hjá félaginu og ræktunina.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu félagsins, [www.byflugur.is](http://www.byflugur.is) og einnig erum við með Facebook-hóp, Býfluga:D, þar sem meðlimir eru nú 581.“

## Flugur frá Álandseyjum

„Félagið flytur inn bú frá Álandseyjum vegna þess að það er eina landið í heiminum sem er með sjúkdómalausar býflugur fyrir utan Ísland. Búin koma til landsins seinni hluta júní og eru

sett í þar til gerðar kúpur eða kassa með römmum og vaxi og við gefum flugunum fóður, sykurlífi og frjóðeigisfóður fyrstu vikurnar til að hjálpa þeim af stað.“

Á haustin, upp úr miðjum ágúst, eru allir hunangsrámmar teknir frá búunum og flugunum í hverju búi gefið sykurlífi, 20 til 40 kíló, sem er leystur upp í vatni og er vetrarforði þeirra í staðinn fyrir hunangið sem við tökum frá þeim. Síðan er beðið fram á vor og vonað að flugurnar lifi veturinn af og lifun búa hér á landi hefur verið að meðaltali í kringum 65% undanfarin ár.“ segir Egill. *NH*

# Búvörusamningur kúabænda við stjórnvöld er í höfn

Vinna við endurskoðun búvörusamnings Landssambands kúabænda og ríkisins er langt á veg komin og átti að skrifa undir samninginn nú í morgun. Markaður fyrir greiðslumark verður endurvakinn og nýtt ákvæði er um umhverfismál.

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, segir að samningur Landssambands kúabænda og stjórnvalda séu í höfn.

„Að mínu mati eru öll helstu áherslur komin inn í samninginn og snerust einkum um kvótakerfið. Breytingarnar eru ekki stórvægilegar en ég vil ekki tjá mig um hverjar þær eru strax þar sem ekki er búið að skrifa undir samninginn enn. Ég get þó sagt að

í samningnum er gert ráð fyrir að það verði aftur tekinn upp markaður fyrir greiðslumark.“

## Nýtt ákvæði um umhverfismál

„Í samningnum er nýtt ákvæði um umhverfismál þar sem gert er ráð fyrir að fjármagn sem fylgir samningnum verði sett í umhverfismál og að íslenskir kúabændur leggi þannig sitt af mörkum og taki þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.“

## Fundarferð í kjölfar nýrra samninga

Arnar segir að farið sé að líða að haustfundum Landssambands

kúabænda þar sem ætlunin er að kynna meðal annars niðurstöðu endurskoðunar búvörusamninga og nautakjötsverkefni sambandsins.

„Undirskrift vegna endurskoðunar er áætluð fljótlega og þegar það liggur fyrir verður keyrt á fundi til að upplýsa um stöðuna áður en gengið verður til kosninga um breytingarnar.“

Þar sem undirskrift liggur ekki fyrir þegar þetta fer á prent munum við nýta okkur vefmiðla, samfélagsmiðla, tölvupósta, heimasíðu LK og dreifibréf til að koma dagskrá fundanna til félagsmanna okkar og vil ég endilega hvetja þá til að fylgjast með framvindunni á [www.naut.is](http://www.naut.is) og á Facebook-síðu Landssambands kúabænda.“ *NH*

Átt þú rétt á slysabótum?  
Við hjálpum þér

HAFÐU SAMBAND 511 5008

**TORT**  
INNHEIMTA SLYSABÓTA

# Fóður til framtíðar

Landstólpi hefur áratuga hagnýta reynslu í fóðrun nautgripa. Landstólpi leggur ekki aðeins áherslu á heilbrigði og framleiðslu þinna nautgripa, heldur einnig á kostnað. Með breiðu úrvali af fóðri getur þú leiðrétt og viðhaldið eðlilegu hlutfalli næringarefna fyrir heilbrigðan búfenað og hámarks afköst.

Við höfum margsinnis á undanförunum árum komið að lausn viðvarandi vandamála tengdum fóðrun og mjólkurgæðum.

Landstólpi vill ekki einungis bjóða upp á besta fóðrið og bestu ráðgjöfina, við viljum einnig upplýsa þig, hvetja og kveikja áhuga.



## *Sigurður og Sigríður í Steinsholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi*

“

Við byrjuðum að taka fóður frá Landstólpa jólnin 2009 og urðum við fljótt vör við meiri stöðugleika og betra heilsufar en áður.

Nytin hefur aukist til muna síðustu ár og efnainnihald mjólkur haldist gott engu að síður. Kýrnar hér áttu það til að fitna talsvert á seinni hluta mjaltarskeiðs, en það hefur breyst mjög til batnaðar.

Þjónusta Landstólpa hefur verið fullkomlega hnökralaus. Tekið hefur verið vel á öllum vandkvæðum sem komið hafa upp.

”

## *Gunnar og Sigurjörg á Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshreppi*

“

Á vormánuðum 2017 hófum við gjöf á fóðri frá Landstólpa, eftir það hefur hefur súrdoði varla sést og hjörðin almennt heilbrigð.

Lágt prótein innihald hafði verið viðvarandi vandamál hjá okkur en nú er það komið yfir meðallag og nytin hefur einnig aukist.

Við höfum fengið toppþjónustu og einstakan liðleika. Einstaklega þægilegt t.d. að fá aðrar rekstrarvörur heim með bílnum. Gaman frá því að segja að frá fyrsta degi átu allar kýrnar fóðrið með bestu lyst, sem er ekki sjálfgefið frá fyrri reynslu.

”

## *Friðrik og Sigurbjörg á Grund, Svarfaðardal*

“

Við höfum gefið fóður frá Landstólpa í u.þ.b. 3 ár. Kýrnar hafa verið mjög hraustar og sérstaklega lítið borið á krankleika.

Efnainnihald hefur tekið breytingum til hins betra og hefur haldist gott síðan. Áferð er góð og lystugleiki mikill.

Þá er þjónusta Landstólpa til fyrirmyndar í kringum fóðurviðskiptin.

”



**Getur Landstólpi aðstoðað þig við fóðrunina?  
Ekki hika við að hafa samband við okkur í síma 480-5600.**

**LANDSTÓLPI**



Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss  
Sími 480 5600  
Opíð alla virka daga kl. 8 - 17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
Sími 480 5610  
Opíð alla virka daga kl. 9 - 17

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbók!

# Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öllum lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.  
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

### Skoðanakúgun

Bragð er að þá barnið finnur segir máltækið og það þykja orðið tíðindi að vísindamenn skuli yfir höfuð þora að víðra skoðanir sínar í loftslagsmálum nú til dags of þær stemma ekki við viðtæknar skoðanir fjöldans. Ástæðan er hrein skoðanakúgun þar sem reynt er að skapa mógsefjun gegn öllum þeim sem hafa uppi einhverja gagnrýni.

Frá sjónarhóli vísindamanna, svo ekki sé talað um blaðamanna, er þarna um grafalvarlegt mál að ræða, því höfuðskylda þessara hópa er einmitt að hafa gagnrýna hugsun alltaf að leiðarljósi.

Í grein sem Magnús Jónsson veðurfræðingur ritaði og birt var á vefsíðu Kjarnans þann 2. október síðastliðinn, telur hann að við þurfum að hætta á áhrif hlýnunar sem nú á sér stað á yfirvegðan hátt og án hræðsluáróðurs og segir m.a.:

„Talað er um hækkun á hita jarðarinnar sem „mestu ógn mannkynsins“, „hamfara-hlýnun“ og „stórfellda loftslagsvá“ og nú nýlega hefur „neyðarástandi“ verið lýst yfir í nokkrum löndum, jafnvel í Evrópu vegna hennar. [...] Í upphrópunum er talað um að við höfum aðeins fá ár til að koma í veg fyrir frekari hlýnun ef jarðlífið eigi ekki nánast að líða undir lok. Hef ég orðið var við vaxandi hræðslu og álíka tilfinningar hjá börnum og ungu fólki vegna þessarar yfirvofandi „ógnar“ við tilvist okkar og menningu og ég hefði sjálfur fyrir nærri 60 árum. Fjölmíðlar, stjórnmálamenn og margir vísindamenn og embættismenn kyrtja þennan hræðsluboðskap sem mér finnst engan veginn vera tilefni til að blása upp í þær hæðir sem gert er. Er engu líkara en að rétt einu sinni sé dómsdagur að renna upp!“

Í útvarpsþættinum Sprengisandi þann 20. október sl. ítrekar Magnús þetta og vísar einnig til loftslagsvísindamannsins Lennart Bengtson í Svíþjóð sem beittur hafi verið alvarlegum hótunum ef hann færi ekki að skoðunum fjöldans er varðar loftslagsmálin. Bengtson segist aldrei hafa upplifað innan veðurfræðinnar jafn mikinn „McCarthyisma“ og þarna væri kominn í gang. Fyrir þá sem ekki þekkja til, olli öfgafull kommúnistahræðsla Joseph Raymond McCarthy mikilli mógsefjun og ótrúlegri skoðanakúgun í Bandaríkjunum á árunum eftir síðustu heimsstyrjöld. Þá var saklaust fólk hundelt, fangelsað og líflátið vegna meintrar fylgni við kommúnisma. Með þeirri skoðanakúgun dönsuðu stjórn-málamenn og fjölmargir fjölmiðlar.

Skoðanakúgun af þessu tagi, sem helst má líkja við „skoðanafasisma“, er ekki ný af nálinni eins og Magnús bendir á. Á Íslandi var reynt að beita slíkri kúgun grímulaust gegn almenningi í Icesave-málinu eins og frægt er. Þá, eins og nú, beittu menn fyrir sig skoðunum nokkurra vísindamanna, m.a. við Háskóla Íslands, sem beinlínis hótuðu almenningi því að ef ekki væri farið að skoðunum stjórnvalda, þá færi allt efnahagskerfið á Íslandi í rúst og Ísland yrði sannkólluð Kúba norðursins. Sömu aðferðafræði var beitt af mikilli hörku af stjórnvöldum í orkupakkamálinu.

Í loftslagsmálunum, eins og fleiri málum þar sem sumum finnst sæma að beita aðra skoðanakúgun, eru undirliggjandi gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir sem beitt er af fullum þunga. Þar hefur m.a. verið bent á að kolefniskvótar séu orðnir að sérstöku verslunarkerfi sem farið er að braska með þvert á yfirlýstan tilgang. Meira að segja Landsvirkjun tekur þátt í þeim skrípaleik með sölu á hreinleikavottorðum. Þar á nú að hækka orkuverð í heildsölu um 2,5% til smásöluvirkta. Gulrótin er, eins og fram kemur á heimasíðu Landsvirkjunar, að orkuverð fái í staðinn vottað að hreina rafmagnnið okkar sé hreint. – Allt er þetta svo auðvitað gert í nafni loftslagshlýnunar. /HKr.

### Nýtum þau verkfæri sem við höfum til að gera hlutina betur

Guðrún S. Tryggvadóttir  
formaður Bændasamtaka Íslands  
gst@bondi.is



Samkvæmt íslenskri nútímamálsorðabók er TOLLVERND kvenkyns nafnorð og þýðing þess „verndun innlendrar framleiðslu með tollum á innflutta vöru“.

Tollvernd er eitt af þeim verkfærum sem þjóðir hafa til að jafna samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart erlendri og er beitt í flestum löndum. Hún er þó misjöfn á milli landa, allt frá því að vera tiltölulega lág og á flestum innfluttum vörum, yfir í að vera tiltölulega há á fáa vörflokkum. Meginreglan er sú að innflutningur er almennt heimill en tollum stundum beitt til að jafna samkeppnisstöðu.

Tollar eru lagðir á fjöldann allan af vörum en hér á eftir verður fjallað um þá tolla sem lagðir eru á landbúnaðarvörur hérlendis. Hingað til Íslands eru þó ekki lagðir tollar á margt, eða aðeins á tíunda hvert tollnúmer. Sem dæmi þá leggur ESB tolla að tæp 75%. Sum lönd gera ítarlegar kostnaðargreiningar á framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða sem nýttar eru m.a. við að reikna upphæðir tollverndar til að tryggja að þær séu að skila markmiðinu. Væri ekki eðlilegt að greina betur framleiðslukostnað hérlendis sem verkfæri til viðmiðunar við álagningu tolla?

#### Tollar hafa lækkað umtalsvert

Árið 2007 var gerður samningur við Evrópu-sambandið þar sem tollar á innfluttar landbúnaðarvörur voru lækkaðir um 40%.

Við hann bættist síðan tollasamningurinn 2015 sem fjallar þó fyrst og fremst um stækkun á tollfrjálsum kvótum. Á sama tíma hafa magntollar verið óbreyttir í krónum og rýrnað í samræmi við verðlagsþróun. Því er eðlilegt að spurt sé hvort tollaálögur séu að vernda innlenda framleiðslu. Hvaða verkfæri er verið að nota til þess að tollverndin þjóni

innlendra framleiðenda í stað þess að grafa undan honum.

Gera verður sömu kröfur til innfluttrar framleiðslu og innlendrar, bæði hvað varðar framleiðsluhætti og aðbúnað. Það er einfalt sanngirnismál að innlend framleiðsla og innflutt keppi á sömu forsendum hvað þetta varðar.

#### Þjóðin þarf öflugan landbúnað

Ísland þarf öflugan, sjálfbæran og samkeppnishæfan landbúnað til að tryggja framleiðslu á hágæða mat fyrir landsmenn alla. Tollvernd er eitt af þeim verkfærum sem þarf að vera í lagi til að hann geti þróast og með því skapast sterkt félags- og efnahagslegt samfélag á landsbyggðinni. Fæðuöryggi þjóðar er ekki eitthvað sem við getum haft í flimtingum eða dregið bara fram í dagsljósið um jól og páska eða á

öðrum tyllidögum.

Fæðuöryggi er háalvarlegt mál. Því hefur verið haldið fram að við Íslendingar þurfum ekki að huga að eða hafa áhyggjur af fæðuöryggi því við eigum nóga peninga. Við erum vel stæð þjóð og því muni okkur aldrei skorta fæðu. En er þetta svona einfalt þegar upp er staðið? Munu aðrar þjóðir láta sitt eigið fólk víkja bara svo þeir geti brauðfætt okkur? Nærtækt dæmi er þegar Indverjar bönnuðu fyrir skömmu útflutning á lauk. Sterk landsbyggð er mikilvæg ekki síður en öflug borg. Allt hangir þetta saman í samfélagi sem við höfum búið okkur hér á norðurlöndum. Við verðum ekki sterkari þjóð en veikasti hlekkurinn í keðjunni og því er svo nauðsynlegt að við stöndum betur saman, reynum að átta okkur á þeim grunnildum sem við eigum sameiginleg og stefnum saman í átt til betri og bjartari framtíðar.

hlutverki sínu? Meginkrafa er að tollvernd sé raunveruleg þar sem hún á að gilda. Það er eðlilegt og sanngjarnt. Ef sífellt er grafið undan henni er um leið grafið undan framleiðsluvilja innlendra framleiðenda og það endar ekki vel. Það hefði þurft að uppreikna magntolla í krónum frá því að samningur var gerður til að umsamin tollvernd héldi og hefði haldið samhengi við almennt verðlag.

#### Samkeppni á jafnréttisgrundvelli

Taka þarf upp samninginn við Evrópu-sambandið hvað varðar tolla frá ESB-ríkjunum. Fyrir því eru fullgild rök því forsendur eru brostnar með útgöngu Bretlands úr ESB. Þessi aðgerð mun ekki hækka verð á innlendri framleiðslu enda er hún í harðri innbyrðis samkeppni en hún byggir upp framleiðsluvilja

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



Vetrarstilla í Hestfirði við Ísafjarðardjúp. Hestfirður er mjór og langur fjörður, um 15 km, í sunnanverðu Ísafjarðardjúpi. Næsti fjörður úr norðvestri er Seyðisfjörður en svipmikið fjall, Hestur, skilur firðina að. Til suðurs er Skötufjörður en Hvítanes er á milli hans og Hestfjarðar. Undirlendi er lítið í Hestfirði og fjallshlíðar beggja megin fjarðarinnar eru brattar í sjó fram. Samgöngur hafa löngum verið erfiðar í firðinum og komst hann ekki í vegasamband fyrr en við opnun Djúpvegar haustið 1975. Í Hestfirði fundust fyrstu rækjumíðin við Ísland árið 1927. Við mynni hans og Skötufjarðar er eyjan Vigur, næststærsta eyjan á Ísafjarðardjúpi.

Mynd / Hörður Kristjánsson

# Langspilsvaka á Íslenska bænum í Austur-Meðalholtum

— Tónlistarhátíð tileinkuð íslenska langspilinu

Helgina 26.–27. október fer fram Langspilsvaka á Íslenska bænum í Austur-Meðalholtum, tónlistarhátíð tileinkuð íslenska langspilinu.

Meðal flytjenda eru Björg Þórhallsdóttir sópran, Elísabet Waage hörpuleikari, Hilmar Örn Agnarsson organisti, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir barokksellóleikari, Rósa Þorsteinsdóttir kvæðakona, Sönghópurinn Voces Thules, Eyjólfur Eyjólfsson, tenór og langspilsleikari, og nemendur úr Flóaskóla.

## Sýning á 18 langspilum

Dagskrá laugardagsins er æði fjölbreytt. Hátíðin hefst kl. 14.00 í sýningarskála staðarins með sýningu á 18 langspilum sem nemendur í 5. og 6. bekk í Flóaskóla smíðuðu undir handleiðslu Eyjólfssonar síðasta vetur.

Kl. 15.00 mun Rósa Þorsteinsdóttir ásamt fleirum kveða vel valdar rímur í gömlu baðstofunni og þar verður einnig leikið á langspil.

Fyrri tónleikar laugardagsins hefjast kl. 16.00 og verða tileinkaðir kirkjutónlist þar sem leikið verður undir söng á harmóníum, langspil og hörpu.

Kl. 20.30 fara fram seinni tónleikarnir en þeir verða á veraldlegum nótum þar sem gömlu hljóðfærin fá á sig annan og fjórlegri blæ. Í kjölfarið breytist sýningarskálinn í danssal þegar Atli Freyr Hjaltason þjóðdansari mun leiða danssporin í gömlu dönsunum og hinum ýmsu þjóðdönsunum eins og vikivaka.

## Hluti af lokaverkefni Eyjólfssonar

Dagskrá sunnudagsins verður tileinkuð langspilssmíðaverkefninu í Flóaskóla. Húsið verður opnað kl. 14.00 með fyrrnefndri langspilssýningu. Lokaatriði hátíðarinnar hefst svo kl. 15.00 þegar nemendur í Flóaskóla syngja nokkur lög úr Þjóðlagasafni sr. Bjarna Þorsteinssonar og leika undir á eigin langspil.

Langspilssmíðaverkefnið er hluti af lokaverkefni Eyjólfssonar í meistaranámi í þjóðfræði við Háskóla Íslands um íslenska langspilið, upplifun fólks á hljóðfærinu og notagildi þess til náms og kennslu. Rannsóknin styðst við fyrri rannsókn sem gerð var af bandaríska



Nemendur Flóaskóla með langspilin sem þau smíðuðu undir handleiðslu Eyjólfssonar sem er með þeim á myndinni. Lengst til vinstri er Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla.

þjóðtónlistarfræðingnum David G. Woods árið 1981. Þar rannsakaði hann 21 langspil víðs vegar um landið og lýsir hvernig hljóðfærið gæti nýst í grunnskólakerfinu.

Eins og Woods leggur upp með var útbúinn smíðspakki (e. kit) í samstarfi við Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum og Flóaskóla sem nemendur nota til að smíða sitt eigið langspil undir handleiðslu Eyjólfssonar og smíðakennara skólans. Áætlaður tímafjöldi við samsetningu og smíði hljóðfærisins taldi Woods vera innan við 10 klukkustundir.

Með því að gefa nemendum á mið- og efri stigum Flóaskóla tækifæri á að smíða og eignast sitt eigið langspil er markmið verkefnisins að nemendur hafi við lok þess þróað handverkskunnáttu og fengið undirstöðuþekkingu í smíði og edlisfræði strengjahljóðfæra. Einnig hafi þau öðlast þekkingu um baðstofumeningu íslenska bændasamfélagsins með sérstöku tilliti til dægrastyttingar á borð við rímnakveðskap, söng og hljóðfæraleik á 18. og 19. öld og margt fleira. /HKr.

# Áningarstaður hestamanna vígður á Uppsölum í Flóahreppi

Það var skemmtileg athöfn við bæinn Uppslagi í Flóahreppi nýlega á Uppsölum þegar nýr áningarstaður hestamanna og steinn var afhjúpaður með áletruðum skildi til heiðurs systkinunum frá Uppsölum á nýju Uppsalaleiðinni.

Höfðingleg gjöf þeirra eflði félagslegt starf Hestamannafélagsins Sleipnis en þau gáfu rausnarlega peningagjöf til byggingar Sleipnishallarinnar. Magnús Hlynur Hreiðarsson var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir.



Einar Hermundsson í Egilsstaðakoti kominn á bak á Hnikari sínum, skjöttum falllegum hesti. Steininn sem er notaður sem minningarsteinninn kemur einmitt upp í fjösgreftri í Egilsstaðakoti þar sem afi og amma Uppsalasyskinanna bjuggu. Einar átti hugmyndina að minningarsteininum.



Jóna Marín Sveinbjörnsdóttir frá Uppsölum sá um að svipta hulunni af steininum en hún var borin á gullstól að þakkarskiltinu til að afhjúpa það.



Bjarni Stefánsson í Túni á tali við Guðna Ágústsson en Guðni var einn af aðalvatamönnum að nýja minningarsteininum og nýju reiðleiðinni í gegnum Uppsali.



Hestamenn frá Selfossi komu ríðandi nýju reiðleiðina að Uppsölum þar sem vígsla steinsins fór fram.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

236

Reynir Hjartarson, prentari og síðar kennari, nú búsettur á Dalvík, átti nokkrar vísur í síðasta þætti. Þegar gjör var gáð, reyndust tvær vísur til viðbótar birtingarhæfar. Hefjum því þáttinn á hringendum Reynis. Hann er auðvitað af allra létta skeiði, og engin íþróttaafrek unnin líkt og forðum var. Þau hjónin stauta þó ögn upp fyrir byggðina ef þannig viðrar:

*Gleiðum fótum gamalt skar  
gekk að rótum fjallsins,  
og við njótum okkar þar  
á ellibótum kallsins.*

Góðkunningar líta stundum við hjá þeim hjónum á Dalvík. Þær stundir verða stundum áfengar og sælurkar:

*Dropinn munni gleði gaf  
galsa spunninn vonum,  
glampar sunnu geislum af  
góðu kunningjonum.*

Mér áskotnaðist vísnakompa í snuddi mínu um Austur-Húnavatnssýslu í sumar. Bókin, handskrifuð fagurri rithönd, hefur að geyma vísur nokkurra hagrýðinga í héraði. Meðal höfunda er **Ingvar Björnsson**, fæddur í Sólheimum í Svínavatnshreppi. Ingvar sinni ýmsum störfum í héraði, en lengst sem barnakennari á Blönduósi og síðar á Akranesi, þar sem hann lést langt um aldur fram. Ingvar starfaði að vegagerð í Langadal, og orti þar vísur um nafngreinda samverkamenn við vegagerðina. Kveðskapurinn allur sem hér fer eftir, var ortur í gamansemi og gáska. Um **Einar Pétursson** orti Ingvar:

*Einar er í flokknum fremst,  
fús hann nefna ég geri.  
Hans í gegnum klofið kemst  
klyfjuð stærðar meri.*

Um **Sumarliða Tómasson** orti hann þetta:

*Oft í þunginn á sér fer,  
ekkert sér í friði.  
Þessi fyrir flokknum er  
frægur Sumarliði.*

Sonur **Sumarliða, Jón**, fékk þessa vísu frá **Ingvari**:

*Sumarliða soninn Jón  
sé ég næstan vera.  
Hann er mesta flokksins flón,  
fantinn ætti að skera.*

Um annan son Sumarliða, **Rögnvald**, orti **Ingvar** þessi hlýindi:

*Rögnvald næstan rekk ég tel  
-þó reyndar séu fleiri,  
því að engan syndasel  
sé ég honum meiri.*

Um **Þorleif Jónsson**, afa **Guðnýjar** í Meðalheimi, orti svo Ingvar:

*Gortar mjög af sjálfum sér,  
syngur bögu glaður.  
Jafn á lög og landi er  
Leifi sögumaður.*

**Guðmundur Pétursson** frá Hnjúkum fær þessa súrruðu hringendu frá **Ingvari**:

*Hrikalotinn horfi ég á,  
hefur flota af göllum.  
Gæfuhrotinn garp að sjá  
Gvend andskota köllum.*

Svo orti **Ingvar** til **Guðmundar Agnarssonar**:

*Hróður magnast hraustum þeim,  
honum fagna konur,  
því að gagnast getur þeim  
Gvendur Agnarssonur.*

Umsjón:  
**Árni Geirhjórtur Jónsson**  
kotabyggd1@gmail.com



## FRÉTTIR



## Fjölskyldu- og landbúnaðarsýningin 2. nóvember: Hey Bóndi á Hvolsvelli

Laugardaginn 2. nóvember verður fjölskyldu- og landbúnaðarsýningin Hey Bóndi haldin á vegum Fóðurblöndunnar í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Þetta er í þriðja sinn sem sýningin er haldin en líkt og fyrri ár verður fullt hús af sýndum ásamt áhugaverðum fyrirlestrum, tilboðum og skemmtilegum uppákomum fyrir börn og fullorðna. Sýningin stendur yfir frá klukkan 10.00 til 17.00.

Sýndur eru fjölmargir með víðtæka reynslu af landbúnaði. Sýningarsvæðið er bæði úti og inni. Frumkvöðlar koma með sín hugverk í tengslum við nýsköpun í landbúnaði og einnig verður sala beint frá býli með ferskar landbúnaðarvörur.

### Af hverju Hey Bóndi?

Árið 2015 fæddist sú hugmynd í Fóðurblöndunni að halda fjölskyldu- og landbúnaðarsýningu fyrir bæði bændur og fólkið í þéttbýlinu. Upp kom það skemmtilega nafn, Hey Bóndi. Lagt var upp með að tengja sveitina við þéttbýlið og þá þjónustuaðila sem starfa innan landbúnaðarins. Að lokinni sýningu árið 2015 var það samröma álit allra að halda annan Hey Bóna og skyldi sú sýning vera árið 2017. Mjög góð aðsókn hefur verið á Hey Bóna og sérstaklega ánægjulegt að sjá bæði börn og fullorðna fá fræðslu, smakka á vörum tengdum landbúnaði og skemmta sér saman. Allir fá eitthvað við sitt hæfi.

### Fræðandi fyrirlestrar

Fyrirlestrarir verða fimm talsins á Hey Bóna 2019 – Kári Stefánsson, læknir og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, kemur í heimsókn og tekur púlsinn á bændum og málefnum landbúnaðarins. Einar Ásgeirsson, fóðurfræðingur Fóðurblöndunnar, fjallar um heynidurstöður frá nýliðnu sumri og Berglind Ósk Óðinsdóttir, fóðurfræðingur hjá Bústólpa, fjallar um steinefni sem koma frá gróffóðrinu og hvað þurfi að gefa til viðbótar til að allt passi saman.

Adrian Packington, sérfræðingur í fóðrun jörturdýra, mun ræða um fóðrun geldkúa og hvað það kostar að klúðra henni! Einnig mun Adrian fjalla um nýtt efni til fblöndunar í kjarnfóður sem minnkar kolefnisspor jörturdýra. Fyrirlestur Adrians er þýddur á íslensku jafnóðum. Arngrímur Thorlacius frá Efnagreiningu útskýrir NIR-greininguna í sýnatökum á heyjum. Að sjálfsögðu gefst fólki tækifæri á að spyrja spurninga að fyrirlestrum loknum.

### Atriði fyrir börn og fullorðna

Skemmtiatriði frá Latabæ, Solla stírða og Siggí sæti, ætla að segja börnunum eitthvað sniðugt og skemmtilegt frá Latabæ. Félagarnir Hjörleifur Hjartarson og Eiríkur G. Stephensen í hljómsveitinni „Hundur í óskilum“ munu leika á mörg einkennileg hljóðfæri og syngja enn skringilegri texta við stórskrýtin lög. Á vappi verður svo blaðfarinn sem býr til skemmtilegar blöðrur fyrir gesti.

### Nýsköpun í landbúnaði

Frumkvöðlar í landbúnaði mæta með sínar hugmyndir sem þeir hafa verið að vinna og þróa undanfarin ár. Margt skemmtilegt og spennandi er að finna í þeirri nýsköpun. Ljótu kartöflurnar mæta með kartöfluflogur gerðar úr kartöflum sem eru skringilegar í laginu og stuðla því að betri nýtingu innlands gæðahræfnis og minni matarsóun. Fyrsti íslenski rjómalíkjörinn, Jökla rjómalíkjör, verður til smökkunar. Jökla er einstök fyrir það að vera nánast öll íslensk og nýtir mysu sem annars væri hent. Beauty of Iceland – snyrtivörur úr hágæða lífrænum efnem sem koma úr gulrótum og rófum en þær eru ræktaðar í íslenskrum náttúru. Kombucha Iceland er gerjað te og inniheldur fjölbreytt úrval af heilsuþætandi efnasamböndum. Stafræn veiðibók – veiðibók sem þarf ekki pappírsvinnu. Álfur bjór, er bjór sem unninn er úr kartöfluhýði. Auk frumkvöðlanna verður Landbúnaðarklasinn með kynningu á sinni starfsemi.



Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir með matvörur sínar á matarmarkaði í Hörpu.

Mynd / smh

### Sýknudómur yfir Móður Jörð staðfestur:

# Sjálfbóðaliðarnir í Vallanesi eru löglegir

Dómur féll í Landsrétti á dögum þar sem sýknudómur er staðfestur yfir Eymundi Magnússyni, bónda í Vallanesi á Fljótsdalshéraði, og fyrirtæki hans, Móður Jörð. Árið 2017 var fyrirtækið ákært fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga, með því að hafa ráðið erlenda ríkisborgara til landbúnaðarstarfa án þess að þau hefðu tilskilin atvinnu- og dvalarleyfi.

Það var lögreglustjórinn á Austurlandi sem ákærði fyrirtækið og var málið dómtekið 26. apríl á síðasta ári. Tilefni kærunnar er eftirlitsferð framkvæmdastjóra Afli Starfsgreinafélags, starfsmanns Ríkisskattstjóra og starfsmanns Vinnuálastofnunar í júní 2016.

### Ekkert vinnuréttarsamband

Var Móður Jörð gefið að sök að hafa nýtt sér starfskrafta þriggja erlendra ríkisborgara – frá sjálfbóðaliðasamtökunum World Wide Opportunities in Organic Farms (WWOOF) – um vor og sumar árið 2016, án þess að tilskilin atvinnu- og dvalarleyfi hafi verið til staðar. Dómur féll í Héraðsdómi Austurlands þann 20. júní 2018. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Landsrétti, kom fram að ekki væri sannað að Móður Jörð

hefði ráðið umrædda einstaklinga til starfa í þeim skilningi að til vinnuréttarsambands hefði stofnast þeirra á milli. Þá var það mat dómsins að ekki væri séð að Móður Jörð hefði af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtt sér starfskrafta fólksins varðandi meint brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga.

### Tækifæri á að fræðast um lífrænan búskap

Eygló Björk Ólafsdóttir, bóndi í Vallanesi, segir að dómurinn staðfesti að móttaka fólksins frá WWOOF jafnist ekki á við vinnuréttarsamband. „Það er ekki fallist á það að fólkið hafi verið „ráðið í vinnu“ þó að þau hafi gert hér stutta viðkomu og tekið þátt í störfum búans. Hér er væntanlega horft til þess einnig að Vallanesbúíð er þátttakandi í rótgrónu, nær 50 ára gömlu alþjóðlegu verkefni, WWOOF (World Wide Opportunities on Organic farms), sem er vel þekkt og viðurkennt í meira en 100 löndum. Ungu fólkið í Vallanesi var hér í fullu samræmi við reglur og markmið samtakanna en þau eiga ekki að ganga í störf sem annars væru launuð og gera það ekki, enda starfsemin fullmönnuð og skapar sjö ársverk. Ein meginforsenda WWOOF er að um jafningjasamband

er að ræða og peningar mega ekki fara á milli aðila,“ segir Eygló.

### Starfað vandræðalaust í hartnær 20 ár

„WWOOF starfar vandræðalaust í öðrum löndum og hefur gert það hér á landi í hartnær 20 ár og mikið verið fjallað um í fjölmiðlum frá upphafi. Samfélagsleg viðurkenning hér á landi birtist m.a í tilnefningu sem Eymundur fékk til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2012 þar sem þessa framtaks er sérstaklega getið.

Við erum bara enn þá slegin yfir því að það hafi verið talið nauðsynlegt að draga þetta mál fyrir dómstóla og enn þá slegnari yfir þeim fordæmalausu aðferðum sem notaðar voru af hálfu AFLS Starfsgreinafélags til að búa til ágreining. Við tókum þátt í alþjóðlegu verkefni sem lýtur að því að gefa ungu fólki innsýn í lífræna ræktun, ferðast um heiminn og kynnast öðrum þjóðum innan frá. Verkefnið hefur haft þýðingu til að efla mannlíf og menningu staðarins og stuðlar að fræðslu fólks. Það hlýtur að teljast mjög sérstakt að verkefni með fræðslu, félagsleg og umhverfisleg markmið, líkt og WWOOF stendur fyrir, rati í þennan farveg,“ segir Eygló enn fremur.

/smh

### Afmælistálfing Samtaka ungra bænda:

# Umhverfismál og framtíð landbúnaðar á Íslandi til umræðu

Í tilefni áratugar afmælis Samtaka ungra bænda er efnt til málþings á morgun, föstudag, undir yfirskriftinni Ungir bændur – búa um landið.

Jóna Björg Hlökkversdóttir, formaður samtakanna, segir að efni málþingsins sé í anda þeirrar stemningar sem var í kringum stofnfund samtakanna. Fyrir tíu árum hafi áherslan verið á sjálfbærni, en nú sé reynt að varpa ljósi á loftslagsmálin og aðgerðir sem þarf að fara í.

Þá verði framtíð íslensks landbúnaðar til umræðu.

### Dagskrá

13.00 - Setning  
13.05 - Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
13.25 - Saga og áherslur samtakanna í áratug - Helgi Haukur Hauksson og Jóna Björg Hlökkversdóttir  
13.40 - Ungir umhverfissinnar - Pétur Halldórsson  
14.00 - Landgræðslan - Guðrún Schmidt  
14.10 - Skógrækt - Hlynur Gauti Sigurðsson  
14.20 - Kaffihlé

14.30 - Landbúnaðarklasinn - Finnboði Magnússon  
14.50 - Bændasamtök Íslands - Guðrún Tryggvadóttir

15.10 - Stutt hlé  
15.20 - Umræður í pallborði með fyrirlesurum

15.45 - Slit málþingsins - forsætisráðherra - Katrín Jakobsdóttir

Fundarstjórar eru Einar Freyr Elínarson og Hanna María Sigmundsdóttir. /smh

## STAPI GARDHÚS (BÍLSKÚR)

Verð áður 646.000 kr.

Verð nú 484.500 kr.

Til afhendingar strax



Stærð 14,98 fm

Lengd og breidd: 2,8m x 5,35m

Bjálkapykk: 44mm  
Snittaðir teinar í hornum

Húsið kemur án gólfs

Ekki þarf að sækja um byggingaleyfi fyrir þessu húsi.



KOFAR OG HÚS

www.kofaroghus.is - sími 553 1545





Þetta er okkar  
**Neyðarkall**  
- til þín!

Nú senda björgunarsveitirnar frá sér árlegt Neyðarkall  
til stuðnings starfi sínu um allt land.

Taktu vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna næstu daga  
og leggðu okkur lið, þannig stuðlar þú að eigin öryggi og annarra.

Þetta er **Neyðarkall** til þín.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

## FRÉTTIR

Íslenska þróunarverkefnið GeoFood um nýting jarðvarma á heimsvísu:

## Samstarf um nýtingu jarðvarma í hringrásarframleiðslu matvæla

Um síðustu mánaðamót var formlega tekin í notkun ný tilraunaaðstaða við Wageningen háskóla í Bleiswijk í Hollandi þar sem 150 m<sup>2</sup> fiskeldiskerfi var komið fyrir í gróðurhúsum skólans.

Tilraunastöðin er hluti af þróunarverkefninu GeoFood og hluti af nýsköpunarverkefni sem styrkt er af Geothermica samstarfsnetinu um nýtingu jarðvarma. Markmið verkefnisins er að hvetja til aukinnar notkunar jarðvarma til matvælaframleiðslu og bættrar nýtingar orku, næringarefna og vatns.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskólans, sem hafði frumkvæði að verkefninu GeoFood, segir að með línulegum framleiðslukerfum sé verið að framleiða úrgang sem hleðst upp og mengar umhverfið.

„Áhugi á hringrásarkerfum þar sem úrgangur úr einum þætti kerfisins nýttur sem hráefni í þann næsta er sífellt að aukast, auk þess sem áhugi á beinni nýtingu jarðvarma



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir og Paul Ramsak fulltrúi GEOTHERMICA við opnun tilraunaaðstöðuna í Bleiswijk í Hollandi.

til matvælaframleiðslu hefur aukist mjög á undanförunum árum.

Þessi aukni áhugi er ekki síst tilkominn vegna ótullar vinnu

jarðvarmasérfræðinga frá Íslandi og GEORGs jarðvarmaklasans sem leiðir GEOTHERMICA samstarfið. GEORG jarðvarmaklasinn hefur átt

þátt í því að Evrópusambandið hefur aukið framlag sitt til rannsóknna- og nýsköpunarverkefna á sviði jarðvarmanýtingar.“

Tilgangur Geofood verkefnisins er að sameina skilvirka nýtingu jarðvarma og hringrásarframleiðslu og segir Ragnheiður að mikill áhugi sé á verkefninu í Hollandi og Slóveníu og að auka þar nýtingu jarðvarma til matvælaframleiðslu í gróðurhúsum.

„Við opnunina í Bleiswijk kom fram að aukin nýting jarðvarma í gróðurhúsum í Hollandi væri ein forsenda áframhaldandi uppbyggingar greinarinnar. Rúmlega 20 manna hópur garðyrkjumanna og sveitarstjórnarfulltrúa frá Slóveníu tók þátt í athöfninni.

Í dag nýta tvö gróðurhús í Slóveníu jarðvarma til upphitunar og unnið er að kortlagningu tækifæra til frekari uppbyggingar þar í landi. Ljóst er að tækifæri til áframhaldandi samstarfs milli landanna eru mikil þar sem reynsla á Íslandi af nýtingu jarðvarmans til garðyrkju, fiskeldis og annarrar matvælaframleiðslu er mikil.“ segir Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskólans. /VH



Feðgarnir Ragnar Guðmundsson og Guðmundur Kr. Ragnarsson við hlaðið veisluborð í Selaveislunni á síðasta ári. Mynd / HKr.

Sela- og villibráðarveisla í Haukahúsinu:

## Súrsaðir selshreifar og annað góðgæti

Löng hefð hefur verið fyrir sela-veislu í tengslum við aðalfundi sela- og æðarbænda. Þótt selveiðar séu alveg aflagðar í atvinnuskyni þá er selaveislan enn í hávegum höfð undir stjórn Guðmundar Kr. Ragnarssonar, matreiðslunillings í Veitingahúsinu Lauga-ási.

Eins og á síðasta ári verður sela-veislan haldin í Haukahúsinu á Ásvöllum í Hafnarfirði og nú þann 9. nóvember næstkomandi og verður húsið opnað klukkan 19.00. Eins og áður verður boðið upp á útselskóp, gæs, lunda, hval, lax, lamb og fleira.

Guðmundur passar vel upp á að vel sé farið með hráefnið og veiðir selinn gjarnan sjálfur, enda er selkjöt vandmeðfarið ef vel á að bragðast.

Eingöngu er veiddur útselskópur af stofni sem ekki er talinn í hættu. Enda lagði Hafrannsóknastofnun til í sumar að veiðar á landsel yrðu bannaðar þótt mælingar sýni að stofninn hefur vaxið um 23% frá 2016 og nú sagður telja 9.400 dýr. Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum fyrir landsel við Ísland skal lágmarksstofnstærð vera 12.000 selir.

Selveiðar í atvinnuskyni aflagðar

Engar selveiðar eru stundaðar

lengur í atvinnuskyni á Íslandi, en talsvert gekk á selastofnana þegar hin opinbera hringormafélag hvetti til gengdarlausra drápa á sel til að draga úr hringormi í fiski. Nefndin hóf greiðslu veiðiverðlauna fyrir veidda seli vorið 1982 og við það stórkjóst veiðar á ný og fóru upp í fyrra hámark frá aldamótunum 1900 þegar veiddir voru á milli 6 og 7 þúsund dýr. Var farið að ganga verulega á selastofna við landið á árunum 1980 til 1989. Það sem nú veidist er nær eingöngu selur sem af slysi festist í grásleppunetum við ströndina á vorin.

Mikil gleði, mikið grín

Til selaveislunnar í Haukahúsinu mæta að sjálfsögðu allar helstu kempur selabænda og heiðursgestur flytur laufflétt gamanmál að venju. Veislustjóri verður Tryggvi Gunnarsson í Flatey. Þá mun Jóhannes Kristjánsson eftirherma frá Ingjaldssandi stíga á svið í allra kvikinda líki. Síðan verður slegið upp harmonikkuballi til klukkan eitt eftir miðnætti. Í selaveislum er að jafnaði mikið sungið, mikið gaman og mikið grín. Miða er hægt að nálgast hjá Ingibjörgu í síma 895-5808. /HKr.



Framkvæmdir við Dettifossveg ganga vel og hafa afköst á svæðinu verið bætt með því að bæta við tækjum og semja við undirverktaka. Myndir / Vegagerðin

## Framkvæmdir við Dettifossveg ganga vel

-Stefnt að því að ljúka verkinu 2021

Framkvæmdir við Dettifossveg hafa staðið yfir frá því í fyrrihluta ágústmánaðar og er nú verið að vinna af fullum krafti við kaflann Vesturdalur-Ásheimi. Þá er einnig verið að hefjast handa við veginn niður í Vesturdal. Unnið verður áfram við vegagerðina svo lengi sem veður leyfir.

Framkvæmdir ganga nokkuð vel að því er fram kemur hjá Hauki Jónssyni, deildarstjóra

umsjónardeildar á Norðursvæði á vef Vegagerðarinnar. Hann segir að verktaki hafi aukið afköst á svæðinu með því að bæta við tækjum. Einnig hafi hann fengið aðstoð frá undirverktaka til að vinna í veginum niður í Vesturdal sem sé heppilegt því svæðinu þar hefur nú verið lokað fyrir ferðamenn. Veðurfar í haust ræður hversu lengi verður hægt að vinna við verkið.

Tilboð í Dettifossveg voru

opnuð 12. júní síðastliðinn og bárust aðeins tvö tilboð. Ákveðið var að semja við G. Hjálmarsson hf. sem átti lægra tilboðið upp á 901,6 milljónir króna. Ákvörðunin var kærð af P.S verktökum ehf. en niðurstaða kærufundar útboðsmála var að heimila samning við G. Hjálmarsson hf. og var samningur undirritaður 25. júlí og hófust framkvæmdir í byrjun ágústmánaðar. /MPP

Búnaðarstofa:

## Rúmlega 11.341 ærgildi verður að óbreyttu fellt niður um áramót

—Eru frá 3.843 lögbýlum og að verðmæti um 200 milljónir króna

Búnaðarstofa Mast er nú að benda sauðfjársbændum á að um næstu áramót verður óvirkt greiðslumark bænda fellt niður.

Þann 1. janúar 2020 kemur í fyrsta skipti til framkvæmda ákvæði 2. mgr. 10. gr. í reglugerð 1262/2018 með stöð í 38. gr. búvörulaga nr. 99/1993 um að greiðslumark sem er óvirkt í þrjú ár samfelld frá 1. janúar 2017 skuli fellt úr gildi. Sjá auglýsingu Búnaðarstofu MAST í Bændablaðinu í dag á bls. 41.

Samkvæmt upplýsingum

Búnaðarstofu MAST er um að ræða 11.341,3 ærgildi á 383 lögbýlum, sem hafa verið óvirkt í 3 ár samfelld frá 1.1.2017.

Verðmæti þessa greiðslumarks er um 200 milljónir króna ef allt verður innleyst á innlausnarmarkaði ársins.

Búnaðarstofa mun senda bréf á næstu dögum til allra sem eru réttfarar þessa óvirka greiðslumarks skv. upplýsingum í greiðslukerfi landbúnaðarins, AFURÐ.

Að sögn Jóns Baldurs Lorange, framkvæmdastjóra Búnaðarstofu, verður haldinn innlausnardagur í lok nóvember eða byrjun desember nk. í samræmi við samkomulag bænda og ríkis um endurskoðun sauðfjársamnings, sem samþykktur var fyrr á árinu. Þá geta allir réttfarar greiðslumarks óskað eftir innlausnargreiðslum á núvirtu innlausnarmarkaði sem svarar til beingreiðslum þriggja ára. Nánari útfærsla mun koma fram í reglugerð ráðherra, sem beðið er eftir. /HKr.



# Búðu þig vel undir veturinn

ENNEINN / SÍA / NM95281



## Dimex kuldagalli

Vnr. 9609 648

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum. Litur: Svartur. Stærðir: S-3XL.



## Dunlop Purofort professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Létt stígvél með höggdeyfi í sóla. Auðvelt að þrifa og endast vel. Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.



## Dimex axlabönd

Vnr. 9609 4096+

Breið og þægileg axlabönd með járnklemmum. Litur: Svartur. Ein stærð.



## Dimex mittisbuxur

Vnr. 9609 6068

Buxur úr teygjanlegu efni, einstaklega liprar og þægilegar. Litur: Svartur. Stærðir: 44-64.



## Nítrildýfðir vetrarhanskar

Vnr. 9640 8810

Saumlausir vetrarhanskar með mjög gott grip. Litur: Svartur. Stærðir: 9-10-11.



## Vinnuvettlingar, þrjóna

Vnr. A108 VV101

Vinnuvettlingar úr ull/nælon. Litur: Grár. Tvær stærðir.



## Dimex peysa

Vnr. 9609 4282+

Rennd flíspeysa með þrjónaefni. Vasar lokaðir með rennilás. Litur: Svartur. Stærðir: XS-3XL.



## Dimex sokkar

Vnr. 9609 4101+

Þykkir og góðir sokkar. 5 pör í pakkingu. Litur: Svartur. Stærðir: 40-46.



## Dimex þrjónahúfa

Vnr. 9609 4101+

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

### Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448  
 Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330  
 Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293  
 Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar

## FRÉTTIR



Fyrsti alvöru vetrarsnjórinn féll á Vestfjörðum þriðjudaginn 22. október. Jóni Kristjáni Haukssyni á Suðureyri við Súgandafjörð fannst það ekki leiðinlegt. Þá var enn skemmtilegra að máttarvöldin skyldu muna eftir að færa honum slíkan glaðning í afmælisgjöf á þriggja ára afmælinu. Mynd / HMM



Bjarni Jóhannsson í Gröfubjónustunni á Suðureyri var líka í essinu sínu á þriðjudaginn eins og krakkarnir, enda þýðir mikill snjór oft mikla vinnu á þeim slóðum og aura fyrir salti í grautinn. Mynd / HMM



Birnir Jón Sigurðsson, Ýr Jóhannsdóttir, Hallveig Kristín Eiríksdóttir, Arnar Geir Gústafsson og Halldór Eldjárn en þau mynda sviðslistahópinn CGFC með málverkið af Helgu fyrir framan húsnæði landbúnaðarráðuneytisins við Skúlagötu í Reykjavík.

## Sviðslistahópurinn CGFC: Málverk af Helgu afhent landbúnaðarráðuneyti

— var ræktandi „Helgu“-kartaflnanna á Íslandi

Helga Gísladóttir hefur verið rangnefnd í sögubókum framan af og ekki fengið tilskilda athygli og virðingu fyrir afrek sín. Helga var ræktandi „Helgu“-kartaflnanna sem var þriðja kartöfluyrkið á Íslandi til að komast í úrvalsflokk.

Henni eru gerð þau skil sem þykja við hæfi fyrir ævistarf sitt á olíumálverki sem Hallveig Kristín Eiríksdóttir málaði af henni og nýtti sér ljósmynd af Helgu sem fyrirmynd. Myndin var afhent í landbúnaðarráðuneytinu við hátíðlega athöfn fyrr í vikunni og þrýðir hún nú veggj ráðuneytisins. Afkomendur Helgu voru viðstaddir, sem og fulltrúar frá Kartöflusetrinu,

fulltrúi ræktenda, lúðrasveitin „I've found a friend“, Halldór Eldjárn og listamennirnir Hallveig Kristín og Arnar Geir og fulltrúar landbúnaðarráðuneytis.

Gjörðin er hluti af ferðalagi sviðslistahópsins CGFC sem frumsýnir verkið „Kartöflur“ á nýju sviði á þriðju hæð Borgarleikhússins, smælki, í dag, fimmtudaginn 24. október. Verkið er byggt á rannsóknarferðalagi um kartöflur á Íslandi og fólkið sem varð á vegi hópsins í rannsókninni.

Sýningar verða einnig um helgina, á föstudag og laugardag, en síðan er ætlunin að byrja á ný næsta sumar og fara þá hringferð um landið. /MPB

Erfðanefnd landbúnaðarins:

# Erfðaaauðlindir í íslenskri náttúru og landbúnaði

Erfðanefnd landbúnaðarins hefur sent frá sér Landsáætlun um verndum erfðaaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði fyrir 2019 til 2023. Með áætluninni er mótuð stefna erfðanefndar um varðveislu og sjálfbæra nýting erfðaaauðlinda í landbúnaði sem er hlutverk nefndarinnar og er skilgreint í lögum.

Í áætluninni segir að varðveisla erfðafjölbreytni og sjálfbær nýting erfðaaauðlinda séu lykilatriði varðandi framtíð matvælaframleiðslu í landbúnaði og að erfðabreytileiki sé undirstaða þess að nytjategundir geti aðlagast breyttum umhverfisaðstæðum. Jafnframt því að vera forsenda þess að hægt sé að stunda árangursríkar kynbætur til framtíðar og í umræðu dagsins um loftslagsbreytingar og aðrar umhverfisógnir sem geta haft veruleg áhrif á framleiðslu matvæla í landbúnaði verður þetta starf sífellt mikilvægara.

### Erfðalindasetur

Birna Kristín Baldursdóttir umsjónarmaður Erfðalindaseturs Landbúnaðarháskóla Íslands segir að Erfðalindasetur sé opin samstarfsvettvangur allra þeirra aðila sem með einum eða öðrum hætti tengjast varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði. „Erfðalindasetur vinnur að ýmsum verkefnum fyrir erfðanefnd landbúnaðarins og hefur meðal annars umsjón með útgáfu landsáætlana um verndun og varðveislu erfðaaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði.“

### Íslensk búfjárkyn sérstök

Birna segir að Landsáætlunin nái yfir nytjaplöntur, skóg, búfé og villta ferskvatnsfiska og að í öllum þessum flokkum séu tegundir og stofnar sem gæta þarf að.

„Á Íslandi eru það ekki síst íslensku búfjárkynin sem skapa sérstöðu landbúnaðar og þau séu því áberandi í áætluninni.“

### Töluverður árangur

„Töluvert hefur áunnist frá því að síðasta áætlun var sett fram og ber þar hæst fjölgun íslenskra geita og aukin nýting afurða af geitum. Íslenska geitin er enn í útrýmingarhættu en hættan hefur minnkað og vonandi heldur sú þróun áfram.“



Birna Kristín Baldursdóttir umsjónarmaður Erfðalindaseturs Landbúnaðarháskóla Íslands með kíöling.

Auk þess sem íslenskt forystufé hefur verið skilgreint sem sérstakt sauðfjárkyn sem er útrýmingarhættu. Þar er meðal annars unnið að eflingu skýrsluhalds sem er mikilvægt fyrir framtíð stofnsins. Erfðanefnd hefur einnig látið sig varða verndun villtra laxastofna í ám í ljósi aukningar á laxeldi í sjó.“

### Grös og skógar

Þegar kemur að plöntum segir í áætluninni að vegna einangrunar hafi flóran sem þróaðist á Íslandi frá lokum ísaldar fram til landnáms verið mjög tegundafá.

„Plönturnar sem hingað bárust eftir það komu frá búskaparsvæðum og voru margar grastegundir og smárar og höldu því betur nýtingu með slætti eða beit en þær tegundir sem voru fyrir.“

Birna segir að með aðild að NordGen hafi Ísland góðan aðgang að varðveislu fræplantna. „Á vegum NordGen hefur verið safnað fræi úr gömlum tünúm á kerfisbundinn hátt og eru varðveittir erfðahópar sem eru ýmist skráðir sem yrki, landsstofnar, villtir eða hálfvilltir.“

Skrásett hafa verið 50 gömul tún víðsvegar um landið þar sem fram koma sögulegar upplýsingar, ásamt gróðurfari, myndum og GPS hnitum. Líta má á þau sem menningarminjar og auk þess sem þangað mætti sækja efnivið til kynbóta. Söfnun fyrir NordGen hefur einkum beinst að þessum tünúm. Gömlum tünúm

hefur farið fækkandi á undanföllum árum en til að viðhalda breytileika er mikilvægt að gömlum tünúm sé í einhverjum mæli haldið við.

Hjá NordGen eru varðveittir 27 stofnar af melgresi sem safnað var hérlandis á undanföllum áratugum og þar eru einnig 13 stofnar af íslenskum gulrófum. Auk þess sem starfsmenn NordGen komu hingað til lands fyrir nokkrum árum í þeim tilgangi að safna krydd- og lækningajurtum.

Árið 1978 var yrkjum rabarbara safnað víða um land og valin úr sjó yrki sem ástæða þótti til að vernda. Enn fremur hefur verið unnið gagnlegt starf í rannsóknum og viðhaldi á íslenskum yrkjum garð- og landslagsplantna í verkefnum Yndisgróður sem er á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands.“

### Ferskvatns fiskar

Birna segir að fiskar geta verið mjög viðkvæmir fyrir utanaðkomandi áhrifum, til dæmis athöfnum manna má þar nefna efnistöku í ám, ræsagerð vegna vegagerðar og stíflur sem geta leitt til hnignunar villtra stofna. „Töluvert uppbygging hefur verið í laxeldi í sjókvím hér við land og hefur erfðanefnd landbúnaðarins lýst áhyggjum af þróun þeirra mála og hvatt til þess að menn fari sér hægjar á meðan ekki liggur fyrir meiri þekking á hættu á erfðablöndun við villta stofna.“ /VH

Svíþjóð:

## Bylgja salmónellusýkinga rakin til innfluttra smátómata

Alls hafa 75 mann á öllum aldri víða um Svíþjóð greinst með sýkingu af völdum salmónellu sem barst til landsins með innfluttum smátómötum.

Í byrjun september fór að bera á auknum tilfellum á salmónellusýkingum í Svíþjóð og fjölgaði þeim hratt og undir lok mánaðarins voru tilföllin orðin 54 og 16. október síðast liðin hafði þeim fjölgað í 75.

Rannsóknir á sýkingunum hjá Lýðheilsu- og Matvælastofnun Svíþjóðar tengdu uppruna smitsins við neyslu á innfluttum smátómötum sem seldir voru í verslunum í lok ágúst síðast liðinn og að þeir væru upprunnir hjá evrópskum söluaðila. /VH



Í byrjun september fór að bera á auknum tilfellum á salmónellusýkingum í Svíþjóð og fjölgaði þeim hratt og samkvæmt síðust tölum hafa 75 manns sýkts.

ÓGNVEKJANDI  
LÁGT VERÐ

NETVERÐ  
**35%**  
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ

**+5%**  
MEÐ KÓÐANUM:  
HALLOWEEN40

### Sýningarsalur

Fiskislóð 31E - 101 Reykjavík  
Skanva er opinn alla mánu- til föstudaga frá kl. 10 -16



Skanva.is

ergo 

## Hjólaskófla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í jarðvinnu  
en við fjármögnum hins vegar hjólaskóflur.

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

.....  
Kynntu þér möguleikana á [ergo.is](http://ergo.is)

## FRÉTTIR

Guðni Ágústsson segir stofnun Hringborðs norðursins vera sögulegt afrek við að vekja viðræður 60 þjóða um norðurslóðir:

# Telur Ólaf Ragnar Grímsson eiga Nóbelsverðlaun skilið fyrir að koma á samræðum svarinna fjandmanna

Bessastaðakirkja var þétt setin á kirkjudeginum 20. október síðastliðinn. Ræðumaður dagsins var Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra. Vöktu sérstaka athygli orð hans um það afrek Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta, að draga stórbjóðir heimsins og fornar óvinabjóðir að Hringborði norðursins (Arctic Circle) ár eftir ár til að ræða framtíð norðurslóða.

Hans Guðberg Alfredsson, prestur Bessastaðakirkju, sem tilheyrir Garðaprestakalli, þjónaði fyrir altari ásamt Margréti Gunnarsdóttur djákna. Guðni ræddi sögu Bessastaða og sagðist standa í sporum Jónasar Hallgrímssonar og Gríms Thomsen í prédikunarstólnum en þeir hefðu sett svip sinn á staðinn.

Guðni ræddi áhrif og afrek Jesú Krists sem frelsara mannkynsins og ekki síður sem mesta boðbera pólitískra áhrifa. Þá gerði Guðni hlýnun jarðar og loftslagsmálin að umræðuefni og taldi mikinn tvískinnung í gangi þar sem Ísland, rafmagnið og jarðhitinn og landbúnaðurinn væru skólabókar-dæmi um uppskrift fyrir þjóðir heims. Hann sagði að íslenskur afreksmaður væri t.d. búinn að leggja 399 hitaveitur í Kína og þannig gæti íslensk þekking bjargað miklu.

## Telur Ólaf Ragnar verðugan handhafa Nóbelsverðlauna

Guðni taldi að Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, væri að vinna mikið og sögulegt afrek með Hringborði norðurslóða. Þar sætu fornir og svarnir fjandmenn við eitt borð og ræddu breytta heimsmynd. Taldi hann að Ólafur Ragnar hlyti að standa Nóbelsverðlaunum nærri fyrir þetta framtak.

Hann minnstist Grétu Thunberg og sagði að kannski yrði hún frelsari, allavega varaði hún heiminn við hætturni.



Guðni Ágústsson í predikunarstóli Bessastaðakirkju síðastliðinn sunnudag.

Myndir / HKr.



Bessastaðir og Bessastaðakirkja sem byrjað var að byggja árið 1773, en byggingu kirkjunnar lauk 1823.

## Innflutt vatn í plastflöskum og kjötlaus landsfundur

Guðni sagði kirkjugestum frá heimboði þar sem honum hafi ekki verið skemmt þegar boðið var upp á að drekka innflutt vatn úr plastflösku, þegar hreint og ómengað vatn rynnir úr krana heimilisins. Sagðist hann því hafa hellt úr flöskunni í vaskinn. Þá fannst honum nýafstaðinn kjötlaus landsfundur Vinstri grænna senda álíka slæm skilaboð út í samfélagið.

„Hugsíð ykkur vitleysuna, við eigum besta og magnaðasta

landbúnað heimsins, fjölskyldubú í hreinu mengunarlausu landi, þá heldur flokkur forsætisráðherra landsfund flokks síns og neitar að borða kjöt þá helgina sem framleitt er undir sól og regni. Enginn segir svo neitt þegar vatn er flutt inn frá London í plastflöskum og búið að fara tíu sinnum um skolpræsið, en besta vatn heimsins er í krananum í eldhúsinu heima.

Gamli Snati og kötturinn Brandur lifðu sældarlífi á afgangunum á Brúnastöðum í æsku minni, nú fá hundar og kettir mat sinn erlendis frá. Eða þá að gráðugir heildsalar hafi dregið landbúnaðarráðherra á asnaeyrunum og ætlað honum að vinna óhæfuverk. Já, þeir

fluttu hingað lambahryggi átján þúsund kílómetraleið frá Nýja-Sjálandi og til stóð að fella af þeim tollana. Þetta var aðför að sauðfjárbændum og nánast allir Íslendingar vilja íslenskt lambkjöt á diskinn sinn. Íslenskur landbúnaður er í samanburði við verksmiðjusóðabú heimsins, eins og litli rafmagnsbíllinn við hliðina á mengunartröllum ofurbíllanna. Við skulum ræða þessi mál á vitrænum grundvelli, ekki með hræðsluáróðri og röngum áherslum.“ Að lokum sagði Guðni:

„Nú getur og á hver maður að spyrja sjálfan sig; hvað get ég gert fyrir heiminn, en ekki hvað getur heimurinn gert fyrir mig.“ /HKr.



Vettvangsskoðun vegna fyrirhugaðrar línulagningar.

## Landsnet undirbýr umhverfismat á Blöndulínu 3

– Fyrirhugað að leggja 220 kílóvatta háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar

Landsnet hefur hafið undirbúning að umhverfismati á Blöndulínu 3 en um er að ræða 220 kílóvatta háspennulínu sem fyrirhugað er að leggja frá Blönduvirkjun til Akureyrar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi en jafnframt er hún áfangi í því að auka flutningsgetu byggðalínuhringins.

Lega línunnar er fyrirhuguð um fimm sveitarfélög, Húnavatnshrepp, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Hörgársveit og Akureyrarbæ.

### Samtal og samráð við íbúa

Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi á þróunar- og tæknisviði Landsnets, segir að undirbúningsferlið felist meðal annars í því að eiga samtalið við hagsmunaaðila með stofnun verkefnaráðs Blöndulínu 3 þar sem í sitja fulltrúar frá sveitarfélögum, náttúruverndarsamtökum, atvinnuþróunarfélögum og fleiri. Landeigendum verða kynnt áform bréffleiddis og á fundi en auk þess verður haldinn opin íbúafundur á svæðinu.

„Í gegnum samráð og samtali, rannsóknir og greiningar verður farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum og við fáum betri mynd á



Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi á þróunar- og tæknisviði Landsnets.

hvert verkefnið er, hvað er hægt að gera og m.a. hvornig línuleiðinni verður háttáð.“ segir hún en áætlað er að fyrsti samráðsfundur verði um næstu mánaðamót, október-nóvember.

„Á samráðsfundum er farið yfir alla þætti málsins, hlustað á þær ábendingar og annars konar lausnir sem gjarnan koma fram. Við erum með samtali við fólkið sem að kemur að gera meira í þessum efnum en lögboðið er og okkur er skylt að gera, en með því

aukum við gagnsæi og fleiri taka þátt í ferlinu.“

### Nýtt umhverfismat í stað þess sem fyrir er

Landsnet hyggst að sögn Elínar byggja upp flutningskerfi á Norðurlandi með þremur línunum. Þær eru Kröflulína 3 frá Kröfluvirkjun í Fljótsdalsstöð en á þeirri leið eru hafnar framkvæmdir við lagningu línunnar, Hólasandslína 3 er síðan fyrirhuguð frá Kröflu til Akureyrar og er umhverfismati á þeirri leið u.þ.b. að ljúka.

Þriðja línan er Blöndulína 3 frá Blönduvirkjun til Akureyrar. Sú lína er rúmlega 100 kílómetrar og er eins og áður segir umhverfismat vegna framkvæmdarinnar að hefjast. Elín segir að fyrir liggja eldra umhverfismat á línuleiðinni en með tilliti til breyttra áherslna í umhverfismati, m.a. kröfu um nánari umfjöllun um valkostir framkvæmda, er ætlunin að vinna nýtt umhverfismat á línunna. Nákvæm útfærsla á línuleiðinni liggur ekki fyrir en Elín segir að undirbúningsferli sé að hefjast.

„Við tökum komandi vetur í fyrsta áfanga undirbúnings og stefnum að því að senda út drög að matsáætlun fljótlegra á næsta ári,“ segir hún.

/MPD

## KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



### KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

### HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

# KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

# SAMSUNG

## *dagar*

21.- 31.okt

ALLT AÐ

# 20% afsláttur

af flestum SAMSUNG vörum



75"

Skoðaðu úrvalið okkar á

**ORMSSON.IS**

**ORMSSON**

# SAMSUNG

## SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800



Opunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

# STÉKKUR Stórlúða

Stórlúður þóttu mikill happa-  
dráttur fyrr á tímum. Lúðu  
hefur fækkað mikið og í dag  
veiðist hún mest sem meðafli.  
Þær hafa gengið undir ýmsum  
nöfnum og margar frásagnir  
eru til um veiðar á þeim.

Lúða (*Hippoglossus hippo-  
glossus*) er langlífur flatfiskur af  
flyðruætt. Útbreiðslusvæði lúðu  
er í Norður-Atlantshafi, Norður-  
Íshafi, Barentshafi, norðan-  
verðum Norðursjó, við norðan- og  
vestanverðar Bretlandseyjar og  
við Norður-Ameríku frá Labrador  
suður til Cape Cod. Náinn ættingi  
lúðunnar Kyrrahafslúða (*Hippo-  
glossus stenolepis*) finnst í  
Kyrrahafi en hún er af mörgum  
fiskifræðingum talin undirteygund  
lúðu.

Lúðan er botnfiskur sem  
finnst allt í kringum Ísland en  
mest er um hana við Suðvestur-  
og Vesturland og eru þekkt  
lúðumið undan Vestfjörðum og  
á Breiðafirði. Hún lifir á 20 til  
2000 metra dýpi og í hita frá 1°C  
til 15°C. Lúðan er göngufiskur  
og flækist víða og hafa lúður  
merktar við Ísland veiðist við  
Nýfundnaland. Einnig er ráp  
lúðu um Íslandsmið vel þekkt.  
Stórlúður éta flest sem að kjafli  
kemur en helsta fæða hennar  
eru fiskar, karfi, þorskur, ýsa,  
hrognkelsi, steinbítur og loðna  
afl auk krabbadýra. Helstu óvinir  
lúðu eru selir, smáhveli og  
hákarlar, auk inn- og útvortis  
sníkjudýra.

Lúða er stærstur allra flatfiska  
og með stærstu beinfiskum.  
Stærsta lúða sem mælst hefur  
við Ísland var 365 sentímetra að  
lengd, 45 sentímetra þykk og 266  
kíló að þyngd en lengsta lúða sem  
mælst hefur veiddist við Noreg  
og var 470 sentímetrar að lengd.

Talið er að lúður geti orðið  
allt að fjörutíu ára gamlar. Þær  
eru seinþroska, hængar verða  
kynþroska í kringum átta ára  
en hrygnur tíu til tólf ára.  
Hrygningartími lúðu við Ísland  
er frá febrúar og fram á vor og  
hrygnir hún djúpt suður af landinu  
á allt að 1000 m dýpi. Talið er að  
hrognin færast upp á við í sjónum  
eftir hrygningu og að seiðin  
berist með straumnum upp að  
suðurströnd Íslands. Lúðan heldur  
sig á uppeldisstöðvum þar til hún  
er þriggja til fimm ára en þá fer  
hún í dýpri sjó í leit að fæðu.

Sókn í lúðu hefur verið mikil  
í Norður-Atlantshafi og sums  
staðar hefur stofninnun verið  
útrýmt. Lúða hefur einnig verið  
ofveidd við Ísland. Lúðuafli er  
nú í sögulegu lágmarki, hann var  
630 tonn árið 2005. Mestur var  
aflí Íslendinga um 1950 eða 2364  
tonn. Langlífur fiskur sem verða  
kynþroska seint á lífsleiðinni  
eins og lúðan er sérlega hætt  
við ofveiði. Lúðan sem veiðist  
nú á Íslandsmiðum er að mestu  
ókynþroska fiskur og veiddur sem  
meðafli í öðrum veiðum.

Lúðuveiðar voru stundaðar  
fyrir utan Vestfirði árin 1884–  
1898 af Bandaríkjamönnum.  
Lúðan var veidd á línu, flökuð  
og söltuð í tunnur. Lúðan sem  
var veidd á Íslandsmiðum var  
stór og oft var veiðin mikil.  
Seinna fóru fleiri þjóðir að veiða  
lúður við Ísland og þá einnig  
með botnvörpu og seinna með  
dragnót. Sóknin var mikil og  
aflinn hríféll.

Áður fyrri gekk lúða undir  
mörgum nöfnum og meðal annars  
nefnd flyðra, heilagfiski, spraka,  
stórlúða, beitulok, brosmá, depla,  
gjafalóa, greiplúða, hálfhvít,  
kveita, lóulok, lúra, para eða  
stegla. *VH*

## NYTJAR HAFSINS

# Ráðgátan um humarstofninn

Guðjón Einarsson  
gudjone3@gmail.com



Humarstofninn við Ísland er í  
dýpstu lægð sem um getur frá  
því að veiðar úr honum hófust  
fyrir rúmum sex áratugum.  
Nýliðun hefur brugðist síðustu  
nú ár. Aflaheimildir miðast nú  
eingöngu við könnunarveiði til  
að fylgjast með ástandi stofnsins.  
Engar vísbendingar eru um að úr  
rætist í bráð.

Humarafliinn við Ísland tvöfaldað-  
ist frá árinu 2004 til ársins 2010  
þegar hann náði 2.500 tonnum. Síðan  
hefur aflinn farið minnkandi og var  
728 tonn árið 2018, sem er minnsti  
aflí frá upphafi veiða Íslendinga árið  
1957. Sókn í stofninn hefur verið  
nokkuð stöðug frá árinu 2009 en  
aflí á sóknareiningu er nú í sögulegu  
lágmarki. Útgefið aflamark hefur  
ekki náðst síðustu tvö fiskveiðarár.

Snemma á þessu ári ráðlagði  
Hafrannsóknastofnun að aflí ársins  
2019 yrði ekki meiri en 235 tonn sem  
miðaðist við að hægt sé fylgjast með  
stærðarsamsetningu og dreifingu  
stofnsins. Sjávarútvegsráðherra kaus  
að miða aflamarkið við óveiddan  
kvóta sem fluttur hafði verið milli  
ára, sem var innan við 300 tonn.

### Skýringar skortir

En hvers vegna er svona illa komið  
fyrir humarstofninn? „Stutta svarið  
er að við höfum ekki skýringu  
á því hvað veldur,“ segir Jónas  
Páll Jónasson, fiskifræðingur á  
Hafrannsóknastofnun, sem stýrir  
rannsóknum á humarstofninn.  
„Við sjáum að aðrar tegundir við  
suðurströndina, svo sem öflugkjafta,  
langlúra, skötuselur og blálanga, hafa  
einnig átt undir högg að sækja hvað  
nýliðun varðar. Sjórinn sunnan við  
landið hefur verið hlýr og selturikur.  
Sílið hefur verið í lægð sem gert  
hefur að verum að lundinn hefur  
ekki getað komið upp ungunum. Það  
hefur verið eins konar hallærisástand  
í sjónum við suðurströndina nú í  
allmörg ár. Til samanburðar má  
benda á að ekkert hrun er í nýliðun  
há fiskistofnum þar sem ungvíðið  
elst upp norðan við landið, svo sem  
þorsksins.“

### Makrillinn varla sökudólgurinn

Getgátur hafa verið um að ástandið  
megi ef til vill rekja til innflæðis



Frá því að rannsóknir hófust á íslenska humarstofninnu eru engin fordæmi  
fyrir því að nýliðun hafi brugðist samféllt í svona langan tíma.


S amkvæmt tölum Hagstofu Íslands nam útflutningsverðmæti humars  
3,5 milljörðum króna árið 2010 en var komið niður í 1,2 milljarða árið  
2018. Í ár blasir við hrun í þessum útflutningi. Þótt humarinn vegi  
ekki þungt í verðmætasköpun sjávarútvegsins (heildarútflutningsverðmæti  
hans nam 240 milljörðum króna árið 2018), þá er þessi þróun mála mikið  
áfall fyrir útgerð og vinnslu í þeim byggðalögðum sem haft hafa atvinnu  
og tekjur af humrinum. Þar er einkum um að ræða Höfn í Hornafirði,  
Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn.



Breyttar umhverfisaðstæður eru líkleg skýring á nýliðunarbrestinum í  
humarstofninnu.

makrills upp að suðurströndinni  
á liðnum árum en Jónas er ekki  
trúaður á það. „Nýliðunarbresturinn  
í humarstofninnu hófst frá og  
með árinu 2005 en makrillinn fór  
ekki að láta sjá sig sunnan við

landið í neinum mæli fyrr en 2–3  
árum síðar. Þá ber á það að líta  
að makrillinn kemur ekki inn á  
Íslandsmið fyrr en undir lok júní  
og byrjun júlí. Við höfum verið að  
safna humarlirfum í fyrrihluta júní



bæði í ár og í fyrra. Þær eru á þeim  
tíma farnar að leita aðeins til botns  
en makrillinn er uppsjávarfiskur og  
leitar ætis ofan í sjónum. Auðvitað  
hefur innflæði makrillsins einhver  
áhrif en ég fæ ekki séð að það ráði  
neinum úrslitum,“ segir Jónas.

### Breyttar umhverfisaðstæður líkleg skýring

Jónas telur að breyttar umhverfis-  
aðstæður séu líkleg skýring á  
nýliðunarbrestinum í humar-  
stofninnu en frekari rannsóknir  
þurfi til þess að ganga úr skugga  
um með hvaða hætti það gerist.  
Verið sé til dæmis að skoða út  
frá gervihnattagögnum hvort  
frumframleiðslan að vori í hafinu  
sunnan við landið hafi verið seinna  
á ferðinni síðustu ár en áður. Eins  
kunni herra hitastig sjávar að hafa  
áhrif á þroskunarferli eggjanna.  
Vakta þurfi fyrstu stigin á lífsferli  
humarsins betur en gert hafi verið.  
Þessi gögn þurfi svo öll að tengja  
saman til þess að fá svör.

### Samféllt veiði í sjöttu ár

Veiðar á humri hafa verið stundaðar  
samféllt við Ísland frá árinu 1950.  
Saga veiðanna er rakin í skýrslu  
sem fiskifræðingarnir Hrafnkell  
Eiríksson og Jónas Páll Jónasson  
tóku saman árið 2016. Enda þótt  
Bretar og Þjóðverjar hafi verið  
atkvæðamiklir í fiskveiðum hér  
við land á síðustu öld lögðu þeir  
sig aldrei eftir humri. Það gerðu  
Belgar aftur á móti. Frá og með  
árinu 1950 tilkynntu belgískir  
togarar humarafa sem þeir veiddu  
undir lok botnfiskveiðiferða  
sinna suðaustur af Íslandi, áður  
en þeir héldu heim á leið. Aflí  
þeirra var nokkur hundruð tonn  
á ári hverju, mestur 600 tonn  
árið 1959. Veiðarnar liðu undir  
lok árið 1974 samhliða útfærslu  
fiskveiðilögsögunnar hér við land.

Fyrstu tilraunir Íslendinga til  
humarveiða fóru fram sumarið  
1939 á tveimur litlum togbátum úti  
af Reykjanesi og við Vestmanna-  
eyjar. Veiðarnar báru takmarkaðan  
árangur. Aftur var gerð tilraun til  
humarveiða árið 1951, aðallega  
úti af Selvogi, og nú gekk allt að  
óskum en markaðserfiðleikar og  
tregða hjá lánastofnunum varð til  
þess að tilrauninni var hætt árið  
1954. Frá árinu 1957 hafa íslenskir  
bátar hins vegar stundað þessar  
veiðar óslitið.

### Veiðar fóru hratt vaxandi

Veiðar Íslendinga fóru hratt vaxandi  
fyrst í stað og náðu hámarki árið  
1963 þegar aflinn nam 5.550  
tonnum. Sóknin var greinilega of  
mikil því á árunum þar á eftir dró úr  
aflanum og var hann kominn niður  
í 2.500 tonn árið 1968 samfara  
aukinni sókn og snarminnkandi  
afla á sóknareiningu. Einnig kann  
kólnun sjávar á þessum árum að  
hafa haft sín áhrif. Stofninn átti þó  
eftir að hjarna við og komst aflinn  
í 4.700 tonn árið 1971.

Á fyrstu árum áttunda  
áratugarins tóku 185 bátar þátt  
í humarveiðunum og var sóknin  
án efa umfram afrakstursetu  
stofnsins að mati skýrsluhöfunda.  
Það leiddi til þess að settar voru  
strangari reglur um veiðarnar og  
var hámarksafli ákveðinn 3.000  
tonn árið 1973 og 2.000 tonn árið  
1974 auk þess sem bátarnir voru  
bundnir hámarkstærð. Á ára-  
bilinu 1976–2016 var ársafliinn  
á bilinu 1.400–2.700 tonn. Árið  
2018 seig svo á ógæfuhliðina  
þegar aðeins náðist að veiða 728  
tonn og í ár er einungis leyfilegt  
að veiða innan við 300 tonn eins  
og áður sagði.





Frá humarrannsóknunum.

### Fordæmalaus nýliðunarbrestur

Frá því að rannsóknir hófust á íslenska humarstofninum eru engin fordæmi fyrir því að nýliðun hafi brugðist samfelld í svona langan tíma, að sögn Jónasar. Þess eru heldur engin dæmi við strendur nágrannalandsanna, en þessi humartegund er algeng við Bretland og Írland, svo og við strendur Danmerkur og Svíþjóðar. Erlendis er humarinn veiddur yngri og smærri og þar hrygnir kvendýrið einu sinni á ári en hér við land aðeins annað hvert ár. Hafa ber í huga að humarinn við Ísland er á jafri útbreiðslusvæðis tegundarinnar.

### Ný aðferð við stofnmat

Árið 2016 tók Hafrannsóknastofnun í notkun nýja aðferð við stofnmat humars sem felst í því að telja humarholur á veiðislóðinni með hjálp neðansjávarmynda vélar. Fram að því hafði hérlendis eingöngu verið stuðst við togprufur með humarvörpu auk gagna úr veiddum afla, en holutalning hefur verið aðalrannsóknáæðferðin í nágrannalöndum okkar í langan tíma. Í ljós hefur komið að þéttleiki humarholu er miklu minni hérlendis en erlendis. Við Ísland mælast 0,07 holur á hvern fermetra en annars staðar er algengur

þéttleiki 0,5–1,0 holur á fermetra á humarslóð.

Nýja aðferðin virðist gefa nokkuð góða mynd af fjölda humra á hverri humarslóð (einn humar er í hverri holu) því komið hefur í ljós að það er innra samræmi milli svæða frá einu ári til annars. Sem dæmi má nefna að Breiðamerkurdjúpið hefur alltaf komið sæmilega út úr þessari mælingu en við Vestmannaeyjar er humarþurrð ár eftir ár. Að sögn Jónasar er útbreiðsla humarsins algjörlega háð ákveðinni botngerð og þarf hún helst að vera tóm leirdrulla. Þannig aðstæður hafa skapast t.d. í jökulsporðum fyrir suðaustan land þar sem jökullinn hefur sorfið botninn og skilið eftir fínan leir. Inn á milli eru svo grunn þar sem botninn er miklu harðari og þar er engan humar að finna.

### Svart útlit

Rannsóknir þessa árs á humarstofninum gefa enga vísbendingu um að stofninn sé að hressast. Áætlað er að veiðiráðgjöf næsta árs verði birt fyrir júlín. Jónas var spurður hvort það stefndi í að veiðar yrðu alfarið stöðvaðar.

„Í rauninni hafa veiðarnar verið hér um bil stöðvaðar því aflamarkið er svo lítið. Við köllum þetta könnunarveiði. Með henni getum við fylgst með ástandi stofnsins og einkum því hvort eða hvenær nýliðun kemur inn,“ sagði Jónas Páll Jónasson.

# SKJALDA

## NÝ KJARNFÓÐURTEGUND FRÁ BÚSTÓLPA

**SKJALDA** er próteinrík kjarnfóðurtegund sem inniheldur einnig viðbætta *Megafat* fitu og fiskimjöl. Hún hentar vel á móti heyjum í ár sem hafa frekar takmarkað prótein og eru mjög þurr. Skjalda örvar vömbina með próteini sem vantar til þess að bæta meltingu gróffóðursins og tryggir þannig gott gróffóðurát.

**SKJALDA** hentar vel til að halda góðri nyt ásamt góðu efnainnihaldi þar sem hún tryggir gott aðgengi að próteini bæði í vömb og smáþörmum. Hún er orku- og próteinrík blanda sem hentar vel sem viðbótarblanda fyrir hámjólkakýr eða þar sem aðeins er hægt að gefa eina kjarnfóðurtegund.



**SKJALDA**  
ER PRÓTEINRÍK  
HÁGÆÐA BLANDA



**Bústólpi**

HJARTAD Í  
ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyartanga • 600 Akureyri  
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300  
**Næsta blað kemur út 7. nóvember**

## VÍKURVAGNAR EHF.

### MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



**RAFMAGNSBÚNAÐUR**  
**BREMSUR**  
**BEISLI**  
**DEKK**  
**LJÓS**  
**LED LJÓS**



**STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI**

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík  
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

## RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.ríkiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is



### Kvígstaðir 1, 311 Borgarbyggð

ÍBÚÐARHÚS OG GEYMSLA – TILBOÐ ÓSKAST



Um er að ræða fyrrum húsakost jarðarinnar Kvígstaðir, á sér 4,8 ha. leigulöð, sem fengið hefur nafnið Kvígstaðir 1 og landnr. 228153. Nánar tiltekið er um að ræða 104 fermetra íbúðarhús byggt úr timbri árið 1974 og 20 fermetra geymslu, byggt úr timbri og bárujárni árið 1934. Íbúðarhúsið skiptist í forstofu, þvottahús, gang, eldhús og búr, stofu, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Steyptur skriðkjallari er undir húsinu. Íbúðarhúsið þarfnast mikilla endurbóta og geymslan er talin ónýtt.

Kvígstaðir 1 eru í um 80 km fjarlægð frá Reykjavík, 16 km fjarlægð frá Borgarnesi og um 7 km frá Hvanneyri, en aðkoma að fasteigninni er um Borgarfjarðarbraut (50) inn á Heggstaðaveg (5315). Gerður verður lóðarleigusamningur til 50 ára um lóðina samhliða undirritun kaupsamnings. Eignin verður opin og til sýnis miðvikudaginn 16. október n.k. frá kl. 11 til 15, en áhugasömum er heimilt að fara á staðinn og skoða eignirnar að utan og lóðina á eigin vegum á öðrum tímum.

Eignin verður opin **laugardaginn 2. nóvember n.k. frá kl. 12 til 15**, en áhugasömum er heimilt að fara á staðinn og skoða eignirnar að utan og lóðina á eigin vegum á öðrum tímum.

Leitað er eftir tilboðum í eignina en tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík fyrir **kl. 13. föstudaginn 8. nóvember – ATH. LENGÐUR TILBOÐSTÍMI.**

Nánari upplýsingar á vef Ríkiskaupa og fasteignir@rikiskaup.is



Um 40 manns mættu á fundinn til að ræða tillögur og framtíðarsýn um uppbyggingu húsnæðis, tækjakosts og annarrar aðstöðu að Reykjum.

## Landbúnaðarháskóli Íslands að Reykjum í Ölfusi: Hugarflugsfundur

Í lok síðustu viku, 18. október, var efnt til hugarflugsfundar að starfsstöð Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi með starfsmönnum og hagaðilum skólans.

Um 40 manns mættu á fundinn til að ræða tillögur og framtíðarsýn um uppbyggingu húsnæðis, tækjakosts og annarrar aðstöðu að Reykjum í því skyni að styrkja rannsóknir og nýsköpun í nám og kennslu á bæði háskóla- og starfsmenntanámstigi.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskólans, sagði á fundinum að á Reykjum í Ölfusi séu gríðarlega mikilvægir innviðir, löng hefð fyrir starfsmenntanám, rannsóknum og spennandi saga garðyrkjunentunar og uppbyggingar greinarinnar hérlendis. Auk þess sem hún sagði að staðurinn hefði mikið aðdráttarafi og tækifæri til uppbyggingar væru fjölmörg.

### Nýta þarf innviði betur

Fundarmenn voru sammála um að auka þurfi nýtingu þeirra innviða sem eru á staðnum. Á fundinum komu fram fjölmargar hugmyndir, svo sem aukin áhersla á rannsókn- og nýsköpunarverkefni með sókn í Evrópusjóði, efling norræns samstarfs sem og aukid samstarf við hagaðila hérlendis. Í því sambandi voru nefndar hugmyndir eins og „Grænt hús“ til að skapa aðstöðu fyrir aðila sem starfa í þeim greinum sem kenndar eru við skólann og skylda aðila, skapa staðnum sess sem „Sjálfbærnisambúnaðarháskóli Íslands“ og nýta tengingu við nærsamfélagið og nálægðina við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði og höfuðborgarsvæðið.

Þá komu fram tillögur um að stofna „Rannsóknasetur jarðvarmans“ og stefna að byggingu nýrra rannsóknagróðurhúsa, efla loftslagsrannsóknir, lífræna ræktun, koma upp stærri vermireitum utan-húss og efla ræktunarrannsóknir í samstarfi við jarðræktarhóp skólans. Einnig komu fram tillögur um eflingu



Brýn þörf er á auknu fjármagni til uppbyggingar á Reykjum og til viðhalds þeirra bygginga sem eru á staðnum.

starfsmenntanám skólans sem og endurmenntunar og að boðið yrði upp á leiðsögn um svæðið, heimsóknir í bananahús skólans og kynningar á þeim rannsóknaverkefnum sem væru í gangi á hverjum tíma. Slíkt gæti aukid tekjur skólans til að standa undir viðhaldsþörf bygginga og kosta framtíðaruppbyggingu innviða.

Ræddir voru möguleikar á samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands með sama sniði og samstarf sem verið hefur við Menntaskóla Borgarfjarðar. Starfið gengur út á að nemendur taki tvö ár í menntaskólanum og síðan tvö ár við Landbúnaðarháskóla Íslands og útskrifast bæði sem stúdentar og af starfmenntabraut.

### Auka þarf fjármagn til uppbyggingar

Brýn þörf er á auknu fjármagni til uppbyggingar á Reykjum og til viðhalds þeirra bygginga sem eru á staðnum. Stuðningur hefur fengist frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og aukid fé til að lagfæra skálann að Reykjum og Minjastofnun styrkir endurbætur á Fífilbrekku, sem var sumarhús Jónasar frá Hriflu og nýst gæti sem fræðimannabústaður í framtíðinni.

„Á fundinum kom fram að þegar væri farið að huga að minjavernd bananahússins og unnið væri að því að sækja um styrki til lagfæringar á því og til að yfirfara önnur eldri gróðurhús. Þá væri einnig unnið að því að finna fjármagn til að hefja endurbætur á skólastjórahúsinu. Það er því bjart fram undan á Reykjum og fjölmörg verkefni fram undan fyrir starfsmenn, hagaðila og velunnara skólans,“ segir Ragnheiður að lokum. /NH



Skoðunarferð um bananahúsið.

# Íslandsmeistarakeppni haldin í matarhandverki

– Keppt í sex flokkum matvæla og Íslandsmeistari krýndur í hverjum þeirra

Keppnin felur í sér að framleiðendur fá faglegt mat á gæði vöru sinnar og eru verðlaun veitt fyrir þær vörur er þykja skara fram úr. Gullverðlaunahafi er jafnframt Íslandsmeistari í viðkomandi keppnisflokk, en keppt er í sex flokkum matvæla.

Keppendur verða að skila inn vörum sínum í síðasta lagi í hádeginu 19. nóvember en tilkynna skal um þátttöku í síðasta lagi 4. nóvember.

### Keppt að sænskri fyrirmynd

Keppnin er að sænskri fyrirmynd og hefur sambærileg hátíð verið haldin þar frá 1998. Íslandsmeistarakeppnin í matarhandverki hefur einu sinni áður verið haldin, árið 2014, en þá var hún haldin í samstarfi Matís og norræna verkefnisins um Ný norræn matvæli (Ny Nordisk Mad). Þar kepptu 110 vörur frá öllum Norðurlöndunum í átta flokkum.

Núna heldur Matís keppnina í samstarfi við Sóknaráætlun Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Matarauð Íslands. Úrslitin verða kynnt á matarhátíð á Hvanneyri 23. nóvember.

### Einstakt bragð, gæði og ímynd

Í tilkynningu frá Matís um fyrirkomulag keppinnar segir: „Matarhandverk snýst um að skapa vörur þar sem lögd er áhersla á einstakt bragð, gæði og ekki síst ímynd, sem iðnaður getur ekki búið til. Áherslan er á að nota staðbundin hráefni, framleiðslu í litlu magni sem er oft svæðisbundin. Matarhandverksvörur eru heilnæmar, án óþarfra aukaefna og vörur sem hægt er að rekja til upprunans. Aðalsmerki matarhandverks er að nota það



Klaus Kretzer var sigursæll með pylsurnar sínar, gerðar úr ærkjöti, þegar keppnin var haldin síðast árið 2014. Myndir / smh

hráefni, mannafla og verkunnáttu sem fyrirfinnst á staðnum, í gegnum alla framleiðslukeðjuna.

Í matarhandverki er lögd áhersla á að þróa hefðbundnar vörur fyrir neytendur dagsins í dag.“ /smh

## Keppt verður í eftirfarandi sex keppnisflokkum:

### Mjólkurvörur

#### Dæmi um vörur:

Mjúkir ostar, harðir ostar, mysingur, hvít-eða blámygluostar, ostar marineraðir í olíu, smjör, ostakaka, jógúrt, is og skyr.

### Kjöt

#### Dæmi um vörur:

Ferskar pylsur, hitameðhöndlaðar pylsur, hitameðhöndlað kjöt, þurrkaðar/marineraðar/reyktaðar pylsur, þurrkað kjöt, paté, lifrarpylsur og blóðmör.

### Fiskur & sjávarfang

#### Dæmi um vörur:

Heit- og kaldreyktur fiskur, grafinn fiskur, niðurlagður fiskur, þurrkaður fiskur, fiskipaté, fiskipylsur, þanapestó, fiski-, krabba, eða humarballur.



Sandholt fékk gull árið 2014 í keppnisflokknum Bakstur.

### Bakstur

#### Dæmi um vörur:

Súrdeigsbrauð úr rugli eða hveiti, hrökkbrauð, sætabrauð (sætabrauð þar sem ger eða súrdeig er notað, t.d. sætt hveitibrauð og vínarbrauð).

### Ber, ávextir og grænmeti

#### Dæmi um vörur:

Safi, glögg, nektar, klassísk sulta, krydduð sulta, klassískt marmelaði, kryddað marmelaði, hlaup, chutney, súrsað grænmeti, sinnep.

### Nýsköpun í matarhandverki

Matarhandverk óháð flokki. Varan þarf að vera nýstárleg að mati keppnishaldara. Sömu reglur gilda eins og í öðrum flokkum.

## Kynningarfundur hjá Blik, ljósmyndaklúbbi á Selfossi

Miðvikudaginn 6. nóvember verðum við með opið hús á milli 19.30 til 21.30 að Austurvegi 56 Selfossi, allir velkomnir.

Ljósmyndaklúbburinn Blik var stofnaður árið 2008 af hópi áhugaljósmyndara á Suðurlandi. Meðlimir koma víða af Suðurlandi, og höfuðborgarsvæðinu. Félagar eiga allir það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á ljósmyndun.

Félagsaðild að Blik er opin öllum þeim er vilja auka þekkingu sína sem ljósmyndarar



og miðla af reynslu sinni til annarra félaga. Í dag eru 52 skráðir

meðlimir í klúbbnum, en Blik hefur staðið fyrir ljósmyndasýningum félaga í tengslum við Vor í Árborg frá árinu 2008, og er sú sýning á Hótel Selfossi og er sölusýning. Þar að auki hefur Blik sýnt á fleiri stöðum, s.s. Perlunni í Reykjavík, Hótel Örk og Þorlákshöfn. Félagar hittast annað hvert miðvikudagskvöld yfir vetrartímann, hvar sýndar eru myndir, og skrafað og skeggrætt um þær og ýmislegt tengt ljósmyndun.

# Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum  
 • Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
  - Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
  - Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer
- Best er að pantast gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer  
 Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



**HAUST  
TILBOÐ**

rafmagnskefli EKR15M



**15.900,-**

rennibekkur tré D460FXL



**74.000,-**

loftkefli LSR15M



**17.900,-**

SKOÐIÐ FLEIRI HAUSTTILBOÐ FRÁ HOLZMANN Á HEIMASÍÐU IÐNVÉLAR: WWW.IDNVELAR.IS  
 TILBOÐIN GILDA FRÁ 15.10-15.12.2019



BETABOX  
verkfæraskápur  
með 218 verkfærum

**BETABOX**  
Kr. 167.592.-  
Kr. 135.155.-

BETA VINNUFÖT  
mikið úrval af  
Beta vinnufötum

**7860E**  
Kr. 7.661.-  
Kr. 5.746.-

LIGHT



Beta tilboðin gilda til 30. nóvember 2019



Smíðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | sala@idnvelar.is | www.idnvelar.is

Öll verð eru í íslenskum krónum með vsk. og birtast með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur. Tilboð gilda á meðan að birgðir endast.



AXONE Nemo er snjöll og meðfærlig greiningartölva með frábærum hugbúnaði.  
 Tækið er mjög öflugt og fjöldi tengimöguleika er í boði sem auðveldar bilanagreiningar.

**TEXA**

Sjá nánar á [www.texa.com](http://www.texa.com)



NAVIGATOR TXTs er þráðlaus tengibúnaður sem les villukóða og segir hvert viðgerðarferlið er til að fá aðgang að ECU-kerfum til að hreinsa kóða eða stilla, aðgerðir sem eru aðeins mögulegar með slíku greiningartæki. Frábært tæki sem vinnur með AXONE Nemo greiningartölvunni.



Þessi búnaður á heima á öllum vélaverkstæðum.



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær  
 Sími: 480 0000 • [aflvelar.is](http://aflvelar.is) • [sala@aflvelar.is](mailto:sala@aflvelar.is)

**DYNAMIX**

## Frábær kjötsög með hakkavél

Ryðfrítt vinnsluborð og bandsagarblað  
 Vinnsluhæð: 240 mm  
 Vinnslubreidd: 250 mm  
 Færanlegt vinnsluborð 470x600 mm  
 Mótör: 550 w  
 Hæð: 1.470 mm  
 Þyngd: 58 kg

Verð aðeins **79.900 kr.**

**VERKFÆRA  
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRDI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888



vfs.is

**Bændablaðið**  
**Smáauglýsingar**  
**56-30-300**  
**Hafa áhrif um land allt!**



SOLIS 26 hefur svo sannarlega slegið í gegn. Enda er hér um að ræða ríkulega búna dráttarvél með fjórhjóladrífi, vökvastýri tveimur vökváurtökum og 540 snúninga aflúrtaki. Erum að fá nýja sendingu í hús! Tryggið yður vél í tíma :-)



Nýtt útlit á 26 hö vél. Meira úrval hjólbarða. Meira úrval fylgihluta. Verð frá 1.292.000+vsk Verð frá 1.872.000+vsk með ámoksturstækjum



Ný hönnun á 50 hö vélinni. Lipur vél til léttara verka. Nýtt vel hljóðeinagrað hús. Ríkulegur staðalbúnaður. Verð frá 2.750.000 +vsk án ámoksturstækja



VALLARBRAUT.IS  
 Trönuhrauni 5  
 Hafnarfirði

S-8411200  
 &-8417300



## FRÉTTASKÝRING



Ylrækt í gróðurhúsum á Íslandi hefur vakið athygli víða um heim. Hún byggir á nýtingu á raforku sem framleidd er með vatnsafla og jarðhita. Þar hafa bændur staðið í baráttu við að njóta magninnkaupa á raforku, ekki ólíkt og þekktist í stóriðju, en mætt ótrúlega litlum skilningi þegar á hólminn er komið. Við nýgerða samþykkt á orkupakka 3 óttast þeir að harðna muni á dalnum.

Einn öflugasti vaxtarsproti íslensks landbúnaðar felst í garðyrkju sem á samt undir högg að sækja:

# Garðyrkja á Íslandi er fjöregg sem pólitískar ákvarðanir gætu eyðilagt hratt og örugglega

– Greinin á mikla vaxtarmöguleika ef rétt er á spilum haldið og gæti mögulega fullnægt þörfum innanlandsmarkaðarins

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Í síðustu viku kom út skýrsla um landfræðilegt og efnahagslegt lítróf garðyrkju á Íslandi. Skýrslan sýnir að markaðshlutdeild nær allra tegunda íslensks grænmetis hefur verið að minnka á undanförunum árum samhlíða auknum innflutningi. Það er þrátt fyrir að kolefnisfótspor og heilnæmi framleiðslunnar sé afar hagfellt í samanburði við garðyrkju erlendis.

Hagstætt kolefnisfótspor ætti að ríma vel við þær áherslur sem stjórnvöld hafa uppi varðandi aðgerðir í loftslags- og umhverfismálum, sem og þau lýðheilsuáhrif sem sett hafa verið fram. Þar virðast aðgerðir stjórnvalda í öðrum málum, eins og tolla- og orkumálum, hins vegar vera að hafa þveröfug áhrif á greinina.

*Garðyrkjan hefur skilað góðri afkomu en margir óvissuþættir liggja í loftinu*

Skýrslan var unnin fyrir Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi en byggir á samstarfi atvinnuþróunarfélaganna, Bygðastofnunar og landshluta-samtakanna sem gefa út ritröðina Deigla og Vífill Karlsson stýrir. Hún sýnir að garðyrkja á Íslandi hefur skilað góðri afkomu til lengri tíma lítið og ætti að öllu eðlilegu að hafa gríðarlega vaxtar- og hagnaðarmöguleika. Nokkrir pólitískir óvissuþættir liggja þó í loftinu er varða ákvarðanir sem snerta samkeppni frá útlöndum og samkeppnisstöðu greinarinnar sem eru m.a. að leiða til hækkanndi kostnaðar á innlendri orku.

Markmið og viðfangsefni skýrslunnar er reyndar að veita yfirlit yfir umfang garðyrkju í einstaka landshlutum á Íslandi en þó með áherslu á hlut Suðurlands. Aukinn innflutningur, áskoranir

Fjöldi fyrirtækja í garðyrkju eftir landshlutum		DEIGLA - Byggt á tölum Hagstofu Íslands	
Landsvæði	Fjöldi fyrirtækja 2017	Meðalfjöldi fyrirt. 2013-2017	Meðalfjöldi fyrirt. 2008-2012
HBSV og Suðurnes	23	23,0	21,4
Vesturland og Vestfirðir	21	21,2	21,6
Norðurland vestra	12	10,6	8,6
Norðurland eystra	18	19,6	24,4
Austurland	8	7,6	7,0
Suðurland	113	120,6	131,0
Samtals	195	202,6	214,0

Fjöldi fyrirtækja á Suðurlandi í garðyrkju eftir undirgreinum			
Atvinnugrein	Fjöldi fyrirtækja 2017	Meðalfjöldi fyrirt. 2013-2017	Meðalfjöldi fyrirt. 2008-2012
Blómarækt	16	16,0	16,0
Plöntufjölgun	7	5,0	4,0
Ræktun annarra nytjajurta	17	17,0	15,0
Ræktun á aldingrænmeti og papriku	12	11,0	11,0
Ræktun á kartöflum	31	33,0	37,0
Ræktun á öðru ótöldu grænmeti, rótum og hnýði	37	44,0	52,0

Fjöldi fyrirtækja á öðrum landshlutum í garðyrkju eftir undirgreinum			
Atvinnugrein	Fjöldi fyrirtækja 2017	Meðalfjöldi fyrirt. 2013-2017	Meðalfjöldi fyrirt. 2008-2012
Blómarækt	6	7,0	10,0
Plöntufjölgun	8	8,0	11,0
Ræktun annarra nytjajurta	32	33,0	32,0
Ræktun á aldingrænmeti og papriku	8	7,0	6,0
Ræktun á kartöflum	14	13,0	14,0
Ræktun á öðru ótöldu grænmeti, rótum og hnýði	22	22,0	22,0

í umhverfismálum, umræða um orkumál og samningar á starfs-skilyrðum ýmissa búgreina voru meðal ástæðna þess að ráðist var í þessa skýrslugerð.

*Tekjur garðyrkjunnar 8,3% af heildartekjum landbúnaðarins*

Skýrslan sýnir að rekstrartekjur garðyrkjunnar í landinu námu um 8,3% af heildartekjum allra greina landbúnaðarins á árinu 2017, eða 6,1 milljarði af 73,2 milljörðum króna. Tekjurnar í garðyrkju jukust um 800 milljónir króna á tímabilinu 2008–2017, eða 13%.



Um 200 fyrirtæki eru í garðyrkju á Íslandi en hefur fækkað um 5,3% á milli tímabilanna 2008–2012 og 2013–2017. Þegar horft var til 55 atvinnugreina á Íslandi eftir flokkun Hagstofunnar þá voru 23 þeirra með færri fyrirtæki.

Sé horft til skiptingar rekstrartekna eftir landshlutum er garðyrkja stærst á Suðurlandi, eða um 67%, og næststærst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum ef þeim var slegið saman, eða 14%. Á Norðurlandi eystra var hún 9%. Minnst er hún 1% á Norðurlandi vestra.

Atvinnugreinin er víða vel fjármögnuð þar sem eiginfjárlutfallið er einna hæst og nokkuð góð á landsvæðunum þar sem hún er stærst, eða 39,2% á Norðurlandi eystra og 21,4% á Suðurlandi samkvæmt meðaltali árin 2013–2017.

Þegar garðyrkja var brotin upp í sex mismunandi undirgreinar kom í ljós að Sunnlendingar voru með meira en helming allrar veltu í fjórum þeirra. Það eru blómarækt, ræktun á aldingrænmeti og papriku, kartöflurækt og ræktun á öðru ótöldu grænmeti, rótum og hnýði. Í hinum þeirra voru þeir með 44% og 45% veltunnar.

Garðyrkjan er mikilvægust á Suðurlandi þar sem hún er 1,46% af vinnsluvirði landslutans, síðan Norðurlandi eystra þar sem hann er 0,20% og Norðurland vestra 0,18%.





Íslensk berjarækt leggur áherslu á náttúrulegar varnir gegn sníkjudýrum í stað þessa að nota skordýraeitur eins og algengt er erlendis.



Utiræktun grænmetis er mjög háð veðurfari og hefur gengið einna best á Suðurlandi, þótt slík ræktun sé stunduð um allt land og hafi víða gengið ágætlega.

Suðurland hefur því mikla sérstöðu í þessari atvinnugrein á þennan hátt. Efnahagsreikningur sunnlenskra garðyrkjubænda var 56% hærri en annars staðar á landinu árið 2017. Það er athyglisvert hvað hún er lítil í sumum landshlutum sem búa ríkulega að orkulindum eins og t.d. heitu vatni.

Veltan eykst í öllum undirgreinum garðyrkjunnar á Suðurlandi þegar borin eru saman tímabilin 2008–2012 og 2013–2017. Það sama verður ekki sagt um aðra landshluta þar sem hún dróst saman í blómærækt og stóð í stað í kartöflurækt.

**Aukin neysla og margir jákvæðir punktar en samt fækka framleiðendum**


Af skýrslunni má draga þá ályktun að hagnaðar- og vaxtarmöguleikar í greininni geta verið gríðarlegir ef rétt er á málum haldið. Því til sönnunar má sjá í skýrslunni að meðalneysla grænmetis á Íslandi var um 110 kíló á mann hérlendis árið 2018 sem er um 30 kílóum meira á mann en kjötneysla var rúmlega 84 kíló á mann árið 2015 samkvæmt tölum sem sóttar voru á heimasíðu Hagstofu Íslands. Markaðurinn stækkar en að mestu leyti vegna þess að íbúum og ferðamönnum fjölga hérlendis. Þess vegna má búast við að þessi markaður fari stækkandi og vegna aukinnar meðvitundar í umhverfismálum muni neysla aukast enn meira á hvern íbúa, líka þegar fram líða stundir. Þegar það er haft í huga

**Rekstrartekjur garðyrkju að jafnaði árlega og skipting þeirra árin 2013-2017 og vöxtur frá 2008-2012**

*Byggt á tölum Hagstofu Íslands - Tölur í milljónum króna*

Landsvæði	Rekstrartekjur 2013-2017	Skipting	Breyting á milli 2008-2012 og 2013-2017
HBSV og Suðurnes	697	13%	32%
Vesturland og Vestfirðir	332	6%	8%
Norðurland vestra	55	1%	55%
Norðurland eystra	487	9%	12%
Austurland	86	2%	19%
Suðurland	3.833	70%	12%
<b>Ísland samtals</b>	<b>5.491</b>	<b>100%</b>	<b>14%</b>

DEIGLA - Byggt á tölum Hagstofu Íslands



ásamt markaðshlutdeildar íslensks grænmetis sem og afkomu í grein-

inni verður útlit að teljast bjart í garðyrkju á Íslandi.



Íslenskir sveppir eru í miklum metum hjá neytendum.

Það vekur því athygli að þrátt fyrir þessa afar hagstæðu þætti hefur framleiðendum fækkað um 5% á undanförmum árum, en þeir eru nú um 200 talsins og fer enn fækkandi. Það er því augljóslega eitthvað að í rekstrarumhverfinu sem byggt er á regluverki sem unnið er á pólitískum forsendum í ráðuneytum og á Alþingi Íslendinga.

**Landbúnaður á Íslandi er mikilvægur fyrir fæðuöryggið**

Í skýrslunni kemur fram að fæðuöryggi er samofið umræðunni um landbúnað, hérlendis sem erlendis. Fæðuöryggi snýst um aðgang að fæðu og hungri við ófyrirséðar aðstæður. Bent hefur verið á að það þurfi að gera ráð fyrir þeim möguleika að landið lokaðist fyrir innflutningi og þá þyrftu landsmenn að lifa á

þeim matvælum sem framleidd væru innanlands. Af skýrslunni að dæma gegnir garðyrkja þar ekki síður mikilvægu hlutverki en aðrar greinar landbúnaðarins.

**Hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða eykur matvælaöryggi**

Einnig er bent á þátt matvælaöryggis sem snýst um hvort matvæli séu örugg og heilnæm til neyslu. Sú staða geti komið upp að erlend matvæli séu ekki örugg af ýmsum ástæðum. Skemmst sé að minnast nýrrar rannsóknar um fjölonæmar bakteríur sem fundust í innfluttu grænmeti en ekki íslensku (Guðný Klara Bjarnadóttir, 2018). Faraldsfræðingar eins og Karl G. Kristinsson hafa haft áhyggjur af mikilli lyfjanotkun í landbúnaði sem gæti stuðlað að aukinni tíðni fjölonæmra baktería með auknu álagi og kostnaði á heilbrigðiskerfi landsmanna. Þar skiptir miklu máli að lyfjanotkun í landbúnaði er í alþjóðlegum samanburði hvergi minni en í Noregi og á Íslandi. Það dregur úr hættu á myndun sýklaónæmra baktería sem viðurkennt er að sé ein mesta ógnin við lýðheilsu mannkyns á komandi árum. Reynslan sýnir að þegar fólk fær í sig bakteríur sem myndað hafa ónæmi gegn sýklalyfjum hafa jafnvel minni háttar sár reynst illviðráðanleg og banvæn. Á hverju ári látast tugir þúsunda manna af þessum sökum í Bandaríkjunum og Evrópu og fer sá fjöldi ört vaxandi.


**Loftpressur í hæsta gæðaflokki**

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

**Mjög hljóðlátar og einfaldar í viðhaldi.**

Bjóðum uppá þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutapjónustu.

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 eða sendu línu á gma@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.





Um 25 manns á vegum félagsins tóku þátt í að koma ónýtum heyrúllum fyrir á svæði á Hófaskarðsleið þar sem til stendur að rækta upp land með því að gróðursetja tré og skjólbelti.

Myndir / Gréta Bergrún Jóhannsdóttir



Landgræðslufélag Þistilfjarðar:

# Ónýtar heyrúllur nýttar til uppgræðslu á Hófaskarðsleið

„Þetta er fyrsta skrefið í stóru verkefni og það tókst bara mjög vel,“ segir Sigurður Þór Guðmundsson, bóndi í Holti og oddviti í Svalbarðsshreppi og félagi í Landgræðslufélagi Þistilfjarðar. Um 25 manns á vegum félagsins tóku þátt í að koma ónýtum heyrúllum fyrir á svæði á Hófaskarðsleið þar sem til stendur að rækta upp land með því að gróðursetja tré og skjólbelti.

Ótíð síðsumars, rigning og kuldi hafði þær afleiðingar að um 230 heyrúllur eyðilögðust á bænum Syðri-Brekkum í Þistilfirði. Skaði af heymissi kom vissulega illa við bændur þar en bót í máli þótti að heyrúllurnar nýttust í þetta þarfa verkefni.

*Oft ófært vegna skafrennings*

Sigurður Þór segir að lengi hafi verið

rætt um að hefja uppgræðslustörf á kafla á Hófaskarðsleið, en þannig háttar til að vegurinn þar verður helst til of oft ófær vegna skafrennings sem þar verður við ákveðnar veður- aðstæður. Hugmyndin var að hans sögn að planta þar trjá og skjólbeltum í því skyni að reyna eftir mætti að draga úr skafrenningi og þar með ófærð á veginum. – „Það er til nokkurs að vinna ef vel tekst til,“ segir hann.

Sveitarfélagið hefur árlega greitt um 100 þúsund krónur í Landbótasjóð og var ákveðið að sleppa því í ár og styrkja þetta verkefni í heimabyggð í staðinn.

*Góð lausn við að farga heyinu*

Sigurður Þór segir að þegar sú staða var komin upp að bændur á Syðri-Brekkum sátu uppi með mikið magn ónýtra heyrúlla sem þeir þurftu með einhverju móti að farga hafi sá kostur



Um 230 heyrúllur eyðilögðust í bleytu síðsumars á bænum Syðri-Brekkum og voru þær nýttar til uppgræðslustarfa.



Stefán Eggertsson í Laxárdal og Gunnar Þóróddsson á Hagalandi fá sér kaffisopa.

að nýta þær til uppgræðslustarfa hugnast mönnum vel.

„Við höfum rætt það undanfarin ár að það þurfi að hefjast handa við þetta verkefni á Hófaskarðsleið, landeigendur og Vegagerð hafa tekið þátt í umræðum og allir eru

jákvæðir og vilja fyrir alla muni gera eitthvað, en einhvern veginn dróst það alltaf að byrjað væri á þessu,“ segir Sigurður. Menn séu því mjög kátir nú þegar þeim áfanga hefur verið náð að starfið er hafið.

„Þetta er líka mjög góð lausn til

að farga heyinu og með þessu móti gerir það gagn,“ segir hann. Þátttaka var með ágætum, en um 25 manns mættu á staðinn, m.a. vörubíla- og vinnuvélaeigendur, verktakar sem tóku þátt í að flytja heyrúllur á staðinn og dreifa úr þeim. /MPP

## Lágþrýsti þvotta- og hreinlætiskerfi sem veitir einstakt öryggi í matvælaíðnaði og landbúnaði



Óskum Steiná 2 í Svartárdal til hamingju með kvoðukerfið frá System Cleaners



**IDNVER**

IDNVER · Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík · Sími 517-2220 · idnver@idnver.is



**NAGLADEKKIN EKKERT VANDAMÁL**  
Lakro fimmfaldar slitpolið og gólfíð verður hart sem stál  
harka@harka.is www.harka.is



## Hjá okkur færðu allt fyrir öryggið!


Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði og aðstoðum vinnustaði og einstaklinga um hvað hentar þeirra þörfum. Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



Skeifunni 3H | Sími 588 5080 | dynjandi.is

### Z STÁLGRINDARHÚS

Margar stærðir Z stálgrindarhúsa í boði. Þjóðum bæði staðlaðar húsagerðir og sérhönnun fyrir viðskiptavinum. Paulreynd húsið við íslenskar aðstæður.



8 x 20 x 3,5 m - 7.200.000 kr. m/vsk.  
10 x 20 x 3 m - 7.600.000 kr. m/vsk.  
12 x 30 x 3,5 m - 10.440.000 kr. m/vsk.  
18 x 35 x 3 m - 16.200.000 kr. m/vsk.  
Innifalið Z stálgrind, 40 mm PIR yfleiningar og teikningar.  
**ÓEINANGRÁÐ 12 x 30 x 3,5 m - 8.100.000 kr. m/vsk.**  
**ÓEINANGRÁÐ 18 x 35 x 3 m - 11.300.000 kr. m/vsk.**  
Innifalið Z stálgrind, óeinangruð trapasu klæðning og teikningar.

### TIMBUR EINGAHÚS

Nú er rétti tíminn til að panta einingahús fyrir voríð. Flottar lausnir fyrir ferðapjónustu og íbúðarhús. Framleiðandi sér um uppsetningu.


Einbýlishús  
Rað- og parhús  
Frístundahús  
Ferðapjónustuhús  
Starfsmannahús  
Bílskúrar



Hús hönnuð á Íslandi og framleidd í Litháen

### YLEININGAR - STEINULL OG PIR

Hágæða yfleiningar fyrir veggi og þök.



Veggeiningar 40-220 mm.  
Þakeiningar 40-220 mm.

Þjóðum einnig skráður, þéttingar, áfellar, ylplast og þakglugga.

Afgreiðslufrestur u.þ.b. 4 vikur.

### GRÓÐURHÚS - MARGAR GERÐIR


Vönduð gróðurhús til í miklu úrvali.

Trygðu þér gróðurhús fyrir voríð á frábærum kjörum. Fást beint af lager hjá framleiðanda.



Tilvalin jólagjöf fyrir fólk með græna finger!

### LÍMTRÉSHÚS MEÐ YLEININGUM



Skemmur úr límtré og yfleiningum í miklu úrvali. CNC skorið límtré í hæsta gæðaflokki sem fæst meðal annars vaxborið og er því afar hentugt í gripahús.



**BK HÖNNUN**  
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

**TÖLVUPÓSTUR**  
bkhonnun@bkhonnun.is  
**SÍMI**  
865-9277  
**VEFFANG**  
www.bkhonnun.is



**Minjastofnun Íslands**  
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2020

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, og öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2019. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum.



Suðurgötu 39,101 Reykjavík  
Sími: 570 1300  
www.minjastofnun.is  
husafriðunarsjodur@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands

**BÆKUR, MÚSÍK & MENNING**

# Ný ljósmyndabók kynnt í Gallerí Fold: Photographing Iceland


– A photo guide to 100 locations

Hjónin Einar Guðmann og Gyða Henningsdóttir, sem eru höfundar bókarinnar „Iceland: Wild at heart“ sem kom út 2017, koma nú með nýja bók á ensku af svipuðum toga. Bókin ber titilinn „Photographing Iceland: A photo guide to 100 locations“. Verður hún kynnt með útgáfuhófi og ljósmyndasýningu í Gallerí Fold í Reykjavík laugardaginn 26. október klukkan 14.00.

Fyrri bókin, „Iceland: Wild at heart“, er í flokki landkynningarbóka og rauf hina textalausar hefð ljósmyndabókanna með ítarlegum fróðleik um viðfangsefnið. Frá fyrsta degi hefur „Iceland: Wild at heart“ verið nánast fastur liður á vikulegum lista yfir metsölubækur Pennans - Eymundsson og styttest nú í fjórðu prentun á einungis tveimur árum.

„Þetta þökkum við ljósmyndunum og að hún sker sig úr samkeppninni við aðrar ljósmyndabækur með ítarlegri texta en gengur og gerist í ljósmyndabókum,“ segir Einar Guðmann.

Í kynningu Forlagsins um nýju bókina segi m.a.:



„Photographing Iceland er í senn sérlega gagnleg handbók ljósmyndara sem sækja Ísland heim og fádæma vönduð landkynningarbók. Fjallað er um 100 áhugaverða staði, vísað til vegar og veitt ýmis ljósmyndaráð auk þess sem qr-kóðar vísa á kort og aðrar upplýsingar. Bókin er prýdd fjölda einstakra ljósmynda enda eru höfundar meðal allra fremstu og reyndustu landslagsljósmyndara okkar.“



# Lífslög Sigurðar dýralæknis á tveim geisladiskum: „Um 60 sönglög sem ég hef samið á 60 árum“

Sigurður Sigurðarson dýralæknir kann ýmislegt fleira fyrir sér en að hjálpa dýrum í heilsufarsvanda. Hann ólst upp við tónlist og hefur frá barnsaldri fengist við að semja lög og líka texta. Nú hefur hann með aðstoð landsþekkra listamanna sett 60 af lögum sínum á tvo geisladiska og fylgir þeim hver með textum.

Sigurður átti leið í Bændahöllina á dögum og var þá með afkrakstur tónlistarsköpunarinnar í fartaskinu. Hann var að sjálfsgöðu gripinn og tekinn tali og spurður um ástæður þessa gjörnings.

## 60 lög á 60 árum


„Á mínu heimili og í minni fjölskyldu hefur söngur af ýmsum toga verið iðkaður alla tíð. Ég fór því að reyna að raula og setja saman lög sjálfur þegar ég var krakki. Þessi fyrstu lög eru nú öll gleymd, þannig að þessi 60 lög sem eru á diskunum eru öll frá 60 ára tímabili, frá 1958 til 2018.“

– Þú hefur þá samið þau öll sjálfur?

„Já, en eitt lag var endurlífgað því flestir voru búnir að gleyma því þó einhverjir myndu nokkra tóna. Því fórum við Ólöf Erla Halldórsdóttir að reyna að rifja upp þetta lag á þeim tónabrotum sem við höfðum og gátum loks sett saman lag sem fólk taldi sig þekkja frá fyrri tíð. Þetta lag er um flöskuna: Mín blessuð blakka dúfa – blind ertu og segir klúgg, klúgg, klúgg. – Þetta lag var þekkt hér áður fyrir þó flestir hafi verið búnir að gleyma því. Öll önnur lög á diskunum eru eftir mig og 40 textar eru líka eftir mig og aðrir eftir hina og þessa vini mína og aðra.

– Þú hefur eflaust verið beðin um að taka lagið af og til, eða hvað?

„Ég hef verið í Kvæðamannafélaginu Íðunni síðan 1989. Síðan stofnuðum við Kvæðamannafélagið Árgala á Selfossi. Fyrir ekki löngu



Dýralæknirinn og tónlistarmaðurinn Sigurður Sigurðarson. Mynd /HKR.

síðan stofnuðum við annað félag sem Snorri í Reykholti var með í að stofna. Hef ég haft mikla ánægju af að starfa í þessum félögum. Þá er ég í kór eldri borgara á Selfossi sem heitir Harpa.“

## Með 28 einsöngvara

– Það hefur nú ekki alveg verið hrist fram úr erminni að koma öllum þessum lögum á plötu. Fékkstu liðstyrk við það verkefni?

„Já, það eru 28 einsöngvarar sem syngja þessi 60 lög. Sumir syngja eitt lag og aðrir tvö og einn syngur fjögur lög. Ég hef notfært mér frændur mína og kunningja og beðið þá um að syngja fyrir mig. Ef ég hef svo frétt af einhverjum líklegum sem er góður söngvari, þá hef ég reynt að ná í viðkomandi. Í þessum hópi má finna fasteignasala, þrjá bændur, óperusöngvara, barnaskólakrakka og ýmsa fleiri.

Upptakan er gerð af Karli Þór Þorvaldssyni á Selfossi sem er afskaplega lipur og hæfur maður og Hilmarí Erni Hilmarssyni allsherjagöða. Þeir hafa tekið upp þessi lög fyrir mig. Þá önnuðust Edit Molnár og Miklos Dalmay undirleik ásamt Guðmundi Eiríkssyni sem einnig stílfærði fyrir mig sum lög in ásamt fleirum. Raddsetningu annaðist svo Ásgeir Sigurðsson á Selfossi.

Upptakan fór fram í hljóðstofu

Karls Þórs Þorvaldssonar og í Selfosskirkju. Einnig fór upptaka fram í Keflavíkurkirkju undir stjórn Arnórs Vilbergssonar. Upptökur fóru líka fram hjá Hilmarí Erni Hilmarssyni á Álftanesi, Sigfúsi Benediktssyni á Sauðárkróki og Ívari Helgasyni á Akureyri með stuðningi ýmissa hljóðfæra. Harmonikkuleik annaðist Grétar Geirsson á Áshóli í Holtum. Þá voru tvö lög tekin upp í Borgarfirði. Þar leikur Ingibjörg Þorsteinsdóttir á orgel við sálmalag. Ýmis önnur hljóðfæri skreyta síðan sum lög in.

Annars gef ég diskana út sjálfur en útlit á diskahulstrinu og fylgiriti með lögnum annaðist Ágúst Ómar Halldórsson á Akureyri. Síðan sá Jón Ingi Friðriksson í Myndbandsvinnslunni um frágang á diskunum til viðtakenda.“

## Ekki verja að gera þetta en að standa í utanlandsferðum

– En eitthvað hlýtur svona útgáfa að kosta?

„Mér finnst ekkert verja að eyða peningum í þetta heldur en að standa í utanlandsferðum. Svo er ég viss um að ef ég gerði þetta ekki sjálfur þá myndu þessi lög, sem ég hef verið að semja frá því ég var tvítugur eða svo, bara gleymast,“ segir útgáfandinn, laga- og textahöfundurinn og dýralæknir, Sigurður Sigurðarson. /HKR.

# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir


**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

# VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is







## Vantar þig heyrnartæki?

### Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu viðs vegar á landsbyggðinni. Í nóvember bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akranes | Akureyri | Egilsstaðir | Húsavík | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á [www.heyrnartaekni.is](http://www.heyrnartaekni.is)



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álftheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

## Kæli- og frystiklefar allar stærðir og gerðir



Okkar þekking nýtist þér..

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa.  
Mikið úrval af hillum í kæla og frysta.



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrulegum kælimiðlum.



**Kælitækni**  
Rauðagerði 25 ·  
108 Reykjavík ·  
Sími 440 1800 ·  
[www.kaelitaekni.is](http://www.kaelitaekni.is)

## Aðalfundur samtaka selabænda

verður haldinn laugardaginn  
9. nóvember kl. 16 á Kaffi Catalínu,  
Hamraborg 11 í Kópavogi.  
Selaveislan verður um kvöldið.

Stjórnin.

## Hin Árlega Villibráða Selaveisla

útselskópur, gæs, lundí, hvalur, lax, lamb & fl.

9. nóvember

Haukahúsinu Ásvöllum Hafnarfirði  
Hús opnar kl. 19.00

Heiðursgestur flytur laullétt gamanmál að venju  
Jóhannes eftirherma  
Söngur, glens og gaman  
Veislustjóri - Tryggvi Gunnarsson Flatey

Ekta Harmonikkuball til kl. 01.00

Hægt er að kaupa miða  
hjá Ingibjörgu í síma 895-5808

Miðaverð 7.900 kr.

Allir velkomnir

## HEY BÓNDI!



KH verður með bás á staðnum



KH Vinnufót · Nethyl 2a · 110 Reykjavík · Sími: 577 1000 · [info@khvinnufot.is](mailto:info@khvinnufot.is) · [www.khvinnufot.is](http://www.khvinnufot.is)

## Vertu klár fyrir veturinn Volkswagen atvinnubílar



[www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)

Volkswagen Caddy  
1.2 TSI beinskiptur  
**Tilboðsverð 2.690.000 kr.**  
Verðlistaverð 2.990.000 kr.

Volkswagen Transporter  
2.0 TDI Beinskiptur  
**Tilboðsverð 4.390.000 kr.**  
Verðlistaverð 4.950.000 kr.



Atvinnubílar

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · BVA Egilsstöðum

\*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði. Sjá staðalbúnað á [volkswagen.is](http://volkswagen.is).

## AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL



Peistareykjavirkjun, jarðvarmavirkjun Landsvirkjunar á Norðausturlandi, hefur hlotið gullverðlaun Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga. Meginstef verðlaunanna í ár var sjálfbærni.

### Peistareykjavirkjun hlaut gullverðlaun: Meginstefið var sjálfbærni

Peistareykjavirkjun, jarðvarmavirkjun Landsvirkjunar á Norðausturlandi, hefur hlotið gullverðlaun Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga – „IPMA Global Project Excellence Award“. Verðlaunin eru stærstu verðlaun sem veitt eru í fagi verkefnastjórnunar á heimsvísu. Meginstef verðlaunanna í ár var sjálfbærni.

Peistareykjavirkjun hlaut verðlaunin í flokknum stór verkefni. Úrskurður dómnefndar tilgreinir sem helstu styrkleika verkefnisins framúrskarandi samskipti við hagsmunaaðila á undirbúnings- og framkvæmdastigi og samhentan verkefnishóp með áherslur á öryggis- og umhverfismál, í anda stefnu Landsvirkjunar um ábyrga nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi.

#### Vekur athygli á alþjóðavettvangi

Frá þessu er greint á vefsíðu Landsvirkjunar og þar ef haft eftir Herði Arnarsyni forstjóra að það sé mikill heiður fyrir Landsvirkjun og alla þá sem tóku þátt í Peistareykjavirkjun, starfsfólk, ráðgjafa og verkta, ekki síst í ljósi þess að þema verðlaunanna í ár hafi verið sjálfbærni. „Það er ánægjulegt að viðleitni okkar til þess að vanda til verka og ganga um náttúruauðlindirnar á

sjálfbæran hátt skuli vekja athygli á alþjóðavettvangi, enda er sjálfbær nýting auðlinda eitt mikilvægasta hagsmunamál okkar allra um þessar mundir,“ segir hann.

Peistareykjastöð er fyrsta jarðvarmastöðin sem Landsvirkjun hefur byggt frá grunni en hún samanstendur af tveimur 45 MW vélasamstæðum og er því alls 90 MW. Frá upphafi hönnunar og undirbúnings að uppbyggingu stöðvarinnar var meginmarkmiðið að reisa hagkvæma og áreiðanlega aflstöð sem tekur mið af umhverfi sínu og náttúru. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og er virkni búnaðar umfram væntingar.

#### Frumkvæði að nýtingu kom frá heimamönnum

Frumkvæði að nýtingu náttúruauðlindarinnar á Peistareykjum kom frá heimamönnum, en sveitarfélög og íbúar stofnuðu Peistareyki ehf. árið 1999. Landsvirkjun kom fyrst að verkefninu árið 2005 en hefur frá árinu 2011 haft forgöngu um undirbúning og framkvæmd þess.

Rannsóknir á jarðhitasvæðinu á Peistareykjum teygja sig áratugi aftur í tímann. Við mat á umhverfisáhrifum var miðað við allt að 200 MW virkjun á svæðinu, en núverandi verkefni var um byggingu 90 MW virkjunar í tveimur áföngum. Framkvæmdir stóðu í rúm þrjú ár. /MPP



## UTAN ÚR HEIMI



# JOIN THE ACTIONS DAYS IN OCTOBER 2019!

#GoodFoodGoodFarming [www.gfgf.eu](http://www.gfgf.eu)

Kraftst breytinga á áherslum hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Mynd/ Slow Food Europe

## Þrjú hundruð evrópsk samtök krefjast breytinga á landbúnaðarstefnunni: Vilja stuðning við smáframleiðslu og verndun vistkerfa

**Good food Good farming (Góður matur, góður landbúnaður) er grasrótahreyfing sem starfar í Evrópu og stendur fyrir árveknidögum í október í kjölfar kosninga til Evrópuþings í vor.**

Nýs þings bíður endurskoðun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP) og vill hreyfingin með aðgerðum sínum á árveknidögnum hafa áhrif til betri vegar fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu í Evrópu.

#### Smáframleiðsla og dreifbýlisuppbygging

Þetta er annað árið í röð sem þessi Evrópuhreyfing lætur að sér kveða, en hreyfingin samanstendur af 300 evrópskum samtökum sem nú standa fyrir uppákomum í meira

en 15 löndum um alla Evrópu. Slow Food Europe er í þessum hópi og tekur þátt í skipulagningu meira en 15 viðburða vítt og breitt um Evrópu í þágu málstaðarins.

Í tilkynningu frá samtökunum kemur fram að tilgangurinn með þessu samstillta átaki sé að krefjast þess að við stefnumótun fyrir matvælaframleiðslu í Evrópusambandinu verði innleiddar nýjar áherslur sem styðji við smáframleiðslu bænda og dreifbýlisuppbyggingu, verndun jarðvegs, vatns, vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni.

#### Skilaboðum komið til þingmanna í Strasbourg

Á árvekniviðburðunum var skilaboðum safnað saman frá þátttakendum í formi póstkorta, þar sem óskum um



#### Slow Food-snigillinn.

betri landbúnaðarhætti og matvælaframleiðslu er komið á framfæri. Þeim var síðan dreift til þingmanna Evrópuþingsins á fundi þeirra í Strasbourg síðastliðinn þriðjudag.

Þess er að vænta að Evrópuþingið og þjóðþing Evrópusambandslandanna muni á næstunni taka afgerandi ákvarðanir um framtíð hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu. /smh

**Bændablaðið**  
**Smáauglýsingar**  
**56-30-300**

## Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



**HUSQVARNA FS 400 LV**  
Sögunardýpt 16,5 sm

**HUSQVARNA K 770**  
Sögunardýpt 12,5 sm

**HUSQVARNA K 3600 MK II**  
Sögunardýpt 27 sm

**HUSQVARNA K 2500**  
Sögunardýpt 14,5 sm

**HUSQVARNA DM 230**

**HUSQVARNA**  
Steinsagarblöð og kjarnaborar




**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verðslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | [www.mhg.is](http://www.mhg.is)



## Landssamtök sauðfjárbænda



## Kolefnislosun íslenskrar sauðfjárræktar hefur minnkað um 22% frá árinu 1990

**Unnsteinn Snorri Snorrason**  
frankvæmdastjóri  
Landssamtaka sauðfjárbænda  
unnsteinn@bondi.is



Í framtíðarstefnu Landssamtaka sauðfjárbænda sem var samþykkt á aðalfundi árið 2017 var mörkuð sú stefna að unnið skuli að því að allar afurðir sauðfjárræktarinnar skulu kolefnisjafnaðar. Unnin var skýrsla fyrir LS þar sem lagt var mat á kolefnislosun íslenskrar sauðfjárræktar og lagðar til leiðir til jöfnunar með minnkun losunar og mótvægisáðgerðum.

Með þessari stefnu sýndu sauðfjárbændur skýran vilja til að leggja sitt af mörkum til að takast á við þær áskoranir sem fram undan eru á sviði loftslagsmála. Nú er unnið að undirbúningi verkefnis á vegum umhverfisráðuneytisins sem felst í því að greina tækifæri sauðfjárbænda til þess að draga úr losun CO<sub>2</sub>-ígilda og jafnframt tækifæri sem felast í aðgerðum sem stuðla að bindingu kolefnis. Verkefnið mun hefjast á næsta ári.

Alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum horfa til stöðunnar eins og hún var árið 1990 og miða að því að draga úr losun frá því sem þá var um 40% árið 2030 (Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna, 2016). Miðað við niðurstöður skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjárbúum á Íslandi var losun á hverja kind árið 2015 um 616,7

kg CO<sub>2</sub>-ígilda á ári. Ef við gefum okkur það að losun á hverja kind sé sú sama yfir tímabilið 1990-2018 þá var losunin árið 1990 um 338 þúsund tonn og árið 2018 um 264 þúsund tonn. Hér er um að ræða samdrátt upp á 22%. Á þessu tímabili hefur framleiðsla á kindakjöti aukist um 8%, úr 9.454 tonnnum árið 1990 í 10.188 tonn árið 2018. Þannig hefur losun CO<sub>2</sub>-ígilda/kg kindakjöts minnkað úr 35,8 kg árið 1990 í 25,9 kg árið 2018, sem er samdráttur upp á 28%.

Allur samanburður milli fæðutegunda, framleiðslukerfa og landa er góðra gjalda verður. Hann þarf að vanda og byggja á samræmdum forsendum. Samhengi hlutanna er flóknari en svo að bara sé horft til losunar CO<sub>2</sub>-ígilda við framleiðsluna. Samhliða áskorunum í loftslagsmálum þurfum við að takast á við vaxandi fjölsfjölgun í heiminum sem mun kalla á aukna matvælaframleiðslu, en líka að við drögum úr soun í allri virðisæðjunni. Þess vegna þarf hver þjóð að standa vörð um sína matvælaframleiðslu. Sauðfjárræktin nýtir að mestu auðlindir sem að stórum hluta nýttast ekki til annarrar matvælaframleiðslu og er því verðmætt framleiðslukerfi sem slíkt. Stærstur hluti losunar frá sauðfjárrækt er metan (60–70%) sem losnar við niðurbrot fódurs við meltingu. Slík losun er hluti af náttúrulegri kolefnishringrás. Metan safnast ekki upp í andrúmsloftinu,

heldur umbreytt á ákveðnum tíma í koldíoxíð. Meðan ekki er verið að fjölga gripum eru áhrif til hlýnunar engin. Hér greinir vísindamönnum á um hvernig eig að meta áhrif metans á geislunarjafnvægi í loftþjúpnum og þar með áhrifum þess til hækkunar hitastigs á jörðinni.

Það er ekki hægt að deila um þá staðreynd að hlýnun vegna loftslagsbreytinga er raunveruleg ógn. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að sama skapi auka bindingu kolefnis með aðgerðum á sviði skógræktar, landgræðslu og endurheimt vistkerfa. Jafnframt þurfum við að hafa það í huga að okkur skortir mjög víða þekkingu á þessum málaflokkum. Það á ekki síður við um okkur sauðfjárbændur hvort sem kemur að því að greina breytileika í losun milli búnaða eða skilgreina einstök tækifæri sem felast í því að binda kolefni. Samhliða aðgerðum verðum við að stunda rannsóknir og efla þar með þann grunn sem verkefni á sviði loftslagsmála þurfa að byggja á.

Íslenskir sauðfjárbændur ætla sér að leggja sitt af mörkum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ráðast í aðgerðir sem binda kolefni. Okkar framlag mun skipta máli til að takast á við þá gífurlegu áskorun sem við stöndum frammi fyrir í loftslagsmálum og tryggja það að þjóðir heims nái sameiginlegum heimsmarkmiðum sínum í loftslagsmálum árið 2030.

## VANTAR ÞIG AÐSTOÐ VIÐ ELDAMENNSKUNA?



Thermomix TM6 er eins og aukahundur í eldhúsið! Ótrúlegir notkunarmöguleikar, bylting í matargerð og eldamennsku, innbyggðar uppskriftir og þú nýtir tímann í annað en matseld.

15 NOTKUNARMÖGULEIKAR í einu tæki

- Blandar
- Mixar
- Hnoðar
- Vigtar
- Malar
- Hrærir
- Fleytir
- Þeytir
- Saxar
- Eldar
- Gufusýður
- Hitastýrir
- Sous vide
- Hægeldun
- Gerjun

- Á markaði síðan 1961
- Þýsk hönnun og gæði
- Allt eldað frá grunni
- Minni matarsoun
- Einfalt í notkun
- Sparar tíma
- Hagkvæmt
- Innbyggt wi-fi



ELDHÚSTÓFRAR EHF.  
SÍÐUMÚLI 29 108 REYKJAVÍK  
INFO@ELDHUSTOFRAR.IS  
S: 696-7186 & 690-0909  
THERMOMIX ICELAND  
THERMOMIX Á ÍSLANDI  
ICELAND.THERMOMIX.COM



### Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Sjóðfélagayfirlit fyrir tímabilið janúar til ágúst 2019 fyrir alla greiðandi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda eru nú aðgengileg á sjóðfélagavef. Vinsamlegast hafið samband við sjóðinn ef óskað er eftir að fá yfirlit sent í pósti.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt er sjóðfélögum bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn telji þeir að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum hefur ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**  
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík  
s. 563 1300 - lsb@lsb.is



## Smurefni fyrir vélvæddan landbúnað


Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.



Fyrirtækjasvið Olís | sími 515 1100 | olis.is

Síðan 1927





FÆREYJAR

# Í „Slagtið“ hjá frændum vorum Færeyingum

– Matarhátíðin Slaktið er systurhátíð „Ein dagur á grynnuni“ þar sem áherslan er lögð á sjávarafurðir

Þann 14. september síðastliðinn var matarhátíðin „Slaktið“ haldin í Þórshöfn í Færeyjum. Var þetta í fjórða sinn sem hátíðin er haldin, en hún byggist á vinnu sjálfbodaliða, áhugamanna um matargerð og framleiðslu í Færeyjum. Hátíðin er styrkt bæði af fyrirtækjum og opinberu framlagi til menningarmála í Færeyjum.

Slaktið er systurhátíð „Ein dagur á grynnuni“ þar sem áherslan er lögð á sjávarafurðir, og handbragð sem notað er við vinnslu þeirra. Slaktið hefur heppnast sérstaklega vel undanfarin ár. Þar hafa ungir jafnt sem aldnir komið saman og upplifað hvaðan matvæli ræktuð á landi eins og kjöt og grænmeti koma. Segja má að hátíðin sé hálfgerð hugvekja um hvað sé hægt að rækta á landi og hvernig megi nýta það á sem bestan hátt.

*Fengu lánaðan grillvagn LK og buðu framkvæmdastjóranum með*

Nokkru fyrir hátíðina hafði Sigurd Lamhauge, einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar, samband við Landsamband kúabænda á Íslandi og fór þess á leit að fá lánaðan grillvagn sambandsins. Þá fannst forsvarsmönnum það upplagt að bjóða framkvæmdastjóra sambandsins, Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, á hátíðina til að kynna matvæla- og landbúnaðarframleiðslu þar í landi. Einnig var hún fengin til að halda erindi fyrir gesti hátíðarinnar um íslenska mjólkur- og nautakjötsframleiðslu.

*Vel sótt þrátt fyrir rigningu og logn á hraðferð*

„Um 4.000 manns sóttu hátíðina í ár sem er nokkuð gott miðað við að það rigndi mikið og lognið var aðeins að flýta sér. Dagskrá var skipulögð frá kl. 10 til 16 í Tórsgötu sem er fyrir miðjum höfuðstað Færeyja, spáð var stormi



Meðal atriða sem sýnd voru á hátíðinni var brýning á hnífum.



Ahugassamir Færeyingar á öllum aldri fylgjast með hvernig vanir menn gera að nautgrip eftir slátrun.

Myndir / JMS



Færeyskir bændur fengu grillvagn Landssambands kúabænda lánaðan frá Íslandi og vakti hann mikla athygli.



Fallega framreitt smakk fyrir gestina.

seinni part dagsins svo hátíðinni lauk um klukkustund fyrr en áætlað var en Færeyingar létu það ekki stoppa sig í að kíkja. Þar komu saman verslanir, veitingastaðir, bændur, brugghús, heimavinnslu-, handverks- og styrktaraðilar hátíðarinnar með ýms konar kynningar og varning,“ sagði Jóhanna María.

*Matarsmakk, hnífabryning og kálfaclapp*

„Sem dæmi var hægt að fá að smakka á bæði nauta- og lambakjöti í ýmsum útfærslum, ís og heitu kakói úr færeyskri mjólk, láta brýna hnífa, klappa kálfa og kaupa ýmsar vörur fyrir sláturtíðina og matseldina. Undirrituð var á dagskránni með erindi fyrir hönd Landssambands kúabænda ásamt því að dreifa kynningarefni um íslenska nautgriparekt fyrir bæði unga sem aldna og því var vel tekið.“



Jóhanna María Sigmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda á Íslandi, kynnti gestum hátíðarinnar íslenska mjólkur- og nautakjötsframleiðslu.



Meðal annars var boðið upp á heilgrillað svin.



Hér er verið að sýna börnunum hvernig lungun í spendýrum virka.

**Sviðnir nautshausar og rastsúpa**

„Margt vakti áhuga á þessari hátíð, sem dæmi var þarna hægt að sjá sviðna og soðna nautshausa, pylsur úr nautgripainnmat og hina þjóðlegu „rastsúpu“.

Rastsúpan er ekki ólík íslensku kjötsúpunni að því leyti að hún er matmikil með margs konar rötargrænmeti. Hlutfall rastkjötsins er þó heldur minna en kjötið í íslensku kjötsúpunni enda mjög bragðmikið, sem helst má líkja við að hafi verið kæst í verkun.“

**Börn og fullorðnir tóku þátt í slátruninni**

„Þó má segja að slátrun á nokkrum lömbum fyrir allra augum og frágangur á þeim ásamt hanteringu á kvíguskrokki hafi verið með því áhugaverðasta.

Ahorfendabekkir höfðu verið gerðir úr timurbrettum í kringum slátrara sem sýndu og sögðu frá hverju handtaksi og fírst þeim það vel. Þeir leyfðu börnunum jafnt sem fullorðnum sem gestir voru á hátíðinni að taka þátt, m.a. með því að aðstoða við slátrunina sjálfa og svo að skoða hvern part og líffæri sem af gripunum kom.“

**Blásið í lungu og skorið á vömb**

Segist Jóhönnu hafa þótt nokkuð vel í kynninguna lagt þegar einn bar lungu úr nýslátruðu lambi að munn sér og blés í svo börnin gætu séð hvernig lungu þeirra virkuðu. Það



Sviðinn og soðinn nautshaus að hætti Færeyinga.



Sigert Patursson, formaður Bóndafélags Føroya.

yrði þó að viðurkennast að gorlyktin sem lagðist yfir sýningarsvæðið þegar skorið var á vömbina hafi ekki verið í sérlegu uppáhaldi.

Þessi hluti dagskrárinnar er atlaður til að kenna gestum hvaðan maturinn kemur, hvernig handbragðið er við verkin, hvernig allt virkar, lítur út og í hvað það er svo notað. Einn af síðustu dagskrárlíðum hátíðarinnar var svo uppboð á nýslátruðum skrokkunum, þarna fór ekkert til spillis.

**Íslenski grillvagninn vakti lukku**

Grillvagninn hafði vakið athygli íbúa og ferðamanna í Þórshöfn frá því að byrjað var að koma skrokknum fyrir í honum daginn áður. Til verkefnisins lagði Sigert Patursson í Vatnaskørðum 16 mánaða naut sem vó 220 kg og gerðu gestir kjötinu góð skil. Segja má að heimsókn grillvagnsins til Færeyja hafi vakið mikla lukku og rómur hans borist víða, að minnsta kosti var framkvæmdastjórnin víða þekkt undir viðurnefningu „grillmeistarinn“ í heimsóknum hennar daginn eftir.

**Færeyska gestrisnin er engu lík**

„Gestrisni og gleði Færeyinga er engu lík og hátíðin bar þess merki. Sigurd og Sigert, formaður Bóndafélags Føroya, ásamt félagum sínum og fjólskyldum sáu til þess að manni liði alveg eins og heima hjá sér. Fá þeir sérstakar þakkir fyrir samstarf og móttökur. Eindræg meðmæli eru með því að fylgja hátíðunum „Slaktið“ og „Ein dagur á grynnuni“ á samfélagsmiðlum, ásamt því auðvitað að sækja þær ef mögulegt er. Ég get staðfest að slík heimsókn verður ógleymanleg.“ sagði Jóhanna María Sigmundsdóttir. /JMS/HKr.



Fylgst með slátrun.



Börnin voru ófeimin við að handfjatla nýru og annan innmat.



Nú erum við í framkvæmdaskapi!

Gafflar, sópar, skóflur, fötur, fóðurtrog, hjólbörur, hnakkastatíf, beislishengi og fleira á 20% afslætti. Gúmmímottur og brynningarskálur á 15% afslætti.

Komdu við og græjaðu útihúsið fyrir veturinn.



Málþing skógarbænda um viðargæði og afurðir:

# Greinin er á áætlun varðandi viðarafurðir

– eru á leið á markað um þessar mundir

Málþing um viðargæði og afurðir var haldið á Hótel Kjarnalundi við Akureyri laugardaginn 12. október í tengslum við aðalfund Landssamtaka skógareigenda (LSE). Rætt var um viðargæði og -afurðir frá ýmsum hlíðum.

Að sögn Hlyns Gauta Sigurðssonar, framkvæmdastjóra LSE, sem hafði veg og vanda af málþinginu, fór aðsókn fram úr væntingum skipuleggjenda og var húsfyllir í Kjarnalundi. Hann segir að lagt hafi verið upp með að halda málþing fremur en ráðstefnu einfaldlega af þeirri ástæðu að margar spurningar brenni á fólki sem farið er að vinna úr skógum landsins. Undanfarna áratugi hafi mesta vinnslan verið úr þjóðskógum landsins en um þessar mundir eru bæði skógar skógræktarfélaganna og elstu skógar skógarbænda að verða gjaldgengir til viðarvinnslu.

Framsögumenn málþingsins komu víða að og hafa víðtæka reynslu, hver á sínu sviði. Málþingið hófst á viðarfræði, um miðbikið var farið í afurðir og að endingu fjallað um framtíðarhugmyndir og nám.

## Framsýni, djörfung og frumkvæði

Edda Björnsdóttir, skógarbóndi og fyrsti formaður LSE, reið á vandi með hvatningarræðu til skógarmanna. Hún sagði að einkunnarorðin „Framsýni, djörfung og frumkvæði“ væru lykilorð sem hafa leitt skógarbændur þangað sem þeir væru nú. Árangurinn væri góður og því hægt að líta björtum augum fram á veginn. Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður LSE, tók í sama streng og taldi að greinin væri alveg á áætlun miðað við það sem lagt var upp með fyrir áratug síðan. Hann nefndi viðarafurðir í því sambandi, sem væru á leið á markað um þessar mundir.

## Viðarfræðin eru grunnurinn

Ólafur Eggertsson, sérfræðingur hjá



Framsögumenn á málþinginu: Sigríður Bjarnadóttir, Edda Björnsdóttir, Ólafur Eggertsson, Bjarki Jónsson, Jóhann Gísli Jóhannsson, Björn B. Jónsson, Bergún Arna Þorsteinsdóttir, Logi Unnarson Jónsson, Gunnar Þorgeirsson, Eiríkur Þorsteinsson og Ágúst Ólafsson. Myndir / Hlynur Gauti

Skógræktinni, fjallaði um viðarfræði – sem í máli hans kom fram að væri grunnurinn að öllu öðru varðandi viðargæði og -afurðir. Með þekkingu á viðnum megi greina notagildi hvers viðar og hverrar tegundar. Umhirda skógarins skipti mestu máli þegar kemur að gæði viðarinnar en þannig megi til dæmis stýra þvervexti og uppvexti.

Bergún Arna Þorsteinsdóttir, aðstoðarskógarvörður á Hallormsstað, skýrði frá viðarþurrkun. Viður í skógi er misjafnlega þurr eftir aðstæðum en til þess að hægt sé að vinna við áfram til vinnslu eru ýmis atriði sem vert sé að vita. Eina þumalputtareglu gaf Bergún:



Gengið var um Kjarnalund að málþingi loknu.

ef viður er með yfir 20 prósent rakainnihaldi skal hann ekki afhentur til frekari vinnslu.

## Burðarþol asparinnar

Eiríkur Þorsteinsson, sérfræðingur í timbri, rakti sögu viðarsögunar á Íslandi. Hann endaði á að fjalla um samvinnuverkefni Límtrés Vírnets, Skógræktarinnar og Nýsköpunarsmiðstöðvar Íslands, þar sem íslenskt timbur var notað og límt í burðarbita. Logi Unnarson Jónsson, ráðgjafi hjá Límtré Vírnet, útskýrði síðan frekar áhugaverðar niðurstöður úr því verkefni, þar sem tegundirnar stafafura, rússalerki, sitkagreni og alaskaösp voru notaðar ásamt hefðbundnu sænsku rauðgreni til viðmiðunar. Burðarþolsprófanir hafi leitt í ljós að allar tegundirnar megi nýta í burðarvið en óvænt hefði verið hvað öspin stóð sig vel.

Birgir Kristjánsson, framkvæmdastjóri Tandrabretti ehf., kynnti viðarvinnslustöð sem ætlað er að nýta ýmiss konar smávið, allt frá greinum upp í smærri tré. Birgir sagði stóran markað vera í viðarperlum og lífdísil á næstu árum og ef vonir ganga eftir gæti slík vinnsla hafist á næstu misserum. Björn Steinar Blumenstein vöruböndur fór yfir ýmsa möguleika fyrir íslenskan við og sýndi meðal annars húsgagnavörulínu sem hann vann í samvinnu við smíðaverkstæði og skógargeirann á landsvísi.

## Óflugur tækjakostur

Bjarki Jónsson, eigandi Skógarafurða ehf., rakti sögu fyrirtækisins í máli og myndum. Hann sagði að tækjakostur þeirra væri nú það óflugur að timburframboð úr skógum landsins dygði ekki upp í mögulega afkastagetu. Í skógum landsins leyndist töluvert af efni sem enn hafi ekki verið sagað eða dregið út úr skógum.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, sagði í

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda haldinn í Kjarnalundi:

# Gríðarleg ásókn í meiri skógrækt meðal skógarbænda

– Fundargestir telja að aðgerðir stjórnvalda þurfi að mæta henni

Landssamtök skógareigenda (LSE) héldu aðalfund sinn 11. október á Hótel Kjarnalundi. Á fundinum kom fram að innan aðildarfélaganna fimm sé mikill uppgangur og skógarbændum fer ört fjölgandi. Jóhann Gísli Jóhannsson frá Félagi skógarbænda á Austurlandi var endurkjörinn formaður.

Aðalfundurinn var sá tuttugasti og annar í sögu LSE og hófst með erindi formanns um það markverðasta á starfsárinu, en þar þótti vel heppnuð landbúnaðarsýning standa upp úr sem haldin var fyrir um ári síðan.

Innan vébanda LSE eru eftirfarandi félag: Félag skógarbænda á Suðurlandi (FSS), Félag skógarbænda á Vesturlandi (FSV), Félag skógarbænda á Vestfjörðum (FSVf.), Félag skógarbænda á Norðurlandi (FSN) og Félag skógarbænda á Austurlandi (FSA).

Nýja stjórn skipa félagar úr öllum aðildarfélögum. Auk Jóhanns eru þar þau Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir (FSN), sem nú er varaformaður en var áður gjaldkeri, Guðmundur Rúnar Vífilsson (FSV) er gjaldkeri, Björn B. Jónsson (FSS) ritari og Naomi Bos (FSVf.) meðstjórnandi.

## Góður hugur í formönnunum

Að sögn Hlyns Gauta Sigurðssonar, framkvæmdastjóra LSE, var greinilega góður hugur meðal formanna aðildarfélaganna. „Aðsókn í félögin er með góðu móti og mikið er lagt upp úr félagsstarfi. Samstaða félagsmanna er mikil og fjölmenna skógarbændur á viðburði sem félögin halda vítt um landshlutana. Jafnvel á Vestfjörðum, en þar má segja að sundrunin sameini skógarbændur, því stundum er langt á milli staða. Skógarbændur gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem vaxa í skógum þeirra og fjallað var á fundinum um nýtingaráætlanir, tryggingar og mikilvægi góðs upplýsingaflæðis og fræðslu fyrir bændur og almenning. Girðingar og taxtamál báru einnig á góma en það er ekkert nýtt,“ segir Hlynur.

## Stjórnvöld þurfa að mæta ásókninni í skógrækt

Að sögn Hlyns sköpuðust líflegar umræður meðal gesta á fundinum, til dæmis um nauðsyn þess að stjórnvöld mæti ásókn skógarbænda í skógrækt í aðgerðum sínum. „Skógarbændur eru nú þegar

tilbúnir með um átján þúsund hektara lands til ræktunar – sem búið er að semja við Skógræktina um og kortleggja. Í það land væri hægt að gróðursetja um 30 milljónum plantna. Gróðrarstöðvar landsins anna framleiðslu á um fimm milljón skógarplantna á ári eins og sakir standa. Tæpur helmingur þeirra fer í bændaskógrækt. Ásókn í skógrækt er gífurleg og að jafnaði er samþykktur einn skógræktarsamningur í viku hverri hjá Skógræktinni. Aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum eru ekki í takti við þessa ásókn, ekki enn að minnsta kosti. Bændur sjá tækifæri í skógrækt enda eru tré árangursríkasta leiðin til kolefnisbindingar. Auk þess skapast aðrar tekjur af skógrækt með tilheyrandi gjaldeyrissparnaði fyrir íslenska þjóð.“

Hlynur segir að ellefu tillögur hafi fengið afgreiðslu fundarins og flestar þeirra hafi snúið að hagnýtum málum nytjaskógræktar.

Ein þeirra snýr að jólatrjáaræktun, en hana vilja skógarbændur efla til að minnka innflutning. Þannig megi sporna við smithættum fyrir skóga landsins, auka gjaldeyrissparnað og minnka kolefnisfótsporin sem innflutt tré hafa í för með sér.

Í tillögu um aðgengi, umhirdu



Kosið til stjórnar á aðalfundi Landssamtaka skógareigenda. Mynd / Hlynur Gauti

og nýtingaráætlun er lögð áhersla á slóðagerð og að grísjun sé sinnt betur. Verðmæti skógarinnar liggja í viðnum og verðmætisaukningin liggja í umhirdunni. Nýtingaráætlun þarf að vera til staðar svo hægt sé að meta hvaða verðmæti skógurinn hefur að geyma og hvenær sé best að nytja hann.

## Ætti að vera hægt að bókfæra kolefnisbindingu

Í tillögu um tekjur af skógrækt er kveðið á um þörf fyrir endurskoðun á gjaldtöku við gróðursetningu. Skógarbændur hafi lagt land til

nytjaskógræktar en þeir bindi einnig kolefni sem sumum þykir eftirsóknarvert að bókfæra. Bindingin í skóginum gegnir miklu í kolefnisbókhaldi þjóðarinnar og mætti því ætla að landið sem hann stendur á sé í útleigu bóndans. Það ætti því að vera eðlilegt að bóndinn fengi einhvers konar greiðslu eða afslátt á kolefnislosun búreksturs síns fyrir vikið.

Sveitarfélögin í landinu veita leyfi til skógræktar hverju sinni. Ein tillaga fundarins gengur út á að finna þurfi leið til að afgreiðsla þeirra gangi greiðlega þegar kemur að þessum leyfisveitingum. /smh



Húsfyllir var á málþingi skógarbænda.

sínu erindi að hagsmunir garðyrkju- bænda og skógarbænda lægju oft og tíðum náið saman og vert væri að efla frekara samstarf á ýmsum sviðum.

**Innleiðing skógar- menningar Skandinavíu**

Í síðasta erindinu fjallaði Björn B. Jónsson, skógarbóndi og settur verkefnisstjóri TreProX, um næstu skref í timburvinnslu á landinu. Hann sagði frá TreProX verkefninu sem felur í sér að mennta „fólkið á söginni“ og innleiða menningu frá okkar vinaþjóðum í Skandinavíu. Hann fjallaði um innleiðingu á stöðlum og vottunum ýmiss konar. Allt þetta væri í vinnslu sem verði forvitnilegt að fylgjast með.

**Göngu- og skoðunarferðir**

Að lokum gerði Sigríður Bjarnadóttir skógarbóndi upp málþingið í örfáum orðum og að svo búnu var farið í göngutúr um Kjarnaskóg og skoðunarferðir um Gróðrarstöðina Sólskóga ehf. og Skógræktarfélag Eyfirðinga.



Haustlitir í Kjarnaskógi.

Að málþinginu stóðu Lands- samtök skógareigenda, Skóg- ræktin, Skógræktarfélag Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands,

Landbúnaðarháskóli Íslands og Sólskógar ehf. Fundarstjórn var í höndum Ágúst Ólafssonar fjölmiðlamanns. /smh



**HÁGÆÐA GASELDAVÉLAR**

Við höfum mörg járn í eldinum þegar það kemur að úrvali á gaseldavélum því við vitum að ekki elda allir kokkar eins. Hvort sem þú ert ástríðukokkur eða ekki, þá höfum við réttu græjurnar fyrir þig. Öfnarnir okkar eru með fjölda stillinga sem henta ástríðukokkum sem og áhugafólki um matargerð.



ELBA - 106 PX



**OPIÐ:**  
Mán. til fimmtudaga kl. 9 - 18  
Föstudaga kl. 9 - 17  
Laugardagar kl. 11-15

**Ítalskar Delfin atvinnuryksugur**  
Fyrir landbúnað, sjávarútveg og iðnaðarstarfsemi.

**Ryksugar bæði:**

- Fyrir þurr & Fyrir blautt

100 lítra tunna

Verð 490 þús + VSK

[www.delfin.is](http://www.delfin.is)  
Steinhella 12 - 8991604

**Allt fyrir matvælaíðnaðinn**

- Vacumpokar
- Umbúðir
- Glerkrukkur
- Kjötnet og garnir
- Vélar og tæki
- Krydd og hjálparefni
- Hnífar og stál
- Hlífðarfatnaður
- Einnota fatnaður



**NOKK**

Áratuga reynsla í sölu á kryddum, hjálparefnum, umbúðum og vélum  
NOKK ehf. • Vikurharfi 5 • 203 Kópavogur • S: 533-5555 • [www.nokk.is](http://www.nokk.is)

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali  
**FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**  
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur • Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

**Gott framboð af áhugaverðum jörðum**

[fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is](mailto:fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is) • [www.fasteignamidstodin.is](http://www.fasteignamidstodin.is)  
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali • Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

**RAFÓS ehf rafverktakar**

Freyjunesi 10, 603 Akureyri  
Sími: 777 1802  
Email: [rafos@rafos.is](mailto:rafos@rafos.is)  
Erum einnig á facebook

Tökum að okkur öll verkefni sem við kemur raflögnum, hvort sem er viðhald, viðbætur eða nýlagnir fyrir fyrirtæki, iðnað eða almennan notanda.

Rafós er löggiltur rafverktaki með reynslu í óháðri ráðgjöf og uppsetningu hleðslustöðva. Setjum upp allar gerðir hleðslustöðva fyrir einstaklinga, sameignir og fyrirtæki.

Ef búnaður er ekki fyrir hendi, þá veitum við ráðgjöf við val á búnaði miðað við þarfir.

LÍF &amp; STARF

# Heimsmeistaraparið gerir það gott í hestamennskunni

— Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason lifa og hrærast í kringum hesta alla daga ársins

Í Baugstjörninni á Selfossi býr hestaparið Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason, ásamt syni sínum, Stormi Inga, sem er rúmlega eins og hálfis árs. Hestar eiga allan hug fjölskyldunnar enda er tanning og keppni atvinna þeirra Eyrúnar og Teits.

Þau eru með frábæra vinnu-aðstöðu á Ingólfshvoli í Ölfusi og á Hvoli í sömu sveit. Sá árangur sem stendur upp úr hjá parinu eru heimsmeistaratitlar, sem þau unnu á HM í Berlín í sumar. Þau svöruðu nokkrum spurningum blaðsins en byrjum á að vita áður en lengra er haldið hver þau eru?

## Eyrún Ýr er Skagfirðingur

Eyrún Ýr Pálsdóttir er fædd og uppalin á Flugumýri í Skagafirði. Foreldrar hennar eru Páll Bjarki Pálsson og Eyrún Anna Sigurðardóttir. Systkini Eyrúnar eru þau Ásta Björk, Sigurður Rúnar, Þórdís Inga og Júlía, öll hafa þau áhuga á hestamennsku og má segja að þau séu í raun fædd á hestbaki. Eyrún er útskrifuð frá Háskólanum á Hólum.

## Teitur er Reykvingur

Teitur Árnason er fæddur og uppalinn í Reykjavík en byrjaði í sinni hestamennsku þegar hann flutti í Árbæinn, sem er við hestamannafélagið Fák. Þar byrjaði hann að sækja reiðskóla ásamt vini sínum og systur. Eftir það var ekki aftur snúið og stór hluti fjölskyldunnar er kominn á fullt í hestamennskuna. Teitur lauk framhaldsskólanámi og er einnig útskrifaður frá Háskólanum á Hólum.

## Hafa þekkt lengi

Eyrún og Árni hafa þekkt í mörg ár og alltaf vítað af hvort öðru í hestamennskunni en það small eitthvað saman á milli þeirra 2016 þegar þau ákváðu að byrja saman. Stormur Ingi, sonur þeirra, fæddist í febrúar 2018, kraftmikill og skemmtilegur strákur. Bæði þakka þau foreldrum sínum þann mikla áhuga sem þau hafa alltaf haft á hestamennsku.

„Ég er náttúrulega fædd á hrossa-ræktarbrú og í sveit þar sem nánast öll dýr voru og hef því umgengist dýr frá unga aldri. Þetta gerist svo auðvitað ekki nema það sé einhver á bak við krakkana sem styður við þau og vorum við bæði sennilega mjög heppin með það sem krakkar að foreldrar okkar nenntu að sinna þessum áhuga okkar á hestum,“ segir Eyrún.

## Framúrskarandi aðstaða

Eyrún og Árni vinna alla daga við að þjálfa hross og hugsa um þau.

„Það er að ýmsu að huga þegar kemur að þjálfun hestsins og reynum við að standa eins vel og við getum að því. Það þarf að fódra þá tvisvar til þrisvar á dag. Þeir þurfa að fá að fara út, það þarf að hirða þá og svo er einnig þjálfun sirka 5 sinnum í viku, þannig það er á ýmsu að taka,“ segir Teitur. Bæði eru þau í reiðkennslu en þá kemur fólk til þeirra til að læra eða að þau fara til fólksins. „Við erum með aðstöðu á Hvoli og Ingólfshvoli í Ölfusi, báðir staðir



Parið og heimsmeistararnir, Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason, eftir sigurinn á HM í Berlín í sumar. Teitur varð heimsmeistari á Dynfara frá Steinnesi í gæðingaskeiði og Eyrún Ýr varð heimsmeistari á nöfnu sinni frá Hásæti í flokki sex vetra hryssna með aðaleinkunn upp á 8,58. Mynd / Gísli Guðjónsson



Teitur sigraði A-flokk gæðinga á Landsmóti hestamanna 2019 á Hafsteini frá Vakurstöðum. Sama ár sigruðu þeir einnig Reykjavíkumeistaramót og Íslandsmót í fimmgangi. Mynd / Bjarney Anna Þórsdóttir

eru með framúrskarandi aðstöðu fyrir hross sem skiptir gríðarlegu máli við þjálfun á hestum,“ segir Eyrún.

## Eiga sjálf 15 hross

Eyrún og Teitur eiga sjálf 15 hross en það hefur aukist töluvert

hjá þeim síðustu ár eftir að þau byrjuðu að rækta sína eigin hesta. „Já, við erum alltaf að fá nokkur folöld á ári undan mjög góðum



Fjölínir frá Flugumýri, sem er fyrstur verðlauna sex vetra hestur úr ræktun Eyrúnar og Teits, sem þau binda miklar vonir við. Mynd / BAP

hryssum og notum stóðhesta sem hrífa okkur. Nú í ár fór til dæmis stóðhestur úr okkar ræktun í fyrstu verðlaun. Sá heitir Fjölínir frá Flugumýri og hlaut meðal annars 9 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið. Við stefnum á að rækta fremur gæði en magn,“ segir Teitur og brosir út í annað.



### Bæði atvinnumenn

Það vinnur eingöngu við hestamennsku og eru því atvinnumenn í faginu. Þau segja frábært að geta unnið við áhugamálið sitt, ekki síst að geta verið úti í hesthúsi allan daginn með hrossunum í stað þess kannski að sitja á skrifstofustól allan daginn að horfa á tölvuskjá.

„Það má líka nefna það að hún er oft óljós línin á milli vinnu og áhugamálsins þannig að maður verður að vera fórnfús á tímann þegar kemur að atvinnumennsku í hestamennsku. Teitur fer alltaf snemma út úr húsi og kemur vanalega aðeins of seint heim. Eftir að við eignuðumst Storm höfum við þó reynt að hafa þetta meira undir stjórn þó vissulega komi álagstími eins og í öllu,“ segir Eyrún.

### Heimsmeistarar í Berlín

Teitur og Eyrún náðu frábærum árangri á HM í Berlín í sumar þar sem þau urðu bæði heimsmeistarar.

„HM í Berlín var auðvitað svolítið sérstakt hjá okkur. Teitur var valinn í liðið á hesti sem hann hafði ekki keppt á áður, Dynfara frá Steinnesi, sá hestur er staðsettur í Þýskalandi og var frábærlega þjálfaður hjá vinfólki okkar, Begga og Vicky í Lótushof. Hryssan Eyrún Ýr var svo efst í sínum flokki en hún er í eigu Dana. Því lá beinast við að hún færi á heimsmeistaramótið en við þurftum að breyta um knapa þar sem Teitur sýndi hana þar því hann mátti vera á erlendum og íslenskum hesti vegna einangrunar hjá íslensku hestunum. Það lá því beinast við að ég myndi sýna nöfnu mína og gekk það líka svoona vel að við urðum efstar í okkar flokki með 8,58 og lönduðu nokkrum 9 og einni 9,5,“ segir Eyrún. Aðalgrein Teits var gæðingaskiðið þar sem hann fékk 8,25 í fyrri spretti en bætti svo heldur betur í seinni spretti og hlaut 9,08 fyrir hann. 8,66 var því lokaeinkunnin og fyrsta sætið hans. Þess ber einnig að geta að þetta er í annað sinn sem Teitur verður heimsmeistari í gæðingaskiði. Teitur keppti einnig í 100 metra skeiði og 250 metra skeiði og fór á tímanum 22,65 sek. og 7,67 sek. í 100 metra skeiði. Það má því segja að HM hafi gengið vonum fram hjá Eyrúnu og Teiti, þau voru allavega mjög heppin í Berlín.

### Draumahesturinn

Þegar Eyrún og Teitur eru spurð út í draumahestinn þeirra stóð ekki á svarinu, þau svöruðu alveg eins.

„Hann er hreingengur, öflugur, með gott jafnvægi milli bæði burðar og rýmis. Fóthár og velgerðan háls. Hreyfingarmikill og með frábært geðslag,“ segja þau og hlæja saman.

### Það vantar nýliðun

„Hestamennskunni hefur farið mikið fram síðastliðin ár, fagmennska hjá atvinnufólki hefur aukist gríðarlega og er alltaf að verða meiri og meiri sérhæfing. Við erum auðvitað svolítið mikið smituð af okkar umhverfi, sem er keppnis- og kynbótþjálfun, og okkar sérhæfing liggur svolítið mikið þar,“ segir Eyrún aðspurð hvernig henni lístist á hestamennskuna á Íslandi í dag. Teitur segir að keppnishestamennska sé alltaf að verða vinsælli og voru til að mynda mótin í ár þau stærstu hingað til með mörg hundruð keppendum.

„Það sem hins vegar mætti leggja meira þúður í er að auka nýliðun í hestamennsku, það er dýrt að halda hest á húsi og teljum við að kostnaðarliðurinn sé fráhrindandi. Almenna hestamennska sé alltaf að verða vinsælli og voru til að mynda mótin í ár þau stærstu hingað til með mörg hundruð keppendum.

### Ímynd hestamennskunnar er góð

Þegar kemur að umræðunni um ímynd hestamennskunnar á Íslandi eru Teitur og Eyrún sammála um að



Aðstaðan sem Eyrún og Teitur hafa á Hvoli í Ölfusi er öll til fyrirmyndar og eins og hún gerist best á Íslandi.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Eyrún á Hrannari frá Flugumýri 2 en þau unnu A-flokk gæðinga á Landsmóti hestamanna 2016. Þau hafa einnig verið Íslandsmeistarar og Reykjavíkumeistarar í fimmgang meistara.

Mynd / Bjarney Anna Þórsdóttir




Snemma beygist krókurinn, Stormur Ingi er farinn að fara á hestbak og brosir sínu breiðasta þegar það gerist. Hann er aðeins eins og hálfis árs gamall. Fjölskyldan unir sér vel á Selfossi og hefur komið sér vel fyrir á staðnum.

Mynd / Bjarney Anna Þórsdóttir



Teitur hefur unnið til fjölda verðlauna í gegnum árin á keppnishestum sem hann hefur þjálfað. Hér er hann stoltur með einn af bikurunum sem hann hefur unnið.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Það fer einstaklega vel um hestana úti á túni á Hvoli þar sem hver hestur hefur sitt svæði til að bíta gras og njóta lífsins.

Mynd / MH

nú er þegar byrjað að rækta íslenska hestinn í miklu magni í Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð svo eitthvað sé nefnt og erum við því komin í þó nokkra samkeppni við þau lönd þegar kemur að sölu á íslenskum hestum erlendis. Ég held við ættum að ná að markaðssetja betur trausta, geðþrúða dúnnjúka ganghestinn sem veitir knapa sínum ánægju alla daga, ég tel að við getum gert betur þar,“ segir Teitur.

### Byrja á að fara á reiðnámskeið

Það eru margir sem hafa áhuga á hestamennsku og langar að prófa en þora ekki, halda að þeir verði sér til skammar. Hvað segja Eyrún og Teitur um það, hvernig á óvant fólk að byrja í hestamennsku?

„Byrja á að sækja sér reiðnámskeið, fá grunnatriðin á hreint og einnig þessa grunntilfinningu fyrir hreyfingum og viðbrögðum hestsins. Þegar áhuginn hefur kviknað þá leiðir eitt af öðru og áður en viðkomandi veit er hann kominn á fullt í útreiðarnar, þetta er ekki flókið,“ segir Eyrún og hlær.

### Ekki búin að toppa enn

Að endingu er það spurt út í framtíð þeirra í hestamennsku, hvernig þau sjá hana. Eyrún verður fyrir svörum.

„Við erum alltaf að læra og erum stöðugt í endurmati og reyna að bæta okkur. Við munum halda áfram að þjálfa hross því það er það sem okkur finnst gaman að gera. Við erum klárlega ekki búin að ná toppnum og erum ekki fullnuma. Þannig að við teljum að á næstu 10–15 árum munum við ná aukinni reynslu og þekkingu í faginu, sem muni nýtast okkur og við hlökkum bara til komandi ára.“

/MHH



Skagfirðingurinn kann vel við sig á Suðurlandi enda mekka hestamennskunnar á því svæði. Hér er Ingólfsfjall í baksýn.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

hún sé klárlega að breytast frá því sem áður var.

„Knapar og þjálfarar taka starf sitt mjög alvarlega og sinna því

flestir af alúð. Til að komast langt þarftu að vera vel undirbúinn og það tekur tíma og gerist ekki á einni nóttu með einhverju töfrabragði. Allir sem

þekkja aðeins til hestamennsku nú til dags vita að vel er staðið að öllum hlutum hjá þeim. Markaðssetning íslenska hestsins er alltaf í þróun,

Ýmsar snjallar lausnir eru til þegar hefðbundin tækni í vegagerð dugar ekki:

# Fljótandi brýr yfir ár, firði og flóa hafa víða reynst vel

— Leysa vanda þar sem dýpi er mikið eða botn erfiður til smíði hefðbundinna brúa

Gerð akvega yfir ár og firði er glíma sem háð hefur verið allt frá því hjólið var fundið upp. Hefðbundnar brýr eru hins vegar oft verkfræðilega flókin mannvirki og dýr. Aftur á móti hafa menn á vegum herja stórveldanna lengi glímt við að hanna flotbrýr sem koma má fyrir á örskömmum tíma til að liðka fyrir herflutningum. Svipuð tækni getur nýst víðar.

Fyrsta flotbrúin í Bandaríkjunum til almennra nota var Lacey Murrow Memorial Bridge í Seattle sem tekin í notkun árið 1940. Norðmenn hafa verið duglegir að nýta sér þessa tækni og þar má nefna Bergsøysund brúna sem tekin var í gagnið 1992 og er 933 metrar að lengd og Nordhordlands-brúna yfir Salhusfjörðinn sem tekin var í notkun 1994 og er 1.614 metra löng.

## Evergreen Point-brúin í Seattle

Lengsta flotbrú í heimi er Evergreen Point-brúin yfir Washington-vatn í Seattle í Bandaríkjunum sem er 2.350 metrar að lengd. Hún er á þjóðvegi 520 og var opnuð fyrir umferð árið 2016. Ástæðan fyrir því að þar var skipt um brú er að gamla brúin þótti viðkvæm fyrir ágangi sjávar í stormum og eins þóttu brúarendarnir ekki nógu öruggir í jarðskjálftum.

Nýja brúin kostaði um 4,5 milljarða dollara (um 558 milljarða íslenskra króna á núvirði) og lauk smíði þeirrar brúar árið 2016. Hún leysti af hólmi eldri fjögurra akreina flotbrú sem tekin var í notkun 1963.

Mesta dýpið þarna er 61 metri og á botninum er setlag sem er 61 metri að þykkt, en hún er með sex akreinum, þremur í hvora átt.

## Byggðar á fljótandi steinsteyptum hylkjum

Brúin hvílir á 77 fljótandi steinsteyptum kerum eða hylkjum (pontoons) sem tjóðraðar eru



Bergsøysund-flotbrúin í Noregi var tekin í notkun 1992 og er 933 metrar að lengd.



Nordhordland-flotbrúin í Noregi var tekin í notkun árið 1994 og er 1.246 metrar að lengd.



Evergreen Point-brúin yfir Washington-vatn í Seattle í Bandaríkjunum er lengsta flotbrú í heimi. Hún er 2.350 metrar að lengd og var tekin í notkun 2016.



með stálköplum við 58 akkeri í hafsbotninum. Tuttugu og eitt þessara fljótandi hylkja sem halda uppi brúargólfinu eru 110 metrar á lengd, 23 metrar að breidd og 8,5 metrar á hæð og veга hvert um sig 10.000 tonn. Fimmtíu og fjögur hylki eru það sem kallað er stöðhylki



og nýttast við að jafna þungann á brúnni. Hvert þessara hylkja vegur 2.300 tonn. Tvö hylki á hvorum enda sem tengja brúna við vegina í landi veга hvort um sig 9.200 tonn.

## Nútímataekni býður upp á ýmsa möguleika

Í dag er hægt að koma upp ótrúlega burðarmiklum flotbrúm á skömmum tíma sem smíðaðar eru í einingum. Þær burðareiningar geta verið úr stáli, áli, plasti og jafnvel sem uppblásanlegir belgir eins og þekkt er t.d. frá Kína (Marine Salvage Airbags).

Á Íslandi hafa menn lítið átt við að gera flotbrýr, en flotbryggjur hafa verið þekktar lengi. Þá hafa menn líka oft beitt þeirri tækni að steypa fljótandi tanka sem fleytt var og sökkt til að búa til undirstöður á hafsbotni undir bryggjuhausa í stað þess að gera grjótgarða. Þetta er í raun sama tækni og notuð var við smíði á stærstu flotbrú heims.

## Gæti mögulega nýst á Íslandi

Framan af síðustu öld voru sum landsvæði, eins og stærsti hluti Vestfjarða, ekki í neinu vegasambandi við aðra landshluta. Einu samgöngurnar voru á sjó og sums staðar í lofti þegar sjóflugvélar komu til sögunnar á Íslandi. Frá því eftir seinna stríð og fram til 1975 voru einu vegasamgöngurnar

Ísafjarðar yfir sumartímamann. Við vegagerðina um Ísafjarðardjúp var tekin sú ákvörðun að þræða alla firði frá annesjum inn í fjarðarbotna í stað þess að reyna brúargerð. Frá Skutulsfirði eru það Alftafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, Skötufjörður, Mjóafjörður, Vatnsfjörður, Reykjafjörður og Ísafjörður, eða samtals átta firðir.

Brú var svo loks tekin í notkun yfir Vatnsfjarðarós og Reykjafjörð 2008 og yfir Mjóafjörð í september 2009. Þá eru fimm firðir eftir óbrúaðir og þykir mörgum vegfarandanum sírt að þræða alla þá firði þegar hægt væri að stytta leiðina um Djúp mjög verulega með brúargerð. Vandinn er að brýr eru í eðli sínu mjög dýr mannvirki og koma þar næst á eftir jarðgöngum hvað kostnað áhræfir. Flotbrýr gætu mögulega leyst það verkefni á ódýrari hátt.

Ef mönnum auðnast að klára vegabætur í Austur-Barðastandásýslu þá styttest sú leið verulega vegna brúargerðar yfir Þorskafjörð og fyrir Djúpfjörð og Gufufjörð. Á þeirri leið varð mikil samgöngubylting þegar vegurinn yfir Gilsfjörð var opnaður 30. október 1998. Ólíklegt er því að verjandi þyki að fara í frekari brúargerð í Ísafjarðardjúpi í framhaldinu. Sennilegra er að krafa komi fljótlega upp um að gera sæmilega akfæran veg yfir Kollafjarðarheiði (þjóðveg 66) sem tengir þá nýjan veg um Austur-Barðastandásýslu yfir í Djúp.

## Brýr á alla firði

Eflaust mætti brúa alla firði á Djúpvegi með flotbrúm, en veðurófsi sem oft getur verið eins og í Skötufirði gæti sett þar strík í reikninginn. Slíkt er þó ekkert einsdæmi í heiminum og ár sem slíkar brýr eru lagðar yfir geta verið afar straumþungar. Hafa menn einfaldlega leyst það með akkerum sem eru kirfilega fest í ár- eða hafsbotninum eða vírum sem strengdir eru í land.

## Skammtíma skyndibrýr

Herir ýmissa landa eru með slíkar brýr og er einingunum sturtað í vatn og tekur aðeins um hálf tíma að koma hverri einingu fyrir. Þessar brýr eru ekki hugsaðar til langtímanota, en gætu samt eflaust dugað ansi vel. Dæmi um rússneska brú af slíkum toga getur verið 230 til 380 metrar að lengd og er með rúmlega 3 til nærri 7 metra vegbreidd og þolir vel akstur þungra skriðdreka.

## Hver vill ekki margra tuga kílómetra vegstyttingar?

Vel gæti verið að einhverjum framtakssömum einstaklingum dytti í huga að kaupa flotbrýr af t.d. rússneska eða kínverska hernum ef þær fengjust á hagstæðu verði til að brúa firði á Vestfjörðum eða Austfjörðum, eða ár á hálendinu. Mætti t.d. alveg ímynda sér að einhverjir vegfarendur væru til í að greiða brúargjald til að stytta sér t.d. 30 km akstur um Ísafjörð í innanverðu Djúpinu og álíka vegalengd í Skötufirði. Hvort einhver glóra er í slíku er svo væntanlega verkfræðinga að segja til um.

/HKr.



Herir margra landa hafa yfir að ráða flotbrúm sem koma má fyrir á nokkrum klukkustundum.

**GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM**



Í blómaverslunum eru í boði ýmis yrki með mismunandi blaðlit og blaðstærð en meðhöndlun allra yrkjanna er svipuð.

**Bergflétta – evrópsk skógarjurt**

Þessa plöntu kannast flestir við. Bergflétta (*Hedera helix*) er fjölær, sígræn klifurplanta sem hægt er að láta klifra upp með húsveggjum og trjástofnum í gördum eða nota sem þekjuplöntu í hlýjum gördum.

Hún er ein af fáum tegundum úr evrópskri náttúru sem hafa náð verulegum vinsældum sem pottaplanta. Hana er víða að finna í skógum þar sem hún klifrar upp eftir stofnum trjáa, ekki síst í beykiskógum Evrópu.

Bergflétta hefur sérhæfðar heftirætur sem smjúga inn í smáar glufur og halda plöntunni fastri við undirlagið án þess að valda teljandi skaða á stofni trjáa. Í heimahúsum er bergfléttan ýmist notuð sem hengijurt eða bundin upp við mosastöng eða járngrind en þannig nýtur hún sín einna best.

**Gott að úða reglulega**

Í rauninni hentar venjulegt stofuhitastig og loftraki ekki sérlega vel fyrir bergfléttu, hún kys lægra hitastig og hærri loftraka en þar er algengast og ætti að velja henni stað í samræmi við það. 17°C er ákjósanlegt hitastig og til að auka loftraka kringum plöntuna þyrfti ræktandinn að vera duglegur að úða yfir hana fínnum vatnsúða eða hafa pottinn í víðri undirskál með grófum, rökum vikri. Einnig mætti hafa í huga að þar sem margar pottaplöntur vaxa saman skapast heldur hærri loftraki en ella. Á veturna líður bergfléttu best við hitastig í kringum 10°C og takmarkaða vökvun án áburðar.

Í blómaverslunum eru í boði ýmis yrki með mismunandi blaðlit og blaðstærð en meðhöndlun allra yrkjanna er svipuð. Þó þurfa tvílit yrki bjartari vaxtarstað en hin grænu til að litirnir komi skýrt fram.



Bergflétta var notuð til lækninga.

Notuð er venjuleg pottamold og vökvað með áburðarlegi meðan vöxturinn er mestur yfir sumartímann. Hún þarf góða birtu í skammdeginu en á vaxtartímanum er til bóta að færa hana frá suðurglugga því lafið getur orðið litdauft og hreinlega sölnað í mikilli sól. Þetta er jú planta sem þrífst í talsverðum skugga í sínum náttúrulegu heimkynnum.

**Mismunandi vaxtarform**

Í rúmgóðum blómapotti með undirskál eða pottahlíf geta greinar bergfléttunnar orðið mjög langar. Það er samt hægt að móta þetta, fallega plöntu með einföldum hætti. Þegar ungar greinar eru komnar í góðan vöxt



Enska ljóðskáldið Alexander Pope, krýndur bergfléttusveig.

er efsti hluti þeirra stytur lítið eitt og þá bregst plantan við með því að mynda fleiri greinar og plantan þéttir sig í stað þess að mynda fáar, langar renglur.

**Græðlingafjölgun auðveld**

Yfirleitt eru seldar í blómaverslunum plöntur sem ræktaðar eru upp af nokkrum græðlingum. Auðvelt er að fjölga bergfléttu, við notum græðlinga með 2–3 laufum og setjum þá í áburðarsnauda mold við háan loftraka, t.d. er hægt að setja pottinn í opinn plastpoka í fáeinar vikur. Þegar rætur hafa myndast er umpottað í stærri pott með góðri pottamold, vöxturinn mótaður með toppun og plönturnar ýmist bundnar upp eða láttnar í hengikörfur, allt eftir óskum ræktandans. Hafa ætti gætur á meindýrum, einkum spunamítli.

**Dulúð, hjátrú og lækningar**

Rómverski vínguðinn Bakkus er oft sýndur með bergfléttukrans á höfði og segir þjóðtrú sumra landa að hann dragi úr áfengisvímu. Tegundin var einnig tengd vitsmunalegum yfirburðum, t.d. voru framúrskarandi ljóðskáld krýnd bergfléttusveig eða lárviðarsveig og sama gilti um afreksfólk í íþróttum á tímum Rómaveldis hins forna. Bergflétta var einnig notuð til lækninga, meðal annars við hósta, bólgum í öndunarvegi, þvagsýrugigt, liðaverkjum og bólgum við augu. Alls ekki er mælt með þeirri notkun nema undir handleiðslu reyndra grasalækna, lafið inniheldur nokkuð af efninu hederageníni sem er varasamt við inntöku og veldur ógleði, óhóflegri munnvatnsmyndun og fljúgandi steinsmugu.

**Ingólfur Guðnason**  
fagbrautarstjóri  
garðyrkjuframleiðslu  
Lbhí Reykjum, Ölfusi



2019 ÁRGERÐIN AF TONGLI VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN. HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 415 1690 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS. VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR AÐ AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI.



**T408-3**  
1000W 60V  
með hljómflutningstækjum.  
370.000 kr.



**T408**  
1000W 60V  
með hljómflutningstækjum.  
350.000 kr.



**T418-S**  
1000W 60V  
með hljómflutningstækjum.  
440.000 kr.

ehjól | Austurmörk 4 | 810 Hveragerði | sími:415 1690 | ehjol@ehjol.is | www.ehjol.is



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA  
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHUÐUM

**ISHURÐIR**

[www.ishurdir.is](http://www.ishurdir.is)

564-0013 | 865-1237



**STAHL** Crane Systems  
**kranar & taliur**

STAHL kranar og taliur frá Þýskalandi eru áreiðanlegir vinnubjarkar sem auðvelda alla vinnu. Kranarnir og taliurnar eru í hæsta gæðaflokki þar sem öryggi og góð ending eru höfð að leiðarljósi.

Hafðu samband og kynntu þér vöruvalið og þjónustuna



**ÍSFELL**

Ísfell ehf, Öseyrarbraut 28  
220 Hafnarfjörður, Sími 6200 500  
[www.isfell.is](http://www.isfell.is), [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)

# Rafvæðing og lýsing er notuð á annan hátt en áður var og meira sem hluti af heildarhönnunarferli í mannvirkjagerð: Ljós-gjafinn rekur öfluga tæknideild sem fer hvert á land sem er

Margrét Þóra Þórsdóttir  
mth@bondi.is



Í eina tíð voru ljós bara ljós en nú er öldin önnur, lýsing er notuð á annan hátt en áður var og er hluti af heildarhönnunarferli og útliti húsa. Lýsing er notuð til að ná fram ákveðnum áhrifum. Vel heppnuð lýsing gerir rými nefnilega að einhverju öðru og meiru en áður. Hún eykur vellíðan, kemur í veg fyrir slyss, fólk þreytist minna við vinnu ef lýsing er góð, auk þess sem hún býr til stemningu og gerir rými notalegra en ella.

Þetta vita starfsmenn hjá Ljós-gjafanum á Akureyri mæta vel en þeir eru önnur kafnir alla daga við verkefni á sviði raflýsingar og hönnunar. „Það hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarið og við erum að elta verkefni úti um allt land,“ segir Randver Karlsson, framkvæmdastjóri Ljós-gjafans. „Við sinnum okkar verkefnum í öllum gerðum mannvirkja, erum mikið í íbúðum, fyrirtækjum, stofnunum og á ferðamannastöðum og eins störfum við alltaf reglulega í landbúnaðarbyggingum.“



Við hönnun á fjósum í dag er mikið lagt upp úr góðri lýsingu.



Randver Karlsson, framkvæmdastjóri Ljós-gjafans.

## Hörgdælir bæta lýsingu í fjósum

Þannig hafa starfsmenn Ljós-gjafans mikið verið á ferðinni í Hörgársveit undanfarið, eru nýbúnir að leggja í nýtt fjós að Syðri-Bægisá og þá hönnuðu þeir raflagnir og voru með rafverktöku í nýju kálfahúsi á Öxnhóli. Þá eru þeir að ganga frá rafhönnun í nýju fjósi að Stóra-Dunhaga. Nýlökkið er þáttöku þeirra í endurbótaverkefni í fjósinu í Fagraskógi. Eins hafa þeir farið um aðrar sveitir, sáu m.a. um hönnun á rafkerfum og rafverktöku í fjósi í Sigtúnum í Eyjafjarðarsveit fyrir nokkru.

„Við höfum unnið að mörgum skemmtilegum verkefnum til sveita og auk þess að sinna okkar verkefnum í landbúnaðarbyggingum þá hafa verkefni sem



Lýsingin í hellinum Viðgimli í Borgarfirði eykur á hughrif þeirra sem skoða þetta merkilega náttúrufrýrbæri. Ferðapjónustufyrirtækið The Cave byggði upp viðamikla aðstöðu í hellinum og hóf starfsemi þar vorið 2016. Viðgelmir er sagður stærstur allra hella á Íslandi og einn stærsti hraunhellir í heimi. Árið 1993 fundust mannvistarleifar í hellinum.

tengjast aukinni ferðapjónustu líka verið áberandi hin síðari ár,“ segir Randver.

## Lýstu hellinn Viðgimli upp

Starfsfólk tæknideildar Ljós-gjafans var tilnefnt til lýsingaverðlauna fyrir verkefni sem unnið var á liðnu ári og snerist um að lýsa upp hellinn Viðgimli í Hallmundarhrauni. Ábúendur á bænum Fljótstungu í Hvítársíðu áttu hugmyndina og viðurðu hana við Ljós-gjafamenn. Viðgelmir er alls um 1600 metra langur en þeir höfðu hug á að lýsa upp hluta hans, alls á bilinu 5–600 metra. Randver segir að um erfitt og flókið verkefni hafi verið að ræða. Ekkert rafmagn var á svæðinu og engin verkefni

af svipuðum toga höfðu verið unnin hér á landi áður. Leggja þurfti háspennustrengi um langan veg og koma upp þjónustuhúsi. Síðan voru strengir lagðir þaðan og yfir úfið hraun inn í hellinn. Þar var komið fyrir töflum og ljósum og leggja að lýsingu oft við mjög erfiðar aðstæður, en lofthæð í hellinum getur verið upp í 20 metra. Eins þurfti að hafa í huga við allt verkefni að engin skaði yrði á umhverfinu. „Þetta tókst allt mjög vel og lýsingin í hellinum hefur vakið mikla athygli. Við erum ánægð með árangurinn,“ segir Randver.

Hann nefnir að mikið hafi verið umleikis á liðnum árum í kringum ferðapjónustuna og Ljós-gjafinn farið um allt land til að sinna verkefnum í þeirri atvinnugrein. Nefna má rafverktöku á Fosshótel Mývatni og eins sáu þeir um verkefni á þessu sviði á Fosshótel Hnappavöllum í Örfasveit. Þeir sáu um rafhönnun og fleira á Ícelandair-hótelum við Mývatn og sáu um rafverktöku og hönnun ljósastrykerfa á Norðurljósastrinu á Kárhóli í Reykjadal.

Mörg verkefnanna eru fyrir sveitarfélög, m.a. við



Mjólkurþjarkur settur upp í fjósinu á Syðri-Bægisá.



Unnið við fódurverksmiðju Bústólpa.


skólabyggingar og eins við að hanna sjálfvirkar stýringar með skjámyndakerfum við sundlaugar.

### Öflug tæknideild með mikla reynslu

„Uppbygging í kringum ferðaþjónustu og eins alls kyns verkefni sem eru á könnu sveitarfélaga hafa skapað fjölmörg verkefni fyrir okkar fyrirtæki síðastliðin ár. Verkefnastaðan hefur verið afar góð og mikið að gera. Mörg þessara verkefna eru krefjandi og við búum svo vel að tæknideild okkar er afar öflug, starfsmenn búa yfir mikilli þekkingu og sífellt bætist við reynslubankann.“ segir Randver. Alls starfa að jafnaði um 40 tæknimenn hjá Ljósgejafanum og sinna þeir alhliða þjónustu í öllu sem snýr að rafmagni og raftæknibúnaði. Menntun þeirra er margs konar, innanborðs eru rafvirkjar og rafeindavirkjar, lýsingarhönnuðir, kerfisfræðingar, rafmagnstæknifræðingar og verkfræðingar svo eitthvað sé nefnt.

### Meiri og öðruvísi lýsing eftir því sem aldurinn færist yfir

„Fólk hefur með árunum áttað sig á því að vel heppnuð lýsing er afar mikilvæg, hún eykur ekki bara vellíðan þeirra sem eru innandyrna og gerir rýmið notalegra heldur getur hún líka komið í veg fyrir slys.“ segir Randver. Hann bendir á að fólk sem orðið er 40 ára þurfi aðra og meiri lýsingu en þeir sem eru 20 ára, þeir þurfa helmingi meira ljósmagn við sína vinnu og það sama á við um fólk sem er 60 ára og þarf mun meiri og öðruvísi lýsingu en þeir sem eru fertugir. Randver segir það ekki koma sjón við heldur sé vegna aldurstengdra breytinga sem verða á augnbotnum okkar. „Það er því margt sem hafa verður í huga við hönnun góðrar lýsingar,“ segir hann.



Smekklega gerð óbein lýsing á hótélgangi Hrimlands á Akureyri.

### Vanlíðan fylgir illa útfærðri lýsingu

Rekstrarkostnaður lýsingarkerfa er umtalsverður, m.a. rafmagnskostnaður og eins viðhald búnaðar og segir Randver hægt að spara umtalsverða fjármuni með því að fá sérfræðinga strax að borðinu til ráðgjafar, hanna lýsingu og velja rétta búnaðinn. „Það hefur orðið gríðarlega mikil þróun á þessu sviði á liðnum árum, einkum þá og sér í lagi vegna LED-tækninnar. Þróunin er raunar svo ör að það er vart á færi leikmanna að fylgjast með öllum þeim tæknilausnum sem í boði eru hverju sinni. Þeim mun mikilvægara er að fá álit sérfræðinga áður en menn hefjast handa við að setja upp dýran ljósabúnað. Við finnum að fólk er meðvitað um þetta og gerir mikið af því að fá hjá okkur ráð í þessum efnum,“ segir hann. Á stundum hafi menn áttað sig á að lýsing sé illa útfærð, um of- eða vanlýsingu geti verið að ræða og getur þá valdið vanlíðan. „Lýsing getur valdið fólki pírtingi og þreytu, en það er ekki endilega að setja samasemmerki þar á milli.“ Þá segir hann að ljósmengun sé fylgifyiskur illa hannaðrar lýsingar og komi niður á umhverfinu.



Hluti útlýsingar á Icelandair-hótelinu á Mývatni.



Raflagnir og lýsing á hótelinu á Hnappavöllum í Örfasveit er meðal verkefna Ljósgejafans á landsbyggðinni.



## Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2019/20

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	832-1557	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi Upp ehf	691-4995	KM Þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Biggi Upp ehf	691-4995	KM Þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KM Þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Biggi Upp ehf	691-4995	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Flateyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Ísafjarðardjúp	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Hólmavík	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Bitrufjörður	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	Lífland Blönduósi	540-1155
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri	455-4610
Akureyri	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	458-8980
Mývatn	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	458-8980
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Jötunvélar, Egilsstöðum	480-0448
Höfn	Biggi Upp ehf	691-4995	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Biggi Upp ehf	691-4995	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Biggi Upp ehf	691-4995	Ragnar S. Þorsteinsson	864-9628
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840

Vinsamlega gætið að því að hafa aðeins 20-25 kg í hverjum ullarpoka!  
www.istex.is og www.ullarmat.is

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300  
Næsta blað kemur út **7. nóvember**


## FJÓSAINNRETTINGAR



DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Hafðu samband:  
[bondi@byko.is](mailto:bondi@byko.is)



byko.is

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN

Minnkandi umsvif í sjávarútvegi breyttu Hauganesi í ferðapjónustubæ:

# Heitir pottar og veitingastaður í víkingaskipi slá í gegn

— Aðsókn eykst ár frá ári

Margrét Þóra Þórsdóttir  
mth@bondi.is



„Það hafa í árána rás orðið gríðarlegar breytingar á samfélögum hér út með firði. Í eina tíð áttum við allt undir sjávarútvegi, veiðum og vinnslu en sú starfsemi er ekki svipur hjá sjón miðað við sem var hér á árum áður. Ferðapjónustan hefur fyllt upp í það skarð sem sjávarútvegurinn skilur eftir sig,“ segir Elvar Reykjálín, framkvæmdastjóri Ektafisks á Hauganesi.

Hann er jafnframt eigandi veitingastaðarins Baccalá bar, rekur tjaldsvæðið í þorpinu og heita potta í Sandvíkurfjöru, en ferðapjónustuhluti starfsemi hans hefur notið mikilla og vaxandi vinsælda með árunum.

Ektafiskur framleiðir saltfisk og er þekkt vörumerki. Á bilinu 60 til 70% framleiðslunnar er selt til Ítalíu og Spánar. Smávægilegur byggðakvóti er á Hauganesi sem Elvar nýtir en hann kaupir einnig hráefni beint af bátum eða á markaði. Á liðnu sumri voru 14 manns á launaskrá, í fullu starfi eða hálfu, hjá fyrirtækinu en þeim hefur fækkað aðeins nú þegar haustið er gengið í garð.

„Við söfnum aldrei upp birgðum, vitum nokkurn veginn hvað okkar viðskiptavinir þurfa og framleiðum eftir því,“ segir hann.

## Ferðapjónusta tók við sjávarútveginum

Elvar fór að fikra sig út á ferðapjónustubrautina fyrir um tveimur áratugum og kom það til í kjölfar þess að ferðaskrifstofa var í vandræðum með að finna eitthvað skemmtilegt fyrir hóp ferðamanna og óskaði eftir að Ektafiskur á Hauganesi kæmi þar að.

„Þetta hefur svo undið ansi mikið upp á sig síðan,“ segir hann. Ferðalangar sem heimsækja Ektafisk fá hákarlsbita og heimalagaðan snafs á meðan þeir fylgjast með handflökun. Síðan er farið í leiki ef fólk vill og sagðar skemmtilegar sögur.

„Ferðafólk vill sjá hvernig daglegt líf íbúanna gengur fyrir sig, hvað þeir eru að fást við svona hversdags,“ segir hann. Ferðapjónustuhluti starfsemi Ektafisks hefur vaxið ár frá ári og gerir Elvar ráð fyrir að um 20 þúsund ferðamenn heimsækji Hauganes í ár þar sem þeir fara ýmist í hvalaskoðun, gista á tjaldsvæðinu, skella sér í potta og sjóbað og eða borða á Baccalá Bar.

Minnkandi umsvif í sjávarútvegi breyttu Hauganesi í svefnbæ. Nánast enginn kvóti er nú fyrir hendi, en um langt skeið hafa verið gerðir þaðan út tveir hvalaskoðunarbátar. Fyrirtækið Whales er elsta starfandi hvalaskoðunarfyrirtæki í greininni hér á landi. Fyrir fáu árum varð sprenging í aðsókn í hvalaskoðun og æ fleiri ferðalangar mættu á bryggjuna á Hauganesi í því skyni að sjá hvali úti á firði. Annað var ekki í boði í þorpinu, menn komu og fóru. „Það fóru að berast fyrirspurnir um hvort hægt væri að fá eitthvað að borða á staðnum, fyrir eða eftir ferð, og það var kveikjan að því að



Elvar Reykjálín hefur með aðstoð mætra manna byggt upp ferðapjónustu á Hauganesi og er sú starfsemi hans til viðbótar við öfluga fiskvinnslu Ektafisks sem starfandi er í þorpinu.

Myndir / Úr safni

ég hóf þessa ferðapjónustu,“ segir Elvar.

## Gamla frystihúsið fékk nýtt hlutverk

Hann keypti húsnæði sem áður var frystigeymsla íbúa sveitarfélagsins, hver fjölskylda hafði sinn lykil að skáp undir frystivöru heimilisins. Húsið var reist árið 1954, sama ár og Elvar fæddist, en Vigfús afi hans í Litla Árskógi var yfirsmiður. Húsið hafði staðið autt um langt skeið. Elvar gerði heilmiklar endurbætur á húsinu og þar var m.a. komið upp fullkomnu eldhúsi og sal með borðum og stólum fyrir gesti. Fyrir fjórum árum var byrjað að byggja veitingasal sunnan hússins og framan við það var reistur góður pallur. Utan um pallinn var smíðað víkingaskip og óhætt er að segja að það er nú eitt af helstu kennileitum Hauganes.

Þá kom Elvar upp nýju tjaldsvæði með öllu því sem til þarf á slík stæði, rafmagnstenglum, salernum, og sturtuádstöðu. Einnig er búið að gróðursetja umhverfis svæðið og mun það með tímanum verða í skjólgóðum trjálundi. Steinsnar er frá tjaldsvæðinu yfir á veitingastaðinn, Baccalá bar sem og einnig niður í



Elvar á góðri stundu með félögum í einum af pottunum sem eru í Sandvíkurfjöru, eftirlíking af báti.

Sandvíkurfjörur þar sem Elvar hefur komið upp fimm heitum pottum, salernum og búningsaðstöðu. Sandvíkurfjara hefur aðráttarafl, er eina aðgengilega sandfjaran á norðanverðu landinu sem snýr mót suðri og hefur löngum verið leikvöllur barna, hún er grunn og sjórinn hitnar vel á sólríkum dögum.

**Aðsókn aukist mjög mikið í sumar**

Elvar er ánægður með sumarið og segir að aðsókn hafi aukist um 50 til 70% í júní og júlí. Ágúst var aðeins erfiðari, veður setti strik í reikninginn, en þrálát norðanátt dró mjög úr lausaumferð ferðamanna. „Sumarið í heild kom vel út og við toppuðum fyrra ár svo um munar, en minnsta aukningin var í ágúst, sá mánuður var ferðapjónustu á Norðurlandi erfiður, hvalabátar þurftu að aflýsa ferðum og tjaldsvæði sem í vanabundnu veðurfari hefðu átt að vera full voru hálf tóm. En þetta er bara sá veruleiki sem við búum við í þessu ágeta landi og þurfum að taka mið af því,“ segir hann.

Elvar telur að Hauganes sé hröðum skrefum að komast á kortið, enda komi fólk á þá staði þar sem eitthvað áhugavert er í boði, „og við virðumst hafa hitt í mark með sjóþottasvæðinu okkar og víkingaskipinu. Maður sér ferðafólkið taka af sér myndir með skipið í baksýn en áttar sig kannski ekki á hversu ofboðslega víða þessar myndir fara,“ segir hann.

**Sefur ekki fyrir verkum**

Elvar kveðst vissulega vera með margar hugmyndir í kollinum um frekari uppbyggingu á ferðamannasviðinu og þær muni eflaust einhverjar líta dagsins ljós á næstu árum. „Ég segi stundum við konuna mína þegar ég fer á fætur um sex leytið flesta morgna að ég geti bara ekki sofið fyrir verkum,“ segir Elvar sem hefur í mörg horn að líta en er alls ekki einn í sínu stússi.

„Með mér eru úrvalsmenn sem heldur betur hafa létt undir með mér,“ segir hann og nefnir snilldarsmiðinn Elías, Hafstein bróður sinn, sem hefur verið afar duglegur að koma að sunnan og dvelja dögum saman við að aðstoða við uppbygginguna, og Raggi bróðir sér um að alltaf sé



Veitingastaðurinn Baccalá bar var áður húsnæði sem hýsti frystigeymslu íbúa á Hauganesi. Á palli framan við veitingastaðinn var smíðað víkingaskip og hefur það svo sannarlega vakið verðskuldaða athygli. Ofár myndir eru teknar af staðnum og fljúga eflaust úti um allan heim á samfélagsmiðlum.



Í Sandvíkurfjöru eru alls fimm heitir pottar, búið er að koma fyrir lítilli búningsaðstöðu og salernum og er umhverfið allt eins og best verður á kosið.

til glænýr fiskur í fisk og franskar, og ekki síst „bæjarstjórnin“ Sverrir sem er ævinlega tilbúinn að aðstoða. „Umhverfisnefndin í sveitarfélaginu

og bæjarstjórn hafa líka sýnt mér umburðarlyndi, stundum hefur mér legið fullmikið á að koma hlutum í framkvæmd,“ segir Elvar.

**Ekki verra að njóta þaðanna í vondu veðri**

Sumarið er nú að baki en heitu pottarnir í Sandvíkurfjöru eru opnir alla daga allt árið, frá kl. 9 á morgnana til 22 á kvöldin. Óskað er eftir að þeir sem njóta baðsins þar greiði 500 krónur í kassa og segir Elvar flesta greiða gjaldið fúslega en þó séu ótrúlega margir sem reyni að komast undan því.

„Það virðast ótrúlega margir sjá eftir þessum pening og greiða ekki sem er mjög leit þvi það er töluverður kostnaður við þennan rekstur, t.d. við þrif á pottum, búnings- og salernisaðstöðu og kaup á sápu og fleiru,“ segir Elvar og leggur áherslu á að bannað sé að fara í pottana eftir kl. 22 á kvöldin. Nema með sérstöku leyfi og ábyrgðarmaður í hópnun sjái um að allt fari vel fram og snyrtileg umgengi er áskilin.

Elvar segir ekki síður frábæra

upplifun að njóta þess að fara í pottana í Sandvíkurfjöru í vondu veðri þar sem jafnvel kemur fyrir að aldan skvettist alla leið upp að pottunum.

**Skemmtikvöld með þjóðlegu ívafi í vetur**

Veitingastaðnum Baccalá bar var lokað fyrr í þessum mánuði en Elvar segir að tekið sé á móti hópnun í mat og kynningu í vetur en sá háttur hafi verið hafður á til fjölda ára. Staðurinn verður svo opnaður á ný með vorinu. Til stendur í vetur að bjóða af og til upp á skemmtikvöld með þjóðlegum mat, tónlist og gríni til að létta fólki lundina yfir vetrartíðina. Fyrsta skemmtikvöldið er fram undan, verður 9. nóvember næstkomandi en þá verður blásið til sviða- og lappaveislu með kartöflu- og rófustöppum. Tónlistartriði verða í boði og grínistar stíga á svið.

**Lífræn hreinsistöð**



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyr á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



**IÐNVER**  
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

**Askurinn 2019**

**Íslandsmeistarakeppni í matarhandverki**

Ert þú að búa til matarhandverk?  
Þá átt þú erindi í Íslandsmeistarakeppni!  
Ertu búin að skrá þig?

**REGLUR, SKRÁNING OG ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR:**

[www.matis.is](http://www.matis.is)

Aðstandendur Íslandsmeistarakeppni í matarhandverki:



Dagsetningar sem skipta máli:

**4.nóv** - Skráningu lýkur

**19.nóv** - Skil á keppnisvörum til Matis

**20.-21.nóv** - Fagdómarar taka út innsendar keppnisvörur

**23.nóv** - Verðlaunaafhending á Matarhátíð á Hvanneyri

Samstarfsaðilar við verðlaunaafhendingu:





## Vatnsöflun vegna slökkvistarfs í dreifbýli

Vatnsöflun vegna slökkvistarfs í dreifbýli getur víða verið vandamál fyrir slökkvilið.

Flest slökkvilið eru vel tækjum búin með tankbíla, sem eru mjög nauðsynlegir ef eldur verður laus til sveita. Víða eru langar vegalengdir á eldstað og útkallstími óþægilega langur. Mjög slæmt er fyrir slökkvilið að verða vatnslaus við slökkvistarfið en oft eru það minni bílar staðsettir úti um sveitir með mjög lítinn vatnsforða (1.000 til 2.000 lítra) sem eru fyrstir á staðinn.

### Pekking á vatnstökustöðum er nauðsynleg

Nauðsynlegt er fyrir slökkvilið og ábúendur að þekkja alla mögulega vatnstökustaði sem nothæfir eru til dælingar. Þeir þurfa að vita um vegalengdir, hæðarmun og aðkomuleiðir að staðnum. Ef enginn nothæfur vatnstökustaður er fyrir hendi þarf að vera á hreinu hvar styst er að fara til að ná í vatn á tankbíl. Víða er hægt að útbúa vatnstökustað, til dæmis í bæjarlæk, þar sem þarf að koma fyrir stíflu til að hafa smá vatnsöflun (sjá mynd).



Þarna er um að ræða 45 ára gamla manngerða tjörn í Norðurárdal í Borgarfirði, sem hefur staðist tímans tönn en fer að þarfnast hreinsunar. Í henni eru 800 til 1.000 rúmmetrar af vatni.

### Efla þarf forvarnir

Ef bæjarlækur fer í ræsi undir veg getur verið gott að hafa



Guðmundur Hallgrímsson.

tiltækan hlemm sem hægt er að setja fyrir ræsið og safna vatni meðan slökkvilið er á leiðinni. Mörg slökkvilið eru komin með svokallaðan „one seven“ búnað og þá þarf minna magn af vatni. Búnaðurinn brýtur vatnið niður svo yfirborðið margfaldast og virkar mun drýgra en með venjulegri dælingu.

Margir bændur hafa gert ýmsar ráðstafanir til að geta brugðist við ef eldur verður laus og beðið er eftir slökkviliði. En eins og gengur hafa aðrir því miður velt þessu fyrir sér. Best er þó að byrja á byrjuninni og efla forvarnir. Yfirfara þarf reglulega rafmagn og raf-lagnir, ljós, tengingar og töflur og athuga hitamyndun til dæmis með hitamyndavél. Eftir heim-sóknir mínar til fjölmargra bænda síðast-liðin ár hafa

víða verið athugasemdir út af hitamyndun út af rafmagni og sums staðar komið nærri hættumörkum. Best er að fá fagmann til að laga það sem laga þarf.

Guðmundur Hallgrímsson, fyrrverandi ráðsmaður á Hvanneyri, tók saman fyrir Eldvarnabandalagið.

## Greinaflokkur Eldvarnabandalagsins

Eldvarnabandalagið er hópur áhugafólks um eldvarnir í landbúnaði. Í samvinnu við þennan hóp munu birtast á síðum Bændablaðsins á næstu mánuðum greinar undir heitinu Eldvarnir. Þar verður fjallað um ýmsa áhættuþætti er snerta rekstur og heimili bænda og eiga líka fullt erindi til almennings, ekki síst í dreifbýlinu.

**[ELDVARNAR]  
bandalagið**



## UTAN ÚR HEIMI



Á rótum plantna eru rótarhár sem taka upp vatnið og næringarefni.

## Vísindamenn við Tækniháskólann í München skoða undur náttúrunnar: Innbyggðir „reykskynjarar“ í plöntum stýra einnig vexti rótarhára

– Karrikin-prótein lykill í leit að vatni og að því að vekja fræ eftir skógarelda

Þrátt fyrir að rætur plantna séu flestum huldar er starfsemi þeirra mikil og margbreytileg. Rannsóknir hafa sýnt að eftir skógarelda greina fræ plöntutegunda sem fyrstar eru til þess að vaxa upp eftir eldana prótein sem kallast karrikin í umhverfinu. Með öðrum orðum, fræin eru með eins konar innbyggða reykskynjara.

Fræin sem um ræðir hafa í mörgum tilfellum legið í mörg ár eða áratugi í dvala. Í fræjunum eru innbyggðir svokallaðir KA12 móttakarar fyrir karrikin-prótein sem rýfur dvala fræjanna og veldur því að þau spíra þegar þeir verða virkir.

### Karrikin-prótein mikilvæg fyrir leit plöntunnar að vatni

Auk þess sem ræturnar halda plöntum föstum í jörðinni taka þær upp vatn og næringarefni sem flyst upp í laufblöðin þar sem því er breytt í súrefni með hjálp sólarljóssins.

Rætur hafa þann eiginleika að leita uppi raka í jarðvegi og vaxa í áttina að honum og geta ræturnar sveigst og beygst í allar áttir til að



komast í rakann. Á rötunum eru minni rætur sem kallast rótarhár og það eru þau sem taka upp vatnið og næringarefni.

Vísindamenn við Tækniháskólann í München hafa undanfarið lagt nött við dag í rannsóknir á rótarvexti plantna í viðleitni sinni til að leita skilnings á hvernig ræturnar fara að því að finna vatn.

Nýjar rannsóknir benda til að karrikin-próteinið gegni einnig mikilvægu hlutverki í leit róta að raka í jarðvegi.

Rótarhár auka yfirborð róta til muna og sýna rannsóknir að KA12-prótein gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að vexti þeirra og því að rætur vaxa almennt niður í jarðveg. Rannsóknir sýna að ef magn karrikin-próteina er aukið í umhverfi plantna eykst rótarvöxtur þeirra.

### Áhugaverð þróun

Niðurstaða rannsókna er meðal annars áhugaverð í ljósi þróunar plantna. Líklegt er talið að upphaflega hafi KA12 stjórnað ákveðnum þróunarferlum í öllum plöntum eins og vexti rótarhára. Þróun hafi svo leitt til þess að próteinið hafi farið að stjórna eða hafa áhrif á spírun ákveðinna tegunda plantna eins og þeirra sem spíra í kjölfar skógarelda.

Aðstandendur rannsókna segja að auk þess að auka skilning á lífstarfsemi plantna geti niðurstöðurnar nýst til að auka uppskeru í matjurtarækt með því að auka vöxt rótarhára, upptöku vatns og næringarefna og um leið aukinnar uppskeru. /VH

## Rúmenía og ólöglegt skógarhögg:

# Skógarverðir myrtir

Skógarvörður í Rúmeníu var nýlega skotinn til bana með veiðirifli þegar hann var á leiðinni á vettvang til að kanna ólöglegt skógarhögg. Skógarvörðurinn er annar sem myrtur er í landinu á tveimur mánuðum í átökum vegna ólöglegs skógarhöggs.

Í Rúmeníu er að finna talsvert af ósnertum frumskógum og gömlum ræktuðum skógum sem eru mikilvægt búsvæði fyrir villt dýr eins og birni, úlfa og villta ketti. Skógarnir hafa í langan tíma verið helsta nytjavæði ólöglegs skógarhöggs í Evrópu og gríðarlegt magn trjáa fellt ólöglega á hverju ári. Timbrið úr skógunum er selt um alla Evrópu og notað í húsbýggingar, húsgögn og til pappírsgerðar.

Skógarvörðurinn sem var skotinn til bana fór til að kanna sögusagnir um ólöglegt skógarhögg í fjallendi í norðanverðu landinu. Fyrir um tveimur mánuðum fannst annar látinn skógarvörður skammt frá athafnasvæði ólöglegra skógarhöggsmanna. Sá maður hafði verið sleginn í höfuðið með öxi og lést vegna höfuðblæðinga.

Dauðsföllin hafa skiljanlega



Tveir skógarverðir í Rúmeníu hafa verið myrtir með skömmu millibili við að kanna ólöglegt skógarhögg.

vakið talsverða athygli og orðið til þess að skógarhöggsmenn í landinu hafa stigið fram og sagt frá margs

konar árásum sem þeir hafa orðið fyrir vegna starfsins, bæði ofbeldi og hótunum. /VH



## BÆKUR &amp; MENNING

# ÍNA: Atburðir í Öskju árið 1907


„Eftir vikulangt slagviðri er sumarið aftur komið í Mývatnsveit. Menn og skepnur una lífinu. Himinninn er aftur sáttur við jörðina. Það er heyskapartíð.“

Þennan texta er að finna í nýrri skáldsögu Skúla Thoroddsen sem kallast ÍNA og fjallar um atburði sem áttu sér stað í Öskju árið 1907.

Bókaútgáfan Sæmundur hefur gefið út skáldsöguna, ÍNA eftir Skúla Thoroddsen í Reykjanæsbæ. ÍNA fjallar um atburði sem áttu sér stað í Öskju árið 1907 þegar tveir Þjóðverjar, Walter von Knebel jarðfræðingur og Max Rudloff listmálari hurfu þar sporlaust.



Skúli Thoroddsen.



## 20. júlí 1907

Eftir vikulangt slagviðri er sumarið aftur komið í Mývatnsveit. Menn og skepnur una lífinu. Himinninn er aftur sáttur við jörðina. Það er heyskapartíð. Hvít ský leika sér í heidríkjuni, blómin brosa, kýrnar flatmaga jórtrandi og berja frá sér flugu með halanum. Rjúpan þræðir troðninga með unghópinum sinn og þvælist fyrir klyfjahestunum þegar Sigurður vinnumaður á Grænavatni fer þar um götuna syngjandi glaður eins og spóinn. Það er votaband á klökkum klyfberanna og hestarnir stynja undan böggnum. Lífið hefur sinn gang. Það er heitt og Sigurður þurrkar svitann af enninu. Heimafólk á Grænavatni er flest við heyskap á votengjum með öðrum úr sveitinni þegar Friðrik í Svartárkoti kemur í hlað á löðursveittum klárnum. Þar er þá enginn heima við nema börn og gamlingjar og Sigurður vinnumaður sem kominn er í túnið, önnur kafinn við að leysa heybandið og bera í sátur. Heyið

á að þurrkast heima við, það verður breitt, rifjað og tekið saman, bólstrað á ný og borið svo heim í hlöðu. Útthýið er kærkomin viðbót við töðuna af túnblettunum heima við bæina en erindi Friðriks er brýnna en svo að ekki megi gera hlé á vinnunni. Málið þolir enga bið. Hann hafði verið sendur af Þórði föður sínum að sækja hjálp og hann ríður þegar með Sigurði suður á engjarnar að finna þar Erling bónda á Grænavatni, sem er manna ráðabestur, að færa honum þær fregnir að tveggja útlendinga væri saknað við Öskju. Þeir hefðu horfið sporlaust á bátænu sinni þegar þeir voru að rannsaka vatnið. Nú þyrfti að kalla saman vaskan flokk manna til leitar að þessum útlensku mönnum við vatnið og á svæðinu þar um kring. Enginn vissi neitt hvað hafði gerst annað en að horfnu mennirnir væru vísindamenn að rannsaka eldfjallið. Þeir væru þýskir.

Ína, unnusta Walters, ferðast til Íslands ári síðar til að leita skýringa á því sem gerðist. Til er ferðalýsing Ínu von Grumbkow, unnustu von Knebel, um þá ferð í íslenskri þýðingu Haraldar Sigurðssonar frá árinu 1982. Bókin hennar var meðal annars kveikjan að skáldsögu Skúla. Leið Ínu liggur víða um Ísland og óbyggðir landsins og kynni hennar af náttúru þess reynast afdrifarík.

Skúli segir að það hafi veitt honum mikla ánægju að skrifa ÍNU.

### Margþætt saga

„Ína er margþætt saga þar sem teft er saman hræringum í evrópskum lista- og fræðaheimi, umbrotum í mikilfenglegri náttúru á hálendi Íslands og heitum mannlegum tilfinningum.“

ChitoClear

Íslenskt hugvit, hráefni & framleiðsla

Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr, stór og smá

Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land

- Mjög græðandi og bakteríudrepanði
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

primex  
www.primex.is  
s. 460 6900

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS

## Uppsetning og viðhald á kælikerfum, kæliklefum og frystiklefum. Sala og uppsetning á varmadælum.



KÆLIÞJÓNUSTA  
AKUREYRAR

Freyjunesi 10, 603 Akureyri Sími 777 1800  
ktak@ktak.is Erum einnig á Facebook

## Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg  
Skipholt 50b, 105 Reykjavík



## Greiðslumark í sauðfé óvirkt í þrjú ár fellur úr gildi

Þann 1. janúar 2020 kemur í fyrsta skipti til framkvæmda ákvæði 2. mgr. 10. gr. í reglugerð 1262/2018 með stoð í 38. gr. búvörlaganna nr. 99/1993 um að greiðslumark sem er óvirkt í þrjú ár samfellt frá 1. janúar 2017 skuli fellt úr gildi.

Búnaðarstofa Matvælastofnunar vekur athygli á því að á innlausnarmarkaði, sem gert er ráð fyrir að verði haldinn í desember nk., geta réttthafar greiðslumarks óskað eftir innlausn greiðslumark. Samkvæmt samkomulagi Bændasamtaka Íslands og ríkisins um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar er gert ráð fyrir að innlausnarvirði greiðslumarks nemi sem svarar beingreiðslum þriggja ára, núvirtum með vöxtum Seðlabanka Íslands. Þau ærgildi sem hafa verið óvirkt í þrjú ár samfellt frá 1. janúar 2017 og eru ekki innlest munu falla niður þann 1. janúar 2020 án greiðslu. Nánari leiðbeininga er að vænta í nýrri reglugerð ráðherra um stuðning við sauðfjárrækt.

Hægt er að óska eftir innlausn greiðslumarks á þjónustugátt Matvælastofnunar á **eyðublaði nr. 7.13**. Tilkynning um innlausn skal skila eigi síðar **5. desember nk.** (með fyrirvara um setningu reglugerðar).

Allar nánari upplýsingar eru veittar á búnaðarstofu MAST í sími 530 4800.

## Þýskar 2ja og 3ja hesta kerrur

Opnanlegar bæði með hlera og hurð  
Ríkulegur útbúnaður

2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk  
3ja hesta kerrur frá kr. 1.860.000 m/vsk



BRIMCO EFRIBRAUT 6 (við Reykjalund)  
270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:  
HÓTEL  
HEILSÁRSHÚS  
SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

## HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Möndlugrasker eru fjölbreytt og til í mörgum stærðum og gerðum.

# Möndlugrasker eru stærstu ber í heimi

**Vilmundur Hansen**  
vilmundur@bondi.is



Í daglegu máli kallast aldin nokkurra tegunda plantna grasker. Aldinin eru af plöntum af graskersætt og ættkvíslunum Cucurbita og Lagenaria og þá helst tegundirnar Cucurbits pepo og Lagenaria siceraria, eða möndlu- og flöskugrasker.

Á þessu sinni verður fjallað um möndlugrasker, C. pepo, sem eru vinsælt skraut á hrekkjavökunni, eða hallóvín eins og margir kjósa að kalla þessa fornheiðnu hátíð.

Áætluð heimsframleiðsla á graskerum, öllum tegundum, árið 2017 er tæp 27,5 milljón tonn og hefur framleiðslan meira en tvöfaldast frá síðustu aldamótum. Kína er stærsti framleiðandinn með rúm 8 milljón tonn, Indland er í öðru sæti með rúm 5,1 milljón tonn. Í þriðja sæti var Rússland með framleiðslu á rúma 1,1 milljónum tonna og Úkraína er í því fjórða með eilítið minni ræktum en Rússland. Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku voru ræktuð rúm milljón tonn og á eftir komu

Mexíkó, Spánn, Ítalía, Tyrkland og Indónesía með framleiðslu frá 710 og niður í 567 þúsund kíló árið 2017.


Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 130 tonn og 397 kíló af nýjum graskerum og flöskukerum árið 2018.

Mestur var innflutningurinn frá Spáni, rúm 56 tonn, Bandaríkjunum Norður-Ameríku rúm 19 tonn, Danmörku tæp 17 tonn og Brasilíu tæp 15 tonn.

## Ættkvíslin Cucurbita og tegundin pepo

Langt er frá að allir sem slíkt láta sig varða séu sammála um hversu margar tegundir plantna tilheyri ættkvíslinni Cucurbita en þær eru sagðar vera á bilinu 13 til 30. Óvissan með tegundafjöldann stafar af því að tegundir innan ættkvíslarinnar frjóvgast auðveldlega sín á milli og grasfræðingar ekki alltaf sammála um hvað teljist sértegund. Auk þess sem afbrigði, yrki og landsortir skipta þúsundum.

Allar tegundirnar eru upprunnar í Mið- og Suður-Ameríku og flestar eru jurtkenndar klifurplöntur sem geta náð nokkurra metra hæð, 5 til



Aldinið er yfirleitt slétt viðkomu en stundum með litlum vörtum og oft 50 kíló að þyngd.

15, með hjálp fálmara sem þær nota til að halda sér uppi. Plönturnar eru

einærar og einstaka sinnum fjölærar en verða ekki langlífar.

Ólíkar tegundir og einstaklingar innan sömu tegundar eru mismunandi að stærð, blaðlögum og lit.

Blöðin stakstæð og blómin einkynja gul eða appelsínugul og sjá býflugur um frjóvgun þeirra. Samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar eru aldinin, graskerin, ber. Aldinin sem eru þau stærstu í heimi eru fjölbreytt að lit, lögun og stærð. Á villtum tegundum geta þau verið um 4 sentímetrar að þvermáli en í ræktun eru til yrki sem gefa af sér aldin sem eru um 300 kíló að þyngd. Heimsmetið í þyngd graskera er 1190,5 kíló. Var aldinið ræktað í Belgíu árið 2016.

Fimm tegundir graskera eru ræktaðar til manneldis C. argyrosperma, C. ficifolia, C. maxima, C. moschata en sú algengasta er C. pepo.

Tegundin C. pepo og afbrigði hennar eru ræktunarafríðgi af tegundunum C. texana eða C. fraterna. Fyri tegundin er upprunnin í Texasríki í Bandaríkjunum og finnst þar villt en sú seinni er upprunnin í Mexíkó. Deilur um uppruna tegundarinnar hafa staðið frá 1857 og hafa menn enn ekki getað komið sér saman um forvera hennar, þrátt fyrir að flestir hallist að því í dag að

það sé C. fraterna. Enn aðrir segja að C. texana sé afkomandi C. pepo sem hafi sloppið úr ræktun fyrir þúsundum ára og þróast í sértegund.

Til að bæta enn á flækjustigið hefur verið lagt til að greina tegundina í þrjár undirtegundir, C. pepo subsp. fraterna, C. pepo subsp. pepo og C. pepo subsp. texana. Engin þessara undirtegunda er formlega viðurkennd.

Plantan vex í heimkynnum sínum frá sjávarmáli og upp í 2.000 metra hæð og er fljótvaxta en útlit mismunandi afbrigða, yrkja og sorta C. pepo eru breytilegt. Yfirleitt eru plöntur í ræktun eins og flækt þúst, 30 til 60 sentimetrar að hæð og 60 til 90 sentimetrar að breidd. Upp af trefjarót vaxa grófhærðir stönglar sem verða holir að innan með auknum þroska og geta orðið margra metra langir. Blöðin stakstæð, 10 til 35 sentimetrar að lengd og breidd og með þremur til sjö stórum sepum. Tennt og grófhærð. Blómin eru einkynja, sjálf-frjóvgandi, stór og allt að 10 sentimetrar í þvermál, gul, lúðurlaga og uppstæð.

Aldinin stór, hnattlaga, slétt eða bylgjótt og með þykka og sterka húð en mjúkt og trefjarík að innan. Aldinið er yfirleitt slétt viðkomu en stundum með litlum vörutum og oft 50 kíló að þyngd. Einnig til minni og flöng aldin. Yfirleitt gul eða appelsínugul við fullan þroska. Fræin ljós eða græn, flöng og flött, einn til 1,5 sentimetrar að lengd og olíurík. Plantan er einær.

Dæmi um yrki í ræktun víðs vegar um heim eru Acorn, Delicata, Dodi, Gem, Heart of gold, Kamo kamo, Pattypan, Spaghetti, Yellow crookneck.

### Útbreiðsla og ræktun

Elstu minjar um ræktun möndlugraskera eru átta til tíu þúsund ára gamlar frá Oaxaca og sjö þúsund ára frá Tamaulipas sem eru í suður- og norðausturluta Mexíkó. Talið er líklegt að plantan hafi borist frá Mexíkó til Texasríkis og þaðan upp eftir Mississippi-ánni og -dalnum norður eftir Bandaríkjunum. Frumbyggjar Ameríku ræktuðu grasker löngu fyrir komu Evrópumanna vestur yfir Atlantsála og til eru minjar um ræktun hennar 2000 árum fyrir upphaf tímatalis í Norður-Ameríku. Líklegt er talið að möndlugrasker hafi verið tekin tvisvar til ræktunar og á tveimur mismunandi stöðum með nokkur þúsund ára millibili, fyrst í Mexíkó en seinna norðar í Ameríku.

Plantan barst til Evrópu í kjölfar landafundanna í vestri í lok 15. og byrjun 16. aldar og vakti strax mikla athygli þrátt fyrir að ræktun hennar næði aldrei miklum hæðum.

Fljótlega eftir að planta barst til Evrópu var farið að líta á hana sem tákn um frjósemi og ríkidæmi og gæti það tengst því hversu hratt hún vex.

Í dag eru grasker ræktuð í öllum heimsálfum að Suðurheimsskaustlandinu undanskildu.

### Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Cucurbits vísar til hnöttóttar lögunar aldinsins og kemur heitið úr frönsku, cucubit sem er bolli eða skál. Tegundarheitið pepo er aftur á móti gamalt grískt heiti, πέπων - pépōn, á stórri og þroskaðri melónu.

Uppruni enska heitisins pumpkin mun komið frá franska landkönnuðinum Jacques Cartier sem árið 1584 fann villta plöntu með stóru aldin á vatnasvæðunum miklu í Norður-Ameríku sem hann nefndi gros melons. Heitið var þýtt sem pompions á ensku sem smám saman varð að pumpkin. Á ensku þekkja



Uppskeran á graskerum er að mestu framkvæmd með höndum og af farandverkamönnum.

Niðursoðið aldinkjöt.



Samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar eru aldinin, graskerin, ber.



Blómin eru einkynja, sjálf-frjóvgandi, stór og allt að 10 sentimetrar í þvermál, gul, lúðurlaga og uppstæð.

einnig heitin gourd, calabash og squash. Frakkar kalla aldiníð courge eða potiron, Spánverjar calabaza og Ítalir zucchini. Þjóðverjar segja gartenkürbis, kürbis og zucchini. Á sænsku kallast aldiníð matpumpa en á dönsku mandelgræskar og græskar.

Auk heitanna grasker og möndlugrasker, sem greinilega eru komin hingað úr dönsku, þekkja heitin mergja og möndlukúrbítur á íslensku.

### Matur og skraut

Næringarefnainnihald graskera er misjafnt milli yrkja og afbrigða. Aldinið er allt að 95% vatn en í 100 grömmum af því eru í kringum 14 kíló kaloríur, 1,2 grömm fita, 0,14 grömm af fitu og 2,9 grömm af kolvetnum. Talsvert er af A-vítamíni og steinefnum í aldininu.

Aldinin geymast vel og hafa langan hillutíma í verslunum. Eftir að búið er að tema þau má þurrka belginn og nota undir vatn og til að geyma í mat. Þurrkuð aldin eru líka notuð í hljóðfæri.

Grasker eru ein af fjórum plöntum sem frumbyggjar Norður-Ameríku litu á sem helgar plöntur



Útskorin grasker með andlitum tengjast hrekkjavöku.



Heimsmetið í þyngd möndlugraskera er 1190,5 kíló. Var aldiníð ræktað í Belgíu árið 2016.

og ræktuðu til matar. Hinar voru og eru enn maís, baunir og tóbak. Auk þess sem indíánar borðuðu innvols og fræin hrá, soðin og ristud rifu þeir aldiníðina í strimla og ófu úr þeim mottur. Þykkt hýðið var einnig þurrka fyrir veturinn og tuggið þurr.

Ung og hörð aldin voru notuð til að mýkja húðir og losa þær við hár með því að nudda þeim við þær.

Landnemar frá Evrópu lærðu að nytja plöntuna af indíánum og hún varð fljótlega hluti af daglegri fæðu þeirra í súpum og kássum. Einnig var algengt að skera toppinn af aldininu og fjarlægja fræin, síðan var mjólk, kryddi og hunangi hrært saman við aldinkjöt, toppurinn settur á aftur og aldiníð bakað í ösku.

Blómin eru sögð góð séu þau steikt í olíu á pönnu og sem meðlæti með öðrum mat og blöðin eru notuð sem skepnufóður.

Plantan er sögð góð við liðagigt og bólgum í liðum og þótt furðulegt megi virðast taldist hún til ástarörva fyrst eftir að hún barst til Evrópu

og úr henni unnir ástahvetjandi drykkir og bjór.

Sérafbrigði af graskerum eru eingöngu ræktuð til að gefa af sér litrík og skrautleg aldin sem ekki eru æt. Skrautgrasker hafa stundum verið fánleg í verslunum hér og eru fallgett stofustáss.

Á hverju ári eru víða um heim haldnar keppnir sem miða að því að rækta stærsta graskerið og til að ná sem mestri aldinþyngd er áburðargjöfni vandlega stýrt og plönturnar ræktaðar í loft-einangruðu rými og þær úðaðar með koltvísýringi.

### Ræktun

Fræ graskera ála á 5 til 7 dögum eftir sáningu. Við góðar aðstæður blómstrar plantan eftir um fjórar vikur og getur gefið af sér þroskuð aldin eftir þrjá til þrjá og hálfan mánuð. Kjörhiti plöntunnar er 18 til 28° á Celsius á daginn en eilítið

kaldari á nóttunni, 16 til 24° á Celsius, og er hún víða ræktuð til vetraruppskeru.

Grasker eru þokkalega þurrk-polin og kjósa vel framræstan og frjósamann jarðveg með pH 5,6 til 8,0. Þau gefa mesta uppskeru sé vökvun þeirra jöfn yfir vaxartímamann en við mikla vökvun eiga stönglarnir það til að rifna og brotna síðan undan þunga aldinsins.

Í stórræktun eru allt upp í fjórutíu þúsund plöntur á hektara þegar mest er. Plöntur í ræktun taka vel við lífrænum áburði en forðast þær að gefa mikið af köfnunarefni/nitri vegna þess að það eykur blaðvöxtinn á kostnað aldinanna. Líkt og í annari stórræktun er talsvert um sjúkdóma og aðra kvilla sem leggjast á plönturnar og er þeim oftast mætt með öflugum efnahernaði þótt á markaði séu einnig grasker sem eru lífrænt ræktað og án eiturefna.

Algengt er að hver planta gefi af sér fimm til átta aldin.

### Allraheilagra messa og hrekkjavaka

Sú hefð að hola grasker að innan og setja í þau ljós á sér langa hefð og voru þau upphaflega notuð sem luktur á mannadótum. Útskorin grasker með andlitum tengjast einnig allraheilagra messu sem er daginn eftir hrekkjavöku. Uppruni hrekkjavökkunnar er í fornheidiðni keltneskri hátíð, samhain, þar sem fólk kom saman í búningum og kveikti elda til að bægja frá draugum. Allraheilagra messa var síðar útspil páfastóls til að kristna fornheidiðna draugahátíð sem ekki hefur tekist þar sem hallóvínhátíðin hefur breiðst út eins og eldur í sínu um heiminn og verður sífellt vinsælli.

Í að minnsta kosti einni útgáfunni af ævintýrinu af Óskubusku beitir álfkona göldrum og breytir graskeri í vagn sem ekur á dansleikinn þar sem hún hitti prinsinn.

### Grasker á Íslandi

Í Skýrslu um Ísland, um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi, sem birtist í Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags árið 1885, kemur fram að Schierbeck, landlæknir og stofnandi Garðyrkjufélags Íslands, gerði tilraun til að rækta C.pepo. „Jeg hef gjört tilraunir til þess að rækta ýmsar tegundir graskera frá Schúbeler próffessor, og voru það bæði merg-grasker (Vegetable marrow) og ýms skrautgrasker. Hinar ungu jurtir komu vel upp í vermireitnum, en það fór með þær alveg eins og með agúrkurnar, það varð að eins eitt einasta hálfvaxið grasker á stærð við hnefa. Tilraun þessi var gjörð sumarið 1884.“

Í Búnaðarritinu 1909 er getið um tilraun til að rækta grasker en lítið gert úr árangrinum en sagt að hampur hafi sprottið vel og að hann sé efnilegur til áfram-ræktunar.

Á huga vert er að í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1915 er getið um púnsbolla frá Bessastöðum sem eina af viðbótum safnsins. Þar segir. „Púnsbolli úr leir, gleraður utan og með grænleikum og gulleitum lit. Lok er á og halda upp úr, en bollinn er að lögun og lit gerður í líkingu við stórt grasker og er haldan stilkurinn. Afast fat hefir verið undir, en það er nú alt af nema miðhlutinn. Hæð undir lok 21 5, en alls 33 sm.; þverm. mest um 26 sm. Mun vera danskur og frá síðari hluta 18. aldar. Hefir tilheyrt Ólafi stiftamtanni Stefánssyni og síðast Grími Thomsen á Bessastöðum.“

Í dag þekkja hvert mannsbarn á Íslandi grasker þrátt fyrir að enginn leggi það sér reglulega til munns.

### Gleðilega hrekkjavöku

## Á FAGLEGUM NÓTUM

## Íslenska lambakjötið er heilsusamleg afurð

Í dag er víða lagt kapp á að framleiða hollar landbúnaðarafurðir. Meðal annars er lögð áhersla á að framleiða heilsusamlegri matvæli eins og kjöt, mjólk og egg með því að auka magn ómega-3 fitusýranna EPA (eikósapentaensýra) og DHA (dókösaheksaensýra) í þessum afurðum. Það er ljóst að þegar á fyrri hluta síðustu aldar framleiddu íslenskir bændur heilsusamlega kjötafurð með því að beita sauðfé á úthaga og að gefa sauðfénu fiskimjöl eða síld, sem eru rík af ómega-3 fitusýrunum EPA og DHA yfir fengitíma og fyrir burð.

Í frásögn Auðunar H. Einarssonar (1) kemur fram að á fyrri hluta síðustu aldar var sauðfé sennilega alið við eins náttúruleg skilyrði sem fremst má vera:

„Í uppveiti mínum á Eskifirði sá ég hvernig bændur í Helgustaðahrepp og suðurbyggð Reyðarfjarðar beittu fé sínu í fjöruna og norpaði það í þaranum einkum haust og vor. Á Fljótsdalshéraði er næstum engin snerting við sjó, en bændur þar keyptu talsvert síldarmjöl og var miðað við að gefa 50 grömm á kind á dag, sagði Óli Stefánsson í Merki á Jökuldal mér.

Stundum þegar miklar síldarvertiðir voru og síldin seldist ekki öll fyrripart vetrar, þá keyptu bændur síld í tunnum einkum á útmánuðum. Síldin var í fyrstu skorin þvert í 8 til 11 bita og var gefið á garðann, þegar féð var tekið inn fyrst eftir að því hafði verið beitt. Það var minna um að síldin væri gefin eftir að féð var tekið á hús, því þá þurfti að brynna því mikið og þá urðu húsin blaut. En eftir að trégrindur voru settar í húsin skipti það minna máli og komið var rennandi vatn í húsin.

Síldarkaupin jukust eða síldarmjölkaupin, þegar vetur voru harðir og innistaða lengri en í meðalári. Vorið 1951 rámar mig í að væri hart og náði seint til jarðar, en þá voru snjóþílar dragandi sleða með fódurbæti um allt Hérað og lentu þá margir bændur í slæma stöðu peningalega.

Síldarmjölið var alltaf gefið, þegar fór að draga að burði, og eftir að lömb voru komin á spena var gjöfin aukin. Ef ærnar þóttu ekki mjólka nóg var enn aukin síldarmjölgjöfin. Um leið og úthaginn fór að grænka, var lambféð rekið út fyrir girðinguna og kroppaði hvort tveggja nýgræðinginn ærnar og lömb. Síðan var kroppað upp hlíðar fjallanna eftir því sem grænkaði og síðar inn til heiðanna, þannig að allan tímann var étíð nýgresi allt sumarið. Á sláturtíð var smalað frá innstu heiðum og niður og féð rekið beint í Sláturhúsdilkinn. Þannig að þetta fé er sennilega upp vaxið við eins náttúruleg skilyrði sem fremst má vera. Ekki get ég fullyrt um hvenær Héraðsmenn fara að gefa sauðfé og kúm síldarmjöl. Þó rámar mig í að gamlir menn keyptu norskt síldarmjöl fyrir 1930, sem kom með Bergenska gufuskipafélaginu sem sigldi á Austfjarðahafnir. Sá



Guðrún V. Skúladóttir.



Íslenska lambakjötið er heilsusamleg afurð, sem bændur framleiða með því að nýta fjölbreyttan gróður í úthögum ásamt því að gefa ám fódurbæti sem inniheldur EPA og DHA á fengitíma og fyrir burð. Mynd / HKr.



Stundum þegar miklar síldarvertiðir voru og síldin seldist ekki öll fyrripart vetrar, þá keyptu bændur síld í tunnum einkum á útmánuðum. Síldin var í fyrstu skorin þvert í 8 til 11 bita og var gefið á garðann, þegar féð var tekið inn fyrst eftir að því hafði verið beitt. Það var minna um að síldin væri gefin eftir að féð var tekið á hús.

maður sem sennilega hefur haft mest áhrif á kaup síldarmjölsins var Þorsteinn Jónsson kaupfélagsstjóri á Reyðarfirði (d. 1976).

Á Hérað kom garnaveiki, lugnaormur og fleira sem olli miklum búsisfjum. Við síldarmjölsgjöfina varð féð hraustara, tvílembum fjölgaði um rúman helming miðað við það sem áður var, og lömbin urðu vænni.“

## Ómega-3 fitusýrurnar og fæðukeðjan

Ómega-3 fitusýran ALA (alfalínólensýran) er framleidd í jurtaríkinu, bæði í plöntusvifi og í plöntum á landi eins og grasi og repju (Mynd 1). Í plöntusvifi eru mjög virkir lífhvatar (ensím) sem breyta ALA í ómega-3 fitusýrurnar EPA og DHA, sem berast síðan um fæðukeðju hafsins í dýrasvif, loðnu, síld, botnfiska, og sjávarafurðir eins og fiskimjöl og lýsi. Að lokum berast EPA og DHA í húsdýr og mannfólk sem sjávarafurðanna neyta (Mynd 2) (2).

## Við erum það sem við borðum

Ómega-3 fitusýrurnar ALA, EPA og DHA eru ómettaðar fitusýrur. Fram undir síðustu aldamót var talið að lítill hluti ómega-3 fitusýra í föðri jörturdýra slyppu framhjá lífherslu

í vömb þeirra og því talið að afurðir jörturdýra innihéldu óverulegt magn af EPA og DHA. Niðurstöður rannsóknar sýnt að einungis hluti af ALA, EPA og DHA verði meðal annars að mettuðum fitusýrum við lífherslu í vömbinni, en að hluti þessara ómega-3 fitusýra sleppi framhjá og fari óbreyttur í gegnum vömb jörturdýra (3).


Í grasi er verulegt magn af ALA (50-60% af heildar fitusýrum) en ekkert af EPA og DHA. Niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var á Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands leiddu í ljós að ALA, EPA og DHA mældust í blóði lambfullra áa, bæði þeirra sem fengu eingöngu hey og þeirra sem fengu bæði hey og fiskimjöl á meðgöngu. Enn fremur mældust EPA og DHA í lærvöðva nýborinna lamba frá bæði ám sem var gefið hey og fiskimjöl, og einnig þeim sem eingöngu var gefið hey (MYND 3). Meira magn af DHA mældist í lærvöðva nýborinna lamba þeirra áa sem gefið var hey og fiskimjöl, en þeirra sem eingöngu fengu hey. Þessar niðurstöður eru í samræmi við íslenskar (4,5) og erlendar niðurstöður, og gefa þær til kynna að lífhvatar, sem taka þátt í að breyta ALA í EPA og DHA séu virkir í sauðfé og í öðrum jörturdýrum.

Í ástralskri rannsókn mældust EPA og DHA í lifur, nýra, hjarta og hryggvöðva þar sem sauðféi var gefið fódur sem innihélt eingöngu ALA (50-60% af heildar fitusýrum) (6).

Fyrir riflegum mannsaldr síðan voru birtar gagnmerkar niðurstöður tilrauna með fódur sauðfjár á meðal annars síldarmjöli (7). Af þeim tilraunum dró Þórir Guðmundsson (8) meðal annars eftirfarandi ályktun:

„Það er ekki hægt að fódra ær, svo viðunandi sé, með léttri beit og léttu útheyi.“

Í þessari og mörgum síðari tilraunum sannaði síldarmjöl og annað fiskimjöl gildi sitt sem fódurbæti með lélegum hejum



## Mynd 3



- Hluti ómega-3 fitusýranna ALA, EPA og DHA í föðri sleppa framhjá lífherslu í vömb jörturdýra og fara óbreyttar í gegnum vambir þeirra.
- Úr meltingarvegi berast ALA, EPA og DHA út í blóð jörturdýra og þaðan í vöðva og aðra vefi þeirra.
- Í lambfullri á berast EPA og DHA úr blóði ærinnar yfir fylgju og í blóð fóstursins, og þaðan í vöðva og aðra vefi lambsins.
- EPA og DHA eru í mögnum lær- og hryggvöðva nýborinna lamba og slátur lamba að hausti.
- Meira magn af DHA mældist í lærvöðva nýborinna lamba, þar sem ám var gefið hey og fiskimjöl á meðgöngu en þar sem ám var eingöngu gefið hey.

## Mynd 1

## Hvað er sérstakt við ómega-3 fitusýruna ALA?

## ALA

- er eingöngu framleidd í plöntusvifi og jurtum á landi (gras og repja) fyrir tilstilli lífhvata (ensíma) og sólarorkunnar (ljóstillifun)
- myndast ekki í spendýrum
- er lífsnauðsynleg
- verður að koma úr fæðu
- er í litlu magni ummyndað í EPA og DHA í spendýrum
- er aðallega nýtt til orkuvinnslu í spendýrum

og hagabeit (9, 10). Í dag er hófleg fódurbætisgjöf talin nytsamleg til að tryggja gott heilsufar húsdýra og

góðar landbúnaðarafurðir (7). Ennfremur er talið að EPA og DHA í lýsi hafi góð áhrif á frjósemi húsdýra, og

er hér vitnað í Sigurbjörn Hjaltason, bónda á Kiðafelli, þar sem hlutfall þrílembda áa var óvenju hátt (ruv. is, 28. maí 2019).

„Þær sem tóku svoltið hressilega af lýsi og það skilaði sér greinilega í mikilli frjósemi. Miklu meiri frjósemi en við erum von. Ég hugsa að þetta sé nú með því mesta sem gerst hefur sko“.

EPA og DHA tengjast mikilvægrí starfsemi mannlíkamans (MYND 4 og 5).

Mjög takmarkað magn af EPA og DHA er búið til í mannlíkamanum. Heili mannsins er um 60% fita. DHA er algengasta fitusýran í heilanum og DHA er einnig í háum styrk í sjónhimnu augans. Þess ber að geta að í mönnum eru lífhvatar sem breyta ALA í EPA og DHA lítið virkir. Ef EPA og DHA er ábótavant í líkamanum getur það komið niður á líkamsstarfsemi einstaklings, og því er mikilvægt að bæði húsdýr og mannfólk fái lífsnauðsynlegu fitusýrurnar EPA og DHA úr fæðu.

Aþjóðaheilbrigðis málaflokkurinn (WHO) leggur til að dagleg neysla heilbrigðs einstaklings sé 250-500 mg EPA + DHA. Barnshafandi konur, konur með barn á brjósti, og sjúklingar, þar sem EPA og DHA geta haft góð áhrif á bata, er ráðlagt að taka meira magn af EPA og DHA. DHA er ein mikilvægasta fitusýran í móðurmjólkinni. Í Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi og Japan er bætt DHA í þurrmjólkurduft til að nýfædd börn og kornabörn fái ráðlagðan dagsskammt af DHA fyrir vöxt og þroska heilans og augnanna.

Ástralir ásamt Nýsjálandum borða einna mest af lambakjöti í heiminum og þeir eru einnig leiðandi í útflutningi á lambakjöti. Magn EPA og DHA í íslenska lambakjöti er svipað og það sem framleitt hefur verið í áströlsku lambakjöti (um 50-100 mg í 100 g mögnum lærvöðva). Mikilvægt er þó að gæta hófs í neyslu EPA og DHA eins og í öllu öðru sem neytt er.

#### Lokaorð

Vísindalegar rannsóknir á mönnum hafa sýnt að fiskneysla og neysla sjávarafurða sem innihalda ómega-3 fitusýrurnar EPA og DHA sé einn af þeim þáttum sem tengist heilbrigðu lífi og andlegri vellíðan. Það á jafnt við um dýr og okkur mennina að við erum það sem við borðum.

Í Ástralíu, Ítalíu og víða í Bandaríkjunum hefur undanfarna þrjú áratugi verið leitast við að framleiða kjötafúrðir sem innihalda EPA og DHA, til að koma til móts við fólk sem ekki hefur aðgang að auðugum fiskimiðum eða á erfitt með að borða fisk og aðrar sjávarafúrðir. Ef lífsnauðsynlegu

#### Mynd 4

### Hvað er sérstakt við ómega-3 fitusýruna EPA?

#### EPA

- er mynduð í plöntusvífi úr ALA
- berst síðan um fæðukeðju hafsins úr plöntusvífi í dýrasvíf, loðnu, síld, botnfiska og að lokum í húsdýr og mannfólk sem sjávarafurðanna neyta
- myndast takmarkað í mannlíkamanum
- er lífsnauðsynleg
- verður að koma úr fæðu
- er aðallega í hinnum æðapelsfruma og er því mikilvæg í uppbyggingu heila og miðtaugakerfisins
- dregur úr bólgmyndun
- dregur úr hættunni á myndun æðakölkunar og æðapregsla
- dregur úr hættunni á myndun blóðtappa
- dregur úr myndun fituefnisins þríglýseríð, og þar með úr magni þess í blóði og fituvef
  - Mikið magn fituefnisins þríglýseríð í blóði og fituvef er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóms

efni eins og EPA og DHA er ábótavant í líkamanum þá kemur það niður á líkamsstarfsemi manna.

Erlendar og íslenskar rannsóknir hafa staðfest að EPA og DHA eru í lambakjötinu. Má því álykta að þegar á fyrri hluta síðustu aldar framleiddu bændur heilsusamlega afurð með því að gefa sauðfé fiskimjöl eða síld yfir fengitíma og fyrir burð.

Enn í dag er íslenska lambakjötið heilsusamleg afurð, sem bændur framleiða með því að nýta fjölbreyttan gróður í úthögum ásamt því að gefa ám fóðurbæti sem inniheldur EPA og DHA á fengitíma og fyrir burð.

#### Heimildir

1. Bréf til höfundar 1994 frá Auðuni Hlíðar Einarssyni (1941-2009) handavinnukennara, sem fæddist á Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð og ólst upp á Eskifirði fram yfir fermingu. Hann hafði mikinn áhuga á endurbyggingu torfbæja og gamalla húsa og sá m.a. um endurbyggingu á Gömlu-Búð á Eskifirði, Kirkjubæjarkirkju í Hróarstungu, Galtastaði fram í Hróarstungu, Sænantaseli í Jökuldalsheiði, Hrafnseyri við Arnarfjörð og Stekkjarkoti í Njarðvík.
2. Guðrún V. Skúladóttir. (1994) Er hægt að gera kjötvörur heilsusamlegri? Lesbók Morgunblaðsins, 03.09.
3. Nguyen Q.V. og fleiri. (2019) Enhancing Omega-3

Long-Chain Polyunsaturated Fatty Acid Content of Dairy-Derived Foods for Human Consumption. Nutrients 11. pii: E743.

4. Guðrún V. Skúladóttir og Stefán Sch. Thorsteinsson. (1996) Omega-3 fitusýrur í íslensku sauðfé. Freyr. 92. árg., 6. tbl., 238-242.

5. Ólafur Reykdal og Guðjón Þorkelsson. (1999) Gildi fitusýra í matvælum fyrir landbúnaðinn. Freyr. 95. árg., 8. tbl., 13-15.

6. Le H.V. og fleiri. (2018) Enhanced Omega-3 Polyunsaturated Fatty Acid Contents in Muscle and Edible Organs of Australian Prime Lambs Grazing Lucerne and Cocksfoot Pastures. Nutrients 10, pii: E1985.

7. Jóhannes Sveinbjörnsson. (2016) Áhrif heygæða á afurðir og heilsufar sauðfjár –grein 3: fóðurbætisgjöf – þörf og leiðir. Bændablaðið 14. apríl.

8. Þórir Guðmundsson (1930) – Síldarmjölsgjöf handa ám með úthagabeit. Skýrslur Búnaðarfélagi Íslands, 2, 4-32.

9. Ólafur R. Dýrmondsson. (1977) Hugleiðingar um hinn fræðilega

grundvöll framfara í vetrarfóðrun fjárins. Freyr, 73.árg., 15.tbl., 509-515.

10. Ólafur R. Dýrmondsson. (1995) Using the Sea as a Resource for Animal Agriculture in Iceland. Journal of the University of Wales Agricultural Society, 75. 63-76.

Ólafur Dýrmondsson, fyrrverandi ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, fær þakkir fyrir yfirlestur handrits og góðar athugasemdir.

Höfundur  
Guðrún V. Skúladóttir,  
lífevnafræðingur.



LED ljós  
20Wött  
40Wött  
60Wött

#### 20W Ledljós undir þakskegg á hesthúsi í Víðidal



Fyrir ljósaskipti



Eftir ljósaskipti

**Hentar:** Í öll votrymi og allan iðnað, landbúnað, bílageymslur og margt fleira.

[www.kaupland.is](http://www.kaupland.is) Í allar byggingar sími 844-9484

## VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) fyrir 15. nóvember 2019.

#### Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnpláss og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Öllum tilboðum verður svarað.

#### Mynd 5

### Hvað er sérstakt við ómega-3 fitusýruna DHA?

#### DHA

- er mynduð í plöntusvífi úr EPA
- berst síðan um fæðukeðju hafsins úr plöntusvífi í dýrasvíf, loðnu, síld, botnfiska og að lokum í húsdýr og mannfólk sem sjávarafurðanna neyta
- myndast takmarkað í mannlíkamanum
- er lífsnauðsynleg
- verður að koma úr fæðu
- er aðallega í hinnum taugafruma og er því mikilvæg í uppbyggingu heila og taugakerfisins
- er í sjónhimnu
- gegnir stóru hlutverki í vexti og þroska ungbarna
- er í hala sáðfruma og tengist meðal annars hreyfanleika þeirra
- dregur úr myndun fituefnisins þríglýseríð, og þar með úr magni þess í blóði og fituvef
  - Mikið magn fituefnisins þríglýseríð í blóði og fituvef er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóms

Kindasögur:

# Sagnaskemmtun sem á sér langa sögu

Í byrjun október kom út á vegum bókaforlagsins Sæmundar bókin Kindasögur sem hefur að geyma frásagnir af íslenskum kindum að fornu og nýju, afrekum þeirra, uppátækjum og viðureignum við óblíða náttúru og kappsfulla smala, eins og segir á bókarkápu.

Höfundarnir, Aðalsteinn Eyþórsson og Guðjón Ragnar Jónasson, kynna sig sem áhugamenn um sauðfé og sögur. Guðjón, sem er menntaskólakennari að aðalstarfi, segir að hugmyndin hafi kviknað fyrir nokkru síðan í framhaldi af vinnu höfundanna við ritstjórn ýmissa dreifbýlisbókmennta hjá bókaforlaginu Sæmundi.


Ritaðar og munnlegar heimildir

„Upphaflega var ætlunin að tina saman og endurprenta sögur úr eldri ritum en fljótlega ákváðum við að skrifa textann frá grunni þótt sögurnar væru byggðar á heimildum, ýmist rituðum eða munnlegum. Sumar frásagnirnar eru af atburðum sem margir kannast við, eins og feigðarför Reynistaðarbræðra á 18. öld og eltingarleikum við Herdísarvíkur-Surtlu um miðja 20. öld, að ógleymdum atriðum úr fornsögum þar sem kindur koma við sögu. Við reynum að setja þessar sögur í nýtt samhengi, segja þær upp á nýtt og gera þær aðgengilegar fyrir samtímann. Án þess þó að víkja frá sagnahefðinni.“

Aðalsteinn bætir því við að kindasögur séu sérstök grein sagnaskemmtunar sem eigi sér langa sögu hér á landi og lifi enn góðu lífi, eins og þeir viti best sem lifa og hrærast í fjárþúska. „Það er býsna lítill hluti af þjóðinni og þeim fækkar óðum sem umgangast sauðfé frá degi til dags. Fyrir þorra landsmanna er fjárþúska orðinn framandi heimur, það er helst að menn sjái kindum bregða fyrir út um



FRÁSAGNIR AF ÍSLENSKU SAUÐFÉ  
AÐ FORNU OG NÝJU



Handritamynd. Kindur koma víða við sögu í fornsögum. Hér er mynd úr lögboðarhandriti frá 14. öld sem sýnir sauðabjóf með kind á baki.

bíglugga á ferðalögum um landið. Okkur langaði til að hefja þessa hálfgleymdu sagnahefð til vega og virðingar. Þetta er hluti af lifandi menningu sem á sér gamlar rætur og ekki nema sjálfsgætt að útbreidda þessa sagnalist til stærri hóps.“

Guðjón bendir á að þetta geti skipt máli í samtímanum því undanfarið hafi sauðfjárskaftið tvinnast saman við ferðabjónustu og í þeim geira sé æ meira lagt upp úr tengingu

við menningu. Þá sé mikilvægt að halda áfram að segja sögur og halda þeim til haga.

„Sauðfjárskaftur er ekki bara atvinnugrein, henni fylgir líka ákveðin menning og menningararfur sem ástæða er til að kynna og gera sýnilegan.“

Auk Herdísarvíkur-Surtlu og fjárreksturs Reynistaðarbræðra kynnumst við í bókinni, útgangseða villifé í Tálkna og Nýpsstaðarskógum, fjallað er um Fjalla-Bensa og Eitil, frægasta forystusauð Íslands sem Gunnar Gunnarsson gerði ódauðlegan í bók

sinni, Aðventu. Þá eru rifjaðar upp

sögur af fræknem flökkukindum sem gerðu víðreist og skeyttu lítt um varmarlínur sauðfjárveikivarna.

Sögur af kindum og mannlífi í sveitum

Þótt bókinni sé ekki mikil að vöxtum stiklar hún á stóru um Íslandssöguna, allt frá Hrafn-Flóka fram til nútímans. Einn kaflinn ber yfirskriftina „Sauðirnir í sögunum“ en þar eru rifjaðir upp nokkrir staðir úr íslenskum fornsögum þar sem sauðfé kemur við sögu, meðal annars sagt frá ári Mókollu og hrútnum Hösmaga í Grettis sögu. Í upphafi bókanna er gefið stutt yfirlit yfir sögu sauðfjárskafta á Íslandi þar sem meðal annars er vakin athygli á þeim miklu breytingum sem orðið hafa á þessari búgrein síðustu 150 árin. Í Kindasögum eru samskipti manna og kindu þó

ætið í forgrunni og í frásögunum fléttast saman sögur af kindum og mannlífi í sveitum landsins.

Meira efni sem bíður útgáfu

Þeir Guðjón og Aðalsteinn segja að þeim hafi undantekningalaust verið vel tekið þegar þeir föluðust eftir sögum og fróðleik hjá fólki. Aðspurðir hvort framhald verði á söfnun þeirra og útgáfu á kindasögum, sögðust þeir raunar eiga í fórum sínum meira efni. Þeir segja vel koma til greina að gefa út fleiri sögur enda hafi margir sett sig í samband við þá eftir að bókinni kom út. Það hljóti þó að ráðast mest af viðtökum þessarar bókar. Þeir áréttuðu þó að ýmsir hefðu þegar sýnt bókinni talsverðan áhuga og flest benti til að sögur af sauðfé gætu enn orðið fólki til skemmtunar og fróðleiks.

NH

## Herdísarvíkur-Surtla

Árið 1933 voru fluttar hingað til lands frá Þýskalandi 20 kindur af svonefndu karakúlkyni. Ætlunin var að kynbæta íslenska fjárstofninn til að fá betri gærur, en karakúlfé kvað gefa mjög verðmæt skinn af unglömbum. Þessi innflutningur reyndist hið mesta óhappaverk því í stað þess að efla skinnaiðnað bar karakúlfé með sér bæði mæðiveiki, garnaveiki, visnu og kylapest sem öllu gríðarlegu tjóni í sauðfjarrækt hérlendis.

[...] Næstu áratugina snerist sauðfjarrækt á Íslandi að miklu leyti um að reyna að vinna bug á þeim skæðu pestum sem karakúlfé hafði borð til landsins. Haustið 1951 var ákveðið að skera niður allt fé á svæðinu frá Ytri-Rangá að Hvalfirði og skyldi það vera fjárlost í eitt ár. Á þessum tíma voru tæplega 60 þúsund fjár á þessu svæði en heildarfjöldi sauðfjár í landinu öllu var þá um 415 þúsund. Miklu þótti skipta að engin sauðskopna yrði eftir við smalamennsku þá um haustið.

Þegar hér var komið sögu hélt Hlín Johnson um 300 kindur í Herdísarvík sem gengu þar sjálfala allt árið. Erfitt reyndist að smala Herdísarvíkurfénu haustið

1951 því það var vant útigöngu og vantaði allmargar kindur eftir fyrstu smölu. Síðla hausts var gerður út leiðangur til að ná fénu sem eftir var og gekk það nokkuð greiðlega. Allt féð náðist nema ein svört ær og lambið hennar.

[...] Þegar á leið sumarið [1952] varð æ brýnna að ná Surtlu. Hún var nú orðin landsfræg og frásagnir af þessum æsilega eltingarleik höfðu birst í blöðunum. Í framhaldi af því komu fram æ fleiri raddir sem vildu þyrma þessari harðfengu og úrræðagóðu kind. Hugmyndir voru uppi um að hafa hana í einangrun í Reykjavík þar sem hún yrði höfð til sýnis eða geyma hana úti í einhverri eyrni í námunda við Reykjavík. Rætt var um að varðveita þyrfti síðustu leifarnar af gömlum sunnlenskum fjárstofni. Hjarta þjóðarsálarinnar sló með Surtlu og fólk dáðist að styrk hennar og krafti.

Hjalti Gestsson sauðfjarræktar-ráðunautur stýrði aðgerðum í tengslum við fjárskiptin. Hann sagði síðar í viðtali við Morgunblaðið að mikil pressa hefði verið á að ná Surtlu. Leitinn var erfið því auðvelt var fyrir svarta kind að dyljast í svörtu hrauninu. Um mánaðamótin ágúst-september gekk hún enn



Upstoppað höfuð Herdísarvíkur-Surtlu, í eigu Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis.

Mynd / Emil Örn Kristjánsson

laus og nú voru góð ráð dýr. Kindur frá ósýktum svæðum Austanlands og af Vestfjörðum áttu að koma inn á svæðið 20. september. Til að herða róðurinn og fá fleiri menn til leitar gripu yfirvöld til þess ráðs að heita 2000 krónum í verðlaun fyrir að handsama ána og skipti þá engu hvort hún væri lifandi eða dauð. Þetta var töluvert fé, samsvaraði nú lambsverðum. Herdísarvíkur-Surtla var því ekki aðeins orðin frægasta kind á Íslandi heldur líka sú dýrasta.

## 45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4%

á höfuðborgarsvæðinu

45,6%

á landsbyggðinni

29,5%

landsmanna lesa Bændablaðið

## Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

## BÆKUR &amp; MENNING

Höpp og glöpp:

## Sjálfsból og svaðilfarir

Ólafur B. Schram hefur verið leiðsögumaður í 25 ár og lent í ýmsum áhugaverðum uppákomum, bæði góðum og slæmum og ekki síst áhugaverðum. Ólafur er að senda frá sér bók sem hann kallar Höpp og glöpp þar sem hann segir skemmtisögur af ferlinum.

„Ég hef líklega komið á flesta ef ekki alla staði á landinu nokkrum sinnum á ferlinum og lent í ýmsum skemmtilegum og stundum miður skemmtilegum uppákomum. Stundum eru þetta hreinar hrakfasögur og ég hef eflaust átt að vera dauður nokkrum sinnum en alltaf hefur það þó endað vel.

Bókin er ekki leiðbeiningabók fyrir leiðsögumenn því að í henni eru að finna minningar og upprifjanir á því sem hefur komið fyrir og er mér minnisstætt. Þetta eru alls 120 smásögur sem allar gerast á Íslandi með bæði innlendum og erlendum samferðamönnum og þegar ég hef verið einn að þvælast. Sögurnar er yfirleitt stuttar og því hægt að leggja frá sér bókina eftir hvern kafla eða lesið nokkra í einu.“

## Ólíkir menningarheimar

Ólafur segir algengt að ferðamenn sem komi til Íslands séu með allt annan menningarheim að baki og að þeim bregði stundum og átti sig ekki alltaf á því hvernig lífið gengur fyrir sér sig hér á landi. „Þeir koma oft illa búnir og illa undirbúnir og vita stundum ekki hvað þeir vilja sjá og á það sérstaklega við Ameríkana, af minni reynslu.“

## Matarlaus að sníkja

„Kaflaheitin segja oft til um hvað

## Gilsá

Eftirfarandi kaflabrot er úr sögunni Gilsá úr bókinni Höpp og Glöpp eftir Ólaf B. Schram leiðsögumann.

„Ég er gæddur þeim eiginleika að geta byrjað á hlutum eða gjörðum án þess að hugsa þá til enda. Þetta er stórkostlegur hæfileiki og hefur ýtt mér út í ótal ævintýri og með ennþá ævintýranlegri endum.

Eitt árið var föstudagur fyrir verslunarmannahelgi. Við vorum tvö heima, dóttir mín, þá um 8 ára og ég. Ég átti á þessum tíma öflugan Toyota pickup, með stórum dekkjum og auðvitað fjórhjóladrifi. Öflugur bíll.

Ég heyrði um kvöldið í vinafólki mínu í útilegu í Hrífunesi og að þau mundu hafa gaman af því ef ég heimsækti þau.

Ég sagði því stelpunni að hafa sig til fyrir útilegu, tindi til eitthvert nesti, henti vöðlum upp á pall, járnkalli, olíubrúsa og svefnpokum. Svo var rokið af stað.

Það var orðið framorðið þegar mér hafði hugkvæmst þessi

þeir fjalla. Til dæmis segir kafla sem heitir Af sníkjum frá því þegar ég fór hring í kringum Hofsjökul matarlaus. Ég hafði skipulagt ferðina vel og tók hundinn með mér en gleymdi matnum. Einnig er að finna skemmtilega sögu um samskipti mín við lögreglumann sem var að flýta sér í mat og hafði

tjaldferð en það hafði engin teljandi áhrif á mig.

Við ókum austur fyrir fjall og ég hugsaði að það gæti gert okkar ferð skemmtilegri ef við færum Syðri Fjallabak, í stað þess að keyra stystu leið um Vík. Á Hvolsvelli var ég búinn að taka ákvörðunina og ók inn Fljótshlíð.

Kíkti við á Teigi og þáði kaffisopa og sagði mínar ferða-áætlanir.

Áfram héldum við feðginin inn fyrir byggð, Barkarstaði og Fljótisdal. Engar hindranir eru á þessari leið en ána Gilsá þarf að fara yfir undir Þórólfsfellinu, og er það eiginlega eina sprænan á allri leiðinni eftir að Markarfljót var brúað inn við Mosa.


Komið var svartar myrkur en ég þekkti þetta allt saman og keyrði óhindrað að ánni.

Heldur þótti mér hún í vexti, reyndar aldrei komið að henni akandi í slíkum ham. [...]

því ekki tíma til að stöðva mig fyrir of hraðan akstur.“

Útgefandi er Skrudda og er bókin væntanleg í verslanir 1. nóvember. Í framhaldi af því ætlar Ólafur að fara um landið og kynna bókina og má sjá dagskrána á Facebook-síðunni Höpp og glöpp.

NH



## Styrkir til rannsóknar- og þróunarverkefna 2020 (A-flokkur)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði hagnýtra rannsókna, þróunar og hvers konar þekkingarsköpunar í landbúnaði.

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni og sem líkleg eru til að leiða af sér þekkingu, tækni eða aðrar afurðir sem hægt er að hagnýta í náinni framtíð í íslenskum landbúnaði.

Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.fl.is](http://www.fl.is) (undir flípanum EYÐUBLÖÐ og þar „A-form“). Mikilvægt er að gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu.

Umsóknafrestur er til 13. desember n.k. Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á netfangið [fl@fl.is](mailto:fl@fl.is) og með hefðbundnum pósti til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í síma 430-4300, um netfangið [sigrigur@fl.is](mailto:sigrigur@fl.is) eða á heimasíðu sjóðsins, [www.fl.is](http://www.fl.is).

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2020.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins  
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes  
Sími 430-4300

Við erum stoltir umboðsaðilar SnowEx á Íslandi. Sand- og saltdreifarar, stórir sem smáir. Fyrir lyftara, bíla, traktora og ýmis tæki. Einnig snjótennur á pallbíla.

Vinnuvélar

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf. • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • [vinnuvelar@vinnuvelar.is](mailto:vinnuvelar@vinnuvelar.is) • [www.vinnuvelar.is](http://www.vinnuvelar.is)

## Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

limtrevirnet.is

[www.bbl.is](http://www.bbl.is)

## Íslenskar einingar fyrir íslenskt veðurfar

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlökueiningar með steinullareinangrun á milli.

Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn. Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á [limtrevirnet.is](http://limtrevirnet.is).

Límtré Vírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálslí 2 - 110 Reykjavík  
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes

Netfang - [sala@limtrevirnet.is](mailto:sala@limtrevirnet.is)

Viking  
VIKING WINDOW AS

Fyrir íslenskar aðstæður



- Átklæddir trégluggar
- Trégluggar

Sjá nánar:  
[www.viking.ee](http://www.viking.ee)



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,  
Sími: 480 0000, [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is)

# Vistheimt

– Hugleiðingar í tilefni af heimsráðstefnu Alþjóðlega vistheimtarfélagsins og Áratugi vistheimtar 2021–2030

Undirritaður sótti heimsráðstefnu Alþjóðlega vistheimtarfélagsins (Society for Ecological Restoration) í Höfðaborg, Suður-Afríku á dögunum, ásamt sérfræðingum frá Landgræðslu ríkisins og Landgræðsluháskóla Sameinuðu þjóðanna.

Ráðstefnan fagnaði m.a. þeirri ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að gera næsta áratug að Áratugi vistheimtar 2021–2030. Á tíu ára tímabili er stefnt að því að endurheimta a.m.k. 3,5 milljónir ferkílómetra af skógum og graslendi (samsvarar stærð Indlands) og þar með stórbæta líffskilyrði íbúa sem byggja þessi svæði, ekki síst með tilliti til fæðuöryggis og aðgengis að heilnæmu, fersku vatni.

Vistheimt er hugtak yfir aðgerðir sem miða að því að endurheimta land og gróðurfar, sem spillst hefur af einhverjum orsökum. Reynt er að draga sem mest úr beinum inngrípum svo sem jarðvinnslu, áburðargjöf og aðflutningi tegunda, en örva þess í stað ferli og frjómagnt náttúrunnar sem fyrir er á svæðinu. Stefnt er að því að endurheimta vistkerfið verði sambærilegt því sem var fyrir röskunina; eðlilegur hluti landslagsins með sömu ríkjandi staðartegundum. Einnig að kerfið geti staðið óstutt án utanaðkomandi hjálpar, svo sem áburðargjafar, illgresiseyðingar og vökvunar, og að það geti þróast áfram á sambærilegan hátt og landið í kring.

Markmið vistheimtar er því að „hjálpa náttúrunni að hjálpa sér sjálfri“ til að endurreisa starfhæf vistkerfi. Landgræðsla, sem miðar að endurreisn þess graslendis eða náttúruskógar sem fyrir var og endurheimt votlendis með því að fylla í framræsluskurði, er dæmi um vistheimt.

## Vistheimt er ekki sama og ræktun

Vistheimt er ólík hefðbundinni ræktun sem þjónar tiltekinni þörf mannsins fyrir næringu, fóður, timburafurðir eða fallegt umhverfi, oft með hámarks framleiðni að leiðarljósi. Það er mikilvægt að átta sig á þessum mun á vistheimt annars vegar, sem er aðferð til að bæta ástand og ásýnd landsins án umbyltingar, og jarðrækt, garðrækt og skógrækt hins vegar, sem miða að framleiðslu tiltekna vöru eða fegrun nærumhverfis. Ræktuð kerfi, akrar, garðar og gróðursettir skógar (plantekrur) eru ólík náttúrulegum vistkerfum. Þau byggja á fáum sérvöldum tegundum og þeim þarf yfirleitt að viðhalda með umtalsverðum inngrípum svo sem jarðvinnslu, áburðargjöf, illgresiseyðingu og grisjun. Þrátt fyrir þennan grundvallarmun á vistheimt og ræktun geta ýmsar ræktunaraðferðir komið að gagni við vistheimt, einkum á fyrstu stigum hennar. Útlöntun eða sáning staðartegunda með svolítili áburðargjöf getur t.d. verið nauðsynleg til að koma gróðurframvindu af stað á illa förnum svæðum.

Því er oft haldið á lofti að skógrækt með hraðvaxta trjám sé árangursríkasta leiðin til kolefnisbindingar og því áhrifaríkasta mótvægisáðgerðin sem hægt er að grípa til gegn loftslagsbreytingum. Sérstaklega eigi þetta við um hitabeltislöndin þar sem vaxtarhraði er mikill og endurkastshæfir frá skógunum ekki



Góðravnarhöfði. Í forgrunni er brot af hinu sérstæða runnavistkerfi („fynbos“) Suður-Afríku sem er eitt hið tegundaaúðugasta í veröldinni.



Greinarhöfundur, Snorri Baldursson, lengst til hægri ásamt Hafðísi Hönnu Ægisdóttur frá Landgræðsluháskóla Sameinuðu þjóðanna og Halldóru Traustadóttur (lengst t.v.) við vitann á Góðravnarhöfða.



Garðyrkjustöð í Genadendal. Í fjölmörgum garðyrkjustöðvum af þessu tagi er innlendum lykiltegundum fjölgað og þær síðan gróðursettir í svæði sem verið er að endurheimta, einkum hreinsa af ágengum framandi tegundum.

vandamál. Líka er bent á að skógar veiti skjól og unað og að þeir séu efnahagslega arðbærir vegna timburafurðanna. Því beri að styðja við skógrækt með öllum ráðum.

Hér er þó ekki allt sem sýnist. Eðli skógræktarinnar skiptir öllu máli í þessu samhengi. Plantekruskógrækt með einni eða fáum trjategundum getur bundið mikið kolefni á skömmum tíma en ofanjarðarhluti þess kolefnis er fjarlægður eftir einhverja áratugi og mest af því brennt aftur og losað út í andrúmsloftið. Plantekruskógrækt er auk þess afleit fyrir upprunalegt lífríki viðkomandi svæða, einkum ef náttúruleg gróðurlendi eru rudd fyrir ræktunina. Hraðvaxta, framandi tegundir sem notaðar eru geta líka orðið ágengar og breiðst út á stjórnlausan hátt. Plantekruskógrækt er mikilvæg

efnahagslega en hún er ekki lausn við loftslagsvanda mannkyns. Þvert á móti má halda því fram að hún viðhaldi neyslusamfélaginu og skyndilausnum þess. Á þetta er bent í nýlegri grein eftir Simon L. Lewis og félagi (2019) því virta tímariti Nature þar sem fullvirt er að endurheimt náttúruskóga í hitabeltinu sé mun áhrifaríkari og varanlegri leið til að binda kolefni en plantekruskógar; munurinn geti verið allt að fertugfaldur náttúruskógum í vil.

Það er líka mikilvægt að skilja muninn á vistheimt og ræktun í ljósi umræðu um miðhálandisþjóðgarð fyrir í haust þar sem því var haldið fram að fríðlýsing miðhálandisins festi í sessi illa farin eða hrúnn vistkerfi svæðisins af því að ekkert mætti gera. Raunin er önnur. Landgræðsla, sem byggir á aðferðum vistheimtar, er og verður



Úr hinum magnaða Kirstenbosch grasagarði í Höfðaborg. Kirstenbosch er hluti af stóru gróðursvæði sem er á Heimsminjaskrá UNESCO.

leyfð í þjóðgörðum en aftur á móti ekki ræktun sem byggir á því að búa til framandi vistkerfi með aðfluttum tegundum.

## Vaxandi áhersla á vistheimt

Eins og fyrr er getið hafa Sameinuðu þjóðirnar ákveðið að tileinka næsta áratug vistheimt. Í nýlegri skýrslu Milliríkjanevndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) er sjónum bent að þætti land- og gróðureyðingar í uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda. Ein helsta niðurstaða skýrslunnar er sú að um fjórðungur (24%) allrar losunar mannkyns á gróðurhúsalofttegundum stafi af eyðingu gróðurs og hnignun landgæða. Hér á landi er þetta hlutfall miklu herra eða um 66% samkvæmt besta mati. Til verður víthringur þar sem loftslagsbreytingar auka enn á hraða landeyðingarinnar vegna vaxandi úrkomu, stærri flóða, tíðari þurrka, herra hitastigs, öflugri fellibylja, meira ölduróts og hærri sjávarstöðu.

Allt að helmingur mannkyns, einkum í Afríku, Asíu og Rómönsku-Ameríku, býr á svæðum þar sem landhnignun er mikið vandamál. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) áætlað að illa farið land á jörðinni þeki um 20 milljónir ferkílómetra, landsvæði sem er 200 sinnum stærra en Ísland. Vistheimt er lykilatriði í snúa óheillaþróun landeyðingar við og ná fram markmiðum SP um sjálfbæra þróun. Vistheimt er líka þungamiðja annarra helstu samninga SP sem snerta náttúru- og umhverfisvernd, þ.e. Loftslagsáætlun, Samnings um vernd líffræðilegrar fjölbreytni

og Samnings um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun.

Með vistheimt er hægt að slá margar flugar í einu höggi. Vistheimt stuðlar að endurreisn landgæða, gróðurs og jarðvegs, líffræðilegrar fjölbreytni og margvíslegrar þjónustu sem náttúruleg vistkerfi veita, svo sem að miðla vatni og næringarefnum og brjóta niður mengunarefni. Hún gegnir líka sívaxandi hlutverki í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum því endurheimt gróðurs og jarðvegs stöðvar losun og eykur bindingu á kolefni, sem aftur dregur úr magni þess í andrúmslofti. Vistheimt – endurheimt náttúruskóga eða annarrar upprunalegrar gróðurþekju – er í raun eina ásættanlega leiðin sem hægt er að fara til að bæta kolefnisbúskap stórra landsvæða sem eru illa farin vegna ósjálfbærrar landnýtingar. Sé vistheimtinni fylgt eftir með bættri umgengni við landið og samdrætti í óþarfa neyslu er stórt skref stigið í þágu loftslagsmála.

Í stefnuriti Stjórnarráðsins (2019), Bætt landnýting í þágu loftslagsmála, er lögð mikil áhersla á hugmyndafræði vistheimtar en þar segir í inngangi:

Á Íslandi eru miklir möguleikar á að binda kolefni í gróðri og jarðvegi og draga úr losun. Enn fremur eru ótvíráð samlegðaráhrif annars vegar milli loftslagsaðgerða sem varða kolefnisbindingu og hins vegar aðgerða á sviði gróður- og jarðvegsverndar og aðgerða í þágu verndar lífríkisins og endurheimtar vistkerfa. Þannig er unnið að mörgum mikilvægum markmiðum í einu.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur um árabíl sinnt rannsóknunum



og kennslu í jarðrækt, garðrækt, skógrækt og vistheimt og er eina æðri menntastofnun landsins sem sinnir menntun í þessum greinum með markvissum hætti. Ræktunargreinarnar byggja á ævaforntri hefð en aðeins fáir áratugir eru síðan vistheimt var skilgreind sem fræðigrein. Ræktun hefur brauðfætt mannkyn um árþúsundir og séð okkur fyrir timbri og pappír og ýmsum öðrum nauðsynjavörum, en mikilvægi vistheimtar fer sífellt vaxandi í heimi þar sem umgengni um náttúrleg vistkerfi hefur verið áfátt svo vægt sé til orða tekið; gróðurþekju eytt og búsvæðum lífvera rústað. Mikinn áhuga á vistheimt má marka af veldisvaxandi fjölda vísindagreina er snerta þennan málaflök, um síðustu aldamót voru þær nokkur hundruð á ári en skipta nú þúsundum.



Leiðsögumaðurinn Rodney February stendur hér fyrir framan árfarveg sem hefur verið hreinsaður af ágengum tröllaviðs- (Eucalyptus teg.) og mímósutegundum (Acacia teg.). Þessar innfluttu áströlsku tegundir vaxa mjög hratt og þurrka upp og stífla árfarvegi í flóðum. Rodney heldur á veggspjaldi sem útskýrir vinnuna. Stórvirkum vinnuvélum er beitt en aðallega handafli; um 40.000 fátækir Suður-Afríkubúar hafa atvinnu af því að uppræta ágengar tegundir, einkum í vatnsfarvegum og votlendi í verkefninu Working for Water.

**Heimtum aftur hálf Ísland**

Við Íslendingar eigum sannarlega nóg af landi í lélegu ástandi til að leggja undir endurheimt náttúruskóga og annars frjósams lands. Samkvæmt mati Landbúnaðarháskóla Íslands (Nytjaland) þekur rýrt mólendi, hálfgróið land og moslendi (úthagi einu nafni) um 42.000 ferkílómetra og gróðursnautt land um 30.000 ferkílómetra. Umtalsverður hluti úthagans er að losa kolefni út í andrúmsloftið, en erfitt er að segja til um magnið þar sem þekking á kolefnisbúskap íslensks úthaga er afar takmörkuð; mat á losun frá þurrum úthaga sveiflast allt að tuttugfalt (2.200–37.000 kt CO<sub>2</sub> á ári; kt = kílótonn eða þúsund tonn) eftir forsendum um losun á flatareiningu lands í mismunandi ástandi og umfang viðkomandi lands (Jón Guðmundsson, 2016). Til samanburðar var heildarlosun frá orkuverum, iðnaði, landbúnað og úrgangslausun á Íslandi árið 2017 alls um 4.755 kt CO<sub>2</sub>.

Árangur vistheimtar byggir m.a. á ástandi landsins sem unnið er með. Hún skilar yfirleitt bestum árangri með minnstri fyrirhöfn þar sem enn eru til staðar umtalsverður hluti fyrri gróðurþekju og jarðvegs. Þau svæði má endurheimta með minniháttar aðgerðum og tilkostnaði, svo sem tímabundinni friðun fyrir beit og dreifðri útplöntun upprunalegra

lykiltegunda, einkum birkis og víðis, til að tryggja fræforða og flýta fyrir sjálfræðslu.

Við Íslendingar höfum öll tækifæri til að taka myndarlegan þátt í Áratugi vistheimtar 2021–2030. Þótt landið sé ekki stórt á heimsvísu höfum við möguleika á að endurheimta með tiltölulega litlum kostnaði upprunalega gróðurþekju á allt að helmingi landsins, stórefla lífríki þess og stöðva losun gríðarlegs magns kolefnis út í andrúmsloftið. Þetta átak getur hafist af krafti strax og skilað miklum árangri á næsta áratug.

Allt sem þarf er þor til að horfast í augu við vandamál landhagnunar á Íslandi og þær hindranir sem þarf að yfirstíga til að snúa þeirri þróun við með afgerandi hætti, þar með talið að takmarka lausagöngu búfjár á rofsvæðum og

finna ásættanlegar lausnir fyrir þá bændur sem yrðu fyrir búsisfjum vegna þess. Mikilvægt er að hugsa í landslagsheildum – heilum afréttum og vatnasviðum en ekki blettum eða „frímerkjum“ – og leggja fram metnaðarfulla vistheimtaráætlun/landgræðsluáætlun tileinkaða Áratugi vistheimtar. Þeirri áætlun þarf svo að fylgja fast eftir með rannsóknáttaki og vöktun á kolefnisbúskap landsins og þróun aðferða við vistheimt á stórum svæðum. Nú árar vel til átaks af þessu tagi, loftslagið er hagfellt, gróður er víða í framför og skilningur á nauðsyn raunverulegra aðgerða í þágu loftslags og lífríkis er mikill í samfélaginu öllu.

**Snorri Baldursson**  
deildarforseti Auðlinda-  
og umhverfisdeildar  
Landbúnaðarháskóla Íslands

**HÁSKÓLINN Á HÓLUM AUGLÝSIR EFTIRFARANDI HROSS TIL SÖLU**

- 1. Ferna IS2006258309 (BLUP 127)  
fengin við Apollo frá Haukholtum
- 2. Ísafold IS2013258301 (BLUP 125)  
í þjálfun

Skrifleg tilboð þurfa að berast skrifstofu skólans í síðasta lagi **4. nóvember nk.** Merkt: Háskólinn á Hólum, Guðmundur Eyþórsson – tilboð í hross.

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum. Sjá má myndband af Fernu inn á [www.holar.is](http://www.holar.is). Frekari upplýsingar hjá [sveinn@holar.is](mailto:sveinn@holar.is).



**Jörðin Ærlækur í Öxarfirði er til sölu**

**Fjábú í fullum rekstri og selst með öllum mannvirkjum, bústofni, greiðslumarki, vélum og verkfærum.**



Jörðin er 530 ha að stærð og þar af um 57 ha af ræktuðu landi. Kindur eru 450 á vetrarfóðrum og ærgildin 715.

Gott 141,6 m<sup>2</sup> íbúðarhús á einni hæð byggt árið 1979.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður Sigurðsson á skrifstofu Hvamms

**ARCTIC TRUCKS** JEPPADEKK.IS

EXPLORE WITHOUT LIMITS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29"-44".

**DICK CEPEK**  
TIRES & WHEELS

**nokian**  
HAKKAPELIITTA 44

44" radíal. Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.

**nokian**  
TYRES

35" radíal. Frábært negl vetrardekk!

**AT315**

38" radíaldeck sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.

**AT405**

kr. 39.900,-

kr. 39.900,-

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

**FELGUR**  
Gott úrval Margar stærðir

**Arctic Trucks Ísland ehf.**  
Kletthálsi 3  
110 Reykjavík

Sími Netfang Vefur  
**540 4900**  
[info@arctictrucks.is](mailto:info@arctictrucks.is)  
[www.arctictrucks.is](http://www.arctictrucks.is)

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

[Vertu vinur okkar á Facebook](https://www.facebook.com/eyjalind)


Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

**STRÚKTÚR**

**Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús**

Verð á skemmum frá kr:29.500 m<sup>2</sup>

| Strúktúr ehf | [www.struktur.is](http://www.struktur.is) | [struktur@struktur.is](mailto:struktur@struktur.is) |  
| Stangarhylur 7 110 Reykjavík | sími: 588 6640 |



## UTAN ÚR HEIMI



Skógareyðing á Filabeinsströnd Afríku er gríðarleg og eru skógar aðallega felldir til að rækta kakóbaunir til súkkulaðiframleiðslu.

## Filabeinsströnd Afríku: Súkkulaði og skógareyðing

Ný lög sem búist er við að verði samþykkt á Filabeinsströndinni gætu orðið til þess að þúsundir hektara af vernduðum frumskógum verði felldir til að auka við súkkulaðiframleiðslu í landinu. Lögin gera ráð fyrir að verndun skóganna verði aflétt og þeir afhentir súkkulaðiframleiðendum til afnota að eigin vild í 24 ár.

Eyðing náttúrulegra skóga á Filabeinsströnd Afríku er nú þegar gríðarleg og talið að allt að 85% frum- eða náttúrulegra skóga hafi þegar verið eytt. Samkvæmt nýju lögum verða stór náttúruleg skógarsvæði rudd og í þeirra stað ræktaðir upp nytja- eða landbúnaðarskógar með kakótrjáum til súkkulaðiframleiðslu.

Þeir sem harðast berjast gegn samþykkt laganna segja réttilega að nauðsynlegt sé að varðveita líffræðilega fjölbreytni og ekki sé réttlætlegt að breyta náttúrulegum skógum ein einsleita nytjaskóga.

Fylgjendur laganna segja að stefna stjórnvalda sé að vernda



náttúrulega skóga í landinu og það megi gera með þeim tekjum sem fáiast verði lögin samþykkt.

Lögin miðast við að fyrirtækin geti nýtt skógana að vild í 24 ár. Kakó- og súkkulaðiframleiðsla á Filabeinsströndinni er um 1/3 af súkkulaðiframleiðslu heimsins og er sögð skila tekjum upp á 100 milljarða á ári sem jafngildir rúmum 12,5 milljörðum íslenskra króna á sama tíma og meðallaun í landinu eru innan við einn bandaríkjadalur á dag, eða um hundrað krónur.

Fjögur fyrirtæki eru stærstu kaupendur kakóbauna í heiminum, Hershey, Mars, Nestle og Cadbury, sem framleiða meðal annars Hershey-súkkulaði og -kossa, Mars og Snickers. *NH*

## Suður-Ameríka:

# Ólögleg verslun með villt dýr eykst

Á ráðstefnu um ólöglega verslun með villt dýr sem haldin var í Perú fyrir skömmu kom fram að eftirspurn og verslun með villt dýr hefur aukist mikið undanfarin ár og er eftirspurnin meiri og verðið hærra eftir því sem dýrin eru sjaldgæfari.

Á ráðstefnunni kom einnig fram að eftirspurn eftir dauðum villtum dýrum til uppstoppunar eða til skinnvinnslu er einnig mikil. Sagt er að á eftir verslun með fíkniefni, vopn og mansal sé ólögleg verslun með villt dýr ábatasamasta glæpastarfsemi í álfunni. Samkvæmt tölum Interpol veltir starfsemin rúmum 20 milljörðum bandaríkjadala, sem samsvarar um 2.500 milljörðum í íslenskum krónum.

### Mest aukning í Suður-Afríku

Líffræðileg fjölbreytni í Suður-Ameríku er ein sú mesta í heiminum og þar er að finna um 40% af öllum plöntu- og dýrategundum sem finnast í heiminum. Samkvæmt því sem kom fram á ráðstefnunni er Suður-Afríka sú álfa í heiminum þar sem verslun með villt dýr hefur aukist mest og starfsemin einna skipulögðust.



Jagúar í Belís.

Kaupendur villtra dýra, hvort sem þau eru lifandi eða dauð, er að finna um allan heim og er þá oftast um að ræða ríka safnara.


### Mikil eftirspurn eftir jagúar

Eftirspurn eftir jagúar, sem er stærsta kattadýr Suður-Ameríku, er mikil og verðið eftir því. Sagt er að efnaðir Kínverjar sé sérlega ginnkeyptir fyrir jagúarköttum, hvort sem þeir eru lifandi eða dauðir.

Pelsar úr jagúarskinni og skartgripir úr tönnum og beinum dýranna þykja stöðutákn meðal siðlausra auðmanna, ekki síst fyrir þær sakir að tegundin er í útrýmingarhættu. *NH*

## Á FAGLEGUM NÓTUM

### Kúamjólkurframleiðsla í heiminum 2018



# Mjólkurframleiðsla heimsins er stöðugt að aukast

**Snorri Sigurðsson**  
snsig@arlafoods.com

Ársfundur International Dairy Federation (IDF), sem eru samtök aðila í mjólkuriðnaði í helstu framleiðslulöndum heimsins, var haldinn í síðasta mánuði og að þessu sinni var fundurinn haldinn í Tyrklandi en fundinn sátu um 1.000 þátttakendur víða að úr heiminum. IDF, sem voru stofnuð árið 1903, eru samtök sem ná yfir allan feril mjólkurframleiðslu og -vinnslu í heiminum og á vegum samtakanna starfa 17 vinnuhópar sem vinna að því að samræma reglur og gæðastaðla fyrir greinina.


Þá eru samtökin m.a. með marga faglega vinnuhópa sem gegna mest því hlutverki að beina kröftum vísindafólks víða að úr heiminum í sömu átt, en að samtökunum standa 1.200 fagaðilar úr greininni, allt frá kúabændum og upp í forstjóra afurðafyrirtækja. Á hinum árlega fundi samtakanna koma ávallt fram áhugaverðar upplýsingar um málefni greinarinnar og verður hér gripið niður í örfá atriði.

### Einn milljarður íbúa heimsins

Enn þann dag í dag vinnur stór hluti íbúa heimsins við mjólkurframleiðslu en talið er að um einn milljarður íbúanna hafi lífsviðurværi sitt af annaðhvort mjólkurframleiðslu, mjólkurvinnslu eða -sölu. Greinin hefur þó átt undir ákveðið högg að sækja á heimsvísu síðastliðið ár. Þar spila inn í bæði veðurfarsleg áhrif sem hafa haft áhrif á framleiðsluna í einstökum heimshlutum en einnig aukin umræða um það umhverfisálag sem fylgir nautgriparækt. Umræða um dýraafurðalaust fæði tekur etv. meira af umræðutíma fólks sem búa í ríkari löndum heimsins nú til dags, en á heimsvísu er þessi umræða ekki hávær enn sem komið er amk. Umræða um umhverfisáhrif framleiðslunnar hefur þó náð rötum í öllum heimsálfum og það hefur leitt til stóruaúknar áherslu IDF á sjálfbærni.

### Sótsporlaus framleiðsla er framtíðin

Aukin áhersla á sjálfbæra mjólkurframleiðslu er því eitt af leiðarljósum samtakanna nú, en flest stærri afurðafélaga í heiminum



þegar horft er yfir framleiðsluna á síðasta ári er þó afar misjafnt eftir löndum hver voru að bæta við sig og hver ekki. Þannig voru t.d. mörg lönd ekki að auka framleiðsluna svo nokkru nemi og sum jafnvel að upplifa samdrátt. Á sama tíma voru önnur lönd að sækja töluvert mikið fram eins og sjá má af meðfylgjandi mynd þar sem svartlituð lönd sækja mest á en löndin sem eru lituð appelsínugul drögu saman sína framleiðslu á árinu.

hafa þegar markað skýra stefnu í átt að sjálfbærri mjólkurframleiðslu, þ.e. framleiðslu sem hefur ekkert sótspor! Í dag er þó staðan þannig að ekki er til næg þekking á öllum hliðum framleiðslunnar svo unnt sé að gera hana sótsporlausu að öllu enda þarf slíkt þá að ná til framleiðslunnar á kúabúinu, flutningum á mjólkinni, allri vinnslu, þökkun, kælingu og sölu. Þrátt fyrir mörg fyrirsjáanleg vandamál, hafa stóru fyrirtækin á markaðnum ákveðið að fara þessa leið og varða þannig leiðina fyrir smærri fyrirtæki á markaðnum sem ekki hafa burði til að fjárfesta í þróun og rannsóknum til að draga úr sótspori framleiðslu sinnar. Það er einnig eftirtektarvert í þessu samhengi að sjá að mörg af stóru fyrirtækjunum í mjólkuriðnaði heimsins virðast vera tilbúin til að deila þekkingu sinni á aukinni sjálfbærni með öðrum fyrirtækjum á markaðnum. Það er næsta einstakt að samkeppnisáðilar deili með sér þekkingu með þessum hætti en sýnir etv. vel hve traustum tókum afurðageirinn er að taka á þessu máli.

### 2,2% aukning á heimsvísu

Þrátt fyrir stöðuna og herta umræðu um neyslu dýraafurða jókst eftirspurnin eftir mjólkurvörum á heimsvísu í fyrra og heimsframleiðsla mjólkur jókst um 2,2% sem er nokkurnvegin sama hlutfall og verið hefur undanfarna


tvo áratugi. Sem fyrr er framleiðslan mest í Asíu og Evrópu, eða 63% af heimsframleiðslunni, eins og sjá má við skoðun á meðfylgjandi skífuriti.

### 981 milljarðar kg árið 2028

Því er nú spáð, af Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), að mjólkurframleiðsla heimsins næsta áratug muni aukast heldur minna eða um 1,7% og að árið 2028 verði heimsframleiðsla mjólkurinnar komin í 981 milljarða kg en í dag er ársframleiðslan 843 milljarðar kg. Til þess að setja þessa aukningu á næsta áratug í samhengi þá er aukningin hátt í þúsundföld íslensk mjólkurframleiðsla! Þetta mikla mjólkurmagn mun þó alls ekki fara í einhver smjörfjöll enda er markaðurinn í bæði Asíu og Afríku mikið vaxandi og neyslan á mjólkurvörum í þessum heimsálfum er langt undir því sem við þekkjum í Evrópu.

### Innland og Pakistan með þriðjung

Þó svo neyslustigið í bæði Afríku og Asíu næði ekki nema upp í helming þess sem er í Evrópu í dag þarf að stórauka heimsframleiðslu mjólkur. Raunar til þess eins að viðhalda árlegri aukningu upp á 1,7% næstu 10 árin, þýðir það að árið 2028 hafi heimsframleiðslan aukist um 16% frá því sem nú er. En hvar verður



## LESENDABÁS

# Garðyrkjunám í uppnámi

Í Dagskránni 9. október sl. og Bændablaðinu 10. október sl. birti rektor Landbúnaðarháskóla Íslands greinar um nýja stefnu LbhÍ, sem samþykkt var í júní síðastliðnum. Í greinum þessum er rektor tíðrætt um hve mikil sátt og ánægja sé með þessa nýju stefnu. Staðreyndin er hins vegar allt önnur. Þessi stefna var mótuð án nokkurs samráðs við atvinnulíf garðyrkjunnar, helstu hagsmunaaðila garðyrkjunnámsins og er framganga rektors gagnvart þeim, sem láta sér hag garðyrkjunnáms á Íslandi varða, algjörlega ólíðandi.



Vernharður Gunnarsson.

Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi, rétt ofan við Hveragerði, þekkja flestir landsmenn. Hann fagnaði 80 ára starfsafmæli á þessu ári. Þar hefur farið fram öflugt garðyrkjunám, sem hefur verið grundvöllur að þeirri fjölbreyttu og öflugu garðyrkju, sem við búum að í dag á Íslandi. Löng hefð er fyrir nánú samstarfi skólans við atvinnulífið en nú virðist því miður stefna í breytingu þar á.

Námið er starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, sem felur í sér að nemendum gefst tækifæri til að afla sér verklegar færni og þekkingu á mismunandi starfsvettvangi sem tengist þeirra námi.

Sumardagurinn fyrsti hefur alltaf verið haldinn hátíðlegur á Reykjum. Þúsundir landsmanna heimsækja skólann þann dag þar sem nemendur kynna nám sitt og atvinnulífið störf í faginu. Ráðamenn þjóðarinnar, ráðherrar, alþingismenn og forsetar hafa þá heimsótt skólann og mætt

hægt er að halda uppi öflugu og metnaðarfullu skólastarfi, þrátt fyrir mótlæti og erfið húsnæðismál.

Núverandi rektor hefur lagt fram og fengið samþykkt nýtt skipurit þar sem ákveðið hefur verið að dreifa garðyrkjunáminu á ýmsar deildir innan háskólans, ef þær kæra sig um að taka við því. Jafnframt hefur rektor unnið að breytingum á lagalegri stöðu garðyrkjunnámsins, úr starfsmenntanám í aðfaranám háskólanáms. Skrúðgarðyrkjunámið, sem er löggilt iðngrein, er í mikilli tilvistarkreppu ef þetta verður að veruleika. Fagaðilar innan garðyrkjunnar og aðrir velunnarar skólans hafa barist gegn þessum breytingum, í ljósi mikilvægis öflugs starfsmenntanáms fyrir atvinnulíf garðyrkjunnar. Þessi áform rektors kollvarpa garðyrkjunámi á Íslandi eins og það er í dag.

Margítreykuðum varnaðarorðum hagsmunaaðila og kröfum þeirra um að fá að koma að ákvarðanatöku varðandi garðyrkjunámið, hefur ekki verið sinnt. Framganga rektors hefur valdið trúnaðarbresti milli LbhÍ og garðyrkjunnar í landinu.

Ef fer sem horfir, sjá velunnarar skólans og fagaðilar ekki annan kost en að vinna að því að Garðyrkjuskólinn að Reykjum losi sig úr faðmlagi LbhÍ og verði aftur sjálfstæður skóli.

Vernharður Gunnarsson  
formaður Félags  
garðplöntuframleiðenda

Þessi mjólk framleidd? Auðvitað geta flest lönd bætt einhverju við núverandi framleiðslu en sérfræðingar OECD virðast þó fyrst og fremst horfa til möguleikanna í bæði Indlandi og Pakistan. Þessi tvö stóru lönd eru afar vannýtt þegar litið er til mjólkurframleiðslu og telja sérfræðingarnir að framleiðslan í þessum löndum geti vaxið einna hraðast. Þannig telja þeir að í ársbyrjun 2028 þá muni þessi tvö lönd ein og sér standa undir 32% af heimsframleiðslu mjólkurinnar og að þorri þessarar mjólkur verði einfaldlega nýtt heima fyrir þ.e. fari ekki til útflutnings.

## Falsfréttir vandamál

Orðið falsfréttir er líklega öllum kunnugt og þó svo að oftast séu slíkar „fréttir“ tengdar við stjórnmál, þá er mikið af sambærilegum „fréttum“ um mjólkurframleiðslu sem er deilt á netinu. Ýkjusögur, hreinn uppspuni eða stílfærsla er nokkuð sem IDF hefur í auknum mæli reynt að sporna við en afar erfið er þó að ráða við það þegar fólk ætlar sér að vera óheildarlegt. Þannig eru til margar falsfréttir um mjólk og mjólkurvörur og snúast margar þeirra um næringargildi mjólkurvara þar sem því er haldið fram að mjólk sé óþörf og þar fram eftir götunum. Málið er litið alvarlegum augum og svo alvarlegum að IDF hefur undanfarið ár unnið með fæðuöryggisnefnd Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að taka á málinu enda má það ekki gerast að íbúar heimsins vannærist vegna vanþekkingar eða falsfrétta.

## Neytendur móta stefnuna

Á ráðstefnunni kom einnig fram að stóráukin notkun fólks á samfélagsmiðlum hefur breytt neysluhegðun þess og svo virðist sem áhrifavaldar geti haft mun meiri áhrif á fólk en áður var og hjarðhegðun neytenda sé afar sýnileg. Hinn almenni neytandi móti þannig mun hraðar nú en áður þróun varanna, en fram komu áhyggjur af því að það kunni að gerast á kostnað vísinda og næringargildis varanna þar sem hingað til hafi

flestar mjólkurvörur verið þróaðar með næringargildi og hollustu að leiðarljósi. Breytt umhverfi þýði að mjólkuriðnaðurinn þurfi að vera fljótur að bregðast við nýjum áherslum og þróa vörur sem henta hverju sinni en þurfi á sama tíma að standa fastur á hollustu og næringargildi varanna.

## Mjólk hefur yfirburði á iðnaðardrykki

Undanfarin ár hefur hlutfall iðnaðardrykkja hækkað ört en það eru drykkir sem eru búnir til úr plöntuafurðum og er ætlað að líkja eftir hefðbundinni mjólk. Um gjörólíka vöru er að ræða enda annars vegar náttúrulegt hráefni á ferðinni og hins vegar iðnaðarvöru sem byggir á blöndu hráefna. IDF hefur skipað sérstakan vinnuhóp til þess að fara nákvæmlega ofan í saumana á þessum málum og í vinnuhópnum situr vísindafólk víða að úr heiminum. Hópurinn er enn að störfum en fyrstu niðurstöður eftir skoðun á fræðilegum bakgrunni þessara ólíku drykkja liggja fyrir og sýna niðurstöðurnar að þeir iðnaðardrykkir sem eru á markaðinum í dag geti ekki gefið neytendum sambærileg næringarefni og vítamín og fást með því að drekka mjólk.

Aukin neysla á þessum drykkjum gæti því leitt til næringarfræðilegra vandamála sem þurfi að leysa og varðar málið klárlega mörg afurðafélög í mjólkuriðnaði, enda eru mörg þeirra ekki bara stórir framleiðendur á drykkjarmjólk heldur framleiðda þau einnig þessa plöntuafurðudrykki! Skýringin á því að afurðafélög í mjólkurvinnslu séu að framleiða drykki sem byggja ekki á notkun á mjólk felast aðallega í því að þessi fyrirtæki eru með afar öflugar vinnslulínur og auðvitað sölu og markaðskerfi sem getur hæglega bætt við örfáum vörum. Þá hefur þessi vara hingað til amk. verið seld afar háu verði sem er auðvitað eftirsóknarvert fyrir framleiðendur. Nefnd IDF hefur ekki lokið störfum en þess má vænta að á næsta ársfundi IDF, sem haldin verður í Suður-Afríku á næsta ári, þá verði birt skýrsla um málefnið.

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300 – Næsta blað kemur út **7. nóvember**



## Viltu skapa þér atvinnutækifæri í heimabyggð?

Ertu með hugmynd sem þig langar að hrinda í framkvæmd?

**Fram á völinn** er nýtt verkefni sem kemur í kjölfar verkefnisins Gríptu boltann sem Framleiðnisjóður stóð að.

Markmið verkefnisins er að hvetja til nýsköpunar í sveitum landsins og efla þannig fjölbreytni í atvinnulífi og auka lífsgæði.

**Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit.**

Vinnusmiðjur hefjast í Félagsheimilinu Árbliki í Dalabyggð 28. október og Gamla barnaskólanum á Laugum í Reykjadal 29. október.

Frekari upplýsingar eru á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, [www.nmi.is/is/frumkvodlar/studningur](http://www.nmi.is/is/frumkvodlar/studningur)

Upplýsingar um verkefnið veita starfsmenn

Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands:

Sigurður Steingrímsson í síma 5229435 og

Selma Dögg Sigurjónsdóttir í síma 5229434

## LESENDABÁS

# Margþætt gagnsemi loðdýraræktar

– gefur okkur endingargóðan skjólfatnað sem ekki skemmir móður jörð og nýtir sláturúrgang sem annars verður að urða

Loðdýrarækt eyðir að stórum hluta þeim sláturafurðum, sem við í dag borðum ekki sjálf og eru að mestu leyti urðuð með miklum kostnaði fyrir kjötiðnaðinn, sem að sjálfsögðu leggst á neytendur. T.d. kjúklingur, sem er vinsæll matur, nýtist okkur ekki nema um 40%, rest er urðuð.

Þetta á að stórum hluta við um önnur sláturdýr. Einnig á þetta við um fisk, þar nýtum við aðeins 31% en restin fer í mjöflframleiðslu o.fl., en allan þennan kjöt- og fiskúrgang sem loðdýr geta étid. Til að búa til eitt minkaskinn þarf um 50 kg af fódri og til að búa til eitt refaskinn 120 kg. Hér á landi er af þessum sökum um 95–96% af fódri þessara dýra innlent hráefni en innflutt hráefni 4–5%, það eru vítamín, sýrur og kornfóður. Meltingarvegur minksins er frábrugðinn öðrum spendýrum, en garnir hans eru 30% styttri en í öðrum spendýrum og veldur því að hann nýtir fæðuna ver en önnur spendýr. Þar af leiðandi er skítur frá honum úrvals áburður og hentar mjög vel til uppgræðslu á bæði beitarlönd, til túnæktar o.fl. Loðdýr eru afar viðkvæm fyrir því hráefni sem notuð eru í fódur. Þau t.d. eru sérlega viðkvæm fyrir skemmdu hráefni, allt verður að vera fyrsta flokks og það tekst vel hér á landi. Það þýðir ekki að bjóða þeim vítamín, sem eru kemísk unnin. Þau verða að vera náttúrulega framleidd, annars er voðinn vís, dýrin veslast upp og gefa enga afurðir. Það er ekki hægt að fódra þessi dýr á öðru en því, sem við getum lagt okkur til munns sjálf.

## Íslenskir loðdýrabændur í öðru sæti í gæðum á heimsvísu

Við loðdýrabændur á Íslandi höfum verið í 2.–3. sæti yfir þau lönd sem framleiða bestu minkaskinnin. Má það þakka góðu hráefni í fódri, einnig er ræktun og hirðing dýranna mikilvæg. Það hefur orðið til mjög mikil vísindaleg þekking á ræktun loðdýra í gegnum áratugina, þó sérstaklega síðustu 50–60 árin.

Hver var ástæða fyrir því að



Frægustu módeildömur hafa verið keyptar til að segjast vilja klæðast plastpokum heldur en loðfeldi. Er það náttúruvænt, ég segi nei, en þú?

loðdýrarækt var hafin í upphafi og hvar byrjaði hún? Jú, það var skortur á skinnum og miklar vinsældir þeirra. Veidimenn áttu orðið erfitt með að finna dýrin í náttúrunni þannig að bræður í miðríkjum Bandaríkjanna fengu þá hugmynd að byrja að rækta mink í lok borgarastríðs í Bandaríkjunum 1865. Þessi hugmynd breiddist víða um í Bandaríkjunum og Kanada þar sem menn lögðu áherslu á refarækt, sem síðar fluttist til Noregs 1914 með 3 silfurrefum, einum högn og tveimur læðum, og upp úr 1930 komu frá Bandaríkjunum fyrstu minkarnir til Noregs og frá Noregi komu fyrir seinna stríð bæði refur og minkur til Íslands. Loðdýrarækt hefur breiðst út um allan heim og notið mikilla vinsælda, sem bæði tískuvara eins og skjólfatnaður, þar til dýraverndunarsinnar fóru að líkja ræktun þessara dýra við seladráp og hvalveiðar og fengu gerviefna- og olfúidnaðinn í lið með sér með styrkjum frá þeim til að koma loðdýraræktinni um koll með þeim áróðri að við, sem hana stundum, séum illmenni og komi illa fram við dýrin. Þeir sem hafa kynnt sér málin vita að þessi dýr, eins og öll önnur



Ásgeir Pétursson. – „Ég hef meiri áhyggjur af hafinu en loftslagsmálunum þó þau séu nátengd. Því í hafid fer á endanum öll mengunin sem síðar leitar upp, eins og örplastid, og rignir niður á öll byggð ból og víðar.“

dýr sem maðurinn nýtir, verður að umgangast með virðingu, annars gefa þau ekki nothæfar afurðir. Þar fyrir utan eru þessi dýr og afurðir þeirra náttúruvæn og skaða ekki náttúruna, eins og bæði olíu- og efnaiðnaðurinn hafa gert og öllum ætti að vera kunnugt um nú.



Það er olíu- og kemiskur iðnaður, sem kostar svona áróður gegn náttúruvænum iðnaði. Sjáið fyrirlitningarsvipinn á dómnum lengst til vinstri.

Árið 1988 var undirritaður á stórri ráðstefnu í Kanada og Bandaríkjunum um loðdýraeldi ásamt Sigurjóni Bláfeld, Stefáni Aðalsteinssyni, báðir ráðunautar, og Eggert Gunnarssyni dýralækni og eiginkonum. Þessi ráðstefna var okkur öllum lærdómsrík. Á þessum sama tíma var hafin geysihörð barátta á móti loðdýrarækt og reyndum við Sigurjón að fá bændur og formenn frá ýmsum þjóðlöndum, sem voru á þessari ráðstefnu, til að samþykka að framleiða sjónvarpsþátt um loðdýrabúskap og senda til áhrifamestu sjónvarpsstöðva sem mótvægi fyrir þessum villimannslega áróðri sem kominn var gegn okkur loðdýrabændum. Þeir báðu okkur í guðs bænnum að reyna það ekki því gerviefna- og olfúidnaðurinn myndu stóraka styrki til enn meiri áróðurs gegn okkur. Ég er ennþá ósammála því.

## Ekta loðfeldir úr gerviefnum!

Á þessari ráðstefnu voru vísindamenn og bændur frá allflestum löndum heimsins, þar á meðal frá Ítalíu, sem er eitt af fremstu löndum í tískufataframleiðslu, meðal annars úr loðskinnum. Þeir sögðu okkur áhrifamikla sögu af pelsasala og hönnuði pelsfatnaðar. Náttúru- og dýraverndunarsinnar heimsóttu hann og báðu hann að hætta að nota loðskinn í sína framleiðslu. Hann tók þeim vel en það þá að koma með sér niður í fjöru og hafa með sér ekta loðfeld og einnig pels úr gerviefni og leggja þá í fjörobordið og koma svo til sín að ári liðnu og sjá hvor þeirra yrði eftir. Hann sagði þeim að þá yrðu tölurnar af loðfeldinum eftir í fjörunni en gerviefnapelsinn heill, aðeins þyrfti að hreinsa úr honum sandinn og klæða sig í hann. Þessir áheyrendur fóru þegjandi á braut enda sáu þeir fátalaleikann í kröfu sinni. Loðfeldir ásamt öllum þeim afurðum úr ríki náttúrunnar ganga í samband við hana aftur að líftíma loknum en það gera gerviefnin ekki.

## Örplast í regninu

Fyrir 4 árum las ég skýrslu frá frönskum vísindamönnum sem voru að rannsaka rigninguna í París og komust þeir að því að í rigningunni komu á ári hverju um 13 tonn af örplasti bara í París einni, hvað þá á öðrum stöðum í heiminum. Vísindamenn í Sviss gerðu rannsókn, eftir ábendingu bænda, sem skildu ekkert í því að ánamaðkar á stöðum þar sem þurfti að vökva með vökvakerfum voru dauðir alls staðar. Kom í ljós að þeir höfðu drepist vegna þess hve mikið var af örplasti í jarðveginum. Nú hafa þýskir vísindamenn bætt um betur, þeir hafa rannsakað þvagsýni og blóð úr börnum og unglingum í mörg ár og hafa fundið út að mikið af örplasti er í bæði þvagi og blóði þessara einstaklinga og þar

að auki örplast sem vitað er að er krabbameinsvaldandi. Áður var búið að finna út að í þvagi er gríðarmikið magn af skordýraeitri, arfaeyði og kemiskt unnum túnaburði. Þýðir þetta að við við séum á réttri leið gagnvart náttúrunni? Ég segi nei, en þú?

Mikil umræða er um að breskur maður, sem hefur orðið moldríkur á olíu- og efnaiðnaði, sé búinn að kaupa upp á Austurlandi um 1% af Íslandi til að bjarga laxastofninum í austfirskum ám. En getur hann bjargað laxinum frá örplastinu sem drepur fiskseiði?

Samkvæmt rannsóknnum vísindamanna í Noregi, sem hafa fundið út að seiðin sem halda að það sem er í þeirra umhverfi sé náttúruleg fæða en er ekki, geta ekki melt örplastið og drepast. Er hann á réttri leið? Ég segi nei.

## Lokað á loðdýraeldi

Að lokum þetta, náttúru-, dýraverndunar- og umhverfissinnar eru að berjast fyrir því að loðdýraeldi verði aflagt í Evrópu og eru búnir að fá því framgengt að lokað verði í Hollandi og Noregi 2025 og eru löngu búnir að loka fyrir loðdýraeldi í Bretlandi og í tískuiðnaðinn í Evrópu verði eingöngu notuð gerviefni til að vernda náttúruna. Ert þetta trúlegt? Ég segi nei.

Öll þessi gerviefni og örplastið, kemiskur áburður, skordýraeitir og arfaeyðir lenda að lokum í hafinu, sem er 75% af þessari jörð. Allir vita að ef við skemmum hafid þá er voðinn vís fyrir allt lífríkið, t.d. hvalir, sem eru ofarlega í lífskeðjunni, eru að verða ótær vegna ýmiss konar eitrefna sem við skulum í hafid. Er þetta náttúruvænt? Ég segi nei, en þú?

Hér á Íslandi virðist vera stefna að loka þrjónastofum sem framleiða ullarvörur úr náttúrulegri ull þrátt fyrir vinsældir vörunnar. Eins var það með mokkafatnaðinn, sem voru vinsælar hlífðarflikur og endingargóðar. Er þetta skynsamlegt frá náttúruverndarsjónarmiði? Ég segi nei, en þú?

Samkvæmt ofansögðu er ég persónulega með meiri áhyggjur af meðferð okkar á hafinu en af loftslagsmálunum því þar getum við breytt miklu á ekki svo löngum tíma, t.d. með því að nota vetni til að komast leiðar okkar. Hreinsun hafnsins tekur hins vegar aldrei því örplastið og efnaiðnaðurinn er svo skelfilegur skaðvaldur. Verðum við ekki að fara að haga okkur eins og forfeður okkar og dýrin, sem ekki skemmdu jörðina?

Eins og áður hefur komið fram í þessari grein þá étur minkurinn um 50kg af fódri á framleiðsluárinu, læðan er um 2 kg, en högninn um 3 til 4 kg. Þannig að kolefnisjöfnunin er augljós minknum í vil, og restin fer í moltu og metanvinnslu.

Ásgeir Pétursson, fyrrverandi skiptisjóri og núverandi loðdýrabóndi

## Í Rjúpnaveiðina

2019 Fyrirmyndaryfirtekið í ræktir  
Tilvaldandi Væðing

kr. 2.490

Skot vettlingar kr. 7.890

Sokkar kr. 2.790

Rjúpnavesti Game Vest X ný hönnun á vesti fyrir veiðar á rjúpu kr. 24.900

Legghlyfar kr. 9.995

Broddar kr. 7.900

kr. 2.890

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

## LESENDABÁS

# Hvað er byggð án fólks?

Ég vil þakka Guðríði Baldvinsdóttur í Lóni í Kelduhverfi fyrir athyglisverða grein í Bændablaðinu á liðnu sumri. Ég staldraði við eftir lestur hennar. Búsetan veiktist við hvern þann bæ sem fer úr ábúð. Að horfa upp á jarðir sem ekki sést mannværa á nema í örfáar vikur á ári er dapurlegt. Það munar um hverja jörð sem fer úr fastri ábúð. Því strjállt sem byggðin er, þeim mun þyngra vegur föst búseta á hverju býli. Þar sem ekki er fólk, þar er ekki aðlaðandi að búa. Ekki nema fyrir skrítna einfara.

Eldri borgarar eru nauðsynlegir hverju samfélagi og allra góðra gjalda verðir, en að búa í byggð þar sem eingöngu er eldra fólk, þar er ekki spennandi fyrir barnafólk að setjast að. Eldra fólk til sveita þarf að skynja sinn vitjunartíma, sumt af því gerir það, en þekkt eru dæmi þar sem unga fólk er tilbúið til að taka við, en fær ekki svigrúm fyrir eldri kynslóðinni.

Ætliðaskipti er reyndar almennt flókið úrlausnarefni. Þar sem bú eru í rekstri þurfa þeir sem eldri eru reyndar ekki bara að stíga til hliðar. Þegar ungt fólk knýr á um það. Fjárhagslegan flöt á að yfirfæra eignir á yngra fólk þarf að finna í hverju líku tilviki. Þar getur verið um val að ræða milli hárra boða frá peningamönnum, erlendum sem innlendum annars vegar og hinsvegar mun lægra boð frá barni bændanna á jörðinni, ef þau eru fleiri en eitt þá er ekki óeðlilegt að hin börnin vilji taka herra boði. Ef svo fer, þá er líklegast að fastri búsetu ljúki. Margir bæir til sveita eiga sögu af þessu tagi. Vissulega eru þó dæmi um það að efnaðir menn sem eignast jarðir leggi mikla fjármuni í uppbyggingu og skapi störf til frambúðar, þó hefðbundinn búskapur líði undir lok.

## Hvað þarf til?

Braudstritið eða á aðeins fægðara máli, tekjuöflunin og möguleikar til að draga fram lífið ræður sennilega í flestum tilfellum ferðinni um hvar fólk velur sér búsetu. Dæmi eru auðvitað um að áttahatryggð komi þar einnig til. En það er ekki nóg að tóra á skammlausan hátt. Þjónusta við íbúa þarf að vera samkeppnishæf í dreifbýli við það sem gerist í fjölmennari byggðarlögum. Það þarf að vera gaman að búa á þeim stað sem heimili fólks er.

Maður er manns gaman. Hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Það þurfa að vera til staðar afþreyingamöguleikar sem fólk finnur sig í, svo sem kórar, leiklistarstarf, kvenfélög, Lionsklúbbar og ekki síður íþróttastarf fyrir börnin. Það er gaman að líta til þeirra sveita þar sem ungt fólk hefur kosið að setjast að og það er smitandi og á hinn bóginn smitar það líka út frá sér þegar fólk fækkar. Ef ein barnafjölskylda í fámennu samfélagi kys að flytjast úr byggðarlaginu þá er hætt við að það komi los á fleiri og fólk hugsar sér til hreyfings í framhaldinu.

Þegar sá sem þetta ritar var ungur, fyrir um það bil aldarfjórðungi, voru hefðbundnar búgreinar, mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt undirstaðan í mjög mörgum sveitum landsins. Ef fólk reyndi fyrir sér í búgreinum sem ekki flokkuðust sem hefðbundnar, voru þeir sem lítt höfðu kynnst öðru en því „hefðbundna“ margir hverjir fullir efasemda um slíkar tilraunir. Það var allavega mín upplifun. Sumir hverjir uppfyllir af úrtölum. Þeir sem óhjákvæmilega þurftu að



Kotlaugar og Skipholt, Jarlhettur og Langjökull í baksýn.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Kristófer Tómasson.

vinna útá við til að eiga fyrir salti í grautinn nutu ekki alltaf skilnings þeirra sem voru grónir í gömlu hefðbundnu gildin. Það fyrirgafst sennilega ef konur á bæjunum voru kennarar eða hjúkrunarfræðingar. Sennilega hafa prestar sem stundaðu búskap sloppið við dóma af þessu tagi. Mér virðist þetta vera gerbreytt sem betur fer. Mjög víða stundar annað hjóna vinnu utan bús og jafnvel bæði. Þar koma ekki síður til tækniframfarir sem draga úr bindingu heima fyrir sem og bætta samgöngur og auknar kröfur um lífsgæði. Víða hefur fólk komið auga á möguleika til atvinnusköpunar heima á bæjunum. Þar fer ferðabjónusta með stórt hlutverk. Einnig heimvinnsla á búvörum. Fólk til sveita gerir ekkert minni kröfur til lífsins en fólk á mölinni nú til dags, annað væri óeðlilegt. Þar hefur orðið breyting frá fyrri tíð. Dreifbýlissveitarfélög sem ég þekki til eru að gera sitt besta til að mæta auknum kröfum íbúa, svo sem með snjómokstri og sörpþjónustu, að óefndum háhraðatengingum.

## Búseta í framtíðinni

Það er umhugsunarefni hvernig búsetu verður háttáð í sveitum landsins eftir 10 ár eða svo. Ekki er ætlunin að vera með hrakspár í þessum skrifum. Engu að síður er ekki minna tilefni nú til, en áður að reyna að horfa fram í tímann með búsetuþróun í huga. Hvað mun verða stundaðar eiginlegur búskapur á mörgum jörðum eftir 10-15 ár? Á þessari stundu er varla annað framundan en að þeim sem stunda búvöruframleiðslu fækki verulega og þau bú sem eftir verða stækki. Ekki síst í mjólkurframleiðslu. Sú þróun hófst fyrir nokkrum áratugum og mörgum kann að finnast hún sársaukafull. En hún er ekkert alslem og verður varla umflúin, aðalatriðið í mínum huga er að föst búseta verði sem víðast. Sauðfjárbúskapur stendur höllum fæti. Sú grein mun sennilega þróast enn meira sem aukabúgrein eða



SUÐURLAND  
Skeiða- og  
Gnúpverjahreppur

ákjósanlegt, eftir aðstæðum, svo sem samgöngum, náttúruperlum og hlunnindum. Í 100-150 kílómetra radíus frá höfuðborgarsvæðinu og einhverri fjarlægð frá Akureyri er væntanlega minni ástæða til að hafa áhyggjur af búsetu en á öðrum svæðum. Það finnst mér reyndar ekki nóg. Ég er áhugamaður um að hafa byggð sem víðast um landið, en til eru svæði á landinu þar sem útilokað er annað en að búseta leggist af. En raunverulegur vilji fólksins sjálfs, til búsetu sem og framtakssemi ræður miklu um þróunina í byggðamálum á Íslandi.

**Kristófer Tómasson**  
sveitarstjóri Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps

tómstundagaman, nema kraftaverk eigi sér stað. Pólítískar gjörðir skera að ég held með skarpari hætti úr um framtíð svína- og alifuglabúskapar en í öðrum greinum.

Það væri afar miður ef þær greinar legðust af í landinu. Loðdýrarækt er í mjög miklum þrengingum um þessar mundir og væri óskandi að úr rættist. Ytri aðstæður til að stunda þá grein eru mjög ákjósanlegar hér á landi. Eina grein á ég eftir að nefna. Það er garðyrkja - grænmetisframleiðsla, þar sem jarðhiti er til staðar, hef ég trú á að veruleg tækifæri séu til staðar til að auka framleiðslu og fjölga störfum. Ekki síst ef stjórnmöld hafa manndóm í sér að breyta verðlagningu á rafmagni til stórnotenda í garðyrkju. Fátt bendir til annars en neysla á grænmeti muni aukast á næstu áratugum.

Það var ætlun mín með þessu greinarkorni að beina sjónum að búsetu í dreifbýli. Ekki laust við að ég hafi farið eitthvað út af því spori. En hvað um það, mikilvægt er að jarðir og smábýli sem og sveitapörp séu setin af fólk með raunverulega fasta búsetu, ekki bara lögheimili, einnig næturstað. Fólk þarf að vera þátttakendur í samfélögunum þar sem það er með heimilisfesti. Það er ekki aðalatriðið að fólk sem situr jarðir stundi landbúnað. Ef verkefni eru til staðar á tilteknum svæðum eða aðstæður til að skapa sér viðurværi sem festa fólk þar til fastrar búsetu, þá þarf ekki að hafa áhyggjur af þeim byggðum. Það er víða meira af störfum í boði í dreifbýlinu en var fyrir einhverjum árum, en það þarf að bæta það framboð verulega.

## Hvað er hægt að gera til úrbóta?

Víða er búið að gera stóratæk í nettengingum, það skapar vissulega mikil tækifæri sem ég held að eigi eftir að skila sér betur, til þess að vinna heima við svo sem bókhald, hönnunarstörf og önnur sérfræðistörf, sem og að stunda nám. En fólk þarf félagsskap eins og áður er getið. Ríkisvaldið þarf að gera betur í að flytja störf út á landsbyggðina og vera í fararbroddi hvað það varðar, störfum án staðsetningar hlýtur að

mega fjölga. Þar eiga einkaaðilar auðvitað að koma einnig við sögu. Það er auðvitað misjafnlega

## Steinsstaðir II Öxnadal



**Til sölu eða leigu jarðirnar Steinsstaðir II og Efstaland.** Fasteignasala Akureyrar hefur til sölumeðferðar jarðirnar Steinsstaði II og Efstaland Öxnadal, um er að ræða samliggjandi jarðir, ræktað land er um 71ha. og heildarlandsstærð er á milli 500-600ha.

Á Steinsstöðum er rekin nautgriparræktun, þar er gott íbúðarhús með aukaíbúð, fjós m/áburðarkjallara, hlaða m/súgurrkun, 4 bogaskemmur. Á Efstalandi eru fjós og hlaða.

Til greina kemur að selja jarðirnar sér eða saman eða leigja þær til ábúðar.



**Allar nánari uppl. veita Arnar s. 773-5100 eða Friðrik s. 773-5115**

**Bændablaðið**  
á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

## VÉLABÁSINN

# Nýr Ford pallbíll sem hentar vel íslenskum aðstæðum

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Pann 5. október frumsýndi Brimborg nýjan Ford Ranger bæði í Reykjavík og á Akureyri. Helgina eftir frumsýningu gafst mér færi á að prófa bílinn.

Eftir tæplega 100 km akstur á mjög mismunandi vegum og vegslóðum virðist þarna vera kominn pallbíll sem hentar vel fyrir þá sem keyra mikið á malarvegum og vondum vegslóðum.

## Kraftmikil vél og 10 þrepa sjálfskipting

Hægt er að fá Ranger í þrem mismunandi útgáfum, með vél frá 170 upp í 213 hestöfl. Ódýrastur er 170 hestafla bíllinn sem er beinskiptur og kostar frá 6.490.000. Bíllinn sem var prófaður er með 213 hestafla vél (500 NM. tog), sjálfskiptur, með 10 þrepa skiptingu og kostar 7.690.000 krónur. Uppgefin eyðsla á hundraðið er 8,3-8,6 á minni bílnum (þeim beinskipta með 170 hestafla vélinni), en á þeim sem prófaður var er gefin upp eyðslan 10,7 til 11,1 lítra eyðsla í blönduðum akstri við bestu akstursskilyrði.

## Staðalbúnaður í þessum bíl er til fyrirmyndar

Þegar maður hugsar um pallbíll sem vinnubíll vill maður hafa sem mest notagildi út úr bílnum og þarf oft að borga töluvert aukalega fyrir aukabúnaðinn. Í Ford Ranger er allt það sem aðrir láta setja í bíla síðar og borga stórfé fyrir. Í bílnum sem var prófaður er t.d. mjög vandnaður og öflugur dráttarkrókur (kostar að vísu aukalega 190.000). Inni í bílnum er 220 volta rafmagnstengi, a.m.k. þrjú 12 volta tenglar, USB hleðslutengi og varadekk í fullri stærð.

Í bílnum eru nálægðarnemar allan hringinn. Hægt er að slökkva á flautuhljóði frá þeim sé t.d. verið að keyra þrönga niðurgrafna slóða og í miklu gróðurlendi þar sem gróður teygir sig inn á vegslóða.

Í bílnum er akreinalesari sem gefur titring upp í stýri ef farið er yfir málaða línu án þess að gefið sé stefnuljós.

## Ljúfur prufuaksturinn endaði í torfærum

Í fyrstu var bíllinn skoðaður með innanbæjarakstur eingöngu með afturhjóladrif. Þrátt fyrir að bíllinn væri í stærra lagi fann maður lítið fyrir stærð bílsins í innanbæjarumferðinni. Nema þá helst að ef maður var að fylgjast með eldsneytiseyðslumælinum sem sýndi eyðslu í herra lagi.

Næst var farið út fyrir bæinn og þá datt eyðslan niður. Á fyrsta malarvegi fann maður strax að þessi bíll er greinilega hannaður með malarveg í huga. Fjöðrunin góð og fannst lítið fyrir hefðbundnum holum í malarveginum, en bíllinn var aðeins laus að aftan. Um leið og



Ford Ranger Wildtrak Double Cab 4x4.

## Helstu mál og upplýsingar

Lengd	5.359 mm
Hæð	1.848 mm
Breidd	2.163 mm
Vaðdýpt í vatni	800 mm
Burðargeta á palli	916 kg.
Pallmál: L=1.575 mm B=1.560 mm	

Myndir / HLJ



Gott pláss fyrir aftursættisfarþega og sæti góð.



Varadekk í fullri stærð undir bíl að aftan.



Framúrskarandi festing á dráttarkróknum.



Meðaleyðslan í súlum, sést vel hvað eyðslan fór upp í vonda vegslóðanum.



Vegslóðin var með eindæmum grýttur og holóttur, en bíllinn tók þetta létt.

sett var í fjórhjóladrif með lagadist það.

Miðað við hvað bíllinn var góður á holóttum malarveginum við hliðina á Hafravatni fannst mér tilvalið að skoða lága drifid með því að bröla upp slóðann sem liggur upp á fjallið fyrir austan Hafravatnið. Þessi slóði er einstaklega grýttur

og seinfarinn, en Ford Ranger Wildtrak Double Cab 4x4 skiladi verkefninu vel. Þessi vegslóði er það vondur að konan varð að leggja frá sér þrjónadótíð megnið af leiðinni. Það þýðir á hennar mælikvarða að vegurinn sé nánast ófær þegar ekki er hægt að þrjóna á honum.



Öllum stjórnþökkum haganlega komið fyrir og rafmagnstengi mörg.



Ford bílar eru almennt ekki með bensinlok, en platan opnast ef verið er að nota rétta eldsneytisbyssu.

## Nánast fullkominn pallbíll, en það er alltaf þetta „EN“

Dráttargeta Ford Ranger er 3.500 k. sem er hámarkið sem má draga á 50 mm. kúlutengi miðað við að kerra/vagn sé með bremsubúnað.

Hægt er að fá bílinn á þrem mismunandi felgustærðum, frá 16" upp í 18" felgur. Bíllinn sem var prófaður var á 18" felgur á dekkjastærðinni 265/60/18, en bíllinn ber vel stærri dekk.

Persónulega myndi ég velja minnstu felgunar til að nýta sem best fjöðrun út úr hjólbörðunum, en þá er bíllinn ekki eins flottur á sýndar.

Það eina sem mér fannst vanta í bílinn er að pallurinn mætti vera stærri og ég hefði alveg viljað fá hita í stýrið.

Í lok prufuakstursins var ég ánægður þó svo að eldsneytiseyðslan hjá mér hafi verið í herra kantinum, sérstaklega þegar ég var á vonda slóðanum í lága drifinu.



## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

### Ábúendur á Laugardalshólum flytja þangað árið 1998 og koma inn í búskapinn.

Þá voru þau bara með sauðfé og hross. Haustið 2016 var byrjað á endurbótum á fjósi og því breytt í kálfafjós og fyrstu kálfarnir settir þar inn vorið 2017.

Þau eru að standsetja verslun í bílskúrnunum hjá sér og munu þar selja vörur beint frá býli, vonandi nú í október.

Sama ætt hefur búið á Laugardalshólum síðan um árið 1710.

**Býli:** Bærinn heitir Laugardalshólar.

**Staðsett í sveit:** Í Laugardal í Bláskógabyggð.

**Ábúendur:** Ábúendur eru Jóhann Gunnar Friðgeirsson og Heiða Björg Hreinsdóttir. Einnig býr þar Friðgeir Smári Stefánsson sem er faðir Jóhanns.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum 5 börn, 4 dætur og son sem býr hér ásamt unnustu og 2 börnum þeirra. Tvær dætur eru ennþá heima og eldri tvær stunda nám í HÍ og búa í Mosfellsbæ.

**Stærð jarðar?** Jörðin er um 1.200 ha.

**Gerð bús?** Nautaeldi, sauðfjár-búskapur.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 105



nautgripir, 100 vetrarfóðraðar kindur og 25 hross.

### Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?

Gegningar byrja klukkan sex á morgnana og svo klukkan átta fer Jóhann að vinna í múrverki, hann er múrarmeistari með eigið fyrirtæki.

Svo eru gegningar aftur seinni-partinn. Friðgeir og Heiða vinna ýmis störf sem til falla yfir daginn, mismunandi eftir árstíðum.



## Laugardalshólar

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Flest verk skemmtileg en upp úr standa sauðburður, smalamennskur og fjárag á haustin.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Sjáum fyrir okkur að við verðum búin að bæta í nautgriparæktina en svipaður fjöldi verður vonandi af sauðfé.

**Hvaða skoðun hafið þið á**

**félagsmálum bænda?** Þakklát því fólki sem gefur sér tíma að vinna að þeim málum.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel, sjáum fullt af tækifærum fyrir íslenskan landbúnað í framtíðinni.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Lambakjötið og mjólkurvörurnar.

**Hvað er alltaf til í ísskápnunum?** Mjól, smjör, egg, ostur, skyr og rjómi.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambakjötið og grillaðir hamburgarar.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það er líklega þegar kom að þeim tímamarki að setja fyrstu kálfana okkar í nýuppgerð fjósið.



## MATARKRÓKURINN

# Rauðsprettu og grænmeti



**Bjarni Gunnar Kristinsson**  
Matreiðslumeistari

Það er gott að blanda saman fisk við ferskt grænmeti og þá er flatfiskur góður kostur, því hann er fljóteldaður á pönnu og grænmeti er svo bætt við til að minnka uppvas.

### Rauðsprettu á pönnu með nýju grænmeti

- › 600-800 g rauðsprettu (eða skarkoli)
- › 200 g ferskt spinat (eða blandað grænt grænmeti)
- › 100 g smjör
- › Salt og pipar

Bræðum smjör í potti. Síðan setjum við fiskinn á pönnu og steikjum með grænmetinu, steikið svo við vægan hita undir loki eða álpappír (til að fá þetta gufusóðið). Færum fiskinn og grænmeti á disk og bætum köldu smjöri saman við safann. Kryddum til með salti og pipar – og njótum vel.

Það kemur skemmtilegt hnetubragð af smjörinu ef það er hitað aðeins á undan fisknum og síðast er bætt við fínt sneiddu nýju grænmeti og framreitt með sósu að eigin vali.

### Ofnbakaðar marglitar gulrætur

- › 5 gulrætur (100 g)
- › 2-3 hvítlauksrif
- › 1-2 ts. kórianderfræ
- › 100 g skallottlaukur
- › Olía, salt og pipar

Skerum gulrætur í tvennt (eða skerum þær eftir eldun) líka hvítlaukinn og skallottlaukinn í þunnar sneiðar.

Eldum gulrætur, lauk, hvítlauk og



kórianderfræ í olíu í ofni við vægan hita. Kryddum til með salti og pipar.

### Sítrussósa

- › 4 sítrusáxextir (t.d. lime, grape eða sítrónur)
- › 20 ml hvítvínssedik
- › 60 ml rjómi
- › 60 g smjör, salt og pipar

Notum börkinn af tveimur

sítrusávöxtum og safann af þeim öllum. Þösum að rífa börkinn fínt af og sjóðum varlega með safi og ediki í 10 mínútur, hækum svo hitann og sjóðum vökvann niður í um 100 ml. Bætum smjöri og rjóma saman við og kryddum með salti og pipar.

Það getur verið gott að setja smá sykur saman við sósunu. Ekki sakar að blanda saman fleiri en einni tegund af sítrusávöxtum.

### Eggjakaka með tómötum og blómáli

- › 8 egg
- › 1 box tómatar
- › 100 g blómál og brokkólí
- › 300 ml nýmjólk
- › salt og pipar

Blöndum eggjum og mjólk saman í skál, söltum og piprum. Skerum

blómál og brokkólí í fallegar sneiðar, blöndum saman við eggin í skálinni. Hellum svo blöndunni á pönnu eða í form og bakið við 200 gráður í um 30 mínútur eða þar til kakan er fullleidd. Það tekur styttri tíma að elda á pönnu og er hún þá þynnri.

Til að fækka hitaeningum og auka prótein er sniðugt að nota fleiri eggjahvítur en eggjarauður.



**HANNYRÐAHORNID**

# Dansandi snjór

Nú fer að kólna og þá er nú gott að hafa hlýja og fallega húfu til að skella á höfuðið. Húfan er fljótprjónuð úr hinu vinsæla Drops Air og Brushed Alpaca Silk. Uppskrift að kraganum getur þú nálgast frítt á netinu hjá Garnstudio.com, mynstur ai-135.

**Stærðir:** S/M (M/L) L/XL.

**Höfuðmál:** ca 54/56 (56/58) 58/60 cm.


**Garn:**

- Drops Air rjómahvítur nr 01: 50 (50) 50 g og notið

- Drops Brushed Alpaca Silk rjómahvítur nr 01: 25 (25) 25 g

**Prjónar:** Sokka- og hringprjón 40 cm, nr 7 – eða sú stærð sem þarf til að fá 12 lykkjur á breidd í sléttu prjóni með 1 þræði af hvorri tegund = 10 cm. 1 mynstureining A1 = 4 cm á breidd.


**HÚFA:** Fitjið upp 48 (52) 56 lykkjur á hringprjón nr 7 með 1 þræði af Air og 1 þræði af Brushed Alpaca Silk (= 2 þræðir). Snúðið stýkkinu og prjónið síðan í hring þannig: Prjónið 1 umferð brugðna. Prjónið síðan stroff (2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðnar) alls 10 cm. Festið prjónamerki í síðustu umferð á stroffi, héðan er nú mælt. Prjónið nú mynstur A1 (= 12 (13) 14 mynstureiningar með 4 lykkjum). Eftir útaukningu í fyrstu umferð eru 60 (65) 70 lykkjur í umferð. Þegar



A1 hefur verið prjónað til loka á hæðina, eru síðustu 6 umferðirnar á hæðina endurteknar þar til stýkkið mælist 15 (16) 17 cm (nú eru eftir ca 6 cm til loka) – stillið af þannig að næsta umferð sem er prjónuð sé síðasta umferð í A.1 Nú er síðasta umferð í A.1 prjónuð og fækkað er um 1 lykkju brugðna í hverri einingu með brugðnum lykkjum með því að prjóna 2 lykkjur brugðnar saman (= 12 (13) 14 lykkjur færri í umferð) = 48 (52) 56 lykkjur. Prjónið síðan A.2 (= 4 lykkjur) yfir hverja mynstureiningu A.1, en passið uppá að síðustu 6 umferðirnar í A.1 hafa verið prjónaðar til loka á hæðina áður en byrjað er

með A.2. Þegar A.2 hefur verið prjónað til loka eru 36 (39) 42 lykkjur á prjóninum. Prjónið 0 (1) 0 lykkju slétt, prjónið síðan 2 og 2 lykkjur slétt saman = 18 (20) 21 lykkjur. Klippið frá, dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru, herðið að og festið vel. Húfan mælist ca 31 (32) 33 cm. Brjótið uppá stroff þannig að það verði uppábrott ca 5 cm. Húfan mælist ca 26 (27) 28 cm með 5 cm uppábroti.

Prjónakveðja, mæðgurnar í Handverkskúnt [www.garn.is](http://www.garn.is)



**Mynstur**

- = slétt
- = brugðið
- ▣ = prjónið 2 lykkjur í eina lykkju, þ.e.a.s. prjónið bæði framan í og aftan í lykkjubogann (= 1 lykkja fleiri)
- ▤ = þræðið hægrí prjón í gegnum miðju af 3 lykkjum slétt, 4 umferð neðan við, sláið 1 sinni uppá prjóninn og dragið bandið til baka að réttu þannig að uppslátturinn verði 4½ cm langur (uppslátturinn má ekki verða of stífur – þá kemur prjónfestan að verða of stíf á hæðina), prjónið 3 lykkjur slétt, þræðið hægrí prjón í gegnum sömu lykkju, sláið 1 sinni uppá prjóninn og dragið bandið til baka að réttu þannig að uppslátturinn verði 4½ cm langur.
- ▥ = takið 1. lykkjuna (= uppsláttinn sem var gerður í fyrri umferð) eins og prjóna eigi hann slétt, 3 lykkjur slétt takið næstu lykkju óprjónaða (= uppslátturinn sem var gerður frá fyrri umferð) eins og prjóna eigi hann brugðinn
- ▧ = prjónið 2 lykkjur snúnar slétt saman
- ▨ = prjónið 2 lykkjur slétt saman
- ▩ = prjónið 2 lykkjur brugðnar saman
- = þessi rúða sýnir enga lykkju þar sem lykkjan var felld af áður, farðu beint áfram í næsta tákn í mynsturteikningu

**Létt**

6				1		3	2
	3	5	7		2	1	4
		4	6		8		7
5	6		4			2	
		1		2		6	
		8			3		7 9
3			9		1	4	
9		6	2		7	3	1
1	4			5			8

**Þung**

9							6
	2		8		5		9
		3	9		7	4	
1			5	9	6		3
	8						7
3			7	8	1		5
		1	4		3	8	
	5		1		9		6
2							4

**Miðlungs**

1						4	7	8
	2	9	7			5		
	3		5	1				
5			3	7			4	2
	1		4		9		8	
3	9			6	2			7
				2	7		3	
		5			8	6	9	
6	8	3						1

**Þyngst**

		3						
			2					
			4	6		1		
2	4							6
5				9				3
1							7	8
		8		5	3			
					7			
						4		

**Sudoku**

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

**Allt alpakkagarn frá Drops á 30% afslætti frá 14. október til 31. desember**

Pantaðu á netinu og fáðu sent á þitt pósthús

**Handverkskúnt**  
www.garn.is

Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

**Nútíma músavarnir**

**HÁTÍÐNIFÆLUR**

**Söluastaðir**

- Bústólpi
- Fóðurblandan
- Kaupfélag Borgfirðinga
- Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
- Verslunin Eyri
- Vélavali

**STREYMI** heildverslun

Streymi heildverslun ehf.  
Goðanesi 4  
603 Akureyri

S 588 2544  
N streymi@streymi.is  
V www.streymi.is

**FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ**

## Nói ætlar að verða Hulk og smiður

Nói er hugmyndaríkur, handlaginn drengur sem finnst skemmtilegast að leika við vini sína og brasa með öfum sínum og ömmu.



**Nafn:** Nói Marteinson.

**Aldur:** 5 ára.

**Stjórnumarki:** Steingeit.

**Búseta:** Akureyri.

**Skóli:** Lundarsel (leikskóli).

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Að leika með bolta.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hamstrar.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsan á leikskólanum.

**Uppáhaldshljómsveit:** Engin sérstök, en besta lagið er lagið í Stærðfræðiskrímslunum.

**Uppáhaldskvikmynd:** Össi.

**Fyrsta minning þín?** Veit ekki, en kannski bara í fjárhúsunum með ömmu þegar lömbin komu.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fimleika.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Hulk og smiður. Maður getur orðið Hulk ef maður borðar mikið af hollum mat!

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Uuuu, að saga niður trén í garðinum hjá ömmu.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Í sumar lék ég mér og fór til Benidorm með mömmu og pabba og Nökkva (litla bróður).

**Næst »** Nói vildi bara skora á Birgittu Ósk frænku sína og enga aðra.

## LESENDABÁS

# Rangfærslur um meintar rangfærslur leiðréttar

Fyrirverandi landbúnaðarráðherra kastaði fram áhugaverðri spurning: „Hver er munurinn á kolefnisfótspori íslensks lambkjöts og lambkjöts innfluttu frá Nýja Sjálandi?“, sjá Fréttablaðið 29. ágúst 2019. Spurningunni var að formi til beint til umhverfisráðuneytisins. En af sambengi og síðari skrifum mátti ráða að ráðherrann fyrirverandi ætlaðist ekki til að fá tölulegt svar. Líklega hefur hann ætlast til að almenningur drægi þá ályktun, án gagna, að nýsjálenskt lambkjöt væri kolsóttugt vegna flutningsfjarlægðar. Ráðherrann fyrirverandi hefði betur kannað sötspor flutninga áður en hann lagði í þessa vegferð: Flutningur hvers kíló af varningi frá Eyjaálflu til Evrópu losar aðeins 4 kíló af CO<sub>2</sub>-ígildum.



Þórolfur Matthíasson.

Þegar ekkert tölulegt svar barst við spurningu landbúnaðarráðherra fyrirverandi fór ég að afla upplýsinga um sötspor vegna framleiðslu íslensks og nýsjálensks lambkjöts. Samkvæmt nýlegri skýrslu Environice (Environice, 2017) hefur framleiðsla hvers kíló af lambkjöti á Íslandi í för með sér losun 28,6 kg CO<sub>2</sub>-ígilda. Forstjóri Environice benti mér á að finna nætti upplýsingar um sötspor í matvælaframleiðslu í hinum ýmsu löndum heims í yfirlitgrein í tímaritinu Journal of Cleaner Production (Clune, Crossin, & Verghese, 2017). Í greininni eru dregnar saman upplýsingar úr 369 rannsóknunum sem birtar hafa verið opinberlega. Reynt er að gefa yfirlit yfir niðurstöður varðandi sötspor ferskra matvæla: grænmetis, ávaxta, kjötmetis, eggja og mjólkur svo dæmi séu tekin.

Í töflu 8 á bls. 775 í grein Clune og félaga er yfirlit yfir niðurstöður er tengjast sötspori jörturdýrakjötsframleiðslu. Þeir finna 19 gildi úr 9 birtum rannsóknum á sötspori lambkjötsframleiðslu í Eyjaálflu. Ein þeirra rannsóknar er rannsókn Legard og félaga (Legard, Lieffering, McDevitt, Boyes, & Kemp, 2010). Meðaltalsgildið er

19,01 kíló af CO<sub>2</sub>-ígildum á hvert kíló lambkjöts. Miðgildið, sem Clune og félagar nota í textanum í grein sinni er lægra, 17,63 kíló af CO<sub>2</sub>-ígildum á hvert kíló beinlauss lambkjöts.

Hér er kominn efniviður í svar við spurningu landbúnaðarráðherra fyrirverandi. Sötspor lambkjöts frá Nýja-Sjálandi komið til Íslands er á bilinu 21,5 til 23 kíló á hvert beinlaust kjötkíló. Má bera saman við 28,6 kíló CO<sub>2</sub>-ígilda á hvert kíló (með beini) á Íslandi. Gerð var grein fyrir þessum niðurstöðum í Fréttablaðinu 26. september sl. (<https://www.vi.is/is/g/2019190929195/> af-kolefnisfótspori-sauðfjarraektar-á-íslandi-). Reynt var að hafa samanburðinn sem hagstæðastan íslenska kjötinu, þannig var í greininni sötspor nýsjálenska kjötsins miðað við meðaltalsgildið úr grein Clune og félaga (19 kg sötspor) og ekki miðgildið sem þó hefði mátt telja eðlilegra (17,63 kg sötspor). Þá var heldur ekki tekið tillit til kolefnislosunar vegna fódunar íslensks sauðfjár á afrétti [gæti réttlætt aukningu íslenska sötsporsins um 10 til 20%, sbr. skýrslu Jóns Guðmundssonar (Guðmundsson, 2016)]. Þá var ekki tekið tillit til þess að Environice hafði miðað sötsporsútreikninga sína við

heildarfallþunga (kjöt og bein) en ekki við beinlaust kjöt. Samkvæmt töflu 1 í grein Clune og félaga ætti að hækka CO<sub>2</sub>-ígildalosunar-töluna fyrir Ísland um 1/0,66 eða 51,5% til að taka tillit til þessa þáttar. Sé tekið tillit til þessara tveggja atriða væri réttara að segja að sötspor íslenska lambkjötsins við afurðastöðvarveg sýni 47,5-52 kg CO<sub>2</sub>-ígilda á hvert kíló beinlauss kjöts.

Til samanburðar er sötspor Ný Sjalenska kjötsins 17,6-19,1 kg án flutnings til Evrópu og 21,5-23 kíló með flutningnum. Með öðrum orðum þá er sötspor íslensks lambkjöts meira en tvöfalt meira en sötspor nýsjálensks lambkjöts. Þess má einnig geta að sötspor íslenska lambkjötsins samkvæmt endurskoðuðum útreikningum er nálægt hæsta gildi sem Clune og félagar finna nokkurs staðar í heiminum, sbr. töflu 8 í áður tilvitnaðri skýrslu. Annars er sötspor lambkjötsframleiðslu í Evrópusambandinu (32,7 CO<sub>2</sub>-ígildi/kg) herra en sötspor lambkjötsframleiðslu í Stóra Bretlandi (25,6 CO<sub>2</sub>-ígildi/kg). Til samanburðar má nefna að sötspor fyrir þorsk á heimsvísu er 3,5 CO<sub>2</sub>-ígildi/kg samkvæmt Clune og félögum. Samkvæmt íslensku rannsóknunum sem þeir vísa til var sötspor línuveiða við Ísland 1,58 CO<sub>2</sub>-ígildi/kg og 5,14 CO<sub>2</sub>-ígildi/kg í togveiðum. Lambkjötsmáltíð fylgir því 10 til 25 falt sötspor samanborið við þorsmáltíð! Sötspor kjúklinga og svínakjöts (á heimsvísu) er síðan á bilinu 3-6 CO<sub>2</sub>-ígildi á hvert kíló beinlauss kjöts. Kjöt af jörturdýrum er „sötugasta“ kjöt sem hægt er að leggja sér til munns.

## Málsvörn Landssamtaka sauðfjábændna

Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjábændna skrifar grein í Bændablaðið 10. október sl. (Rangar ályktanir prófessors um kolefnislosun íslenskrar sauðfjarræktar). Greinarhöfundur virðist hafa haft að leiðarljósi við skrifin að betra sé fyrir

hagsmunagæslumenn að veifa röngu tré en öngvu. Greinarhöfundur telur að tölur fyrir Ísland og Nýja-Sjáland (Eyjaálflu) séu ekki sambærilegar. Hann bendir m.a. á að erlendu gögnin séu miðuð við beinlaust kjöt en íslenska talan miði við skrokka með beinum. Honum láist hins vegar að gera grein fyrir því að þessi „yfirsjón“ verði til þess að vanmeta sötspor íslenska lambkjötsins um þriðjung! Greinarhöfundur bendir á að áætlan um losun CO<sub>2</sub> frá sauðfjarrækt á Íslandi sé byggð á líkanaútreikningum en ekki rauntölum. Þar með séu íslensku tölurnar ekki sambærilegar við þær erlendu. Þetta er ekki rétt. Allar erlendu tölurnar byggja á líkanaútreikningum vegna þess að það er ekki nein önnur aðferð í boði við að reikna út sötspor í dýrahaldi! Þá telur framkvæmdastjórinn að upplýsingar um sötspor nýsjálensku lambkjötsframleiðslunnar sé komin úr ranni nýsjálensku bændasamtakanna. Síðan upphéfst mikil barátta við þá fuglahræðu, þar sem m.a. er sett fram sú fullyrðing að ekkert sé að marka niðurstöður úr skýrslu sem unnin er fyrir Nýsjálensku bændasamtök þar sem þær niðurstöður séu litaðar af hagsmunum skýrslubeiðanda! (Minntist einhver á bjálka, flís og auga?) En skýrsla Legard og félaga (Legard, Lieffering, McDevitt, Boyes, & Kemp, 2010) er aðeins ein af nýu skýrslum sem Clune og félagar byggja sínar niðurstöður á. Clune og félagar leggja mikla vinnu í að samræma upplýsingar úr þeim nýu skýrslum sem nota til að meta CO<sub>2</sub>-ígilda losun í nýsjálenskum landbúnaði. Þar á meðal leiðréttar þeir frá útreikninga þannig að CO<sub>2</sub>-ígilda talning hættir við vegg afurðastöðvar. Tölurnar sem birtar eru í Fréttablaðsgreininni eru teknar frá Clune og félögum, ekki frá Legard og félögum. Allt tal um skringilega stuðla og annan ósambærileika fellur því um sjálft sig. Reyndar vekur athygli að framkvæmdastjórinn gerir ekki minnstu tilraun til að setja fram tölulegan samanburð á sötspori

íslenskrar lambkjötsframleiðslu annars vegar og nýsjálenskrar hins vegar. Líklega veit hann fyrirfram að sá samanburður er óhagstæður umbjóðendum hans. Þess vegna kys hann að veifa röngu tré. Trúverðugleiki hans hefði þó verið styrkari hefði hann öngvu tré veifað. En það verður hann að eiga við sjálfan sig. Undirritaður er hins vegar sekur um að hafa vanmetið sötspor íslenskrar lambkjötsframleiðslu stórlega. Á því er rétt að biðjast afsökunar.

## Niðurstaða

Þegar tekið er tillit til afréttarbeitar og leiðrétt fyrir beinamálið þá kemur í ljós að sötspor íslenskrar lambkjötsframleiðslu er nálægt 50 kílóum af CO<sub>2</sub>-ígildum á kíló af beinlausu lambkjöti. Sötspor nýsjálensks lambkjöts, komið til Íslands, er undir 25 kílóum af CO<sub>2</sub>-ígildum á hvert kíló beinlauss bita.

## Þórolfur Matthíasson

### Tilvitnanir

Clune, S., Crossin, E., & Verghese, K. (2017). Systematic review of greenhouse gas emissions for different fresh food categories. *Journal of Cleaner Production*, 166-173.

Environice. (2017). Losun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjarrækt á Íslandi og aðgerðir til að draga úr losun. Reykjavík: Environice.

Guðmundsson, J. (2016). Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði. Landbúnaðarháskóli Íslands. Hvanneyri: Landbúnaðarháskóli Íslands.

Legard, S., Lieffering, M., McDevitt, J., Boyes, M., & Kemp, R. (2010). A Greenhouse Gas Footprint Study for Exported New Zealand Lamb (Report prepared for the Meat Industry Association, Ballance Agri Nutrients, Landcorp and MAF). Hamilton, New Zealand: Agresearch.

## Hörgársveit:

# Musterisriddarar kaupa Hlíðarbæ

Sveitarfélagið Hörgársveit hefur selt félagsheimilið Hlíðarbæ, en kaupandi er Regla Musterisriddara á Akureyri sem tók við rekstri hússins í byrjun síðustu viku.

Hlíðarbær er sögufrægt hús sem stendur á áberandi stað norðan Akureyrar skammt frá þjóðleið 1 í Hörgársveit. Hlíðarbær þótti henta ágætlega undir starfsemi Reglunnar.

Musterisriddarar flytja nú með starfsemi sína úr Strandgötu 23 á Akureyri og út fyrir bæjarmörkin. Reglan hefur starfað á Íslandi frá árinu 1949 og heldur um þessar mundir upp á 70 ára afmæli sitt. Á Akureyri hefur félagskapurinn verið með starfsemi frá árinu 1970 og lengst af í fallettu gömlu húsi við Strandgötu á Akureyri.

„Við erum því vanir að vera í sviðsljósinu og munum virða beiðni sveitarstjórnar Hörgársveitar um að halda húsinu í góðu ástandi svo það verði áfram staðarþrýði. Það verður áfram fallett heim að líta og húsið verður áfram opið til samkomuhalds hér eftir sem hingað til,“ segir Birgir Stefánsson, meistari í RM Öskju á Akureyri.

Hann segir Hlíðarbæ hafa mikið tilfinningagildi fyrir íbúa sveitarfélagsins og eigi þeir flestir hverjir góðar minningar um húsið sem verið hefur einn helsti samkomustaður sveitarinnar í áratugi. Húsið hefur um tíðina heitið öðrum nöfum en Hlíðarbær, eða Kuðungur og Þinghúsið.

„Það eru allir mjög spenntir að hefja starfið á nýjum stað. Framtíðin er hulin en ef til vill getum við innan tíðar haft opið hús og boðið til okkar gestum úr héraðinu,“ segir Birgir.

Regla Musterisriddara starfar á öllum Norðurlöndum nema Grænlandi og eru helstu verkefni á sviði mannræktar. Leitast er við að fá til starfa menn með opna, víða og heilbrigða lífssýn. Notkun áfengis og vímuefna er hafnað enda telja meðlimir að menn nái ekki árangri nema vera allsgáðir alltaf.

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, segir að það hafi um nokkurt skeið staðið til að selja félagsheimilið og það auglýst til sölu. Áður hefur Leikfélag Hörgardæla keypt félagsheimilið að Melum af sveitarfélaginu og þriðja fyrrum félagsheimilið, Freyjulundur, var selt fyrir nokkuð löngu. /MPÞ

# Samningur um samstarf sveitarfélaga

Hvar skyldi vera þróttmestur búskapur í Austur-Húnavatns-sýslu? Mönnum koma líklega fyrst í hug víðlendir dalir og flatlendur sveitir í miðju héraði, svo sem Vatnsdalur, Svínadalur, Þing og Ásar. En svo er ekki. Það er nyrst við haf, á Skaga, fyrir utan Skagaströnd.

Þar hét til skamma tíma Skagahreppur, en hann var sameinaður Vindhælishreppi, sem var fyrir innan Skagaströnd, og heitir það allt Skagabyggð. Ég hafði áður sem gestur nokkur kynni af lífi þar en nú orðið hef ég aðeins veður af því.

Auk þess að stunduð er þróttmikil búfjarrækt og nýting hlunninda hafa menn verið vakandi fyrir því, að fólkið, ekki síst barnafólkið, eigi samfélags að njóta þrátt fyrir fásinnid við ysta haf. Samfélag er eins og vöðvi; vöðvi eflist við notkun.

Íbúar Skagabyggðar eru taldir um 90. Skagabyggð og Skagaströnd, með um 450 íbúa, vilja fá að ráða sinni tilveru eins og sveitarfélög,



sem fjölmennari eru, en andmæla lögum, sem skylda til sameiningar. Þegar litið er á sveitarstjórnarlög, sést, að komin eru skýr ákvæði um samstarf sveitarfélaga. Í ljósi þessara skýra ákvæða og reynslu er mér ekki ljóst, hvað vakir fyrir mönnum að leggja til lög, sem knýja til sameiningar. Markmið sveitarstjórnarlaga ætti að vera sú skipan, sem leiðir til farsæls

mannlífs. Svo að ég taki dæmi af Suðurlandi, þar sem ég hef lengi fylgst með. Ég sá í blaðaviðtali í fyrra, að talsmaður Hrunamannahrepps kvaðst við sameiningu vænta meira afsl við ríkisvaldið. Til hvers á að nota það afl? Ég skil ekki, að menn búi til betra mannlíf en nú er í Hrunamannahreppi og hefur verið lengi.

Björn S. Stefánsson

## VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Sanddreifari f/ krók  
SL-290, 1m, 290 lítra, 89 kg  
Verð: 179.000 kr + vsk



Sanddreifarar  
3P og EURO festing  
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk  
2m Verð: 495.000 kr. + vsk  
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk  
Aukabúnaður: Glussatjakkur



Salt- og sanddreifari  
HZS-10, 1 m3, glussadrifin,  
með klumpabryót og tjakk



Salt- og sanddreifari  
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V  
Verð: 1.250.000 kr. + vsk



U-plógur UT 490.  
Hægt að skekkja til hliðar og  
vængi fram og aftur. 262-490cm  
Verð: 2.950.000 kr. + vsk



Fjölplógar VT320, VT380  
Vinnslubreiddir frá: 258 til 380  
cm. Sterkir plógar fáanlegir  
með flotgrind fyrir mikinn hraða.  
Verð frá: 2.000.000 kr + vsk



Snjóblásari 256 THS Flex  
Vinnslubreiddir frá 256 cm  
Verð 2.250.000 kr + vsk



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,  
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Sýningarhúsið okkar er til sölu. Húsið er af gerðinni Jökla - Flat. Stærðin er 24,3 fm að utanmáli. Húsið er fullbúið að utan en fohelt að innan. Gólf er frágengið með einangrun og músaneti. Húsið stendur á Garðatorgi í Garðabæ. Verð kr. 2.995.000 +vsk. Allar upplýsingar veittar hjá Landshúsum í s. 553-1550. Myndband af uppsetningu má sjá hér: <http://www.landshus.is/myndband> - [www.landshus.is](http://www.landshus.is)



Ertu með akur/nýrækt/tún sem gæs sækir í? Erum að leita að svæðum á Suðurlandi eða í nágrenni Reykjavíkur þar sem við komumst í gæsavon. Endilega hafið samband í gegnum síma 787-4746 (Palli) eða á netfangið [pall@anglingadvisior.com](mailto:pall@anglingadvisior.com)



Til sölu nýtt sumarhús (heilsárhús) 30,2 fm+7 fm verönd. WC, sturta, eldhús, ísskápur, parket og flísar á gólf. Ásett 8,2 m. kr. m/vsk eða tilboð. Uppl. gefur Tómas í s. 698-3730.



Úrval af traktorsdekkjum. Búvís,  
sími 465-1332.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. [www.brimco.is](http://www.brimco.is). Efrbraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Brettagafflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 205.000 m.vsk. (kr. 166.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Hliðgrindur. Vandaðar stækanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efrbraut 6, Mos S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. [www.brimco.is](http://www.brimco.is)



Brettagafflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 135.000 m.vsk. (kr. 109.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Kassar með góðri öndun undir kartöflur og grænmeti. Þeir eru niðurfellanlegir og taka þá 1/3 af plássi í hæð. Þeir eru úr PEHD plastefni, gæðavottuðu fyrir matvæli. Stærð: 1,0 m x 1,2 m (utanmál). Hæð innanmál: 0,6 m (fleiri hæðir í boði). Burðargeta 750 kg. Við erum að safna í pöntun sem verður gerð fjótleiga. Erum líka að vinna í að finna góða kassa úr timbri. Áhugasamir hafi samband í s. 892-4163 eða [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is)



Til sölu 60 tonna P&H vökvabómukrani m/tveimur spilum, árg. 1995. Mjög öflugur krani en þarfnast viðhalds. Uppl. í síma 860-1700.



Eigum nú á lager okkar grimmsterku skúffur úr Hardox 450 stáli, bæði á 4ra öxla bíla og trailer vagna. Getum einnig afgreitt sams konar palla, með sturtgrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á bæði notaða og nýja 3ja og 4ra öxla bíla á grind. Gerum líka við palla. Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 Rvk. S. 894-6000.



Fyrirtækið Tinsmiði er til sölu. Fyrirtækið er í góðum rekstri og verður selt með öllum búnaði og viðskiptasamböndum. Einnig fylgja um 400 mót til framleiðslunnar. Hjá Tinsmiði eru framleiddar margvíslegar vörur úr tinni þ.á m. verðlaunagripir, hálsmen, beltsylgjur, skartgripir og barmmerki. Hentugt fyrir fólk í hlutastarfi en stækkunarmöguleikar samt sem áður góðir þar sem Tinsmiði er eina fyrirtækið sinnar tegundar hér á landi. Upplýsingar veitir Jón Gunnar í síma 825-0069.



Notaðar skóflur í flestar af JCB grófum til sölu og 2 snjótennur, staurabor, fleygur o.fl. Nánari upplýsingar í síma 892-1157.



Bátar fyrir sjóstanga- og vatnaveiði. Allt að 40 gerðir í boði. Mjög vandaður búnaður á hagstæðu verði. Framleiðandi: Polyester Yacht í Póllandi - [www.polyesteryacht.pl](http://www.polyesteryacht.pl). Hákonarson ehf. S. 892-4163, [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is)



Hagasláttuvél 175 cm kr. 275.000 +vsk. Jarðtætari 180 cm kr. 285.000 +vsk. Frábærar vélar. Við sendum í einum grænum. [www.hardskafi.is](http://www.hardskafi.is) Sími 896-5486.



Nýskoðaður sparlega notaður 2ja hásinga vagn. Stærð 5 m x 2,28 m. Burðargeta 2.230 kg. Eiginþyngd 370 kg. Verð 600.000 kr. Uppl. í s. 695-2195.



Til sölu Chevrolet Silverado, árgerð '98, ekinn 245.000 km. Tilboð óskast. Uppl. í síma 897-0523.



## Til sölu

### New Holland TS115A



- Árgerð 1999
- Vinnustundir 8407
- Hestöfl 108
- Vökvaskiptur girrkassi 16x16 með skriðgir
- Loftfjaðrandi öikumannssæti
- Vökvaventar 3 (6 úttök)
- Aflúttakshraðar 3
- Alö Quicke 660 ámoksturstæki
- Dekk framan 480/65R28 ný

Verð: 3.190.000.- kr. án vsk.

### New Holland T5.105 DC



- Árgerð 2017
- Ekinn 170 vinnustundir
- Hestöfl 107
- Versa X46 ámoksturstæki
- Girskiptin 24+24 með vökvavendigir og vökvamiligir
- 3 vökvaventar (6 vökvauðttök)
- 3 hraðar í aflúttaki
- Loftkæling í öikumannshúsi.
- Dekk framan 440/65R24
- Dekk aftan 540/65R34

Verð: 7.790.000.- kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur  
Furuvellir 15 / 600 Akureyri  
Sími 535 3500  
[www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is) • [kraftvelar@kraftvelar.is](mailto:kraftvelar@kraftvelar.is)

## Rafhitarar í skip, hús og sumarhús Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar,  
hitastýringar og flest annað  
til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem  
viðkemur rafhitun.



## Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Toyota Hiace, árg. 2007, 4x4, 11  
manna. Ekinn 328.000 km. Gott  
eintak. Verð 2.190.000 kr. Uppl. í  
s. 863-3402.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-  
skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt:  
1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af  
skóflum og öðrum aukabúnaði.  
Hákonarson ehf. S. 892-4163,  
hak@hak.is, www.hak.is



Mitsubishi Sport, árg. '99, dísel,  
bsk. Ekinn 240.000 km. Skoðaður í  
sumar. Mjög góð negld vetrardekk á  
felgum fylgja. Verð 290.000 kr. Uppl.  
í s. 895-7066.



Nýr Kempf malarvagn til afhendingar  
strax. 2ja öxla á tvöföldu, 8mm og  
5mm Hardox 450, grind og skúffa  
heitsprautu-zinkuð, 11 t. SAF öxlar,  
ALCOA Durobright, 6 þrepa tjakkur  
= sturtar ca 53 gr. Eigum jafn-  
framt öflugan rafmagnsvibratora.  
Th. Adolfsson ehf. Sími 898-3612 -  
thadofls@gmail.com



Weckman sturtuvagnar. 9 tonn. Verð  
kr. 1.370.000 með vsk. (kr. 1.105.000  
án vsk.) 11 tonn. Verð kr. 1.580.000  
með vsk. (kr. 1.275.000 án vsk.) 13  
tonn. Verð kr. 1.790.000 með vsk. (kr.  
1.443.000 án vsk.) H. Hauksson ehf.  
Sími 588-1130.



Stórbaggagreið. Ásoðnar Euro-  
festingar og slöngur fylgja. Verð kr.  
243.000 m/vsk. H. Hauksson ehf.  
Sími 588-1130.



Seljum vara- og aukahluti í flestar  
gerðir af kerrum. Sendum um land  
allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið  
frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Bílaýftur. Tveggja pósta bílaýfta 4,0  
tn. rafm.læsingar. Verð kr. 495.000  
m.vsk. Brimco ehf. Efrbraut 6, Mos.  
S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 -  
www.brimco.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir  
á kerrum, hestakerrum sem og  
öðrum kerrum. Förum með þær í  
aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf.  
Efrbraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið  
kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Háprýstivottadælar fyrir allan  
iðnað. Óflugar og vandaðar dælar  
á frábæru verði frá Comet, www.  
comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn,  
Honda bensín, Yanmar dísel, aflúrtak  
á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið  
vatnsflæði og þrýstingur allt að 500  
bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-  
4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihræur fyrir haugkjallara. Raf-  
drifnar (3 fasa) eða glussadrifnar.  
Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig  
hægt að fá hræurnar glussadrifnar  
með festingum fyrir gálga á lið-  
léttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s.  
892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Ljósakrossarnir eru 50x30 cm, 12, 16  
og 24 volt með LED perum. Batterí  
fylgja með. Ljósinn endast í allt að  
tvo mánuði. Þau henta mjög vel í  
duftkersgarða. Verð: 12v 6.000 kr. -  
16v 7.000 kr. og 24v 8.000 kr. Pantanir  
utan af landi eru sendar með pósti og  
greiðir viðtakandi inn á reikning eftir  
að varan hefur borist. Geri einnig við  
gamla plastkrossa, set LED perur í þá  
svo þeir verða sem nýir. Verð 3.000  
kr. Uppl. jonsteinthorsson@visir.is  
eða s. 822-7124.



JCB 4CX. Árg. 2012, notuð 4.630  
tíma. 3 skóflur 100 cm, 55 cm og 45  
cm m/tennur. HKS tilt og snjókeðjur.  
Verð 8.100.000 kr. +vsk. Uppl. í síma  
696-7887.



Schaffer 2028, árg. 2016, liðléttingur  
til sölu. Notaður um 300 stundir. Með  
skóflu og taðgaffli. Er í Blöndudal en  
hægt að senda á land allt. Verð 2,5  
m. kr. +vsk. Uppl. síma 825-8479.



Kerrur á einum og tveimur öxlum á  
lager, með og án bremsum, ýmsar  
útfærslur, breiddir og lengdir. Gæða-  
kerrur – Góð reynsla. Brimco ehf.  
Efrbraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið  
frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Álbrautir fyrir kerruna. Párið frá 400  
kg í burðargetu og allt að 3.500 kg.  
Ýmsar lengdir. Párið frá kr. 19.900  
m.vsk. Sendum um land allt. Brimco  
ehf. Efrbraut 6, Mos. S. 894-5111,  
opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Rúllugreið fyrir tvær rúllur. Glussa-  
opnun. Verð kr. 330.000 m/vsk. (kr.  
206.000 án vsk.) H. Hauksson ehf.  
Sími 588-1130.



Flaghefill / snjóttönn. Breidd 3 m. Verð  
kr. 751.000 m.vsk. (kr. 606.000 án  
vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rafstöðvar með orginal Honda-  
vélum og Yanmar dísel á lager.  
Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á  
Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig  
hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna.  
Við bjóðum upp á allar gerðir af  
rafstöðvum. Mjög hagstætt verð.  
Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-  
4163, netfang: hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdælar fyrir  
tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi  
dælar í mörgum stærðum sem dæla  
allt að 120 tonnum á klst. Einnig  
dælar með miklum þrýstingi, allt  
að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-  
4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu 20 feta kæligámur. Verð  
380.000 kr. Gámurinn er staðsettur  
í Bláskógabyggð. Upplýsingar í s.  
892-4710.



Honda Civic árg. '06. Draumabíll  
í topp standi. Tilboð. Uppl. í síma  
866-0021.



Hillukerfi í bíla. Sænsk framleiðsla.  
Góð gæði. Sendið fyrirspurnir á  
sala@svansson.is - Svansson ehf.  
Sími 697-4900.



Snjótönnur, skóflur, ruddasláttuvélar,  
stauraborar, smágröfvar og fl. Frá  
JANSEN í Þýskalandi. Sendið  
fyrirspurnir á sala@svansson.is  
Svansson ehf. Sími 697-4900.



Suzuki Grand Vitara árg. 2014.  
Helstu kostir: Sjálfskipting, bensín.  
Ekinn 70.000 km. Upphækkaður,  
18" felgur, góð heilsársdekk og  
negld vetrardekk. ekinn ca 3.000  
km. Dráttarkrókur. Sóllúga. Allt nýtt í  
bremsum. Smurbók. Verð 2.100.000  
kr. Uppl. í síma 690-1140.



Til sölu Webasto bílahitari. Líftö  
notaður. Fæst á kr. 160.000. Uppl.  
síma 695-7768.



Til sölu nýr og ónotaður viðarkljúfari,  
Scheppach HL450. Kr. 40.000. Uppl.  
í síma 695-7768.



Til sölu Grand Vitara '98 ek. 222.000  
km. Sk. '20. Hækkaður 5 cm. Góð  
heilsársdekk. Bíll í notkun. Verð  
130.000 kr. Uppl. í síma 899-2182  
e. kl. 19.



Kranzle þýskar háprýstidælar í  
úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og  
180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kjallaradælar fyrir klósett. Óflugur  
hnífur. Mótórar staðsettir fyrir utan  
votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar.  
Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar-  
og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og  
vandaður búnaður. Hákonarson ehf.  
S. 892-4163, hak@hak.is



Kjallaradælar fyrir klósett. Óflugur  
hnífur. Mótórar staðsettir fyrir utan  
votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar.  
Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar-  
og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og  
vandaður búnaður. Hákonarson ehf.  
S. 892-4163, hak@hak.is

## HUMBAUR

Humbaur kerrur eru frá stærsta  
kerruframleiðanda Þýskalands,  
hafa marganna sig á Íslandi  
og eru til ýmissa nota.



Gerð 1339  
1.300 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 435.000 kr. m. vsk  
og skráningu.



HA253015  
2.500 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 535.000 kr. m. vsk  
og skráningu.



HT203116  
2.000 kg. Mál: 310x165x30 cm.  
Verð: 550.000 kr. m. vsk  
og skráningu.



HT254118  
2.500 kg. Mál: 410x185x35 cm.  
Verð: 750.000 kr. m. vsk  
og skráningu.



Topplausnir  
www.topplausnir.is • Sími 5177718

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.  
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.  
Heimasíða: www.topplausnir.is

www.bbl.is



**Liebherr R926 SLC**  
Árg. 2013. 750 mm spyrnur, tvískipt bóma, vökvahraðtengi, 4000 vst. 2 skóflur, góm og tennt.



**Yanmar SV18 smágröfur**  
1,95 tonn. Til á lager.



**Yanmar SV26 smágröfu**  
2,7 tonn. Árg. 2017. 195 vst. Smurkerfi, rótortilt og 4 skóflur. Verð: 5.270.000 + vsk umbodssala.



**Yanmar V8**  
4,3 tonn. Árg. 2016. 340 vst. Vökvahraðtengi, opnanleg skófla og gafflar. Verð: 5.000.000 + vsk.



**Komatsu PC130**  
Árg. 2005. 12.000 vst. Rótortilt og tvær skóflur. Ný vökvadæla. Verð: 5.000.000 + vsk.



**Liebherr A918 Compact**  
17,5 tonn. 2015 árg. 5.500 vst. Rótortilt með gripfingrum og þrjár skóflur. GPS kerfi getur fylgt. Vel útbúin vél. Verð: 16.500.000 + vsk.



**JCB 8030**  
Árg. 2014. 2600 vst., 4 skóflur þar af ein tiltskófla.



**Tsurumi dælur** í miklu úrvali.



**Weber jarðveggsþjöppur** og hoppapar til á lager.

Uppl. í síma 660-6051



Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m/vsk. (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Norskar skádælur. 5" eða 6" dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 l/mín. Hræristútur sem hægt er að snúa 360°. Skurdarblöð á dæluhjól. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is.



Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Verð kr. 2.490.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465 1332 - www.buvís.is



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9,0 m. Verð kr. 1.993.000 m.vsk. (kr. 1.608.000 kr. án vsk). Mínum 50.000 kr. afsláttur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnðælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir afgangar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknunar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Røka mjólkurtankur 2.500 l. Árg. 2007. Selst með þvottavél en án kælivélar. Uppl. í síma 894-0218.



Snjóblásarar á þrítengi. 120 cm kr. 395.000 +vsk. 150 cm kr. 460.000 +vsk. 210 cm kr. 665.000 +vsk. 240 cm kr. 690.000 +vsk. og saltbúnaður fyrir traktora og pallbíl. www.hardskafi.is - s. 896-5486.



Mercedes-Benz Actros 2663 grindarbill. Árg. 2013, ekinn 604.000 km. Gámalásar á grind. Sjálfskiptur tveggja drifa. Ásett verð 5.750.000 kr. án vsk. eða tilboð. Upplýsingar veita Símon s. 620-2199 og Eiríkur s. 620-2167 hjá Bílaumboðinu Öskju.



Hausttilboð á Palmse PT-190 sturtuvögn. Burðargeta 15 tonn með rúlluhöldurum. Tilboðsverð kr. 1.990.000 án vsk. Tilboðsverð með upphækkunum kr. 2.090.000 án vsk. Eignum aðeins örfáa vagna eftir. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu Kia Sorento árg. 2008, ekinn 202.000 km. Skoðaður '20. Finasta eintak. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð óskast. Uppl. í s. 894-7578.



Afkastamiklar haugdælur frá Storth fyrir breytilega kjallaradýpt. Lengdir frá 2,1 - 3,6 m. Vélaval. Uppl. í síma 453-8888.



Sveitarfélög / Verktakar. Getum skaffað sjálfsgandi dælubúnað fyrir vatn og skolpi í mörgum stærðum. Rafdrifinn, traktorsdrifinn eða dísil-drifinn búnaður, 80 mm upp í 450 mm. Allur slöngubúnaður og kúplingar. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 gr. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við taminguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Haughræur galvaniseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Weckman 7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.170.000 m/vsk. (kr. 944.000 án vsk.) Mínum 50.000 kr. afsláttur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Vandað girðingarefni frá Bretlandi. 5 strengja túnnnet kr. 10.200 rí. 6 strengja túnnnet kr. 11.900 rí. IOWA gaddavír kr. 6.300 rí. Motto gaddavír kr. 3.800 rí. Þanvír kr. 7.950 rí. Öll verð með virðisaukaskatti. Tilboð: Frír flutningur. H. Hauksson ehf - sími 588-1130.



Bíla- og tækjaflytingar. Flytjum allt milli himins og jarðar. Hafðu samband og fáðu tilboð í þinn flutning. Upplýsingar í s. 662-1800 eða tölvupóst G.ingiehf@gmail.com



Liprar og léttar fjágrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Glussadrifnir jarðveggsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Stórviðarsög á braut. Aflgjafar: Kohler bensinmótorar eða rafmótorar. Lengd á braut: 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol: 66 cm. Framleiðandi, Timbery í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is

# TIL SÖLU



**TEREX 1505m**  
2006 / VST:7500  
Verð: 4.200.000 + VSK



**KOMATSU PC35MR-5**  
2018 / VST:135 / Robotit + klemmu S-40/ 2 skóflur Stálbelti með gúmmíplöttum Vinnuþyngd ca 3,8t



**KRAMER-NEUSON 380/342**  
2006 / VST:6110 / Opnanleg skófla / Fjöl-plógur / ca 5t  
Verð: 2.200.000 + VSK



**SCANIA R420 / 2005**  
Keyrður 466.000km  
420 hestöfl  
Verð: 1.300.000 + VSK



**SCANIA R500 / 2007**  
Keyrður 336.000km  
500 hestöfl / 8x4  
Verð: 5.200.000 + VSK



**VOLVO FH540 / 2012**  
Keyrður 494.000km  
540 hestöfl / 6x2 / Ný dekk á drifi og góð dekk að framan Ný Glass Coataður  
Verð: 5.200.000 + VSK



**NARKO VAGN / 2 öxlar**  
Kælivél / Lyfta / 12m langur  
Verð: 1.500.000 + VSK



**KLETTUR**  
KLETTAGARÐAR 8-10  
590 5100 klettur.is

**STARFSMENN**

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannþjónusta

**551 5000**  
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
www.proventus.is



**Janmil**

Árgerð: 2017

Priogja öxla á einföldu



**Bobcat E35**

Ný ónotuð eftirárs vél

Full útbúin vél, með vökvahraðtengi



**Hitachi ZX250LC-3**

Árgerð: 2010 - Notkun: 9842 vst  
Hraðtengi og skófla. 80% undirvagn og 900mm spyrnur



**Doosan**

Árgerð: 2009 - Notkun: 7.000 vst.  
Hraðtengi og skófla. Smurkerfi og 800mm spyrnur



**MAN 26.363**

Árgerð: 2002 - Notkun: 509 þ.km.  
Krani: HMF 1250. Fastur pallur.  
Burðargeta: 12,9 t.



**MAN 24.462**

Árgerð: 1992 - Notkun: 628 þ.km.  
HKrani: Hiab 125-4, sturtupallur  
12t burðargeta, stóll undir palli.

**Vinnuvelar**  
Tækjamiðun Innflutningur Sala

Kistumel 2 • 116 Reykjavík  
Sími 480 0444  
vinnuvelar@vinnuvelar.is  
www.vinnuvelar.is

**Til sölu**

Plast í fjárhúsgölf og stíur. Bása- og drenmottur, útileik-tæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is – s. 820-8096.

Til sölu Toyota Corolla árg. 2004. Ekinn 190.000 km. Uppl. í síma 822-9547.

Til sölu er bílalyfta, Ísótópal. Hún er 5 tonna, 4ra pósta. Stórir búkkar 4 st og girkassatjakkur fylgja. Staðsett á Norðurlandi. Uppl. í síma 894-6833.

Til sölu Renault Megane Scenic árg. 2005. Ekinn 187.237 km. Kr. 180.000. Uppl. í síma 864-2204.

Til sölu 4.000 lítra mjólkurtankur. Einnig til sölu nokkrar hálmrúllur. Uppl. í s. 692-3763.

**Óska eftir**

Er að leita að svæði/pólli til að stunda andaveiðar við. Tilbúinn að leigja til langtíma. Hafðu samband ef þú lumar á einhverju spennandi. Jóhann Fannar, sími 770-0325, netfang: johannfannar82@gmail.com

Tekkhúsgögn óskast. Óska eftir tekkstólum, mega þarfnast viðhalds. Önnur tekkhúsgögn koma líka til greina. Uppl. í síma 699-1964.

Óska eftir PZ 135 sláttuvél. Einnig gömlu gerðinni af dreifara með færbandi á pallinum. Uppl. í síma 893-0191, Sigurður.

**Atvinna**

Sabrina frá Þýskalandi óskar eftir að komast í umönnunar- og/eða þjónustustarf frá 25. júní til 7. ágúst árið 2020. Upplýsingar gegnum netfangið robfel58@gmail.com

**Húsnæði**

Óvanalegt tækifæri fyrir landsbyggðar- og gróðurunnendur. Nýtt glæsihúsnæði til leigu suðaustanlands. Samfélagsþjónusta í göngu-færi. S. 478-8867.

**Einkamál**

Góðan daginn, ég heiti Sigurður Borgar, kallaður Siggi Boggi, og ég er að leita mér að konu. Ég er 19 ára gamall í góðri vinnu. Það sem konan þarf að geta er að elda fyrir mig kvöldmat og steikja kleinur. Endilega hafið samband í síma 856-4923. Ykkar heittelskaði Siggi.

**Til leigu**

Til leigu 26 hesta hesthús ásamt reiðhöll á Suðurlandi (Þjórsárþakki). Íbúð gæti fylgt með. Upplýsingar í síma 892-1355, Haraldur.

Til leigu íbúðarhús á Norðurlandi vestra 187 fm. Um 25 km frá Hvammstanga. Til greina kemur að leigja hesthús með. Uppl. í síma 899-1993.

**Veiði**

Óska eftir að komast í rjúpnaveiði í u.þ.b. 1,0-1,5 klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík á mánudögum, þriðjudögum eða föstudögum. Greiði sanngjarnt verð fyrir. Vinsamlegast hafið samband við Elías Blöndal í síma 692-3554 eða í netfangið elias@baendahollin.is.

**Þjónusta**

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Nýbyggingar, sökklar, sumarhús, viðhald húsa. Byggingarstjórn, tilboð, tímavinna. Uppl. í síma 893-5374 - nybygging@gmail.com

Úrbeining. Tek að mér að úrbeina, hakka, pakka, laga kjötfars og bjúgu. Get sótt kjötið í SS Selfossi eða Hvolsvelli. Uppl. í síma 868-0544, Smári.

**Smáauglýsinga-síminn er:**

**56 30 300**



Það var mikið um dýrðir þegar viðbygging við Íþróttamiðstöðina í Húnaþingi vestra var tekin í notkun, en aðstaða fyrir iðkendur hefur stórbatnað, auk þess sem nú skapast tækifæri á að halda stærri íþóttaviðburði en áður var.

Viðbygging við Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra tekin í notkun:

**Þjónusta við íbúa hefur aukist verulega**

Vígsla viðbyggingar við Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra fór fram fyrir skömmu að viðstöddu fjölmenni.

Þorleifur Karl Eggertsson oddviti fór yfir sögu byggingarinnar sem var að mestu unnin af heimamönnum. Ráðbarður sf. sá um hönnun hússins sem hófst árið 2016. Fyrsta skóflustungan var tekin um mitt ár 2017 og var uppsteypu lokið vorið 2018 og húsinu lokað þá um sumarið. Tók þá við frágangur innanhúss og utan sem lauk nú í haust. Stærð viðbyggingarinnar er 300 m<sup>2</sup>.

**Aðstaða hefur batnað mikið**

Með tilkomu viðbyggingarinnar er aðstaða í Íþróttamiðstöðinni orðin hin besta og þjónusta við íbúana hefur aukist verulega. Anddyrið var stækkað og móttaka og aðkoma gesta orðin góð. Aðstaða til íþróttaiðkunar hefur batnað verulega með góðum þrekkjaskjal með einstöku útsýni yfir fjörðinn og nýjum tækjum og búnaði. Einnig minni sal sem gefur mörguleika á að vera með hoptíma og fjölbreyttar æfingar. Markmiðið er að koma til móts við fjölbreyttan notendahóp á öllum aldri.

Aðstaða starfsfólks og kennara hefur batnað sömuleiðis. Góð áhaldageymsla er í húsinu auk



þess sem geymslupláss hefur aukist. Aðgengi fyrir fatlaða hefur verið bætt með tilkomu lyftu og nýrrar snyrtingar fyrir fatlaða, einnig er nýtt dómaraherbergi með sturtuadstöðu. Auk þess var eldri búningsaðstaða tekin upp að hluta og loftræsting og myndavélakerfi endurnýjað.

**Ný tækifæri**

Þessar breytingar skapa ný tækifæri til að halda stærri íþóttaviðburði og


hægt er að bjóða íþróttafélögum um land allt upp á fyrirtaks aðstöðu fyrir æfingahelgar.

Að lokinni yfirferð Þorleifs Karls tók fulltrúi ungmennaráðs Húnaþings vestra, Guðmundur Grétar Magnússon, til máls og að lokum Anton Scheel Birgisson, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Vestur-Húnavetninga. Dagskránni lauk með metnaðarfullri sýningu ungmenna sem æfa hestafimleika hjá hestamannafélaginu Þyt.

/MPÞ

**VETRARTÆKI**

- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV1600  
Breidd 1,6m. með 3P festingu  
Verð: 436.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV3300  
Breidd 3,3m. án festinga  
Verð: 735.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal  
Án festinga  
2,6m Verð: 830.000 kr. + vsk  
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk  
3,0m Verð: 890.000 kr. + vsk  
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk  
Fjölplógur PUV „HD“  
Án festinga  
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk  
4,0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk



Snjótönn fyrir lyftara  
2,5m breidd.  
Verð: 195.000 kr. + vsk



Snjótönn, 3000 HD  
3m. Euro festing  
Verð: 355.000 kr. + vsk




Fjölplógur, SBM festing  
VB-3200, 3,2m, 1.155 kg  
Verð: 1.470.000 kr. + vsk

VB-3700, 3,7m, 1.205 kg  
Verð: 1.590.000 kr. + vsk



Flaghefning 310-70  
3m. +/- 32°, 1692 kg  
Verð: 645.000 kr. + vsk



Snjóskófla með vængjum  
SBM festing.  
2,4 - 3,77m. Verð: 749.000 kr. + vsk  
3 - 4,54m. Verð: 1.250.000 kr. + vsk

**AFLVÉLAR**

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.  
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

**Umboðsmenn um land allt**

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Það var Anna Árnadóttir (t.h.) sem færði Svanhildi Ólafsdóttur, formanni félagsins, peningagjöfina að viðstöddu fjölmenni í opna húsinu.

Krabbameinsfélagi Árnessýslu:

## Oddfellowar gáfu 500.000 krónur

Á Selfossi eru þrjár stúkur Oddfellows-fólks, tvær karla-stúkur og ein kvennastúka. Á opnu húsi stúkanna fyrir nokkru gáfu systurnar í stúkunni Þóru Krabbameinsfélagi Árnessýslu 500.000 króna peningagjöf í tilefni af 200 ára afmæli Oddfellow.

Oddfellowreglan er líknar- og mannræktarfélag. Í reglunni eru um fjögur þúsund félagsmenn. Regluheimili Oddfellowa eru í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. /MHH



### UPPSTÖPPUN



KRISTJÁN FRÁ GILHAGA  
SÍMI 892-8154

Drekagili 9 • 603 Akureyri  
hreidrid@simnet.is

## Málþing um störf og verkefni Lionskvenna: Fræðsla og fyrirlestrar á málþingi Lionskvenna

Málþingið Lionskvenna verður á Flúðum laugardaginn 26. október næstkomandi. Á þinginu munu formenn eða fulltrúar kvennaklúbba Lions af öllu landinu kynna verkefni og störf klubbanna og þannig munu konur í Lions fræðast hver af annarri. Aðalræðumaður er Hilde Straumsheim frá Noregi.

Formenn eða fulltrúar kvennaklubbanna kynna verkefni og störf klúbba sinna og þannig munu allar konur í Lions fræðast hver af annarri. Aðalræðumaður er Hilde Straumsheim frá Noregi. Hún mun tala á ensku og verða glærur hennar þýddar á íslensku.

Auk Lionskvennanna verða

nokkur konur með erindi á málþinginu. Þær eru Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Eva Björk Harðardóttir, oddviti í Skaftárhreppi og Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti í Hrunamannahreppi.

Svavar Knútur trúbador skemmtir þátttakendum með ljóðum sínum um Lionskonur og aðrar konur og söng.

Boðið verður upp á léttan hádegisverð og kaffi. Málþingið hefst klukkan 10.00 og stendur til klukkan 16.00. Málþingið er þátttakendum að kostnaðarlausu. Allar konur hjartanlega velkomnar, ekki bara Lionskonur heldur allar konur sem hafa áhuga.

/VH

Ákvæði Drottins eru sannleikur, eru öll réttlát. Þau eru dýrmætari en gull, gnóttir af skiragulli og sætari en hunang... að halda þau veitir ríkuleg laun.

Salm. 19.10-12

**biblian.is**



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur

**Vélavit**  
Sala - Þjónusta  
S: 5272600 - www.velavit.is



**ÁSCO**  
BÍLARAUFMAGN

**OKKAR ÆR OG KÝR**  
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hléslutskaki. Útvarpsloftnet. Rafhlóður. Fjarlsæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áhrifar 12V og 24V/240V. Hjólmæmar fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufeltur 24V/12V, truflanabættar, loftnetsframlingar. Kerutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiáhlóður. Stór öryggi uppi 230A. Smetuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir Bassakulur. Svæðeljár. Öndrognar. Spennuáttar. Öndrognar. Jarðamband. Dúglubúur. Flúsmakulur fyrir alternator. Vöðugmælur. Startarar. Laga í alternator. Hólf í alternator. Hólf í alternator. Hólf í alternator. Hólf í alternator.

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAUFMAGN



• VÖKVASLÖNGUR OG TENGI  
• SÉRSMÍÐI  
• IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR Á **HYDROSCAND.IS**

**HYDROSCAND**  
SLÖNGUR OG TENGIUNADUR

VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300



**EYJALIND** Varahlutir í VOLVO

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Bændablaðið**  
Kemur næst út 7. nóvember



**GÁMATILBOÐ**

- Saunatunnur - saunaofnar -
- víðarpottar - víðarkynding -

Verð frá 99.000kr.

S: 416 - 2500  
info@heiturpottur.is



**Alternatorinn eða startarinn bilaður?**

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólástillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

**www.pgs.is**  
pgs@pgs.is  
s 586 1260  
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

**PG Startþjónustan**  
Alternatorar & Startarar

Fóðurblandan kynnir:

# HEY BÓNDI!

Fjölskyldu & landbúnaðarsýning

Félagsheimilinu Hvoli  
Austurvegi 8  
860 Hvolsvelli



Laugardaginn  
2. nóvember  
Frá kl. 10-17

## Dagsskrá:

- Kl. 11:00** Einar Ásgeirsson fóðurfræðingur  
Heyfengur 2019 - niðurstöður heysýna.
- Kl. 11:30** Arngrímur Thorlacius  
Efnagreining ehf - Hvað er NIR-greining.
- Kl. 12:30** Latibær  
Solla Stirða og Siggi Sæti
- Kl. 13:15** Kári Stefánsson læknir og forstjóri  
Íslenskrar erfðagreiningar.
- Kl. 14:15** Berglind Óðinsdóttir fóðurfræðingur  
Steinefni - hvað gefur gróffóðrið og hvað þarf þá til viðbótar ?
- Kl. 14:45** Adrian Packington - nýtt efni í kjarnfóður til að minnka kolefnissporið / Fóðrun geldkúa - hvað kostar að klúðra henni.
- Kl. 15:30** Hundur í óskilum - þeir Hjörleifur Hjartarson og Eiríkur G. Stephensen munu leika á mörg einkennileg hljóðfæri og syngja enn skringilegri texta við stórskrýtin lög.

DeLaval VMS v300 mjaltapjónn til sýningar. Fullt hús af sýnendum og tilboðum bæði inni og úti. Bílar og traktorar ásamt tækjum og tólum. Frumkvöðlar koma með sín hugverk í tengslum við nýsköpun í landbúnaði og einnig verður sala beint frá býli með ferskar landbúnaðarvörur. Smakk á mörgu góðgætinu, lukkuhjól, „Blaðrari“ mætir og gerir skemmtilegar blöðrur fyrir börnin. Kynnir er Bessi Theodórsson.



Ekki missa af  
Hey bónda!

